

SVEINBJÖRG PÉTURSDÓTTIR

Vildi helst ganga í búningum á hverjum degi

Tíska Heilsa Heimili

allt | MIDJU BLAÐSINS



HERMANN GUNNARSSON

Víkur fyrir Meistaraþætti Loga Bergmann

Óvist um framhald í sjöunda himni

FÓLK 58



BUBBI MORTHENS

Syngur í rapplagi

Rapparin segist hafa náð honum í rétta girinn

FÓLK 58



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. desember 2006 – 347. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Bjartsýnn á kaldri slóð

Björn Brynjúlfur Björnsson er tilbúinn til þess að leggja Kalda slóð, sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd, í dóm áhorfenda.

KVIKMYNDIR 44



Dylan með bestu plötuna

Plata Bobs Dylan, Modern Times, þykir besta plata ársins að mati sérfræðinga Fréttablaðsins.

TÓNLIST 50

Tækninám í sókn

Er lðnskólinn að breytast í tölvu- og tækniskóla? Róið á ný mið í lðnskólanum í Reykjavík.

MENNTUN 34

Birkir Ívar klár í slaginn

Birkir Ívar Guðmundsson hefur bætt sig í Þýskalandi og ætla sér stóra hluti á HM.

ÍPRÓTTIR 54

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA SUNNAN OG VESTAN - í dag verður suðaustan strekkingur vestan til en sumstaðar allhvasst í kvöld. Hægari annars staðar. Rigning á landinu sunnan- og vestanverðu annars skýjað með köflum. Hiti 3-9 stig að deginum.

VEÐUR 4

Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkid ... FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

Við áramót

Maður ársins 2006 Hannes Smárason

Óþegj áramót í þessu myndi sem þú hefur

Ísl. 2,3%
EYR 10,3%
DÖL 6,3%
DÖL 4,2%

Enginn handtekinn eftir ellefu íkveikjur í Eyjum

Fjórar íkveikjur hafa verið í Vestmannaeyjum í þessum mánuði. Á sex árum eru þær alls ellefu. „Við reynum allt sem við getum en það bara gengur ekkert,“ segir rannsóknarlögrelumaður í Vestmannaeyjum.

BRUNI Kveikt var í geymslugámi í Vestmannaeyjum í gærmorgun. Þetta er fjórða íkveikjan í Eyjum í þessum mánuði og sú ellefta á sex árum. Lögreglan hefur engan handtekið vegna íkveikjanna og liggur enginn undir grun.

Slökkvilið kom á staðinn í gær og slökkti eldinn, en allt sem í gámmum var er ónýtt.

Hinn 16. desember síðastliðinn var kveikt í þró við fiskimjólsværksmiðju Ísfélagsins. Mikill eldur braust út og þótti mildi að ekki kviknaði í verksmíðjuhúsinu sjálfu. Sama kvöld var reynt að kveikja í húsnæði Fiskidjunnar rétt hjá.

Rúmri viku áður var reynt að

kveikja í kaffistofu Lifrarsamlagsins, í fimmta skipti á fjórum árum. Allar íkveikjurnar voru í lok árs, flestar í desember.

Hinn 28. september árið 2005 var kveikt í á tveimur stöðum í bænum, í ruslagánum við kirkjugarðinn og í geymslugánum við íþróttavöll.

Bæjarbúum í Vestmannaeyjum er enn í fersku minni þegar frystihús Ísfélagsins brann til kaldra kola 9. desember árið 2000. Þá var einnig kveikt í. Öll þessi mál eru óupplýst.

„Það hefur ekkert nýtt komið fram,“ segir Tryggvi Kr. Ólafsson, rannsóknarlögrelumaður í Vestmannaeyjum. „Við erum að

„Það er óhugur í mönnum, fólk finnst mjög óþægilegt að hafa þetta svona vofandi yfir sér.“

VIKTOR RAGNARSSON HÁRSKERI Í EYJUM

skanna svæðið, fara yfir gögn og ræða við hugsanleg vitni. Þetta er auðvitað mikið áfall og okkur finnst mjög leiðinlegt að ná ekki þessum manni eða mönnum.“

Tryggvi segir lögregluna í Eyjum hafa fengið aðstoð frá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík til þess að upplýsa þessi mál. „Þetta getur verið hver

sem er. Við reynum allt, veltum öllum steinum sem við finnum, en það bara gengur ekkert,“ segir Tryggvi.

„Það er óhugur í mönnum, fólk finnst mjög óþægilegt að hafa þetta svona yfir sér,“ segir Viktor Ragnarsson, hárskeri í Eyjum, um íkveikjurnar. „Það eru ýmsar kenningar í gangi, hvort sem eitthvað er til í þeim eða ekki. Því verður ekki neitað að það er eitthvað furðulegt á seyði.“

Kristján Björnsson, sóknarprestur í Eyjum, tekur undir með Viktori. „Fólk er aðallega að velta fyrir sér hvernig hægt sé að vera svona sjúk. Þessi hegðun er svo fjarri öllu venjulegu fólk.“ - sþs



FÁNAR SAUMADIR Þessar rúmensku konur voru iðnar við kolann þegar ljósmyndara bar að garði í Búkarest í gær. Þær voru að sauma bæði fána lands síns og fána Evrópusambandsins, en Rúmenia gengur í Evrópusambandið um áramótin ásamt nágrennalandinu Búlgaríu. Fánarnir verða dregnir að húni við hátíðlega athöfn í stjórnaðri landsins á gamlárskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Fræðimenn fá rúman aðgang

ÖRYGGISMÁL Fræðimenn fá rúman aðgang að skjölum um öryggi ríkisins á tímum kalda stríðsins, gangi hugmyndir nefndar forsætisráðherra eftir.

Nefndinni var ætlað að skoða gögn í vörslu stjórnvalda um innra og ytra öryggi landsins og gera tillögu um aðgang fræðimanna að þeim í formi frumvarps.

Að sögn Páls Hreinssonar, formanns nefndarinnar, leggur nefndin til mun rýmri aðgang að gögnunum heldur en upplýsingalög heimila.

Frumvarp nefndarinnar kemur til kasta Alþingis sem sker úr um hve langt skuli ganga. - bps / sjá síðu 2

Hannes Smárason forstjóri: Skrifar bara milljarðatékka

VIÐSKIPTI „Við viljum helst ekki skrifa tékka sem er minni en fimm til tíu milljarðar í einstakri fjárfestingu. Annars yrðum við með öf mörg verkefni í gangi og athyglín of dreifð,“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, sem er maður ársins 2006 í íslensku viðskiptalífi að mati dómnefndar Markaðarinnar.

„Við þurfum að vera sniðug til þess að geta haldið áfram að vaxa án þess að breytast í bresk eða skandinavísk félög og missa við það sérstöðu okkar. Hins vegar ef menn stíga ákveðin skref hér varðandi reglur og skattaumhverfi þá er engin ástæða til að ætla annað en að við getum haldið áfram,“ segir Hannes Smárason. sjá Markaðinn - bg / hh



HANNES SMÁRASON

Guðlaugur Þór Þórðarson er á spítala eftir að hafa hlotið alvarleg brunasár á baki:

Liggur á spítala með brunasár

SLYS Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, liggur á sjúkrahúsi eftir að hafa hlotið annars og þriðja stigs brunasár á baki skömmu fyrir jól.

Líklegt er að hann þurfi að dvelja á sjúkrahúsi fram yfir áramót vegna áverkanna. „Það á eftir að taka endanlega ákvörðun um hvort nauðsynlegt sé að græða skinn þar sem sárin eru verst en það kemur í ljós fyrir helgi,“ sagði Guðlaugur Þór er Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöld.

Eldurinn kviknaði í heimili Guðlaugs Þórs. „Ég sat í sófanum



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON Dvelur á sjúkrahúsi vegna brunaáverka.

heima hjá mér og áttaði mig ekki á því að það væru sprittkerti í glugganum á bak við mig. Skyrta sem ég var í varð fljótt alelda og ég hljóp þá út úr húsinu og klæddi mig úr skyrtunni utan dyra,“ sagði

Guðlaugur Þór en kona hans hjálpaði honum að komast á sjúkrahús. „Ég fór beint undir sturtu eftir að ég hafði náð að komast úr skyrtunni. Ágústa [Johnson] kona mín keyrði mig svo í snatri á spítala þar sem gert hefur verið að sárum mínum síðan.“

Áverkar Guðlaugs Þórs eru alvarlegir en hann vonast til þess að geta komist á ról sem fyrst. „Það er auðvitað svekkjandi að hafa ekki geta tekið þátt í jólaundirbúningnum nema að litlu leyti. Þó að það geti tekið nokkurn tíma fyrir mig að ná mér að fullu þá þakka ég fyrir að þetta fór ekki verr,“ sagði Guðlaugur Þór. - mh

SPURNING DAGSINS



Magnús, hvernig bregðist þið við fráfalli konungs sálarinnar?

„Það hefur verið ákveðið að halda andakt áður en næsti miðilsfundur verður til að ná sambandi við konunginn.“

Magnús Skarphéðinsson er formaður Sálarannsóknarfélagssins á Íslandi. James Brown, sem margir kalla konung eða guðföður sálatónlistarinnar, lést á jóladag.

Formaður stjórnarskráarnefndar:

Leggur aðeins til breytingar sem sátt er um

STJÓRNARSKRÁIN Störf nefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar hafa dregist og lýkur hún því ekki störfum fyrir árslok, líkt og stefnt var að.

Jón Kristjánsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, segir nefndina koma saman í fyrstu viku nýs árs og að framhald starfa hennar skýrist þá.

Þegar sé þó ljóst að nefndin leggi ekki til heildarendurskoðun á stjórnarskránni enda ágreiningur uppi meðal nefndarmanna um ýmis ákvæði. „Ég legg áherslu á að við skilum ekki af okkur nema því sem samkomulag er um,“ segir Jón.

- bþs



FRÁ AFHENDINGU Dr. Jakob K. Kristjánsson, formaður stjórnar samkeppnisdeildar Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Sjávarútvegur:

Styrkir veittir til rannsókna

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur úthlutað 25 milljónum króna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins til sjávarrannsókna á samkeppnisviði.

Alls búrast 33 umsóknir, þar af 25 vegna stærri verkefna og átta vegna minni verkefna. Sótt var um styrki fyrir 117,5 milljónir króna, eða nærri fimmfalt það fé sem deildin hafði til umráða að þessu sinni. Sex stór verkefni og þrjú minni hlutu brautargengi.

- shá

Níu ára dreng er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans:

Fékk hjartastopp í jólabaðinu

SLYS Níu ára drengur liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi eftir að hafa fengið hjartastopp í baði á heimili sínu á aðfangadag.

Drengurinn fékk hjartastopp eftir að hafa verið meðvitundarlaus í baðkari í nokkra stund. Faðir drengsins sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að fjölskyldan vonaði það besta en óljóst er hvað olli því að drengurinn varð meðvitundarlaus í baðinu, sem síðan leiddi til hjartastoppis vegna súrefnis-skorts.

Faðir drengsins hóf lífgunartilraunir þegar í stað eftir að uppgötvaðist um ástand drengsins en þær báru ekki árangur í fyrstu. Sjúkraflutningamönnum og lækni tókst að lifga drenginn við og var hann í skyndi fluttur á spítala þar sem hann var settur í öndunarvél og í sneiðmyndatöku.

Lögreglan greip til þess ráðs að halda öllum gatnamótum lokuðum fyrir annarri umferð en

sjúkra- og lögreglubíla til þess að flýta því sem mest að drengurinn kæmist undir læknishendur á Barnaspítala Hringins.

Drengurinn var síðan fluttur með sjúkrabíl á gjörgæsludeildina í Fossvogi þar sem honum er nú haldið sofandi í öndunarvél.

Neyðarlínan fékk tilkynningu um slysið frá móður drengsins klukkan rúmlega eitt á aðfangadag en sjúkraflutningamenn, læknir og lögregla voru þá þegar kölluð til.

Lögreglan rannsakar tildrög þess að drengurinn fékk hjartastopp en að sögn Arnars Rúnars Marteinssonar, varðstjóra í lögreglunni, bendir ekkert til þess að um annað en slys hafi verið að ræða. Slysið verður rannsakað áfram eins og lögformlegt ferli gerir ráð fyrir um.

Bænastund verður haldin klukkan fimm í dag í Grafarvogskirkju.

- mh

Gert ráð fyrir rúmum aðgangi fræðimanna

Skýrslu og frumvarps nefndar um aðgang fræðimanna að skjölum um öryggi íslenska ríkisins á tímum kalda stríðsins er að vænta í byrjun nýs árs. Enn stendur á svörum frá utanríkisráðuneytinu þar sem þorri allra gagna er geymdur.

ÖRYGGISMÁL Aðgangur fræðimanna að opinberum gögnum er varða öryggismál íslenska ríkisins verður rúmur, samkvæmt frumvarpsdrögum sem nefnd forsætisráðherra hefur unnið.

Ráðherra skipaði í sumar nefnd á grundvelli ályktunar Alþingis til að annast skoðun gagna í vörslu stjórnvalda um innra og ytra öryggi landsins á tímum kalda stríðsins og gera tillögu um aðgang fræðimanna að þeim. Nefndinni var ætlað að skila skýrslu um störf sín í árslok en að sögn Páls Hreinssonar, formanns nefndarinnar, hefur vinnan dregist þar sem enn er beðið upplýsinga frá utanríkisráðuneytinu um meðferð gagna er þar eru geymd og varða Atlantshafsbandalagið.

Páll væntir þess að upplýsingarnar berist í byrjun nýs árs og í kjölfarið geti nefndin skilað skýrslu sinni og frumvarpi um aðgang fræðimanna.

„Það liggja fyrir drög að frumvarpi en við erum enn að binda lausa enda og þar á meðal er þetta NATO skjalamál sem er ekki einfalt viðureignar,“ segir Páll. Í drögnum er gert ráð fyrir rúmum aðgangi fræðimanna að gögnum, mun rýmri en gildandi upplýs-

„Nefndin mun skila sínum tillögum en það er svo í valdi þingmanna að taka afstöðu til þess rúma aðgangs sem hún leggur til.“

PÁLL HREINSSON
PRÓFESSOR Í LÖGFRÆÐI



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ Þar eru 99 prósent allra gagna er varða öryggismál ríkisins varðveitt. Nefnd forsætisráðherra um aðgang fræðimanna að gögnumum bíður svara frá utanríkisráðuneytinu um meðferð gagna er varða Atlantshafsbandalagið.

ingalög heimila. „Nefndin mun skila sínum tillögum en það er svo í valdi þingmanna að taka afstöðu til þess rúma aðgangs sem hún leggur til,“ segir Páll.

Nefndin hefur leitað fanga víða og meðal annars beitt fyrir sig lögum frá í haust sem aflétta lög-mætri þagnarskyldu opinberra starfsmanna til að gera henni verkið mögulegt. „Við höfum talað við marga til að afla upplýsinga um verklag við hleranir á þessum árum í þágu öryggis. Við rannsókum ekki einstök mál en þurftum að átta okkur á verklagi, hvaða

skjöl eru til, hvar þau eru geymd og hverju var eytt.“

Páll segir 99 prósent allra þeirra gagna er snerta öryggismál ríkisins vera varðveitt í utanríkisráðuneytinu enda hafi varnarmálaskrifstofa þess farið með daglega umsýslu og samskipti við varnarliðið. Ekki sé óeðlilegt að ráðuneytið hafi ekki enn svarað fyrirspurnum nefndarinnar þar sem málið sé flóknara en talið var í fyrstu og meðal annars þurfi að afla upplýsinga og heimilda frá aðalskrifstofum Atlantshafsbandalagsins.

bjorn@frettabladid.is

Saddam Hussein:

Sáttur við að fórna lífi sínu

ÍRAK, AP Saddam Hussein, fyrrverandi einræðisherra Íraks, hvetur landa sína til að hata ekki erlenda hermenn sem staddir eru í landinu undir forystu Bandaríkjahers. Þetta kom fram í kveðjubréfi frá honum sem birt var á vefsíðu stuðningsmanna hans í gær.

Þá segist hann sáttur við að fórna lífi sínu fyrir landið, en hann hefur verið dæmdur til hængingar einhvern tíma á næstu fjórum vikum fyrir að hafa fyrirskipað aftöku fjölda manna, kvenna og barna í bænnum Dujail árið 1982.

Stuðningsmenn Saddams hafa hótad hefndum verði leiðtogi þeirra líflátinn.



ÁSTA LOVÍSA Með útnefningunni fylgdi ferð til Tenerife í boði Sumarferða, 250 þúsund krónur í gjaldyri frá Ísafold og gjafakort í Iceland Spa and Fitness.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Hetjulund og opinská tjáning:

Ásta Lovísa Íslendingur ársins

FÓLK Ásta Lovísa Vilhjálmssdóttir er útnefnd Íslendingur ársins af tímaritinu Ísafold. Tvær ástæður réðu valinu að sögn Reynis Traustasonar, ritstjóra Ísafoldar. „Ásta glímur við mjög erfiðan sjúkdóm sem læknar telja banvænan en hún berst af orku og er óbuguð.“

Reynir segir að ritstjórnin hafi veitt Ástu viðurkenninguna fyrir hetjulund og að geta tjáð sig um svo erfiðan sjúkdóm. „Við erum annars vegar að þakka henni fyrir að opna umræðu um krabbamein sem fólk talar yfirleitt ekki mikið um út á við. Og hins vegar erum við að útnefna hana sem fulltrúa allra bloggara sem er sístækkandi hópur.“

- sdg

LÖGREGLUFRETTIR

Fótbrotnaði í vélhjólslýsi

Kona brotnaði á sköflungi þegar bíl var ekið í veg fyrir vélhjól hennar á Smiðjuvegi í Kópavogi síðdegis í gær. Konan reyndi að forðast áreksstur með því að beygja frá og féll í götuna með fyrrgreindum afleiðingum.

Höfðu 50 evrur úr krafnsinu

Tveimur veskjum var stolið á Egilsstöðum fyrir jólin. Annað fannst skammt frá þeim stað þar sem því var stolið en hitt fannst við lögreglustöðina á Eskifirði. Þjófarnir höfðu aðeins 50 evrur upp úr krafnsinu.

Flugumferðarstjórar verða sumir á biðlaunum í tólf mánuði:

Biðlaunin kosta 200 milljónir

SAMGÖNGUR Íslenska ríkið er skyldugt til að greiða biðlaun helmingi þeirra flugumferðarstjóra, sem ekki ætla að starfa hjá Flugstöðum ohf. eftir áramót. Alls er um rúmlega 200 milljónir að ræða, sem þeir fá greiddar árið 2006, „fyrir að gera ekki neitt,“ segir Loftur Jóhannsson, formaður íslenskra flugumferðarstjóra. „Ofan á þetta kemur síðan allt tap flugfélaganna [vegna óhagkvæmari flugleiða og tafa] og ég tala nú ekki um álitshnekki stjórnvalda og Flugstöða.“

Félag íslenskra flugumferðarstjóra getur tryggt þeim flugumferðarstjórum, sem ekki eiga þennan biðlaunarétt, tekjur fyrstu tvo til þrjú mánuði ársins.


Loftur bendir á að flugumferðarsvæðið sem um ræðir sé gífurlega stórt. Þegar flugumferðar-

stjórar fóru í verkfall árið 2001, hafi allt flug lagst niður. „Þá voru 32 flugumferðarstjórar að störfum. Nú eru enn færri og miklu færri ef þú telur bara þá sem hafa réttindi. Auðvitað verður gífurleg röskun á flugi,“ segir Loftur, en hann telur að þeir sem geti muni fljúga utan íslenska svæðisins. Aðrir fljúgi ekki.

Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri og verðandi forstjóri Flugstöða, segir að allt önnur staða hafi verið árið 2001, því þá hafi flugumferðarstjórar á Keflavíkurlflugvelli einnig farið í verkfall. Að auki hafi svo viljað til að verkfallsdaginn var óvenju vont veður.

Eftir því sem næst verður komist verða 26 flugumferðarstjórar að störfum í janúar hjá Flugstöðum. Engar viðræður eru milli deiluaðila.

sjá síðu 12 / - kþp



ÍSLENSKA FLUGUMFERÐARSVÆÐIÐ Loftur telur hættu á alvarlegri röskun flugs og bendir á að í verkfallinu árið 2001 hafi flug lagst niður. Þá voru fleiri flugumferðarstjórar að störfum en verða eftir áramót.

BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER SE

Nýskr. 01.06 - Beinskiptur - Ekinn 3 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 4.270.000.-
Tilboð: 3.980.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



60%
afsláttur
af allri
jólavöru

Útsala

10 stk
túlipanar
990




blómaval
heillandi heimur

Skútuvegur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	71,41 71,75
Sterlingspund	139,93 140,61
Evra	93,92 94,44
Dönsk króna	12,597 12,671
Norsk króna	11,398 11,466
Sænsk króna	10,408 10,468
Japanskt jen	0,6013 0,6049

SDR	107,3	107,94
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	128,6764	
HEMILD: Seðlabanki Íslands		

Hafnarfrí vélstjóra ekki virt: Brim dæmt til að greiða févíti

DÓMSMÁL Félagssjóðmúr dæmdi Útgerðarfélagið Brim síðastliðinn föstudag til að greiða 684.220 krónur í févíti fyrir að hafa ekki tryggt félagsmönnum Vélstjórafélags Íslands viðeigandi hafnarfrí. Brotin áttu sér stað að loknum veiðiferðum togarans Harðbaks EA-3 á tímabilinu 8. mars 2004 til 4. september 2005 og togarans Kaldbaks EA-1 á tímabilinu 1. desember 2005 til 1. febrúar 2006.

Dómurinn sagði Brim ekki hafa tryggt mönnum 30 klukkustunda hafnarfrí milli veiðiferða og því brotið ákvæði kjarasamninga. Févitið rennur óskipt í félagssjóð Vélstjórafélagsins. - þsj

Rannsókn á banameini:

Hjartastopp í lögreglubíl enn til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur enn til rannsóknar tildrög þess að maður um þrítugt fékk hjartastopp í lögreglubíl aðfaranótt sunnudagsins 26. nóvember. Hann lést eftir að hafa verið í vikutíma á gjörgæsludeild.

Lögreglan í Reykjavík þurfti að beita manninn harðræði við handtöku en hann hafði látið ófriðlega á Radisson SAS Hótel Sögu.

Embætti ríkissaksóknara bíður þess að fá niðurstöðu úr vefsýna- og blóðrannsóknunum til þess að fá úr því skorðið hvert var banamein mannsins. - mh

LÖGRELUFRÉTTIR

Sprenging á Reykjanesbraut

Litlu mátti muna að slys hlýst af þegar sprengt var við framkvæmdir við mislægt gatnamót á mótum Reykjanesbrautar og Vogaaflleggjara í síðustu viku. Grjót kastaðist frá sprengingunni inn á veginn.

Fólksfjölgun á Íslandi er umtalsvert meiri en í öðrum ríkjum Evrópu:

Landsmenn orðnir 307.261

MANNFJÖLDI Hvergi í Evrópu fjölgaði fólki jafn mikið og á Íslandi frá 1. desember 2005 til 1. desember 2006. Samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár voru landsmenn 307.261 um síðustu mánaðamót og hafði fjölgað á einu ári um 2,6 prósent eða um 7.857 manns.

Frá þessu greinir á vef Hagstofu Íslands.

Undanfarin ár hefur fólksfjölgun í Evrópu verið um 0,2 prósent og aðeins í örfáum ríkjum álfunnar hefur fjölgunin farið yfir eitt prósent.

Fólksfjölgunin síðasta árið var meiri en árið á undan þegar hún var 2,1 prósent.

Tvennt skýrir fólksfjölgun; flutningar og náttúruleg fjölgun. Á tímabilinu 1. desember 2005 til 1. desember í ár fluttu um fimm þúsund manns til landsins umfram þá sem fluttust brott en fæddir umfram dána voru tæplega 2.600. Meirihluti þeirra sem fluttust til landsins voru erlendir ríkisborgarar og er hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda nú um sex prósent.

Fólki fjölgaði á öllum landsvæðum utan Vestfjarða þar sem fækkaði um eitt prósent. Íbúum Austurlands fjölgaði um 12 prósent en rúmlega fjórðungur íbúa þar hefur erlent ríkisfang. - bps



MANNFJÖLDI Á ÍSLANDI

2006	207.261
2000	282.849
1990	255.708
1975	219.033
1950	144.239
1925	100.117
1900	78.203

Lægði öldurnar í bandarísku samfélagi

Gerald Ford, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, er látinn. Hann stýrði Bandaríkjunum upp úr umrótinu eftir Watergatemálið og Víetnamstríðið.

WASHINGTON, AP Gerald Ford tók við forsetaembætti Bandaríkjanna eftir að Richard Nixon hraktist frá völdum vegna Watergate-málsins og gegndi lykilhlutverki við að koma á sáttum í bandarísku þjóðfélagi á ný eftir allt umrótíð í kringum hinn umdeilda forvera sinn.

Ford þótti hins vegar gjörólikur Nixon, öfgalaus bæði í skoðunum og verkum og blátt áfram í framkomu sinni. Fréttaskýrendur segja hann hafa verið nákvæmlega það sem bandaríska þjóðin þurfti á að halda til þess að ná sér aftur á strik bæði eftir áfallið sem Nixon-hneykslið skildi eftir sig, en ekki síður eftir Víetnamstríðið, sem klofið hafði þjóðina í tvær andstæðar fylkingar.

Ford var eini forseti Bandaríkjanna sem hvorki var kosinn forseti né varaforseti Bandaríkjanna, en hann hafði gegnt forsetaembættinu í nærri tvö og hálf ár og þar á undan verið varaforseti.



AÐ BAKI NIXONS Ford tók við forsetaembættinu eftir að Nixon hraktist frá völdum. Þessi mynd er tekin árið 1968 þegar Repúblikanaflokkurinn hafði valið Nixon til að verða forsetaframbjóðandi sinn, en Ford var þá leiðtogi flokksins í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



GERALD OG BETTY FORD Árið 1996 var þeim hjónum ákaft fagnað á þingi Repúblikanaflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nixon skipaði hann varaforseta sinn í október árið 1973 eftir að Spiro Agnew þurfti að segja af sér vegna skattsvika, sem hann varð uppvis að og hlaut dóm fyrir. Þegar Nixon neyddist síðan sjálfur til að segja af sér árið eftir settist Ford í forsetastólinn, og sagt hefur verið að hann hafi breytt embættinu meira en það breytti honum.

Ford þótti ekki atkvæðamikill á valdatíð sinni, en um hann ríkti almenn sátt í Bandaríkjunum.

Eitt umdeildasta verk Fords var hins vegar að veita Nixon náðun aðeins tæpum mánuði eftir forsetaskiptin, sem varð til þess að aldrei var hægt að ákæra Nixon fyrir neina glæpi í tengslum við Watergate-málið.

Almennt er talið að þetta embættisverk Fords hafi jafnframt

orðið til þess að hann tæpaði í forsetakosningum árið 1976, þegar demókratinn Jimmy Carter vann sigur.

Ford var 93 ára gamall þegar hann lést á heimili sínu í Kaliforníu á þriðjudaginn og hafði þá lifað lengur en nokkur annar forseti Bandaríkjanna. Eiginkona hans, Betty Ford, sendi frá sér tilkynningu um andlát hans seint á þriðjudagskvöldið.

George W. Bush, núverandi Bandaríkjaforseti, fór lofsamlegum orðum um Ford í gær eftir að fréttir bárust af andláti hans. „Bandaríska þjóðin mun ávallt dást að skyldurækni Gerald Ford, persónuleika hans og hve virðulega hann leysti störf sín af hendi,“ sagði Bush í yfirlýsingu í gær.

gudsteinn@frettabladid.is

Umferðarslys við Borgartún:

Þrír slösuðust í hörðum árekstri

LÖGREGLUMÁL Þrír slösuðust og voru fluttir með sjúkrabílum á slysadeild Landspítalans í fyrrkvöld þegar tveir bílar skulu saman á gatnamótum Borgartúns og Kringlumýrarbrautar. Áreksturinn varð um hálfelfuleytið.

Beita þurfti klippum til að ná hinum slösuðu út úr bílunum, sem eru báðir ónýtir, auk þess sem dælubíll frá slökkviliðinu var kallaður út til að þrifa olíu af götunni.

Að sögn lögreglu liggja tildrög slyssins ekki fyrir en umferðarljós eru á gatnamótunum og því vel mögulegt að annar bíllinn hafi ekið gegn rauðu ljósi. - sh

Fjársvikin í Tryggingastofnun:

Rannsóknin langt komin

LÖGREGLUMÁL Búast má við að rannsókn á fjársvikum fyrrum starfsmanns hjá Tryggingastofnun ríkisins ljúki í janúar og að ákæru verði gefnar út fljótlega.

„Menn fá ekki að vita um svo leiðis í fjölmiðlum heldur gerist það með hefðbundnum hætti,“ segir Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

Jón verst fréttu af málinu og segir að ekkert gerist í því milli hátíða. Málið komi fram í endanlegri mynd á næstunni og þá verði hægt að fara yfir það hverju það skilar.

Grunsemdir eru um að allt að þrjú tugir manna tengist málinu og að fjárdrátturinn nemi um sjö-tíu milljónum. - ghs



JÓN H. B. SNORRASON

Stórhættulegur ökuníðingur:

Flúði lögreglu á 150 í göngunum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akranesi veitti bíl á ofsahraða eftirför í Hvalfjarðargöngum aðfaranótt aðfangaðags. Lögreglan mætti bílnum við norðrenda ganganna. Þegar hann varð lögreglu var sneri hann við og ók á ofsahraða suður göngin svo lögreglan missti fljótlega sjónar á honum.

Bíllinn fannst ekki þrátt fyrir aðstoð frá lögreglunni í Reykjavík. Lögreglan telur sig þó vita hver ökumaðurinn var og hefur boðað hann til yfirheyrslu.

Samkvæmt tímasetningum í myndavélum ganganna var meðalhraði bílsins í göngunum 150 kílómetrar á klukkustund. - sh

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi. Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

VEÐURSPÁ

HELDUR MEIRI VINDUR

Næstu daga verður fremur vindasamt á landinu. Við erum þó ekki að tala um nein veruleg læti heldur strekkingsvind og allhvasan á stöku stað. Hlýtt er í kortunum fram að helgi en þá kólnar aðeins. Á gamlárskvöld eru horfur á hæglaðisveðri með stöku eljum og hita nálægt frostmarki. Semsagt finasta veður.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Sunnanstrekkingur í dag en heldur hvassari í kvöld. Rigning eða skúrir. Hiti 5-8 stig.

um hádegi >>

Kaupmannahöfn	6°C skúrir	London	10°C skúrir	Alicante	16°C hálfskýjað
Þórshöfn	8°C hálfskýjað	Paris	4°C hálfskýjað	Mallorca	16°C hálfskýjað
Oslo	0°C hálfskýjað	Frankfurt	3°C skúrir	Algarve	18°C hálfskýjað
Stokkhólmur	4°C hálfskýjað	Friedrichshafen	7°C hálfskýjað	Krit	13°C heiðskirt
Gautaborg	7°C léttskýjað	Berlin	2°C alskýjað	Las Palmas	20°C hálfskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Jólaútsala

60%

afsláttur af **allri**
jólavöru



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

KJÖRKASSINN



Ætlar þú á janúarútsölu?

Já	54%
Nei	46%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Strengir þú áramótaheiti?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Málefni Byrgisins verða rædd á fundi í félagsmálaráðuneytinu í vikunni:

Svör stjórnar rædd í ráðuneyti

MEDFERÐARMÁL Magnúsi Stefánsyni félagsmálaráðherra hafa borist svör frá stjórn Byrgisins við spurningum sem hann lagði fyrir hana í kjölfar umfjöllunar um málefni Byrgisins í fréttaskýringaþættinum Kompási. Þar komu fram áskanir á hendur Guðmundi Jónssyni forstöðumanni þess efnis að hann hefði tælt skjólstaðinga sína í Byrginu til kynferðislegra athafna auk þess sem hann hefði notað peninga Byrgisins í eigin þágu.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur 24 ára kona kært Guðmund fyrir kynferðisbrot gagnvart sér og einnig fyrir að hafa haft af sér fjórar milljónir króna.

Konan lagði fram ýmis gögn er hún kærði Guðmund, meðal annars tölvupóst, myndbandsgögn og ljósmyndir. Ekki er enn ljóst hvort lögreglan í Reykjavík eða á Selfossi fer með rannsókn málsins en að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík er yfirferð á gögnum hafin en hún er skammt á veg komin.

Jón Arnarr Einarsson, forstöðumaður Byrgisins í tímabundinni fjarveru Guðmundar Jónssonar, vildi ekki tjá sig um spurningarnar sem félagsmálaráðherra lagði fyrir en ekki hefur enn verið fundað um málið í



BYRGID Fjármálaóreiða og meint kynferðisbrot eru nú til rannsóknar hjá lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

félagsmálaráðuneytinu.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Guðmund Jónsson í gær.

- mh

Málefni Byrgisins:

Tilkynnt um þunganir

MEDFERÐARMÁL Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að landlæknisembættið hefði fyrir fjórum árum fengið ábendingu um það frá lækni að þrjár konur bæru barn eftir starfsmenn í Byrginu. Var einnig frá því greint að landlæknisembættið hefði ekki brugðist við upplýsingunum.

Ekki náðist heldur í Matthías Halldórsson sem gegnir stöðu starfandi landlæknis.

Guðmundur Jónsson, forstöðumaður Byrgisins, hefur þegar verið kærður fyrir kynferðisbrot og fjármálmisferli en lögreglurannsókn vegna málsins er skammt á veg komin.

- mh

Nauðganir til rannsóknar: Nauðgun við MR óupplýst

LÖGREGLUMÁL Árás á stúlku um tvítugt sem gerð var aðfaranótt 8. október í húsasundi bak við Menntaskólann í Reykjavík er enn óupplýst.

Stúlkan lagði fram kærú eftir að tveir menn réðust að henni er hún var á heimleið eftir að hafa verið að skemmta sér í miðbænum, og komu fram vilja sínum með harkalegum hætti.

Lögreglan hefur ekki vísbendingar um hverjir voru að verki.

Þá er rannsókn lögreglu á nauðgun sem átti sér stað í bifreið í október lokið. Málið er nú hjá ríkissaksóknara sem hefur tekið það til ákærumeðferðar.

- mh



BLEIKJUELDI Ætlunin er að fjórfalda framleiðslu á Hólum.

MYND/GUBBERGUR

Nýtt eldiskerfi gangsett: Bleikjueldi í stöðugum vexti

FISKELDI Fjögur ný eldiskerfi voru gangsett í Verinu, Þróunarsetri Hólaskóla á Sauðárkróki, í síðustu viku þar sem gerðar verða tilraunir með endurnýtingu á vatni í fiskeldi.

Kerín eru sett upp til þess að prófa nýjan búnað vegna fyrirhugaðrar stækkunar á fiskeldisstöð Hólalax í Hjaltadal. Við þessar breytingar hjá Hólalaxi mun framleiðslugetan nærri fjórfaldast úr 125 tonnum í 500 tonn af bleikju á ári.

- shá

Segja Alcan múta Hafnfirðingum

Alcan gaf Hafnfirðingum mynd- og geisladisk með Björgvini Halldórssyni. Upplýsingafulltrúi Alcan segir fyrirtækið ekki múta Hafnfirðingum til að samþykkja stækkun álversins. Alcan hefur gert vel við Hafnfirðinga upp á síðkastið.

STÓRIÐJA Öll heimili í Hafnarfirði fengu mynd- og geisladisk með Björgvini Halldórssyni inn um bréfalúguna í gær. Diskurinn er gjöf frá fyrirtækinu Alcan sem rekur álverið í Straumsvík. Á honum er upptaka frá tónleikum sem Björgvin hélt í Laugardalshöllinni í haust, en Alcan bauð starfsmönnum sínum og Hafnfirðingum á tónleikana í tilefni af fjórutíu ára afmæli álversins og komust færri á þá en vildu.

Geisladiskurinn var vafinn inn í álþynnu og með honum fylgdi bréf þar sem kom fram að fyrirtækið ætli að kynna starfsemi fyrirtækisins fyrir bæjarbúum á næstunni og gefa fólki með því tækifæri til að mynda sér skoðun á stækkun álversins í Straumsvík. Fyrirhugað er að stækka álverið þannig að framleiðslugetan aukist úr 180 þúsund tonnum af áli á ári í 460 þúsund tonn. Bæjarbúar í Hafnarfirði munu líklega kjósa um stækkunina á næstu mánuðum.

„Þegar þrettán ára dóttir mín sá diskinn sagði hún við mig: „Pabbi, ég held að Alcan múti okkur“ og ég tek undir með henni. Alcan er með þessu að reyna að hafa bein áhrif á bæjarbúa í kosningunum um fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík,“ segir Snorri Sigurðsson, íbúi í Hafnarfirði.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir ekki um mútur að ræða hjá fyrirtækinu því slíkt væri of augljóst. Hann segir að þrátt fyrir að forsvars-



MEÐ DISKINN Í HÖNDUNUM Hafís Sigmarsdóttir, íbúi í Hafnarfirði, segir tilganginn með gjöfni vera mútur til að veidda atkvæði kvenna í kosningunum um fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík, því Björgvini Halldórsson hafi verið afar kvensæll í gegnum tíðina.

menn fyrirtækisins hafi vitað af því að sumir Hafnfirðingar myndu bregðast ókvæða við gjöfni þá hafi þeir samt ákveðið að senda diskinn út.

Hrannar segir tilganginn með gjöfni hafa verið tvíþættan: að slá botn í afmælisár álversins í Straumsvík og jafnframt að minna á fyrirtækið og láta Hafnfirðinga vita af því að á næstu vikum muni Alcan upplýsa Hafnfirðinga um fyrirhugaða stækkun álversins.

Þegar Hrannar er spurður að því hvað Alcan hafi gefið Hafnfirðingum upp á síðkastið staðfestir hann að auk disksins hafi fyrirtækið boðið Hafnfirðingum á tónleikana og á bikarleik Hauka og FH í handbolta í Kaplakrika. Hrannar staðfestir einnig að Alcan ætli á næstunni að gefa Hafnfirðingum dagatal með myndum af verkum eftir hafnfirska listamenn.

ingifreyr@frettabladid.is



ÍSBIRNIR Gera má ráð fyrir að ísbirnir verði settir á lista Bandaríkjaþjórnar yfir dýr í útrýmingarhættu.

Bandaríkjaforseti:

Ætlar að bjarga ísbjörnum

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti lagði til í gær að ísbirnir yrðu settir á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. Gerði hann þetta undir þrýstingi frá þremur stórum umhverfisverndarsamtökum, segir í frétt Washington Post af málinu.

Þegar dýr hefur verið fært á þennan lista, getur Bandaríkjaþjórn ekki heimilað neina starfsemi sem stefnt gæti dýrinu eða umhverfi þess í hættu. Vonast umhverfisverndarsamtökin til að þetta neyði stjórnina til að taka harðar á losun mengunarvalda út í andrúmsloftið, sem leiða til frekari gróðurhúsaáhrifa, en hún hefur hingað til gert.

- smk

Ökumaðurinn slasaðist:

Hafnaði á staur

LÖGREGLUMÁL Umferðaróhapp varð á horni Hringbrautar og Suðurgötu á áttunda tímanum í gærkvöldi þegar ökumaður bifreiðar keyrði yfir umferðarreyju og á ljósaustaur.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar í Reykjavík var ökumaður bílsins fluttur á slysadeild en ekki var talið að meiðsl hans væru alvarleg. Tildrög slyssins voru ókunn í gærkvöld.

- ifv

Íranar bregðast við refsiaðgerðum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar:

Samvinnan endurskoðuð

ÍRAN, AP Íranska þingið samþykkti í gær að endurskoða tengsl sín við Alþjóðakjarnorkumálastofnun Sameinuðu þjóðanna, IAEA. Öttast stjórnmaláskýrendur að þetta þýði að írönsk stjórnvöld muni þá minnka til muna samvinnu við stofnunina.

Ákvörðun þingsins kom fjórum dögum eftir að öryggisráð SP samþykkti einróma að beita skyldi Írana efnahagslegum refsiaðgerðum fyrir að neita að hætta að auðga úran. Vestræn ríki með Bandaríkin í fararbroddi, telja Írana ætla sér að vinna kjarnorkuvopn úr auðgaða úraninu, en Íranar hafa hins vegar staðfestlega haldið fram að framleiðsla þeirra sé eingöngu í friðsamlegum tilgangi og að hún verði notuð til að búa til rafmagn. Jafnframt sjá Íranar kjarnorkuætlun sína sem



tákn um tæknilegar framfarir landsins, enda er samstaða meðal allra stjórnmalaflokka landsins og flestra landsmanna um að halda henni til þrautar.

Refsiaðgerðir öryggisráðsins felast í banni við því að tækniþekking og tæki sem nota má við kjarnorkuframleiðslu verði keypt frá eða selt til Írans. Jafnframt var fé tíu íranskra fyrirtækja og tólf Írana fryst í erlendum bönkum.

Háttsettur klerkar hafa ítrekað hvatt stjórnina til að skera á öll bönd við IAEA, ef öryggisráðið myndi ákveða að beita refsiaðgerðum, líkt og nú hefur verið gert.

- smk

STJÓRNIN STUDD Þessar írönsku skólastúlkur styðja stefnu ríkisstjórnar sinnar í kjarnorkumálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í síðasta sinn!

Vertu reyklaus!

- ✳️ **10 ára afmælisnámskeið** 5. og 6. janúar á Hótel Loftleidum.
- ✳️ **Guðjón Bergmann** heldur ekki fleiri námskeið til að hjálpa fólki að hætta á Íslandi. Þetta er **síðasti séns** fyrir þá sem vilja nýta hans leiðsögn.
- ✳️ Verð aðeins 16.900 kr.
- ✳️ **50% afsláttur** fyrir öryrkja og eldri borgara.

Skráning og upplýsingar á www.vertureyklus.is / 690-1818

ÁRAMÓTTA- BOMBAL



ÁBREIÐUR VERÐ AÐEINS

5.990,-

„SHARON“ ÁBREIÐUR OG PÚÐAR

Fallegar ábreiður, mjúk og þægileg til að kúra með fyrir framan sjónvarpið. Stærð 130x180 sm. Einnig fást púðar í stíl, verð aðeins **790,-**



LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGALLAÐ

990,-

SÆNGUR Á ÓTRÚLEGU TILBODI

Mikið úrval af góðum sængum á frábæru verði. Komdu og gerðu góð kaup!



17%
AFSLATTUR

ÁÐUR 690,-
499,-

MYNDA-HANDKLÆÐI

Mikið úrval af sniðugum mynda-handklæðum. Stærð 75x150 sm. Stórsniðug gjöf fyrir yngstu kynslóðina!

33%
AFSLATTUR



ÁÐUR 1.490,-

990,-

„LAGOON STRIPE“ SÆNGURV.SETT

Efni 100% bómull. Fæst einnig í bláum lit. Stærð á sængurveru 140x200 sm. Koddaver 50x70 sm.



NÚ 2 STK. AÐEINS:

2.990,-

„MEMORY FOAM“ HEILSUKODDI

Sérstaklega góður og vandaður heilsukoddi fyrir höfuð, hrygg og herðar. 1 stk. **1.990,-**

25%
AFSLATTUR



50X90 SM ÁÐUR 199,-

149,-

22%
AFSLATTUR



ÁÐUR 890,-

690,-

BARNAGALLABUXUR

Frábært verð! Mismunandi snið. Stærðir 2-8 ára.

HÚFUR OG VETTLINGAR

Mikið úrval af barnavettlingum og húfum í flottum litum. Frábært verð!



VERÐ FRÁ:

299,-



1 VÆNGUR

1.790,-

TILBÚNAR GARDÍNUR

Fallegar, tilbúnar gardínur með mynstri og kósam. Stærð 140x175 sm. 100% bómull. 1 vængur í pk.



ÁÐUR 3.990,-

2.990,-

„HØIE CELEBRATION“ SÆNG

Dúndurgóð sæng fyllt með holtrefjum. Stærð 140 x 200 sm. Þyngd 1000 gr. Áprentað áklæði úr bómullarcambri.

25%
AFSLATTUR



1 STK.

139,-

ARIN-KUBBAR

Finir kubbar í arininn. 12 stk. saman verð aðeins **1.490,-**

ARINÁHÖLD

Falleg arináhöld úr járni á góðum standi. Gott verð!

ÁÐUR 1.990,-

990,-

50%
AFSLATTUR



VERÐ FRÁ:

399,-

„THINSLULATE“ HÚFUR OG VETTLINGAR

Flottar þrjónahúfur og vettlingar með flísfóðri á dömur og herra. 3 flottir litir fánlegir.



góð kaup

RÚMFATA
LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



KERTI Á LEIÐI
4 mismunandi stærðir fánlegar.

1 STK.

79,-

VEISTU SVARIÐ?



1. Í hvaða landi létust hátt á þriðja hundrað manns í bensínsprengingu annan í jólinum?
2. Yfir hvaða fyrrverandi einræðisherra hefur verið kveðinn upp dauðadómur?
3. Hvað heitir Íslendingurinn sem leikstjóri danskri kvikmynd um þessar mundir?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Borgarstjóri er ósáttur við áform um uppsetningu spilakassa í Mjóddinni:

Háskóli Íslands með yfiringang

SAMFÉLAGSMÁL „Þetta er hálfgerður yfiringangur,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sem hefur sent Háskóla Íslands bréf vegna áforms um að starfrækja spilasar í verslunarmiðstöðinni í Mjódd í Breiðholti.

Borgarráð ályktaði á síðasta fundi sínum að slík starfsemi sé ekki heppileg, hvorki fyrir verslunarmiðstöðina né hverfið í heild, og skorar á HÍ að hverfa frá áformum sínum. Hverfisráð Breiðhólts hefur mótmælt rekstri spilasararins og lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum spilasarar þar sem ungmenni úr Breiðholtshverfi safnast oft saman.

Vilhjálmur segir jafnframt að með þessum áformum sé verið að veikja



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLmsson Borgarstjóri gagnrýnir ákvörðun um uppsetningu spilakassa í Mjóddinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

verslunarmiðstöðina. „Þetta er fjölskyldu-miðstöð og þá kemur menntastofnun eins og Háskóli Íslands og stingur þarna inn spilakössum.“ Vilhjálmur segir að ríkið ætli sér einnig að setja upp sérhæfða lækningaþjónustu við göngugötuna og grónar verslanir þurfi að víkja þess vegna. „Það hefur enginn beðið Háskóla Íslands um að setja þarna upp spilakassa og þetta er gert í óþökk íbúanna í hverfinu. Ríkið er líka að setja upp aðstöðu sem getur verið hvar sem er í borginni.“

Vilhjálmur minnir á að í verslunarmiðstöðina komi gjarnan fjölskyldur og reynt hafi verið að byggja upp öflugna, fjölskylduvæna miðstöð íbúanna í Breiðholti. Það sé hans von, borgarráðs og íbúa í Breiðholti að HÍ hætti við áform sín um starfrækslu spilasarar.

- shá

Fimm ungmenni játa innbrot:

Brutust þrisvar inn um jólin

LÖGREGLUMÁL Fimm ungmenni á aldrinum 17 til 20 ára játuðu í gær innbrot í þrjú fyrirtæki á Akureyri um jólin. Lögreglan hafði farið fram á gæsluvarðhald yfir fólkinu en fallið var frá því vegna játninganna. Þeim hefur verið sleppt. Þýfið er að mestu fundið.

Á jólanótt stálu þau snjóþremm og ýmsum búnaði úr verslun í miðbænum. Nóttina eftir brutust þau aftur þar inn og voru handtekin á staðnum. Þá brutust þau inn á veitingahús í bænum og stálu töluverðu magni af áfengi, sjóðsvél og peningum. Lögreglan á Akureyri þekkir ungmennin að misjöfnu.

- sh



JÓLATRÉ Starfsmaður Garðheima telur trúlegt að einhverjar fjölskyldur hafi ekki náð að kaupa tré í tíma.

Skortur á jólatrjáum í landinu:

Jólatré seldust upp fyrir jólin

JÓLIN Jólatré seldust upp hjá söluaðilum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi á Þorláksmessu. Að sögn Steinunnar Reynisdóttur, starfsmanns hjá Garðheimum í Mosfellsbæ, komu viðskiptavinir til þeirra á Þorláksmessu og ætluðu að kaupa sér tré en þá voru engin tré til. „Sjálfsagt hafa einhverjir ekki fengið tré þetta árið,“ segir Steinunn og bætir því við að ástæðan fyrir skortinum sé líklega sú að tveir söluaðilar, Bónus og Krónan, keyptu ekki inn tré þetta árið.

Steinunn segir að Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hafi gripið til þess ráðs á Þorláksmessu og aðfangadag að selja fólki tré úr skógarlundu við bæinn sem kallast Hamrahlið.

- ifv

LÖGREGLUFRETTIR

Unglingar brjótast inn

Aðfaranótt 22. desember var brotist inn í félagsmiðstöð á Selfossi og sérdeild við Skólavelli. Tveir piltar, þrettán og fimmtán ára, játuðu á sig innbrotið. Litilræði af fíkniefnum fundust við leit á dvalarstað þeirra.

Sofnaði undir stýri

Ökumaður sofnaði undir stýri á Innnesvegi við Akranes í gærmorgun. Billinn fór útaf veginum og skemmdist töluvert. Þurfti að fjarlægja hann með krana. Að sögn lögreglu urðu engin slys á fólki.

DÓMSMÁL

Ræðst á fyrrum eiginkonu

Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að misþyrma fyrrverandi eiginkonu sinni á heimili hennar í október 2005. Manninum er gefið að sök að hafa slegið konuna með krepptum hnefa í höfuð og líkama með þeim afleiðingum að hún hlaut meðal annars skramur á höfði.

SJÁVARÚTVEGUR

Lax undir frönskum áhrifum

Labeyrie hefur hafið sölu á íslenskum eldislaxi undir sínum merkjum en Labeyrie er eitt sterkasta vörumerkið á frönskum matvörumarkaði. Var laxinn seldur í frönskum verslunum fyrir hátíðarnar og voru viðtökur góðar. Labeyrie kaupir laxinn af HB Granda og Samherja.



ÍSOGSEFNI UNDIR BUNUNNI Hægt en örugglega gekk að dæla svartolíunni úr Wilson Muuga í gær en ekki var búist við að dælingunni lyki fyrr en í nótt. Gat kom á slöngu við olíubílinn í gær og gripu nærstaddir þá ísogsefni og settu undir bununa og var slöngubúturinn svo skorinn burt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Telja sjötíu tonn hafa runnið í sjóinn

Talið er að tæp sjötíu tonn af olíu hafi farið í sjóinn eftir strand Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru í síðustu viku. Vel gekk að dæla olíunni úr skipinu í land í gær en þó sprautaðist olía á jörðina í gegnum slöngugat.

SKIPSTRANDIÐ Dæling á olíunni úr flutningaskipinu Wilson Muuga í olíubíla í landi hófst eldsnemma í gærmorgun. Dælt var úr efri tanki bakborðsmegin og átti síðan að dæla úr tanki stjórnborðsmegin áður en dælt yrði upp úr lestunum. Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir að um sjötíu tonn af olíu í botntönkum skipsins séu ýmist farin í sjóinn eða upp í lestarnar.

„Við strandið hafa botntankarnir brotnað og olían haldist inni í þeim meðan sjórinn hélt henni uppi en svo virðist þessi olía hafa að mestu leyti lekið út. Á stærstu fjörinni rann út svartolía en sjórinn og veðurhamurinn var slíkur að olían virðist hafa brotnað mikið niður þannig að hún sést ekki mikið í fjörinni í kring,“ sagði hann og varaði við bjartsýni. „Meðan þetta vinnst þá vinnst þetta. Þegar því er lokið þá fögnum við.“

Dælingin gekk hægt en tíðindalítið í gær. Þó kom gat á slöngu við einn olíubílinn um klukkan þrjú og sprautuðust þá nokkrir lítrar af hnausþykkri svartolíu á jörðina. Nærstaddir gripu ísogsefni og lögðu undir bununa og síðan var slöngubúturinn skorinn burt.

Gestur Guðjónsson, umhverfiserfræðingur hjá Ólíudreifingu, var einn af áttmenningunum um borð í skipinu. Hann sagði að flestöll tæknileg vandamál væru að baki. „Nú bíðum við bara eftir að



RÁÐHERRA Á STRANDSTAÐ „Þetta lítur mjög vel út,“ sagði Jónína Bjartmarz umhverfiserfræðingur um dælinguna á strandstað í gær.

dælungar vinni sína vinnu,“ sagði hann.

„Við erum helst hræddir um að slangan gefi sig, það er ákveðin hættu á því en ég býst við að hún verði í lagi. Við bindum hana bara niður. Annars fer ágætlega um okkur. Við erum að reyna að koma ljósavélum í gang,“ sagði hann, „þetta er miklu betra en útílega í rigningu.“

Áttmenningarnir fengu reglulega íslenskar vistir um borð í skipið. Gestur segir að þeir hafi frekar viljað íslenskan mat en

rússneskan. „Það eru vistir hérna ef við kærur okkur um,“ sagði hann.

Jónína Bjartmarz umhverfiserfræðingur var í Hvalsnesfjöru í gær. „Þetta lítur mjög vel út. Ef þetta gengur allt eftir sem verið er að vinna að núna þá komum við í veg fyrir það mengunarslys sem menn óttuðust frá því strandið varð. Þetta hefur allt verið unnið fumlaut og skipulega og þeim til sóma sem að þessu hafa komið,“ sagði Jónína á strandstað í gær.

ghs@frettabladid.is

Vertu inni
Fréttablaðinu
með þitt
kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ



TÓMT,
EN LOFAR GÓÐU.



0,0%

NOTUÐ TÆKI



Iveco Euro Trakker
Árgerð 2004 - Ekinn 88.500



Mercedes Benz
Árgerð 1995 - Ekinn 282.000



Mercedes Benz
Árgerð 2001 - Ekinn 293.000



JCB JS330LC Beltagrafa
Árgerð 2003 - v.st. 10.100



JCB JS330LC Beltagrafa
Árgerð 2005 - v.st. 3.100



STILL R60-25
Árgerð 2000 - v.st. 5.300



VÉLAVER HF

Sími 588 2600
www.velaver.is

Útflutningur hrossa hefur dregist saman:

Færri hross út í ár en áður

ÚTFLUTNINGSMÁL Útflutningur á hrossum dróst verulega saman á árinu, samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands.

Er þetta þriðja árið í röð útflutningur á hrossum dregst saman. Á árinu 2004 voru þau samtals 1.578, í fyrra 1.501 og í ár 1.360.

Samkvæmt sundurliðuðum tölum frá Bændasamtökunum yfir útflutning til einstakra landa hefur orðið samdráttur á sölu hrossa til þeirra flestra. Undantekningar eru þó þar á. Fleiri hross eru seld til Danmerkur hefur til að mynda fjölgað á milli ára síðustu þrjú ár. Nú í ár voru þau samtals 346. Sama máli gegnir um Bretland. Þangað hafa verið seld



HROSS TIL ÚTLANDA Færri hross voru seld úr landi í ár heldur en árin á undan.

heldur fleiri hross í ár heldur en 2004 og 2005, þótt ekki sé um mikla aukningu að ræða. Til Nýja-Sjálands fóru þrjú hross nú, en ekkert tvö árin áður.

Áberandi samdráttur varð í sölu hrossa til Noregs. Í ár voru þau 85, á síðasta ári 134 og 114 árið 2004. Þá voru færri hross seld til Bandaríkjanna en áður.

ÚTFLUTNINGUR HROSSA

- helstu útflutningslönd

	2006	2005	2004
Austurríki	33	53	55
Bretland	26	17	16
Sviss	52	77	98
Þýskaland	221	269	240
Danmörk	346	320	327
Finnland	126	162	121
Noregur	85	134	114
Svíþjóð	376	335	451
Bandaríkin	59	78	99

Þjóðminjasafn þarf aukið geymslurými

Stækkunarpörf fyrir geymslurými Þjóðminjasafns Íslands er um 5.100 fermetrar. Mikið af minjum eru í geymslum sem uppfylla ekki kröfur um varðveislu þjóðminja. Brýn þörf er fyrir geymslur undir báta, bíla og aðrar tækniminjar.

SAFNAMÁL Mikið af stærri þjóðminjum Þjóðminjasafns Íslands er í geymslum sem uppfylla ekki kröfur um varðveislu. Bygging sameiginlegs þjónustu- og varðveisluhúss fyrir höfuðsöfnin tvö, Þjóðminjasafn og Listasafn Íslands, er eitt þeirra verkefna sem verður að ljúka á allra næstu árum til að uppfylla varðveisluskyldu menningarstofnana á menningararfi þjóðarinnar.

Áralöngum endurbótum á húskosti og sýningarstöðu Þjóðminjasafnsins er nýlukið og endurbætt geymsluhúsnæði var tekið í notkun árið 1998. Eftir sem áður er hluti af minjum safnsins í smærri geymslum sem uppfylla ekki kröfur um varðveislu þjóðminja og stofnunin metur stækkunarpörf geymslurýmis til framtíðar um fimm þúsund fermetra. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um varðveislur og geymslur máli sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur látið vinna. Helst er illa búíð að tækniminjum og stærri hlutum svo sem bílum, vélum og bátum. Bátar eru til dæmis vistaðir utan húss vegna skorts á sérstöku geymsluhúsnæði fyrir slíka muni.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður segir að þrátt fyrir þörf á auknu geymslurými sé stærsti hluti minja safnsins í afar góðri geymslu og allar geymslur sem safnið nýtir séu búnar góðum öryggisbúnaði og gæsla sé þar til staðar. Einnig að unnið sé af krafti við að leysa úr geymslupörf safnsins meðal annars með samstarfi við sveitarfélög á landsbyggðinni um varðveislu stærri muna. „Þar er um mjög spennandi kosti að ræða“, segir Margrét. „Í rauninni er um stígmun að ræða í varðveislur gripa. Dýrgripirnir og smærri hlutir eru geymdir við bestu aðstæður og hins vegar



ÚR ÞJÓÐMINJASAFNINU Þrátt fyrir mikla uppbyggingu á undanföllum árum þarf að byggja geymslur fyrir þjóðminjasafnið. Bátar safnsins eru meðal þeirra muna sem ekki eru geymdir við kjöraðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stærri hlutirnir þar sem aðstöðu þarf að bæta.“

Ágúst Ó. Georgsson, sérfræðingur í sjávarhátum hjá Þjóðminjasafninu, segir að alls séu 24 bátar í eigu safnsins. „Nú af 24 bátum safnsins eru geymdir úti. Þeir eru undir góðum yfirbreiðslum úr segli og hafa verið sig vel fyrir veðri og vindum. Kjóraðstæður er geymsla fyrir alla báta

safnsins og er það brýnt mál að mínu mati.“

Í apríl 1991 brann bátageymsla Þjóðminjasafnsins ásamt 18 bátum. Síðan hefur safnið víðað að sér nokkrum fjölda báta til að bæta þann skada. Flestir bátar þjóðarinnar sem hafa menningarsögulegt gildi eru í eigu safna, eða rúmlega 100.

svavar@frettabladid.is

Lýsingu er ábótavant á Grandagarði og getur fólki stafað af því hætta í myrkrinu:

Myrkur skapar slyshættu

ÖRYGGISMÁL Lýsingu er ábótavant á Grandagarði og getur það skapað slyshættu fyrir starfsmenn fyrirtækja eins og Fiskmarkaðar Íslands, Hampiðjunnar og löndunarfyrirtækja sem vinna á svæðinu.

Við bakkaskemmuna á Grandagarði, þar sem unnið er við uppskipun úr skipum og flutningabílar eru affermdir, er einn ljóskastari af þremur í lagi. Fyrir nærri þremur vikum var lokið við að malbika Bótarbryggju á Grandagarði og voru steiptar þar uppistöður fyrir þrjú ljósamöstur við bryggjuna en þau eru ekki enn komin upp.

Að sögn viðmælanda Fréttablaðsins er einungis



Á GRANDAGARÐI Að sögn hafnarstjóra á að bæta lýsinguna eins fljótt og auðið er.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

tímaspursmál hvenær slys verður á Grandagarði vegna skorts á lýsingu.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri hjá Faxaflóahöfnum, segir að það sé rétt að lýsingu sé ábótavant á Grandagarði. Að sögn Gísla er ástæðan fyrir því hversu svæðið er illa lýst upp núna að miklar endurbætur hafa staðið yfir á Grandagarði á síðustu mánuðum. „Framkvæmdunum fylgir ákveðið rask og því miður vill það svo til

að þær verða í svartasta skammdeginu þegar mest þörf er fyrir góða lýsingu“, segir Gísli og bætir því við að lýsingin á svæðinu verði bætt eins fljótt og auðið er.

- if

Skortur á jólakapi í borginni:

Skemmdarverk og nekt um jól

LÖGREGLUMÁL Suma höfuðborgarþúa skortir jólaandann að sögn lögreglunnar í Reykjavík, sem borist hafa nokkrar tilkynningar um skemmdarverk um hátíðirnar. Ein þeirra var vegna krakka sem höfðu eyðilagt jólskreytingar.

Annars staðar sprengdu óprúttir menn flugelda í fjölbýlishúsi. Þar brotnuðu þrjár rúður og fyrir liggur að mála þarf sameign hússins. Lögregla sinnir einnig mörgum útköllum vegna órölegs jólahalds sökum áfengisdrykkju. Þá var karlmaður á þrjúgaldri færður í fangageymslur í fyrradag, en hann hafði fengið sér göngutúr í miðborginni kvíknakinn.

- sh

Rafmagnsleysið á aðfangadag:

Öryggi fór og rafmagnið með

RAFMAGN Öryggi fór í spennustöð með afleiðingum að rafmagn fór af í Síðuhverfi á Akureyri á aðfangadag, annað árið í röð. Þetta segir Franz Árnason, forstjóri Norðurorku. Rafmagn fór af um tuttugu húsum á milli korter í sex og hálf sjö, en rafmagnsleysið var á mjög svipuðum tíma árið áður.

„Við munum kanna málið og skoða hvort það þurfi að gera einhverjar ráðstafanir. Við höldum að við værum búnir að laga þetta eftir óhappið í fyrra. Þarna tók öryggisbúnaðurinn einfaldlega af okkur völdin,“ segir Franz.

- sps

Kuningi Litvinenkos:

Handtekinn á Ítalíu

ÍTALÍA, AP Ítalinn, sem hitti fyrrum KGB-njósnaðar Alexander Litvinenko daginn sem hann veiktist af pólon-210 eitrun, var handtekinn í Napolí á Ítalíu á aðfangadag. Mario Scaramella hefur sætt yfirheyrslum í fangelsi í Róm síðan þá, en lögmaður hans leitar nú leiða til að fá hann leystan úr haldi.

Ekki er talið að handtaka Sacramellos standi í beinum tengslum við lát Litvinenkos, heldur er hann sakaður um ærumeiðingar og rögburð.

- smk



BÖRN MEÐ HLÍÐARGLERAUGU Gleraugun eru afhent á öllum sölustöðvum Slysavarnafélagsins Landsbjörgar gegn framvisun gjafabréfsins.

Blindrafélagið og Landsbjörg:

Gefa börnum hlífðargleraugu

ÖRYGGISMÁL Öllum íslenskum börnum á aldrinum 10 til 15 ára hafa verið send gjafabréf fyrir flugeldagleraugum. Það eru Blindrafélagið og Slysavarnafélagið Landsbjörg sem standa fyrir þessari gjöf í samstarfi við Íslandspóst, Sjóvá og prentsmiðjuna Odda.

Í tilkynningu sem Blindrafélagið og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa sent frá sér kemur fram að reynslan sýni að um hver áramót verði slys í tengslum við flugveldavörur og að algengast sé að einstaklingar slasist á höndum, andliti og augum.

Það er von félaganna að notkun flugeldagleraugna verði til þess að ekkert barn slasist á augum um áramótin.

- hs

**Árni K. Jónsson, viðskipta-
stjóri, lætur af störfum hjá
KB banka í dag.**





VÍGBÚINN SNJÓKARL Þessi afganski lögreglumaður virtist skemmta sér vel við gerð snjókarlsins ógurlega og vígbjó hann meira að segja fyrir ljósmyndarann. Veturinn hefur verið afar kaldur í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Æðarbóndi sýknaður í Héraðsdómi Vestfjarða:

Mátti fæla erni með gasbyssu

DÓMSMÁL Karlmaður var í gær sýknaður í Héraðsdómi Vestfjarða af ákæru þess efnis að hafa komið fyrir gasbyssu í hólma á Breiða-firði í þeim tilgangi að fæla erni frá hreiðurstæði í hólmanum og hindra þá í að verpa þar. Um var að ræða meint brot á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Í apríl á síðasta ári var kærð til lögreglu uppsetning ellefu kílóa gaskúts og gasbyssu í umræddum hólma. Kærandinn sagði hægt að stilla gasbyssur af þessu tagi þannig að þær skytu úr sér hljóðum sem minntu á byssuskot.

Æðarbóndinn kvaðst þess full-

viss að örn hefði aldrei orpið í hólminum og þar hefði aldrei sést hreiðurstæði. Hann staðfesti að gasbyssan hefði verið sett upp á hans vegum til að fæla frá ungerni og svartbak. Hann sagði að mikil niðursveifla hefði orðið í æðarvarpinu á undangengnum árum vegna viðveru arna þar. Af þeim sökum hefði orðið tjón vegna minni tekna af dúntekju.

Dómurinn taldi að í ljósi stöðu, menntunar og þekkingu kæranda, sem er dýravistfræðingur, þættu nokkrar líkur standa til þess að hreiðurstæði arnar hafi verið í hólmanum þegar gasbyssan var sett upp.



HAFÖRN Æðarbóndinn vildi fæla svartbak og ungerni frá æðarvarpinu.

Hins vegar færi því fjarri að þær líkur væru svo sterkar að talið yrði sannað gegn neitun æðarbóndans.

- jss

Eldur á salerni skemmtistaðar:

Grunur beinist að handþurrku

BRUNI Eldur kom upp á salerni skemmtistaðarinnar Kaffi Amor á Akureyri um klukkan átta í gærmorgun. Reykkafarar fóru inn á staðinn og komust fljótlega að því að eldurinn væri einungis á salerninu. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en rjúfa þurfti gat á millivegg í húsinu til að ganga úr skugga um að ekki leyndist glóð milli þilja. Körfubíll og tveir dæluvílar voru sendir á staðinn.

Staðurinn var mannlus en einhverjar skemmdir urðu vegna sóts og reyks. Upptök eldsins eru ókunn að sögn lögreglu en grunur beinist að rafknúinni handþurrku.

- sh

Jarðlagna-tæknánám

Næsta jarðlagnatæknánámskeið hefst nú eftir áramót!

Námið er ætlað öllum þeim sem starfa við jarðlagnir og jarðvinnu, hvort sem þeir starfa hjá veitufyrirtækjum, sveitarfélögum, símafyrirtækjum eða hjá verk tökum.

Orkuveita Reykjavíkur hefur nú sett það sem skilyrði að verktakar sem vinna við lagnakerfi OR hafi starfsmenn sem lokið hafi jarðlagnatækninámi eða sambærilegu námi.

Námsgreinar eru m.a. lagnir og lagnaefni, jarðvegsfræði, tæringarfræði, efnisfræði, vélfræði, rafmagnsfræði og tölvur, ásamt almennum greinum. Samþykkt hefur verið af Menntamálaráðuneytinu að meta megi námið um sem nemur allt að 24 einingum í framhaldsskóla.

Námið er 300 kennslustundir og er kennt í þremur tveggja vikna lotum:

Lota eitt: 8.–12. janúar og 15.–19. janúar
Lota tvö: 5.–9. febrúar og 12.–16. febrúar
Lota þrjú: 5.–9. mars og 12.–16. mars

Mímír-símenntun, Samorka, Orkuveita Reykjavíkur, Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, Síminn, Efling-stéttarfélag, Starfsafli og Landsmennt standa saman að náminu.

Námskeiðagjald er 43.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Mímír-símenntun í síma: 580-1800 / 580 1814 eða í tölvupóstfang: ingibjorg@mimir.is

Umsóknir þurfa að berast fyrir 3. janúar n.k. Þátttakendafjöldi er takmarkaður.

MÍMIR
símenntun

www.mimir.is



FLUGUMFERÐARSTJÓRI AÐ STÖRFUM Það verða raskanir á flugi eftir áramót, þegar Flugstoðir ohf. tekur við flugrekstrarhlutverki Flugmálastjórnar, en tæplega sextíu flugumferðarstjórar hafa afþakkað atvinnutilboð þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Krefst fundar um flugumferðarstjórn

Jón Bjarnason vill fá svör samgönguráðherra um stöðu mála í flugumferðardeilunni og leggur til að lögum um nýtt opinbert hlutafélag verði frestað eða þau afturkölluð, því þráhyggja sjálfstæðismanna vinni þvert gegn almannahag.

SAMGÖNGUR Jón Bjarnason, þingmaður vinstri grænna, telur sjálfstæðismenn haldna einkavæðingarráhyggju, sem sjáist á því hvernig lög um flugumferðarstjórn voru keyrð gegnum Alþingi síðasta vor. Hinn 1. janúar stefni í stórslys í samgöngum og hvetur Jón ríkisstjórnina til að falla frá gildistöku laganna, svo því megi forða.

Jón hefur krafist fundar í samgöngunefnd um málið: „Þetta stafar allt af lagasetningunni um að hlutafélagavæða bæði flugumferðarstjórn og rekstur á flugvöllum landsins og í kjölfarið á því var öllum starfsmönnum sagt upp. Þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrir en 1. janúar, þannig að ríkisstjórnin getur gefið út bráðabirgðalög sem fresta gildistöku þar til Alþingi kemur saman.“

Einkavæðingarferli flugmála einkennist af þráhyggju sjálfstæð-

„Það sem bjargar okkur núna er flugumferðarstjórnin á Keflavíkurflugvelli. [Það] var deilt um það á þingi hvort hún ætti að fara inn í hlutafélag eða ekki. Það varð samkomulag um að svo yrði ekki, því þetta var talið svo mikilvægt fyrir flugöryggi þjóðarinnar,“ segir Jón, og bendir á að þversögn kunnari að finnast í því að það séu sömu mennirnir sem vilji gera hlutafélag úr Flugmálastjórn og hurfu frá svipuðu fyrirkomulagi á Keflavíkurflugvelli.

JÓN BJARNASON
ALÞINGISMAÐUR

ismanna, segir Jón, og spyr til hvers verið sé að einkavæða flugvelli úti á landi, sem ekki verða í samkeppni við önnur fyrirtæki. Hann segir að sjálfur stýrihópurinn, sem kom að undirbúningi málsins, hafi bent á að aðrir möguleikar kæmu betur til greina en hlutafélagavæðing í framtíðarfyrirkomulagi flugmála. „Þetta er bara hrein þráhyggja og gengur þvert gegn almannahag. Þetta

voru mistök og það sem bjargar okkur núna er flugumferðarstjórnin á Keflavíkurflugvelli. Þegar íslenska ríkið yfirtók hana var deilt um það á þingi hvort hún ætti að fara inn í hlutafélag eða ekki. Það varð samkomulag um að svo yrði ekki, því þetta var talið svo mikilvægt fyrir flugöryggi þjóðarinnar,“ segir Jón, og bendir á að þversögn kunnari að finnast í því að það séu sömu mennirnir sem vilji gera hlutafélag úr Flugmálastjórn og hurfu frá svipuðu fyrirkomulagi á Keflavíkurflugvelli.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis, sagði í gær að fundur hefði verið fyrirhugaður í samgöngunefnd aðra vikuna í janúar, en hann hefði ekki tekið ákvörðun um beiðni Jóns. Það yrði gert í dag.

klemens@frettabladid.is

Nokkrar verslanir hafa þegar hafið útsölu en flestar byrja ekki fyrir en í janúar:

Fjölmennt á fyrsta degi útsölu

VERSLUN Kaupgladir Íslendingar þurfa ekki að bíða lengur eftir að gera góð kaup því nokkrar verslanir hófu útsölu sínar þegar í gær á fyrsta virka degi eftir jól.

ZikZak er ein þessara verslana og var Auður Jónsdóttir, verslunarstjóri ZikZak, ánægð með aðsóknina á fyrsta degi útsölu og sagði rífandi gang í sölu. Í ZikZak er hægt að kaupa fatnað á 30-80 prósentu afslætti.

Útsölu eru einnig hafnar í öllum verslunum Dressmann nema í Kringlunni en þar hefst útsalan 4. janúar. Hjördís Björnsdóttir, afgreiðslukona Dressmann á Laugaveginum, segir útsölu fara vel á stað en 50 prósentu afsláttur er á völdum vörum í versluninni.



VERSLUNIN ZIKZAK Þeir voru ófár sem lögðu leið sína í verslunina á fyrsta degi útsölnnar.

afgreiðslutími frjáls og um helmingur verslana lokaður. Í dag er opið eins og venjulega og geta neytendur fengið upplýsingar um afgreiðslutíma verslana þar á www.kringlan.is

- hs

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

DEBENHAMS

Útsalan
hefst í dag
kl. 11.00

30-70%

afsláttur af völdum vörum

Komdu og gerðu góð kaup!



DEBENHAMS

SMÁRALIND

t gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

t gott

ÁRAMÓTA byrjar í Krónunni

2399 kr./kg. **15%** afsláttur
Grísalundir ferskar

25% afsláttur
1349 kr./kg.
Goða hátíðarlamb

40% afsláttur
1494 kr./kg.
Danskur úrbeinaður grísahryggur

499 kr./stk.
Coke & Coke light 4X2ltr & Maarud poki 350g

Eðalsalöt Lax, rækja & túnfiskur
199 kr./pk.

Merlo úrvalsrækja
599 kr./kg.

Maarud Classic Saffre

15% afsláttur

Mikið að þvo?
Finish power ball
599 kr./pk.

30% afsláttur
Eðalfiskur reyktur og grafinn lax
Sjervallinn lax

Tuborg léttöl í dós
59 kr./stk.

Hreindýra paté & Krónhartapaté

28.12. fimmtudag opið til kl. 20.00

VEISLAN

30%
afsláttur

1189 kr. kg.

Hóla hamborgarhryggur
m/beini

99 kr. stk.
Pepsi & Pepsi light 2ltr

798 kr. kg.

Frosinn kalkúnn

Allt í áramótaveisluna

20%
afsláttur

1598 kr. kg.

SS Kampavínslegið lambalæri

Villibráð

Krónhjörtu medaljur

1498 kr./pk.

verð frá

Vs humar 1., 2. og 3. flokkur

2998 kr./kg.

Freyju Mix

369 kr./pk.

Demants & Konfektisild

349 kr./stk.

Úrval af
ávöxtum & grænmeti

KRONAN

KRONAN

Hér safnarðu aukalega inn á

MasterCard ferðaávisun

„ORÐRÉTT“

Kúltíveraðir íþróttamenn

„Hópur las líka um enska fótboltann í bresku sunnudagsblöðunum. Við hittumst oft á mánudögum í bókabúð Braga.“

BJARNI FELIXSON RIFJAR UPP PÁ DAGA ER FÓTBOLTI VAR ÍÞRÓTT EN EKKI "SHOW-BUSINESS".

Fréttablaðið, 27. desember

Pakka frekar en krakka

„Einhverra hluta vegna fæðast ekki mörg börn á aðfangadagskvöld. Auðvitað gerist það en það er algengt að kvöldið sleppi.“

KRISTÍN SIGURDARDÓTTIR LIÓSMÓÐIR UPPLÝSIR LANDSMENN UM FORGANGSRÖÐUN Í SAMFÉLAGINU.

Fréttablaðið 27. desember

nær og fjær
tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR KVÍKMYNDALEIKSTJÓRI

Skammdegið í miklu uppáhaldi

„Þessa dagana er ég á fullu við að klippa mynd mína Veðramót sem ég tók upp í haust og verður sýnd síðsumars 2007. Þetta er mikil tarnavinna sem krefst mikillar þolinmæði og dagarnir eru langir meðan á henni stendur. Þá er ég einnig að undirbúa vetrartökur á myndinni.“

Ég tók mér þriggja daga frí um jólin, hafði það gott með fjölskyldunni og hélt í gamlar hefðir. Ég matreiddi rjúpur sem snæddar voru á aðfangadagskvöld en það er hefð sem ég hef haldið í.“ Guðný segir áberandi hve hegðun rjúpunnar hefur breyst á undanförunum árunum og kennir sílamávinum um af því að hann leggst á rjúpunar. „Áður mátti sjá eina og eina rjúpu á vappi en nú halda þær sig í hópum og eru styggar.“

Á jóladag hélt ég boð þar sem

ég bauð upp á hangikjöt og rjúpur í tartalættum og bauð ömmunum úr fjölskyldunni í mat. Að kvöldi jóladags greip ég svo í spil með vinum úr menntaskóla en það er ein af þeim hefðum sem ég hef haldið.“

Guðný segir jólaundirbúninginn hafa gengið vel en það endi iðulega með því að hún kaupir jólagjafirnar í verslunum sem eru dálítið úr leið til að losna við skarkallann í stærstu verslunarmiðstöðvunum.

„Bakst-

urinn fyrir þessi jól var gerður með aðstoð Kexverksmiðjunnar Fróns en hún selur deig í súkkulaðibitakökur sem handhægt er að setja í ofninn. Laufabrauðsbakstur er einnig úr sögunni á mínu heimili en það er einnig hægt að kaupa tilbúið laufabrauð svo þetta getur ekki verið þægilegra.

Um áramótin hefur sú hefð skapast á mínu heimili að ógíft fólk kemur og borðar með okkur fjölskyldunni og síðan skjótum við væntanlega upp nokkrum flugeldum og horfum á ljósin frá Reykjavík.“

Guðný heldur mikið upp á skammdegið og myrkríð íþyngir henni ekki. „Ég er hins vegar ekki mjög hrifin af þeim mánuðum sem nú fara í hönd og kalla þá stundum skítamánuðina. Þessa mánuði nota ég yfirleitt til að byggja mig upp og safna kröftum.“



Kanarí
síðustu sætin í janúar
frá kr. **29.990**

Verð frá kr. **29.990**

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, stökku tilbúið, 17. eða 24. jan., vikufé. Netverð á mann.

Verð frá kr. **34.990**

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, á Roque Nublo, 17. eða 24. jan., vikufé. Netverð á mann.

Verð frá kr. **49.990**

- Hálf fæði

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á Hotel Rondo - hálf fæði, 10., 17. eða 24. jan. (þakka), vikufé. Netverð á mann.

Verð frá kr. **69.990**

- Allt innifalið

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í svitu á Hotel Eugenia Victoria - allt innifalið, 24. jan., vikufé. Netverð á mann.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 481 1009 • www.helmsferdir.is

Vilja engu víkinga

Skotum þykir það best, ef fyrsti maðurinn til að stíga yfir þröskuldinn á heimili þeirra á nýju ári sé hár, dökkur og myndarlegur. Þessi fyrsti gestur ársins er talinn segja til um það hvort árið verði gott eða slæmt.

Það liggja ekki einungis fagurfræðilegar ástæður fyrir því að Skotar vilji helst hávaxinn og dökkur maður yfir þröskuldinn eftir áramót, heldur er hætta á að ef maðurinn er ljóshærður þá sé þar víkingur á ferð, ef til vill frá Íslandi, og því hætta á að allt fari bókstaflega í bál og brand sé honum hleypt inn um dyrnar.


Maðurinn sem fyrstur stígur yfir þröskuldinn mun nefndur „fyrsti fótur“. Er ætlast til þess að fyrsti fótur færi húsráðanda gjafir, svo sem salt, kol, ávaxtabúðing, speiur eða viskí, sem er ef til vill líklegast til vinsælda.

Í staðinn fær fyrsti fótur mat og drykk frá húsráðanda, og sæta-brauð með rúsínunum sem kallað er „flugnakirkjugarður“, þar sem rúsíurnar þykja minna á dauðar flugur.

Síðurinn er einnig til í Norður-Englandi. Í Lancashire leigja dökkhærðir menn sig út til að ganga yfir þröskulda og tryggja happ á nýju ári. Í Yorkshire er háralitur engin fyrirstaða, en það kann ekki góðri lucku að stýra undir neinum kringumstæðum að kona fari fyrst yfir þröskuldinn.

Alistair MacIntyre, listamaður og landslagsarkitekt, er frá héraðinu í kringum Inverness í Norður-Skotlandi. Hann kynntist íslenskrí konu þegar hann var við nám í Cardiff í Wales og hefur búið á Íslandi í átta ár.

„Í gamla daga gekk maður um með flösku af viskí og allar dyr stóðu opnar. Nú er þetta orðið



DÖKKHÆRÐUR SKOTI Gott er að fá mann eins og þennan yfir þröskuldinn á nýársnótt.

formlegra, fólk treystir hvort öðru ekki jafn vel. En ég held að Skotland sé enn besti staður í heimi til að fagna áramótum,“ segir Alistair sem er á leiðinni heim.

Í Skotlandi er gamlárskvöld aldrei kallað annað en Hogmanay. Annar janúar er frídagur, og einnig þriðji lendi annar á sunnudegi.

„Jól og áramót eru líklega jafnvinsæl núna, en ekki er langt síðan áramótin voru aðalhátiðin,“ segir Alistair.

Skoska áramótalagið Auld Lang

Syne, samið af þjóðskáldinu Robert Burns á 18. öld, og byggt á eldra þjóðlagi, hefur breiðst út um allan hinn enskumælandi heim.

Alistair bendir á tengsl skoska nafnsins við íslensku, en Lang Syne þýðir „löngu síðan,“ og titillinn þýðist sem „Fyrir löngu síðan“.

„Allir eru svo afar þunnir daginn eftir gamlárskvöld,“ segir Alistair, og er það líklega annað sem tengir skoska og íslenska menningu.

valurg@frettabladid.is

Fékk heimboð í Hvalfjörðinn

Hafdís Hreiðarsdóttir lýsti því yfir í Fréttablaðinu fyrir skemmstu að hún hefði áhuga á að flytja í Hvalfjörðinn, þar sem það þykir afar barnvænlegur staður, en Hafdís er við það að ljúka barnseignarleyfi sínu. Sveitarstjóri Hvalfjarðar, Einar Örn Thorlacius, brást snöggur við og hafði samband við hana strax daginn eftir.

„Hann hringdi í mig til að segja að ég og mín fjölskylda værum hjartanlega velkomin í Hvalfjörðinn hvenær sem er,“ segir Hafdís. „Ég hef heyrt að þetta sé ríkasta sveitarfélag á landinu og að það sé boðið upp á ókeypis leikskóla. Það er örugglega fínt að liggja þarna og þýða.“

Hafdís segist þó ekki vera að flytja alveg í brád. „Maður er óttalega mikil miðbæjarrotta, en maður verður að kíkja í Hvalfjörðinn einhvern tímann. Ég hef keyrt milljón sinnum þarna í gegn þar sem systir mín býr á Ísafirði, en það er skömm af því að ég hef sjaldan stoppað. Það var mjög sætt af sveitarstjóranum að bjóða okkur í heimsókn.“

Hljómsveit Hafdísar, Dýrðin, hyggst halda áfram að kynna samnefnda plötu sína á nýju ári með frekara tónleikahaldi og myndbandi við lagið Bubble Girl.

- vg



HAFDÍS HREIÐARSÓTTIR í stuði með hljómsveit sinni Dýrðinni.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima


ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Svona erum við

> Hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi í prósentum.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: STRANDAÐA FLUTNINGASKIPIÐ WILSON MUUGA OG SAGA ÞESS

Happaskip í efnisflutningum um heiminn

Dagar flutningaskipsins Wilson Muuga, sem liggur strandað í Hvalnesfjöru í Sandgerði, eru senn taldir því að tæpast verður hægt að draga skipið út aftur yfir hraun og grynningar. Botninn er ónýtur og því verður skipið varla sjófært á nýjan leik. Líklegur er að það liðist í sundur í fjörunni eða verði bútað niður og flutt burt ef heppnin er með og tekst að dæla oliunni úr skipinu. Wilson Muuga þekja margir Íslendingar af eigin raun.

Hver er saga skipsins?

Wilson Muuga er ríflega þrjú þúsund tonna flutningaskip af gerðinni „Bulk Carrier“, byggt árið 1975 af Appledore í Englandi. Skipið hét Risnes frá 1975-1979 og var í eigu Jebsen í Björgvin í Noregi. Í desember 1979 komst það í eigu Nesskipa. Árið 2004 var skipt um nafn á skipinu og fékk það nafnið Wilson Muuga. Skipið er í eigu kypverska félagsins Unistar Shipping Company sem aftur er í sameiginlegri eigu norska félagsins Wilson og Nesskipa.

happaskip í gegnum tíðina. Það hefur fyrst og fremst sinnt efnisflutningum, vikurflutningum og meðal annars flutt járnkúlur og salt. Wilson Muuga hefur flutt ógrynni af vörum til og frá landinu og reyndar út um allan heim, til dæmis hefur það flutt járnblendi upp skipastígana til Chicago í Bandaríkjunum. Það var nýkomið með kvarts frá Lerpollen nyrst í Noregi til Grundartanga og var á leið til Múrmansk að ná í járnkúlur fyrir Járnblendifélagið.

Hvað með áhöfnina?

Skipstjórnir hafa verið íslenskir fram til 2002. Sá fyrsti var Gunnar Magnússon og síðasti Örn Benediktsson. Þegar skipið strandaði var skipstjórnin rússneskur. Áhöfnin hefur verið erlend í vaxandi mæli frá því upp úr 1990. Í strandinu voru ellefu Rússar og einn Pólverji um borð.



Hvaða flutningum hefur skipið sinnt? Wilson Muuga hefur verið mikið

SPURT & SVARAÐ ÖLVUNARAKTUR OG BANASLYS

Mikil aukning á milli ára

Karlmáður sem komst lífs af úr banaslysi sem varð á Reykjanesbraut hinn 11. nóvember hefur játað að hafa verið ölvaður undir stýri. Einar Magnús Magnússon er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON Upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

og hefur hlutfall slysa sem rekja má til ölvunar ekki lækkað. Ef lítið er til síðustu tíu ára þá eru færri sem slasast eða láta lífið í umferðinni vegna ölvunaraksturs. Árið 1996 var fjöldi ölvaðra öikumanna sem ollu slysum eða banaslysum 61 en 35 árið 2005. Mikil fjölgun var þó á banaslysum sem rekja má til ölvunaraksturs á síðasta ári miðað við árið á undan: í 6 tilfellum af 16 banaslysum var orsökinn ölvunarakstur.

Hver heldur þú að sé ástæðan fyrir þessari fjölgun?

Síðferðisvitund fólks virðist ekki vera betri en þetta því það hefur ekki tekið sig á. Svo er líka veikt fólk sem er úti í umferðinni, fólk sem á við áfengisvandamál að stríða og er síðferðisþröskuldur fólks í annarlegu ástandi lægri en hjá heilbrigðum einstaklingi.

Hefur ölvunarakstur aukist á Íslandi?

Tíðni þeirra tilfella þar sem lögregla tekur menn sem eru ölvaðir undir stýri hefur stórukaust á þessu ári með auknu eftirliti lögreglu.

Hefur banaslysum sem rekja má til ölvunar fjölgað?

Slysum í umferðinni hefur almennt séð fækkað á undanförunum árum

Sannkallað sjálfskaparviti

Sagan er uppfull af sérkennilegum læknisráðum fyrir þá sem fá sér ansi vel neðan í því og vakna síðan daginn eftir með gríðarlega timburmenn og kropp sem virðist vera orðinn ískyggilega skyldur marglyttu.

Uppáhalds þynnkumeðal rómverska náttúrufræðingsins og rithöfundarins Plíníusar eldri, sem uppi var á árunum 23 til 79 eftir Krist, voru tvö fersk ugluegg. Á miðöldum þraukuðu drykkjumenn daginn eftir harðan túr með því að snæða niðurskorna ála sem skreyttir voru beiskum möndlum.

Að sögn vísindamanna sem ósérhlífir hafa krufið þynnku til mergjar eru svo ótal mörg atriði innifalin í þessum lasleika að allhiða lækning er sennilega ekki til. Þó eru nokkrir hlutir sem hjálpa (aðrir en einfaldlega minni drykkja), líkt og kemur fram í umfjöllun Graphic News.

Of mikil drykkja

Eftir að sopið er á glasinu, hafnar vökvinn fyrst í maganum. Meðan hann sullast þar um, brotnar hluti áfengisins niður og lítið magn síast í gegnum magavegginn inn í blóðrásina og heldur áfram upp í heila.

Þar taka taugapeptíðin við sér, en þau eru talin stjórna næmi fyrir áfengi og hugarástandi. Nú veltur á skapinu þess sem drekkur hvernig tilfinningar breytast, en líklegt er að sá er drekkur finni fyrir auknu sjálfstrausti, sé afslappaður eða verði ársargjarn.

Matur hægir á ferlinu

Ef lítið matarkyns er að finna í maganum, opnast lítill hringlaga lokuvöðvi í honum og drykkirnir taka að streyma niður í smáparmana. Þar sem veggir smáparmana hafa mun meira yfirborð en magaveggurinn, síast mun meira áfengi í gegnum þá og fer inn í blóðrásina. Þetta veldur skyndilegri og mikilli ölvun.

Hafi réttir sem innihalda sykurlu og fitu verið snæddir með áfenginu, hafa þeir tilhneigingu til að halda lokuvöðvanum lokuðum meðan maginn meltir þá.

Fituríkur matur, snæddur um leið og ein vínfaska er drukkin, heldur lokuvöðvanum lokuðum klukkutímum saman meðan maginn meltir kvöldmatinn, og þar með eykst áfengið í blóðinu hægt og bitandi, en ekki snögglega líkt og þegar drukkið er á fastandi maga.

Samsetning áfengis

Áfengi í drykkjum er samsætt úr blöndu af etanóli og metanóli. Mest metanól er að finna í drykkjum sem unnir eru úr ávöxtum, svo sem rauðvíni, koníaki og plómubrandí, og geta þessar tegundir innihaldið allt að tvö prósent metanól.


Sterk vín á borð við vodka innihalda minnst metanól.

Starf lifrarinnar

Lifrin brýtur áfengi niður í akveðinni röð. Fyrst er unnið úr etanólinu jafnt og þétt – um 15 millilítrar af etanóli á klukkustund, sem sam-

Timburmenn krufið


Langflestir hafa upplifað það að fara grandalausir í veislu og vakna síðan daginn eftir illa haldnir af þorsta, slæmum höfuðverk, ójafnvægi og flökurleika. Nú þegar eitt mesta veislukvöld ársins, gamlárskvöld, færast nær, er upplagt árásum efnanna sem valda timburöllum.




Veisluhald: Áfengi í drykkjum er aðallega etanól, en metanól (eitraður tréspiritus) finnst þar einnig í mismiklu magni. Ódýrt rauðvín, koníak, ávaxtabrandi og vískí innihalda mest metanól – allt að 2 prósent. Sterk vín á borð við vodka innihalda minnst.

Vigvöllurinn

1. Maginn: Þegar drykkirnir hafna í maganum síast lítið magn af áfengi smám saman í gegnum magavegginn og inn í blóðrásina – og þaðan upp í heila...




2. Heilinn: Taugapeptíð – sem talin eru stjórna næmi fyrir áfengi og hugarástandi – taka að virka. Nú er þér farið að líða ansi vel, eftir slappaður og fullur sjálfssýriss.




3. Smáparmar: Lítil hringlaga loka – lokuvöðvinn – opnast. Drykkirnir flæða frá maganum niður í smáparmana þar sem auknið yfirborð þarmaveggi hleypr áfenginu fyrir út í blóðrásina. Ef matur er í maganum, helst lokuvöðvinn lengur lokaður.




4. Þvagbláðra: Etanól er þvagörvand. Það hefur áhrif á heiladringulinn og stöðvar framleiðslu hormónsins vasopressíns, sem fær nýrun til að drekka í sig vatn á ný sem annars myndi enda í blóðrunni. Þegar framleiðsla vasopressíns stöðvast, verður hinn venjulegi þvagseytingur að flóði.



5. Lifur: Ensím brjóta áfengið niður. Etanól: Breytist í etiráð asetaldéhyð – veldur velgu og höfuðverk – og ediksýru. Lifrin getur eingöngu unnið etanól úr áfengismagni sem samsvarar um einu litlu glasi af víni á klukkustund. Formaldéhyð: maura-sýra. Metanól: Breytist í formaldéhyð og afar eitruða maura-sýru – veldur verstu timburöllum.



6. Heili: Minnkar vegna vökvataps. Þar með teygir á næmum þráðum sem tengjast höfuðkúpunni og þú færð höfuðverk.



Heilafrumur: Áfengi raskar flæði raflausnarjóna í gegnum taðgabóðefnakerfið GABA (gamma-aminóbútansýru), sem slöggvar skilningartit og gefur hina þökkennda tilfinningu timburmannanna.

svara um einu litlu vnglasi. Í lifrarfrumunum hepatocytes breyta ensím etanóli fyrst í etiráð efni sem heitir asetaldéhyð, sem veldur velgu og slæmum höfuðverk. Síðan breytist asetaldéhyðið í nokkuð meinlausa ediksýru. Ediksýran síast svo úr lifrinni, í gegnum nýrun, og niður í þvagblóðruna.

Sænsk rannsókn

Vísindamenn við réttarfarslegu eiturefnafræðirannsóknarstofuna í Linköping í Svíþjóð hafa uppgötvad að þegar lifrin kemst loksins í að hreinsa metanólið burt, sem er unnið á um tíu sinnum hægari hraða en etanól, þá myndast aukaafurðir í lifrinni; formaldéhyð, sem notað er til líksmurningu, og maura-sýra, sem veldur verstu þynnkunni.

Ugluegginn gera gagn

Auk sindurefna safnast saman í lifrinni óstöðug efnasambönd sem myndast vegna efnaskipta áfengisins. Ensímið glútaþíón hreinsar yfirleitt sindurefnin, en eftir mikla drykkju er oft lítið eftir af glútaþíóni í líkamanum. Glútaþíón er samsætt úr sisteini (cysteine) sem er brennisteinsrík aminosýra sem finnst í eggjum.

Svo það getur því vel verið að Plíníus hafi vitað sínu viti um eftirstöðvar mikillar drykkju og jafnframt er hér komin lausn á sumum aldagömlum timburmannalækningum, svo sem Prairie Oyster-drykkjum, eggjakökum og alvöru enskum morgunverði.

Drykkjumenn samtímans geta sums staðar fest kaup á N-asetýl-sisteini (NAC), aminosýruríku

fæðubótarefni sem finnst gjarnan í heilsuþóðum. Annars staðar á orrustuvellinum, líkamanum, brýtur áfengið niður uppsafnaðan orkuríkan blóðsykur – glycogen – í glúkósa og veldur þetta ferli blóðsykurfalli, sem lýsir sér í vanmættinum sem timburmenn valda.

Skelfilegar afleiðingar ofþornunar

Ein verstu áhrif timburmannanna stafa af ofþornun. Etanól er þvagörvand, því það hefur áhrif á heiladringulinn og stöðvar framleiðslu hormónsins vasopressíns, sem fær nýrun til að drekka í sig vatn á ný sem annars myndi enda í blóðrunni.

Þegar framleiðsla vasopressíns stöðvast, tekur biðröðin á klósettinu að lengjast.

Líkaminn tapar einnig elektrólýtum. Nauðsynlegar jónir, auk natriums, kalíums, kalsíums og magnesíums – sem eru nauðsynleg eðlilegri virkni tauga og vöðva – skolas burt úr líkamanum og valda höfuðverk, ógleði og þreytu.

Þegar líkaminn stendur frammi fyrir ofþornuninni, fær hann lánað vatn frá ýmsum líffærum, meðal annars heilanum sem þá skreppur saman tímabundið. Þótt heilinn geti ekki skynjað sársauka þá skrælur heilahimnan og teygist þá á næmum þráðum sem tengjast höfuðkúpunni og afleiðingarnar eru slæmur höfuðverkur.

Eftir drykkju er því gott ráð að drekka mikið af vatni áður en farið er að sofa.



FRÉTTASKÝRING SIGRÚN MARÍA KRISTINSÓTTIR smk@frettabladid.is

KB banki | skráningarlysing



Fasteignafélagið Stoðir hf., kt. 450599-3529, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar skuldabréfa sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins og gert aðgengilega almenningi frá og með 28. desember 2006.

Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 4.460.000.000 var gefinn út þann 28. mars sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands STOD 06 1 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands þann 28. desember 2006. Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 249,5. Skuldabréfin skulu bera 6% fasta vexti og skulu endurgreiðast á 7 gjalddögum vaxta, verðbóta í fyrsta sinn þann 28. mars 2007. Höfuðstóll skuldabréfanna skal greiðast allur í einu lagi þann 28. mars 2013.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast hjá útgefanda, Fasteignafélaginu Stoðum hf., Kringlunni 4 -12, 103 Reykjavík og á vefsetri Kauphallar Íslands, www.icex.is og á vefsetri útgefanda, Fasteignafélagsins Stoða hf., www.stodir.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 28. desember 2006






**Inga Lís Hauksdóttir, fyrirtækja-
ráðgjafi, hættir störfum hjá
KB banka í dag.**



Nóatúns veislumatur!



KALKÚNN
FERSKUR

998 kr. kg



HREINDYRAFILLE

3.998 kr. kg



ANDABRINGUR
ERLENDAR

2.598 kr. kg



20%
afsláttur

VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU

719 kr. kg



KENGÚRUFILLET

2.398 kr. kg



20%
afsláttur

KRÓNHJARTARFILLET
HIGHLAND GAME

3.998 kr. kg



Eðalfiskur
heill eða í bitum

40%
afsláttur

Reyktur og grafinn lax



ÍF villibráðarpate

VISA



Tvöfaldir Vildarpunktur
í desember

Bestir í kjöti
NÓATÚN

Nautakjöt á diskinn þinn!

Gerðu áramótin auðveld
með uppskriftabæklingi
frá Nóatúni!

NAUTA RIB EYE m/bernaise sósu

2 kg nauta rib-eye
Salt og pipar
Olía til steikingar.
Kjötið er brúnað á pönnu og sett í ofn við 120° sem getur tekið ca. 2 klst. eða þangað til hitinn er orðinn 59° í kjarna.

Bernaie sósa
10 eggjarauður
1 kg smjör
1 msk Bernaie essens
1 msk þurrkað estragon (tarragon)
1 tsk kjötkraftur
Salt og pipar eftir smekk

Bræðið smjórið í potti við vægan hita. Þegar smjórið er bráðnað er smjórið veitt uppúr pottinum þannig að mjólkinn sem er á botninum verði eftir í pottinum (best er að nota ausu). Því næst eru eggjarauðurnar þeyttar ásamt ediki, kryddi og kjötkrafti yfir vatnsbaði. Þegar eggin eru orðin nógu þykk er smjörinu bætt úti fyrst hægt og svo er sósunni haldið heitri yfir vatnsbaðinu og má aldrei hita of mikið eftir það.




46%
afsláttur **1.998** kr. kg
UNGNAUTA
RIB EYE



GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN **598** kr. kg



GRÍSAKÓTILETTUR **998** kr. kg



GRÍSAHRYGGUR
MEÐ PÖRU **998** kr. kg



GRÍSAÆRI
Í HEILU **698** kr. kg



HRÁSKINKA
Verð frá **498** kr. kg



FOIE GRAS
Verð frá **798** kr. kg



Humar í úrvali




ANDABRINGUR
REYKTAR **998** kr. kg

Verði ykkar að góðu!

Útgjöldin

> Bíómiðaverð á venjulega sýningu



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON LEIKLISTARNEMI

Fín steik varð viðbjóðsleg kássa

„Bestu kaup ævi minnar eru líklega miði á Queen-söngleikinn We will rock you í London sem ég sá núna í vor. Stemmingin var ólýsanleg; tónlistin var geðveik, söngvararnir ótrúlegir, áhorfendur stóðu upp, sungu með og hrópuðu og að sjálfsgöðu söng maður sig hásan með. Einstök leikhúsupplifun,“ segir Ævar Þór Benediktsson leiklistarnemi.

„Mér þykir líka vænt um bækurnar sem ég hef keypt mér síðustu árin, en þar koma Stephen King og Lemony Snicket sterkir inn. Og að sjálfsgöðu Scrubs-þættirnir á DVD. Og risastóri sombrero-hatturinn sem ég keypti á Salou á Spáni.“

Verstu kaupin segir hann vera rétt sem hann keypti á indverskum veitingastað í Skotlandi. „Ég hélt ég væri

að panta mér einhverja ægilega steik, sem kom svo í ljós að var viðbjóðsleg og vond kássa. Það fyndna við þessa uppákomu var þó að ég var búinn að dásama þennan rétt svo mikið áður en ég fékk hann að allir sem voru með mér pöntuðu sér hann líka. Ég varð allavega ekki einn svangur.“

Að lokum nefnir Ævar ljósátíma sem hann keypti sér þegar hann var sextán ára sem sérstaklega slæm kaup. „Þar brann ég svo rosalega að ég þurfti að sofa á blautu handklæði í viku. Aldrei aftur!“



HÚSRÁÐ

UPPÞVOTTAVÉLADUFT Í POTTA OG PÖNNUR

■ Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, lumar á góðu ráði til að losa föst óhreinindi úr pottum og pönnum.

„Í jólaeldamennskunni á það oft til að gerast að súpa eða sósa brennur yfir og skilur eftir skán sem erfið er að ná úr pottinum. Þá er gott ráð að sáldra smá uppþvotta-véladufti yfir pottinn, setja örlítið vatn í hann og láta þetta standa í smástund. Það sama gildir með ofninn, ef eitthvað er fast neðst í honum þá er bara að sáldra duftinu yfir, leggja blautan eldhúspappír yfir og láta liggja í smá tíma.“



Tölvur

Hugbúnaður oft dýrari en vélbúnaður

Vilji tölvunotandi sjá til þess að allur hugbúnaður á tölvunni hans sé fenginn á löglegan hátt þarf hann að borga sitt, og jafnvel meira en hann borgaði fyrir sjálfa tölvuna.

Stýrikerfi fylgja oftast nær með keyptum tölvum, en sé svo ekki kostar eintak af Windows XP Home Edition um 30.000 krónur. Microsoft Office pakkinn, með ritvinnsluforritinu Word, töflureikninum Excel og tölvu-póstforritinu Outlook auk fleiri forrita, kostar svo rúmar 50.000 krónur. Algengt verð á vírusvarnarforriti er svo um það bil 5.000 krónur. Þá eru ótalin önnur forrit sem notandinn gæti viljað eiga. Séu menn blankir geta þeir notast við ódýrari eða jafnvel ókeypis forrit sem gera svipaða hluti og lækkað þannig hugbúnaðarkostnaðinn.



Hvað kostar?

Freyðandi áramót

Peir sem vilja skála fyrir nýju ári með freyðandi víni hafa úr mörgu að velja, en yfir sextíu tegundir af freyðivíni eru á vörulista vínbúða ÁTVR. Verðið á einni 750 millilítra flösku er æði mismunandi og veltur það meðal annars á styrkleika, aldri og auðvitað gæðum vinsins. Ef ætlunin er að hámarka flottheitun er bent á Dom Pérignon kampa-vínið, sem kostar litlar 10.600 krónur flaskan. Vilji menn hins vegar bara eitthvað sem freyðir vel þá er ódýrasta freyðivínið í vínbúðinni flaska af Santero Moscato Spumante á 570 krónur.



Tóbak

Vandlega farið með góðan vindil

Mörgum þykir gott að kveikja sér í einum vindli um áramótin, jafnvel þótt þeir séu ekki reykingamenn að staðaldrí. Úr mörgu er að velja en mest úrval vindla er að finna í tóbaksversluninni Björk á Laugaveginum. Verðið á einum vindli er oftast á bilinu 500 til 1.000 krónur og koma þeir flestir frá Hondúras, Dóminíska lýðveldinu eða Brasilíu. Mælt er til þess að óvanir vindlareyk-ráða hjá hinum reyndari (eða á netinu) áður Vindilinn verður nefnilega að meðhöndla á réttan hátt svo að bragðið fái að njóta sín.



TRÖLLATAK Jón Ingi með nýja fjölskyldupakkann, Tröllu, í höndunum. Hann segir mikilvægt að allir sem koma nálægt flugelda-skotum séu með hlífðargleraugu og fylgja þau fritt með öllum pökkum sem björgunarsveitirnar selja.

Terturnar alltaf vinsælar

Um áramótin taka landsmenn sig saman og kveikja í peningum – í bókstaflegri merkingu. Peningunum er þó langt í frá sóað því flugeldasala er orðin stærsta og mikilvægasta tekjulind björgunarsveita landsins. En hvers konar flugelda á hinn dæmigerði neytandi að kaupa?

„Fjölskyldupakkarnir eru alltaf vinsælar, við erum búnir að bæta við einum risastórum í ár sem heitir Tröllu,“ segir Jón Ingi Sigvaldason, markaðs- og sölustjóri Landsbjargar. „Í honum er meira af smáturtum en hefur verið í fjölskyldupökkunum og einnig

fullt af raketum. Minnsti pakkinn, Trítill, hefur verið lagður á hilluna og við vonumst til þess að bæta hann á næsta ári.“

Hann segir val á flugeldum þó fara mikið eftir því hverju menn séu að leita eftir. „Þeir sem eru yngri og eiga ekki börn hafa minni áhuga á stjörnuljósum og blysum en fjölskyldufólki. Þeir kaupa hins vegar meira af stórum raketum og tertum.“

Terturnar eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli að sögn Jóns Inga, enda séu þær nánast eins og einka-flugeldasýning.

„Margir láta sér nægja að kaupa eina tertu og svo kannski eina eða tvær stórar raketur til þess að skjóta upp á miðnætti. Það hefur ekkert verið að minnka í línunni hjá okkur, ef við finnum eitthvað sem er ekki að seljast vel

þá hættum við bara með það. Það er engin vara sem við seljum sem ég væri ekki til í að skjóta upp sjálfur.“

Hvaða öryggisráðstafanir eiga þeir að gera sem huga á flugeldaskemmtun um áramótin?

„Það er mikilvægast að allir séu með hlífðargleraugu sem koma nálægt flugeldaskotum. Þau fylgja ókeypis með fjölskyldupökkunum en eru annars seld á kostnaðarverði,“ segir Jón Ingi.

„Við viljum líka hvetja alla til að vera með vettlinga þegar þeir halda á blysum, aldrei að halla sér yfir köku og beinum því til foreldra að fylgjast vel með börnunum sínum í kringum flugelda. Að lokum eiga áfengi og flugeldar ekki vel saman.“

salvar@frettabladid.is

Skrifstofuvörur á janúartilboði

Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV



Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkippennar, tóflutússar og veggklukka

148 kr.



Bréfabindi A4, 5cm og 8cm kjölar.

898 kr. pk.



Merkippennar, bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

1.240 kr. ks.



Mopak ljósritunarpappír, 5x500 blöð í ks.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
salvar@rv.is • www.rv.is

Penninn Eymundsson innheimtir skilagjald á bókum keyptum annars staðar:

250 króna skilagjald á bókum

Eftir jól er yfirleitt örtröð í bóka-verslunum þegar fólk vill skipta jólabókum sem féllu ekki í kramið af einhverjum ástæðum. Penninn Eymundsson auglýsir 250 króna skilagjald á bókum sem kosta meira en 2.000 krónur og eru ekki með merkingar fyrirtækisins.

Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka, segir verslunina hafa haft þennan háttinn á í þrjú ár og að þessu sé vel tekið hjá neytendum.

„Ástæðan er sú að við fáum yfir okkur næstum allar bækur hvar sem þær eru keyptar. Við viljum þjónusta fólk ef það svo vill frekar en að neita alfarið eins og gert er með geisladiskana. Því bjóðum við fólk að skila og innheimtum þetta gjald.“


Bryndís segir mikið álag skapast á starfsfólk eftir jól þegar allir koma að skila og gífurlegur kostnaður fylgi þessu. „Það koma næstum allir til okkar þar sem enginn annar merkir bækurnar. Fólk finnst yfirleitt þægilegast að koma til okkar. Verðið helst óbreytt hjá okkur eftir jól, þannig að oftast er fólk að fá hærri inn-eignarnótu hjá okkur heldur en hjá öðrum þar sem bækurnar hafa verið lækkaðar.“

Neytendasamtökin tóku því fagnandi að bækur væru merktar á sínum tíma að sögn Bryndísar. „Með því erum við að tryggja skilarétt fyrir þá sem kaupa bækurnar hjá okkur. Það hafði ekki verið neinn tryggður skilaréttur á bókum fram að því.“



SKIL Á BÓKUM Penninn Eymundsson skuldbindur sig til að halda sama verði til 15. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

-sdg



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

MANOR-LÍNAN
40% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM Í LÍNUNNI

VERÐDÆMI:
STÆKKANLEGT BORDSTOFUBORÐ
ÁÐUR 125.000 KR.
NÚ 75.000,-
STÓR GLERSKÁPUR
ÁÐUR 185.000 KR.
NÚ 111.000,-



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

ETHNIKRAFT EIKARBORÐ
(160X90) OG 4 LJÓSIR
NOMADO LEÐURSTÓLAR
ÁÐUR 133.000,-
NÚ 79.800,-



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

ENVELOPE BORDSTOFU-
BORÐ 180X90 OG
6 LEÐURLÍKISSTÓLAR
ÁÐUR 130.000,-
NÚ 65.000,-



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

HÆGINDASTÓLL
ÁÐUR 79.000,-
NÚ 39.500,-



AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR
60%
AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

PLÚTON SÓFI
ÁÐUR 119.000 KR.
NÚ 47.600,-

ÚTSALAN ER HAFIN!
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

TEKK
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVÖGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-18 OG GAMLÁRSDAG 10-12

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.394 +0,60% Fjöldi viðskipta: 471
Velta: 22.861 milljónir

MESTA HÆKKUN

Landsbankinn
Exista
Teymi+1,53%
+1,38%
+1,33%

MESTA LÆKKUN

Alfesca
Össur
Straumur-Burðarás-1,96%
-1,34%
-1,16%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 4,85 -0,41% ... Actavis 64,10 -0,31% ... Alfesca 5,00 -1,96% ... Atlantic Petroleum 549,00 -0,18% ... Atorka 6,72 +0,30% ... Bakkavör 62,70 -0,16% ... Eimskipafélagið 32,70 -0,61% ... FL Group 25,20 +0,40% ... Glitnir 23,10 +1,32% ... Kaupþing 842,00 +1,08% ... Landsbankinn 26,60 +1,53% ... Marel 78,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,00 -1,16% ... Össur 110,50 -1,34%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Minni gróði hjá AMR

Greiningaraðilar á Wall Street í Bandaríkjunum reikna með minni hagnaði eða jafnvel tapi hjá AMR, móðurfélagi bandarísku flugfélaganna American Airlines og Eagle Airlines á síðasta fjórðungi ársins. FL Group tilkynnti annan í jólum að það hefði keypt um 6 prósentu hlut í félaginu fyrir um 28 milljarða króna. Fyrri spá fyrir fjórða rekstrarfjórðung ársins hljóðaði upp á allt að 50 senta hagnaði á hlut en í endurskoðaðri afkomuspá er hins vegar gert ráð fyrir allt að 40 senta tapi. Engu að síður er gert ráð fyrir að hagnaður móðurfélagsins nemi um 96 sentum á hlut á árinu í heild sem engu að síður er tæpum einum dal minna en fyrri spá gerði ráð fyrir. Greiningaraðilar segjast hafa verið of bjartsýnir á gott gengi flugfélaga

vestanhafs en skýringin á umskiptunum er hærrí rekstrarkostnaður flestra þátta í flugrekstri þrátt fyrir óbreyttar tekjur flugfélaga.



að jólni liðu áður en næstu skref verði tekin.

Enn spáð í Moss

Bréf í tískuverslunarkeðjunni Moss Bros tóku kipp í gær eftir að Sunday Telegraph birti fréttir þess efnis að Baugur hygðist gera tilboð í félagið í lok janúar þegar tölur lægju fyrir. Baugur heldur á 30 prósentu hlut í félaginu. Almennt er ekki talin góð latína að fara í slík verkefni meðan jólasala er í gangi og því þessi kenningarmið ekki fráleit. Fleiri félög gætu farið á hreyfingu á næstunni, en orðrómur hefur verið uppi um að Baugur horfi stíft á Woolworths og French Connection og hafi beðið þess

MARKAÐSPUNKTAR ...

Mosaic birtir uppgjör sitt fyrir þriðja ársfjórðung, ágúst til október, í dag. Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir að hagnaður félagsins eftir skatta muni nema ellefu milljónum punda.

Velta á fasteignamarkaði höfuðborgarsvæðisins nam í síðustu viku rúmum fjórum milljörðum króna og dróst saman um tólf prósent milli vikna. Þinglýstum kaupsamningum fækkaði einnig á milli vikna og voru þeir 166.

Frá því segir í Vegvísi Landsbankans að kaup Íslendinga á erlendum verðbréfum umfram sölu námu samtals 9,2 milljörðum króna í nóvember en voru um 11,2 milljarðar í sama mánuði árið áður.



HÆKKA HLUTABRÉF MILLI JÓLA OG NÝÁRS? Þróunin í dag og á morgun mun segja til um hvort saga undanfarinna ára endurtaki sig í ár.

Sagan bendir til hækkana milli jóla og nýárs

Ef árið í ár fylgir fordæmi sögunnar munu hlutabréf heldur hækka en lækka á markaði í dag og á morgun, þessa síðustu daga sem markaðir eru opnir milli jóla og nýárs.

Greiningardeild Landsbankans veltir því fyrir sér í Vegvísi sínum hvernig árinu muni ljúka á hlutabréfamarkaði, eftir mikla lækkun hlutabréfa síðasta viðskiptadag fyrir jól. Þar er brugðið upp mynd af þróun hlutabréfaverðs milli jóla og nýárs undanfarin ár en bent á að sagan sé vitaskuld ekki endilega vísbending um þróunina.

Á myndinni má sjá að þróunin hefur undantekningalaust verið jákvæð á síðustu árum. Á það sérstaklega við fram til ársins 2002 þegar almenningur fékk skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa. Breytingin hafi að vísu verið minni síðustu þriðju árin en engu að síður í öllum tilfellum jákvæð.

Í gær hækkaði úrvalsvísitala Kauphallar Íslands um 0,60 prósent og stendur hún nú í 6.394 stigum. Það verður því athyglisvert að fylgjast með því hvort sagan endurtaki sig og hlutabréf hækki í dag og á morgun.

- hhs

Búa til nýjan rísa í norrænni ferðaþjónustu

FL selur Sterling til Northern Travel Holding og tekur hlut í því ásamt Fons og Sundi. Iceland Express, Astraeus og Ticket renna einnig inn í NTH. Innan vébanda þess er stærsta lággjaldaflugfélag Norðurlanda og stærsta ferðaskrifstofukeðjan. Horft er til skráningar árið 2008 eða 2009.

FL Group hefur selt allan hlut sinn í Sterling, stærsta lággjaldaflugfélagi Norðurlanda, til Northern Travel Holding, eignarhaldsfélags í ferðaþjónustu, fyrir tuttugu milljarða króna.

Kaupverðið er greitt með sex milljörðum króna í reiðufé og fjórtán milljörðum króna í formi láns frá seljanda til þriggja ára. Salan hefur óveruleg áhrif á afkomu FL.



PÁLMI HARALDSSON KOMINN AFTUR INN Í STERLING Fons, FL og Sund stofna Northern Travel Holding sem eignast Iceland Express, Sterling, og Hekla Travel að öllu leyti og hluti í Ticket og Astraeus.

Eigendur Northern Travel eru Fons eignarhaldsfélag, FL Group og Sund og verður hið nýja félag með ráðandi stöðu á flestum vígstöðvum í norrænum ferðaþjónustuiðnaði. Eigið fé Northern Travel er um 11,5 milljarðar króna, árleg heildarvelta er áætluð 120 milljarðar króna og flýgur félagið með 7,5 milljónir farþega.

Pálmi Haraldsson, stjórnarformaður Northern Travel og annar eigenda Fons, segir að endalausir möguleikar bíði hins nýja félags sem starfi á stóru en vannýttu markaðssvæði. „Það er alveg ljóst að þessi félag styðja við hvert annað, enda eru nokkur þeirra þau stærstu á sínu sviði á Norðurlöndum. Það eru 55 breiðþotur að fara frá Skandinavíu til Bangkok í hverri viku. Við erum ekki með eina einustu vél en samt er ég að selja 40 prósent af sætum.“

NTH tekur einnig yfir Iceland Express og Hekla Travel að öllu leyti, 51 prósent hlut í breska leiguflyfélaginu Astraeus og 29,26 prósentu hlut í Ticket, stærstu ferðaskrifstofukeðju Norðurlanda. Þessi bréf voru áður eigu Fons. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á yfirstjórn dótturfélaganna.

Pálmi útilokar ekki skráningu á markaði árið 2008 eða 2009. „Það er alveg ljóst að ef afkoman gengur eftir þá verður farið í skráningu til að ná í meira áhættufé og við getum haldið áfram að vaxa. Heimurinn er stór en Ísland er lítið.“

Sterling og Maersk Air var bjargað af Fons úr miklum taprekstri snemma árið 2005. Pálmi sameinaði félögin undir merkjum Sterling og seldi það til FL Group fyrir fimmtán milljarða króna í október í fyrra. Hann segir fátt benda til annars en að viðsnúningur sem orðið hefur á rekstri Sterlings haldi áfram. „Ég sá mikið á eftir Sterling á sínum tíma því ég var alltaf með þessa mynd í huga. En stundum fær maður tilboð sem maður getur ekki hafnað.“

eggert@frettabladid.is

EIGENDUR NORTHERN TRAVEL HOLDING

Fons	44%*
FL Group	34%
Sund	22%**

* Í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar

** Í jafnri eigu Gunnþórunnar Jónsdóttur, Jóns Kristjánssonar og Gabrielu Kristjánsdóttur

Skráning skuldabréfa í Kauphöll Íslands



Eimskipafélag Íslands ehf.

6.800.000.000 kr.

EIM 06 1

NAFNVERÐ ÚTGÁFU: Heildarnafnverð flokksins er 6.800.000.000 kr.

SKILMÁLAR SKULDABRÉFA: Skuldabréfaflokkur að fjárhæð 6.800.000.000 kr. var gefinn út þann 23. október sl. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er EIM 06 1 og verða bréfin skráð þar þann 28. desember 2006. Skuldabréfin eru óverðtryggð og skulu bera 16,225% nafnvexti. Höfuðstóll skuldabréfanna auk áfallinna vaxta skulu greiddast í einu lagi þann 23. október 2007.

SKRÁNINGARDAGUR: Kauphöll Íslands mun taka bréfin á skrá þann 28. desember 2006.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda, Eimskipafélagi Íslands ehf., Korngröðum 2, 104 Reykjavík, á vefsíðu útgefanda, Eimskipafélags Íslands ehf., www.eimskip.is og á vefsíðu Kauphallarinnar www.icex.is. Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands hf. er fyrirtækiaröðgjöf Landsbankans.

28. desember 2006



Sund selur og kaupir

Sund fjárfestingarfélag hefur eignast um fimm prósentu hlut í FL Group sem kostaði tæpa 9,3 milljarða króna. Seljandi bréfanna var FL.

Jafnframt seldi Sund, sem er í jafnri eigu Gunnþórunnar

Jónsdóttur, Jóns Kristjánssonar og Gabrielu Kristjánsdóttur, 3,75 prósentu hlut í Straumi-Burðarási fyrir sjö milljarða króna. Eftir viðskiptin nemur hlutur Sunds í Straumi 3,53 prósentum.

- eþa

Síminn kynnir:

Fáðu þér hringtón með
Á móti sól á Dælunni
á siminn.is



Á MÓTI SÓL

Stórdansleikur og sérstakur
Rockstargestur

á Broadway

Laugardaginn 30. desember

Húsið opnar kl. 23.00

Miðaverð 2.500 kr.

Forsala aðgöngumíða er á broadway.is
eða í anddyri Broadway

Síminn



INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006



HERINN KVADDUR Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkflugvelli, og Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, kveðja síðustu hermennina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tekið saman við gömlu herraþjóðirnar

Með breyttri heimsmynd í kjölfar loka kalda stríðsins hafa Bandaríkjamenn viljað draga herlið sitt frá Íslandi. Ekki síst síðan átök hófust í Írak og Afganistan. Íslendingar reyndu hvað þeir gátu að halda bandaríska hernum hér á landi, en eftir langar samningaviðræður tilkynnti stjórn Bandaríkjanna í mars á þessu ári að herliðið skyldi hverfa á brott. Síðasti hermaðurinn fór af landinu 30. október. *Auður Jónsdóttir* rithöfundur veltir fyrir sér hvort danskar eða norskar varnir bragðist betur.

Aunglingsárunum var herinn í Keflavík græn slumma í hugarfylgsninu, rétt eins og jólasveinninn var rauð slumma og hinn skeggjaði karlinn á skýinu hvít. Ævintýralegt tal um herinn tilheyrði barnaskólaárunum þegar enginn greinarmunur var gerður á skrudgöngunni 17. júní og Keflavíkurgöngunni; mig rámaði óljóst í tal fullorðinna um hermenn sem drápu börn í útlöndum og annað eins um Grýlu með óþekku börnin í pökum sínum og loks son karlsins á skýinu sem syndugir menn krossfestu. En allt missti þetta ljómann þegar kynþroskinn náði yfirhöndinni svo ástæða þótti til að efast um dómgreind sér eldra fólks og ekki seinna væna að syndga almennilega, já sýna af sér meiri ótuktarskap en börnin hennar Grýlu og bandarísku hermennirnir til samans.

Græna slumman skrappt saman og varð að þínulítilli baun. Í rúman áratug virtist hún nánast þyngdarlaus í hugarfylgsninu – allt þar til

daginn sem flugvélar rústuðu tvíburaturnana í New York og nýbakadur en herskár forseti sté fram til að skipta mannkyninu í vini og óvini. Auðvitað höfðu úrslitakostirnir þau áhrif að grænar baunir í höfðum margra stækkuðu á ógnarhraða og nærðust á lesefni um hvort mögulega mætti finna skýringar (ekki afsakanir) á því tiltæki að fljúga flugvélum inn í bandarísk stórhýsi – þangað til þær urðu á stærð við avókadó og síðan vatnsmelónur. Þær stækkuðu svo hratt að daginn sem fyrstu sprengjunni var varpað á Bagdad í þeirri sjónvarpsútsendingu BBC sprungu vatnsmelónuhöfuð úti um allan bæ.

Íraksstríðið á aðalbrautarstöðinni í Kaupmannahöfn

Meirihluti þjóðarinnar hafði verið andvígur því að íslenska ríkisstjórnin kvittaði undir stuðning við innrás Bush og bandamanna inn í Írak en það skipti engu máli því íslenskir pólitíkusar vita að skaphitinn á Klakanum tortímir aldrei hitamælinum eins og á Spáni þar sem ríkisstjórnin var felld í kjölfar innrásarinnar, hræðilegra hryðjuverka í Madrid og klaufalegra lyga.

Á hinn bóginn hefur danski herinn tollað í Írak svo glöggir vegfarendur sjá stundum fótalaus ungmenni á aðalbrautarstöðinni í Kaupmannahöfn meðan aðrir virða fyrir sér forsíðufréttir götublaða á borð við þá að forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen hafi næstum því verið drepinn af

geitungum í garðinum heima hjá sér. Hryllingur Íraksstríðsins er þvífurkur að meðan ég bjó í Danmörku nægði mér að þefa af fjölmiðlum til að finna fyrir óþægindum, enda gera Danir stríðinu töluvert ýtarlegri skil en Íslendingar.

Í öllum þessum stríðsfréttafloami var gott að lesa í íslenskum fjölmiðlum að bandaríski herinn hefði kýlt sjálfan sig úr landi. Þar með var allt í fínu standi – og okkar beið jafnvel glæstur frami sem friðarþjóðar á alþjóða vísu. Að minnsta kosti var ég himinlifandi því árinu áður hafði runnið upp fyrir mér að bandaríski herinn væri bæði raunverulegri og þúkalegri en jólasveinninn þegar ljósmyndarinn Spessi og sænski myndlistarmaðurinn Erik Pauser opnuðu sýninguna Base á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn. Á fimm myndskjám og nokkrum hljóðrásum mátti fylgjast með daglegu lífi á vellinum: Þunglyndislegt fólk graðgaði í sig upphituum dósamat, háttaði börnin sín og ræsti orrustuflugvélar á tímum þegar helsta ógnin býr í handfangri túrista. Svona er þá herinn! hugsaði ég í sýningarsalnum og glápti á fólkið norpa á kaldranalægum basar í flugskýli, ólíkt minna uppveðruð yfir bandaríska herveldinu en danski forsætisráðherrann.

Danir eða Norðmenn fyrir þjóð sem spreðar ekki peningum í hernað

Á köflum hefur Anders Fogh virst vera búktalaradúkká George



SAMNINGAVIÐRÆÐUR Í ÞJÓDMENNINGARHÚSINU Eftir langa samningalotu, bæði fyrir og eftir tilkynningu Bandaríkjamanna um að herinn færi, var loks komist að niðurstöðu um að húseignir yrðu í eigu Íslendinga, en Bandaríkjaher fengi stundum að æfa hér.

Bush. Danir eiga þó nokkra blaðamenn sem leiðist monttal um morgunverðarveislur með Bush og kjósa frekar svör við gagnrýnum spurningum sínum. Reyndar hefur verið skondið að fylgjast með þessum stírbusalega, roggna forsætisráðherra leggja sig allan fram við að vera vinur Bush og koma þannig litlu Danmörku ræki-lega inn á kort hryðjuverkamanna – en það hlýtur líka að vekja efasemdir um hvort Íslendingar vilji vera í samstarfi við gömlu herraþjóðina um varnir landsins (milli þess sem hún vaktar hinar gömlu hjálendurnar). Síðast þegar ég vissi var rætt um varnarsamning við Dani í íslenskum fjölmiðlum og mig grunar að svo sé enn, enda þótt ég hafi haldið upp á jólin með dyntótta nettengingu í spænskum fjöllum. Þá hlýtur að vera betra að semja við Norðmenn um svoleiðis stúss, hafði ég muldrað með munnfylli af jólalúðu þegar talið beindist að hermálum Íslands og spænsku gestgjafarnir skáluðu fyrir þjóð sem spreðaði ekki peningum í hernað.

Ungur maður í þessari spænsku fjölskyldu hefur dundað sér við að læra íslensku í nokkur ár; upphaflega komst hann í kynni við manninn minn með því að auglýsa eftir íslenskukennara. Og þótt ótrúlegt megi virðast eru aðeins nokkrir dagar síðan við hjónin kynntumst öðrum manni sem auglýsti eftir Íslendingum til að tala við íslensku. Sá lærir málið í frístundum; hann er ættadur frá Argentínu en búsettur í Barcelona og kvartaði undan því að ómögulegt væri að læra það í fjarnámi. Svo það hvarflaði að mér að líklega væri gáfulegast fyrir þjóð sem telur þrjú hundruð þúsund manns að verja sig með því að styrkja fólk til að læra málið sitt. Efla menntamálaráðuneytið frekar en kvitta undir þlökk við þjóðir í stríði.

Auður Jónsdóttir rithöfundur



INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Fréttablaðið mun nú daglega birta pistla eftir landskunna Íslendinga um innlenda vendipunkta. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist, eða breytingar sem munu hafa áhrif til framtíðar.

MEIRI LÆKKUN

OPIÐ Í DAG 10-19 • ÓTRÚLEG VERÐLÆKKUN

TAKMARKAÐ
MAGN

FYRSTIR KOMA
FYRSTIR FÁ

FRÁBAER
TILBOÐ



TREND INTERNET SECURITY 2007

- Örugg vírusvörn
- Óflug vírusleitarvél
- Betri vörn gegn spyware
- Stýring á heimaneti
- Stöðvar upplýsingaþjófnað
- Varnar þráðlausum innbrotum

1.990

ÓTRÚLEGT OPNUNARTILBOÐ



320GB Harður diskur

320GB Western Digital ATA 7200RPM
hljóðlátur harður diskur með 8MB buffer

7.990



TÖLVUTEK

OPNUNARTÍMAR

28-30. desember
10:00 - 19:00
31. desember
9:00 - 13:00

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Nýtum auðinn til góðra verka – mannúð á nýjum nótum

Hinn 26. júní síðastliðinn tilkynnti auðmaðurinn Warren Buffet um fyrirætlanir sínar um að gefa vænan skerf af auðæfum sínum, um 31 milljarð dala sem svarar til ríflega 2.300 milljörðum íslenskra króna, til góðgerðamála gegnum styrktarsjóð þeirra Bills og Melindu Gates. Richard Branson, annar auðkvingur, frumkvöðull og mannvinnur, veltir fyrir sér í eftirfarandi grein áhrifum gjafa af þessu tagi.

Eftir því sem heimurinn verður eitt alheimsþorp með aukinni tækni, fjölmiðlun og ferðum, opnast augu æ fleiri fyrir mannúðarmálum jafnvel á afskekktustu stöðum heimsins.

Fólk gerir sér betur grein fyrir því mikla óréttlæti sem ríkir í heiminum, gífurleg auðsöfnun sums staðar en örbirgð annars staðar. Jafnframt hafa hugsjónamenn á borð við Al Gore, fyrrum varaforseta Bandaríkjanna, verið óþreypandi við að vekja vaxandi fjölda okkar til umhugsunar um alvarlegustu náttúruhamfarir sem við heiminum blasa: ógnina sem stafar af hlýnun andrúmsloftsins.

Þetta hefur reyndar í för með sér að við sem getum látið eitt-hvað af hendi rakna eigum auðveldara með að átta okkur á því hvar framlög okkar geta nýst sem best.

Ný stefna í mannúðarmálum

Á því ári sem er að líða höfum við séð að mannúðarmál njóta vaxandi athygli á alþjóðavísu. Gefendur nýta viðskiptavit sitt til að finna fjármunum sínum nýja farveg og í mörgum tilfellum eru menn að gefa upphæðir sem nema milljörðum Bandaríkjadala. Það eru framlög af þessu tagi sem geta haft gífurleg áhrif á lausn ýmissa vandamála heimsins sem hingað til hafa verið talin óleysanleg.

Auðmenn heims hafa vissulega stofnað styrktarsjóði mannúðarmála og gefið fé til góðgerðastarfssemi um langa hríð. Engu að síður hafa mál þróað svo á þann veg á þessu ári að segja má að mannúðarmál 21. aldar hafi tekið nýja stefnu.

Fyrir það fyrsta er komin fram ný kynslóð frumkvöðla sem auðgast hefur mikið á ótrúlega stuttum tíma með tilkomu nýrrar tækni og nýrra tækifæra. Ög þrátt fyrir að margir þessara frumkvöðla séu ungir að árum skynja þeir fyllilega þá félagslegu ábyrgð sem þeir bera. Þannig nýta þeir frjóga hugsun sína til að takast á við ný verkefni og færa lögmál viðskiptanna yfir á erfið félagsleg úrlausn-arena.

Framúrskarandi mannvinnur

Nokkrir þessara frumkvöðla skara fram úr. Jeff Skoll, fyrsti forstjóri eBay og stofnandi Skoll Foundation og Participant Productions, hefur til dæmis áfnafnað stórum hluta auðæfa sinna til alls kyns verkefna, allt frá samtökum sem vinna að þróun ódýrra lyfja eða leita nýrra leiða í landbúnaði, til verkefna sem miða að því að auðvelda kaupsýslumönnum framtíðarinnar þátttöku í félagslegum verkefnum.

Pierre Omidyar, stofnandi eBay og Omidyar Network, hefur lagt fjármuni sína og atorku í að styrkja fjölmörg áhættuverkefni á sviði félagslegra umbóta. Larry Page og Sergey Brin, stofnendur

Google, nota góðgerðadeild fyrirtækis síns og Google.org til að styðja við mismunandi verkefni á sviði umhverfis- og félagsmála og leggja allt að einum milljarði dala (um 75 milljarða íslenskra króna) til þeirra mála.

30 milljarðar í styrktarsjóð Gates

Í öðru lagi láta menn eiginhagsmunina lönd og leið. Sem dæmi um það má nefna Warren Buffet, afar óvenjulegan viðskiptajöf, sem vill að framlag sitt upp á meira en 30 milljarða dala (um 185 milljarða íslenskra króna) verði notað með eins áhrifaríkum hætti og hægt er. Og í stað þess að einblína á að reisa sjálfum sér minnisvarða gaf hann fé sitt til annars frumkvöðuls, Bill Gates stofnanda Microsoft, sem ásamt konu sinni Melindu stofnaði og rekur öflugan og árangursríkan styrktarsjóð.

(Product) RED – herferð sem skipulögð er af Bono, söngvara U2, og Bobby Shriver, stofnanda DATA (Debt, AIDS, Trade, Africa), – hefur náð að safna saman viðskiptaveldum á borð við American Express, Armani og Gap til að vekja athygli á og safna fé til Global Fund sem berst gegn eyðni, berklum og malaríu um allan heim. Þessi samþjöppun framlaga og samhæfing hjálparstarfs verður til þess að tekist er á við vandamálin með eins öflugum hætti og kostur er.


Góðgerðastarf endurskilgreint

Í þriðja lagi er félagslegi þátturinn sjálfur að breytast. Áður fyrr voru tengsl félagslegra verkefna og kaupsýslumanna takmörkuð við fá fyrirtæki hverju sinni en nú hafa menn áttað sig á mikilvægi þess að fá fleiri til liðs við sig. Ný kynslóð forystumanna á félagslega sviðinu hefur endurskilgreint góðgerðastarf gegnum félagslegt frumkvæði með það í huga að draga úr endalausri þörf á gjafafé.

John Bird, upphafsmaður tímaritsins Big Issue í Bretlandi, er gott dæmi um mann sem kom upp „félagslegum viðskiptum“, þar sem hann gaf utangarðsfólki tækifæri á að vinna sér inn tekjur með því að selja tímaritið. Mohammad Yunus, stofnandi Grameen Bank, fann leið til að fjármagna lítil fyrirtæki og smáverkefni og nú er verið að koma bönkum eins og hans á fót um víða veröld. Fyrir vinnu sína að þessu verkefni, sem breytt hefur lífi fjölda fólks, fékk Yunus friðarverðlaun Nóbels á þessu ári.

Í Afríku eru fjölmörg dæmi um vasklega framgöngu fólks sem tekst á við alls kyns verkefni allt frá heilbrigðismálum til menntamála, og beitt við það aðferðum sem fela í sér félagsleg viðskipti.

Taddy Blecher, stofnandi CIDA, fyrsta einkaháskóla Suður-Afríku, er eitt dæmi um þetta. Af miklum eldmód og talsverðu viðskiptaviti setti hann háskóla á stofn, sem veitir þúsundum ungra og efnalítilla Suður-Afríkumanna, tækifæri til að öllast viderkennda háskólagráðu á sviði viðskipta.



BILL GATES, MELINDA GATES OG WARREN BUFFET Hinn 26. júní tilkynnti Buffet að hann myndi láta um 185 milljarða íslenskra króna renna í styrktarsjóð Gates-hjónanna.

Gott viðskiptavit að leggja sitt af mörkum

Einfaldar hugmyndir fólks í forystustörfum skipta meginmáli. Það ber einfaldlega vott um gáfulegt viðskiptavit að leggja þitt af mörkum til að bæta líf fólks í heiminum. Almennir og starfsmenn fyrirtækja um allan heim eru líka sífellt að verða meðvit- aðri um og kröfuharðari á að stofnanir sem þeir styðja og fyrirtæki sem þeir vinna hjá sýni í verki að þeim sé umhugað um heiminn okkar og það fólk sem hann byggir.

Hjá Virgin Group komu fram kröfur frá starfsfólkinu um að sú umhyggja sem við höfum fyrir þeim samfélögum sem við eignum viðskipti við, beindist að umhverfismálum sérstaklega. Starfsfólkið var þeirrar skoðunar að Virgin hefði byggt upp svo öflugt frumkvöðlastarf að það gæti hæglega lagt sitt af mörkum til að vera aflvaki nýrra tækifæra sem miðuðu að sjálfbærum breytingum.

Frumleg hugsun um félagslegar úrbætur

Ef Virgin Atlantic getur breytt viðmóti flugfélaga til farþega sinna eða ef Virgin Mobile tekst að ná fótfestu á markaðnum um leið og það hafnar viðurkenndum viðskiptaaðferðum á borð við langtímaskuldbindingar, þá ættum við að geta beitt sömu frumlegu hugsun á þætti sem miða að félagslegum úrræðum, svo sem að berjast gegn sjúkdómum og hlýnun andrúmsloftsins.

Þessi sannfæring var hvatinn að yfirlýsingu minni á Clinton Global Initiative 21. september, þar sem ég skuldbatt mig til að fjárfesta allan framtíðarhagnað flutningadeildar Virgin Group til frumkvöðlastarfs á sviði endurnýtanlegra orkugjafa. Reikna má með að þessi hagnaður nemi um 3 milljörðum dala (um 22

milljörðum íslenskra króna) á næstu tíu árum.

Fyrsta verkefni okkar á þessu sviði var að setja á stofn Virgin Fuels, nýtt fjárfestingafyrirtæki sem ætlað er að fjárfesta í fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum á sviði endurnýtanlegra orkugjafa, með megináhersluna á lífrænt eldsneyti til að byrja með. Markmið Virgin Group er að fjárfestingin renni til rannsókna og þróunar nýrra lífrænna eldsneytistegunda, sem geti gagnast hvort heldur sem er farartækjum á landi og í lofti.

„Góð fjárfesting“ af þessu tagi er áhættusöm í eðli sínu vegna þess að gera má ráð fyrir að fyrirtæki sem reynt er að fá til þátttöku hafi eingöngu áhuga á slíku ef hluthafar þeirra telja það skynsamlegt.

Nýtt fyrirtæki á sviði félagslegra viðskipta

Auk þess að fá hugmyndina að þessari fjárfestingarstefnu taldi starfsfólk okkar að framlag okkar myndi nýttast enn betur ef við fengjum fleiri til liðs við okkur. Þannig gætu starfsmenn Virgin um allan heim lagt sitt af mörkum. Við settum því á laggirnar sjálfstætt félag Virgin Unite sem einbeitir sér að frumkvöðlastarfi á sviði félags- og umhverfismála.

Virgin Unite kemur að þessum verkefnum með ýmsum hætti, meðal annars gegnum stofnun fyrirtækja á sviði félagslegra viðskipta. Til dæmis tóku Virgin Unite og Anglo Coal nýlega höndum saman við stjórnvöld í Bandaríkjunum og Suður-Afríku, um stofnun Bhubazi Community Health Center, sem er nokkurs konar heilsugæslustöð í dreifbýli Suður-Afríku. Stöðin þjónar 70 þúsund manna samfélagi þar sem fimmti hver maður er HIV smitadur og heilbrigðismál eru í lamassess.

Stöðin var sett á fót með það í huga að starfsemi hennar væri ekki háð fjárfraðslögum til lengri tíma. Hún verður rekin fyrir það fé sem henni tekst að innheimta fyrir grunnheilsugæslu, en býður upp á ókeypis meðferð og fyrirbyggjandi starf gegn HIV og

eyðni, berklum og malaríu.

Hugmyndin að þessari heilsugæslu kemur frá Hugo Tempelman, frumkvöðli á sviði félagsmála, sem komið hefur á fót öflugri heilsugæslustöð fyrir utan Pretoríu. Hann hefur jafnframt staðið að mikilli efnahagsuppbyggingu á svæðinu kringum stöðina, með því að hefja ýmiss konar rekstur svo sem brauðgerð, bleyjuverksmiðju og bílaþvottastöð. Bhubazi Health Center verður rekin með sama sniði og ráðgert er að sams konar stöðvar verði settar á fót víða um Suður-Afríku.

Þessi heilsugæslustöð er aðeins eitt dæmi um margs konar félagslegan rekstur sem við fjárfestum í ásamt öðrum. Hann spannar allt frá líkamsræktarstöðvum í Suður-Afríku til samgöngukerfis í dreifbýli í Nígeríu.

Kraftur og hugarafli frumkvöðla skiptir jafnmiklu máli og þykkar bankabækur þegar vinna að jákvæðum breytingum er annars vegar. Opinberir aðilar sem og einkaaðilar hafa á þessu ári lagt mikið af mörkum til að samræma aðgerðir okkar allra í þá veru að við getum skilað komandi kynslóðum veröld sem þær geta verið stoltar af.



Sir Richard Branson er stofnandi og stjórnarformaður breska fyrirtækisins Virgin Group. Það rekur 200 fyrirtæki í 29 löndum og kemur

að rekstri margs konar fyrirtækja svo sem á sviði farsíma, flutninga, ferða, fjármálaþjónustu, afþreyingar, tónlistar, útgáfu, smásölu og ýmislegs annars. Hann er höfundur bókarinnar „Loosing My Virginity: How I Survived, Had Fun and Made a Fortune Doing Business My Way“ (Crown Business, 1998) og „Screw It, Let's Do It: Lessons in Life“ (Virgin Books, 2006). Branson er sömuleiðis víðfrægur fyrir tilraunir sínar til að slá langflugs- og hraðamet á bátum og loftþeljum.

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Líkt og á síðasta ári birtir Fréttablaðið nú greinar eftir erlenda höfundum um markverða atburði sem gerðust á síðasta ári. Allar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið.



Langt eftirbragð og fullkomið jafnvægi



Gott til síðasta dropa

Fjöldi Íslendinga býr við fátækt árið um kring.

Fátækt er raunveruleiki á Íslandi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Aðventan er liðin og jólahátíðin sjálf komin og farin. Eitt af föstum fréttæfnum jólafrósta eru tíðindi af fjárstuðningi og matargjöfum Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar og Fjölskylduhjálpar Íslands til fátækra Íslendinga. Vissulega er hér um fréttæfni að ræða, að hér á landi hagsældar og velmegunar skuli vera allstór hópur fólks sem ekki á annars úrkosta en að þiggja matargjafir fyrir jólin.

Á jólafrósta var einnig birt skýrsla forsætisráðherra um fátækt barna á Íslandi og hag þeirra. Í þeirri skýrslu kom fram að nærri 5.000 börn á Íslandi, eða meira en sex prósent íslenskra barna, búa við fátækt. Vitanlega var tilviljun að skýrslan kom barna á fyrrihluta jólafrósta, skömmu áður en flutningur hinna árlegu fréttu af aðstoð félagasamtaka við fátækt fólk í tilefni jóla hófst.

„Af þessum hópi eru sjaldan fluttar fréttir hinar fimmtíu vikur ársins og þorri Íslendinga hefur litla hugmynd um aðstæður fólksins.“

Staðreynd er að allmargir Íslendingar, börn og fullorðnir, búa við fátækt árið um kring. Þetta er sem betur fer ekki mikill fjöldi fólks en þó allt of stór hópur og skammarlega stór hjá þjóð sem telst meðal ríkustu þjóða heims. Af þessum hópi eru sjaldan fluttar fréttir hinar fimmtíu vikur ársins og þorri Íslendinga hefur litla hugmynd um aðstæður fólksins. Það er nefnilega ekki bara sárt að vera fátækur á jolum. Það er alltaf sárt að vera fátækur, hvar sem er og hvenær sem er.

Horfast verður í augu við að fátækt verður áreiðanlega aldrei útrýmt algerlega. Þeir verða alltaf til sem af einhverjum ástæðum búa við fátækt um lengri eða skemmri tíma. Hitt er annað að hjá ríkustu þjóð heims er óviðunandi að fullvinnandi fólk hafi svo lág laun að það geti ekki framfleytt fjölskyldum sínum. Einnig að þeir sem vegna sjúkdóma eða slysa geta ekki tekið þátt í atvinnulífnum þurfi að lifa undir fátæktarmörkum, eða aldraðir sem þurfa að framfleyta sér á tryggingabótum einum saman.

Alvarlegast er þó að svo stór hópur barna búi við fátækt á Íslandi, að velferðarkerfi landsins skuli ekki nýtast betur en raun ber vitni til að bæta kjör þeirra sem eiga að erfa landið. Það er tilgangslaust að karpa um það hvað sé fátækt og hvað ekki fátækt. Meðan hér vex úr grasi hópur barna sem ekki hefur tækifæri til að sækja sér menntun að loknu grunnskólanámi og ekki getur tekið þátt í tómsundastarfi utan skóla er ljóst að grundvallarþættir í velferðarsamfélaginu eru ekki í lagi.

Í skýrslu forsætisráðherra kemur fram að skatta- og bótakerfið bæti umtalsvert hag þeirra sem minnst hafa milli handanna. Sú grundvallarhugsun að einmitt þetta sé einn megintilgangur skatta- og bótakerfis má ekki fara forgörðum. Það er ekki nóg að gefa fátæktinni gaum tvær vikur á ári, á jólafróstu. Fátækt á Íslandi verður að uppræta og til þess að það geti orðið þarf að gefa henni gaum allar fimmtíu og tvær vikur ársins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Slökkt í í Þjóðleikhúsinu

Það var grískri harmleikurinn Bakkyñur sem var frumsýndur annan í jolum í Þjóðleikhúsinu þetta árið, en hefð er fyrir því að hafa eina jólafrumsýningu þar á bæ.

Þeir frumsýningargestir sem ekki eru alveg reyklausir fengu að vita af því að húsið væri nú alveg reyklaust og þurftu gestir því að huka undir vegg við Þjóðleikhúsið við þá iðju sína. Einhverjir gestir vildu ekki út fara og fengu því að reykja í einum hlíðarútganginum. Ekki mátti einu sinni reykja á barnum í Þjóðleikhúskjallaranum, þar sem gengið var á milli gesta með vatnsglös og

reykjandi gestir vinsamlegast beðnir um að slökka í sigarettum sínum í vatninu.

Skammarlegar jólakveðjur

Undarleg hystería greip þjóðina eftir að hafa fengið jólakveðju frá Dóminós pizzum á aðfangadag í gemsann. Dóminós og Vodafone, sem sá um að dreifa kveðjunum, hafa beðist afsökunar á þessu, að hafa dirfst að senda ósk um gleðileg jól á sjálfan aðfangadag. Jafnvel hefur talsmaður



neytenda komið fram og skammast yfir því að Dóminós hafi truflað friðhelgi jólanna með þessum hætti. Þá hafa bloggheimar iðað yfir þessum skandal og fjölmörg jólaböðin voru undirlögð þessu umræðuefni. Líklega má fullyrða að sjaldan hafi orðið jafn mikill stormur í vatnsglasi yfir einni ósk um gleðileg jól. Miðað við þessi viðbrögð þjóðarinnar má telja líklegt að Dóminós muni ekki dirfast að þakka viðskiptin á árinu á sunnudag komandi, síðasta dag ársins. svanborg@frettabladid.is

Er fullveldisafsal frágangssök?

Hjónabönd eru að sönnu misjöfn að gæðum, eins og Guðmundur Ólafsson lektor sagði einhverju sinni um símtöl að gefnu tilefni. Samt er hjónabandið efalaut eitthvert allra dásamlegasta uppátæki mannskeppunnar frá öndverðu og jafnast á við eldinn og hjólið, lýðræði og markaðsbúskap. Reynsla árpúsundanna ber vitni. Eftir allan þennan óratíma er hjónabandið enn sem endranær ein mikilvægasta skipulagseining samfélagsins víðast hvar um heiminn, einnig meðal frumstæðra þjóða, sem svo eru nefndar. Til þess liggja bæði hagnýtar og tilfinningalegar ástæður, sem óþarft er að rekja hér.

Hugmyndin að baki hjónabandinu á það sameiginlegt með eldinum og hjólinu, að hún er hæf til margra nota. Um það mætti hafa langt mál, en hér ætla ég að staldra við eitt afmarkað atriði. Þegar fólk giftist, fórnar það fullveldi sínu – eða réttar sagt: það ákveður með vitund og vilja að deila fullveldi sínu með maka sínum. Sáttmáliinn snýst um það. Þetta teljast varla mikil tíðindi. Hjónaband útheimtir fullveldisframsal samkvæmt lögum og boðum kristinna manna og annarra. Óvígð sambúð kemur stundum nokkurn veginn í sama stað niður frá hagnýtu sjónarmiði. Hvers vegna framselja menn fullveldi sitt af fúsum og frjálsum vilja við giftingu? Spurningin svarar sér sjálf, og svarið er tvíþætt. Í fyrsta lagi er hag barnanna jafnan betur borgið í faðmi fjölskyldunnar og meira er um það vitað, hver á hvaða börn. Þetta skiptir máli vegna þess, að mannskeppan er eiginjörn líkt og aðrar skeppur: hún gerir greinarmun á eigin börnum og annarra. Annars væri ekkert mál að vera munaðarleysingi. Nú gæti



PORVALDUR GYLFASON Í DAG | Evrópusambandið

einhver sagt: á okkar dögum er hægt að notast við lífsýnarpóf til að skera úr vafamálum um barnsfaðerni, svo að það er engin brennandi þörf lengur fyrir hjónabönd sem upplýsingaveitu. Heldur væri þess háttar skipan þó þung í vöfum frá degi til dags, og hvímeið. Og þá berast böndin að hinu atriðinu, sem er afbrýði, ein af frumhvötum mannsins og margra annarra dýra. Að vísu er afbrýði líkast til að einhverju marki útrás fyrir frumþörfina fyrir að gera greinarmun á eigin afkvæmum og annarra, en varla að öllu leyti, svo sem ráða má af unglingaástum og afbrýði löngu áður en barneignir og aðrar búsgörir komast á dagskrá. En hjónabönd henta ekki öllum. Sumir kjósa helzt að búa einir og una hag sínum vel, frelsinu fegnir: ekkert fullveldisframsal þar.

Nú ert þú líklega búinn að átta þig á því, lesandi minn góður, að ég er að tala um Evrópusambandið (ESB). Nema hvað. Sambandsþjóðirnar hafa glaðar afsalað sér fullveldi sínu að vandlega reifuðu máli – eða réttar sagt: þær ákváðu að deila fullveldi sínu með öðrum aðildarþjóðum. Þetta er höfuðtilgangur ESB: að reyna að draga á réttum stað mörkin milli sammála, sem hagfelldast er fyrir löndin að leysa saman, og sérmála, sem betur fer á að leysa á hverjum stað fyrir

sig. Höfuðreglan er nálægðarregla: mál eru helzt leyst á þeim vettvangi, sem bezt þykir eiga við hverju sinni, helzt sem næst fólkinu sjálfu. En sum mál eru ekki sérmál, heldur sammál og kalla því á sameiginlegar lausnir. Listin er sem sagt að draga mörkin á réttum stað. Engum dettur í hug, að húnæðismál séu sammál; þau eru klárlega auðleystari á hverjum stað fyrir sig. Það er meira að segja álitamál, hvort húnæðismál eigi yfirhöfuð að koma til kasta almannavaldsins nema í neyðartilfellum, en látum það vera. Glæpamál og umhverfismál eru á hinn bóginn sammál í aðra röndina, því að glæpamenn og mengun virða engin landamörk.

Og þá verður það einnig auðskiljanlegt, hvers vegna samkeppnismál eru öðrum þræði sammál. Samkeppnislögum er ætlað að torvelða fyrirtækjum að okra á almenningi. Þess vegna brýtur verðsamráð fákeppnisfyrirtækja gegn lögum. Háttalag, sem var algengt og löglegt á Íslandi um langt árabil, til dæmis í bönkum og olíufélögum, varðar nú loksins við lög til að vernda almannahag, og þótt fyrr hefði verið. Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) síðan 1994 hefur veitt fólkinu í landinu langþráða lagavernd gegn gamla okrinu: vernd, sem þjóðin gat ekki veitt sér af sjálfsdáðum. Samkeppniseftirliti ESB er ætlað að styðja við bakið á samkeppniseftirliti einstakra aðildarlanda. Það er því ef til vill engin furða, að andstaðan gegn inngöngu Íslands í ESB skuli vera einna mest og megnust meðal gömlu okraranna og bandamanna þeirra í Sjálfstæðisflokknum, og víðar.

Flugeldar gleðja augað ...

UMRÆÐAN

Flugeldasala

Nú styttest óðum í áramótin. Flugeldasöluastaðir hafa verið opnaðir og einstaklingar farnir að huga að flugeldum, sérstaklega karlpeningurinn og skiptir litlu á hvaða aldri þeir eru. En þessi tími er ekki hættulaus. Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum um meðferð flugelda geta orðið slys og því miður höfum við séð nokkur slík hver áramót. Dagana fyrir og eftir áramótin sjálf eru þeir sem slasast oftast drengir sem eru að fíkta við að breyta flugeldunum þ.e. búa til sínar eigin sprengjur og/eða taka kókur í sundur. Um áramótin sjálf eru það hins vegar fullorðnir karlmenn sem eru í mestri hættu.

Börn yngri en 12 ára mega ekki kaupa neinar flugeldavörur en unglingar á aldrinum 12 til 16 ára mega þau kaupa einstakar vörutegundir sem taldar eru hættulausar eða hættulitlar sem og vörur sem ætlaðar eru til notkunar innanhúss. Þegar slíkar vörur eru notaðar samkvæmt leiðbeiningum ættu þær ekki að valda meiðslum á fólki sem stendur í eins metra fjarlægð eða meira frá þeim, né valda skemmdum á eignum. Foreldrar verða að vera meðvitaðir um þá hættu sem fylgja flugeldum og vita hvað börn þeirra eru að fást



SIGRÚN A. PORSTEINSDÓTTIR

við á þessum tíma. Börn eiga ekki að umgangast flugeldavörur, með einum eða öðrum hætti, nema undir eftirliti fullorðinna.

Flugelda verður að geyma á þurrum stað, þar sem börn geta ekki nálgast þá og ekki er mælt með að geyma þá milli ára. Þegar skotið er upp á að geyma flugeldana fjarri þeim stað sem skotið er upp á og aldrei skal geyma flugeldavörur í vösum.

Ákveðnar almennar reglur gilda þegar verið er að skjóta upp, sama hvers kyns flugelda er um að ræða. Skjóta verður flugeldavörum upp á opnu svæði og áhorfendur eiga að standa vindmegin við skotstað. Hendur þess sem skýtur upp eru best varðar ef viðkomandi er í hönskum. Flugeldagleraugu eiga allir að nota, sama hvort þeir eru að skjóta upp eða bara að horfa á. Aldrei má halla sér yfir flugeldavörur sem eldur er borinn að, tendra skal á kveiknum með útréttri hendi og víkja strax frá. Ef flugeldur springur ekki skal hella vatni yfir hann, en ekki reyna að kveikja aftur í honum. Gætið barna vel, þau þekkja hætturnar ekki eins og þeir fullorðnu og munið að áfengi og flugeldar fara aldrei saman. Megið þið eiga ánægjuleg og slysalaus áramót.

Höfundur er sviðsstjóri slysavarnarsviðs Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

EFNUM VOR HEIT

Gríðarlega mörg áramóta-heit eru strengd á hverju ári um allan heim

HEILSA 4



GLÆSILEGIR GALAKJÓLAR

Áramótin eru sannarlega tíminn til að draga fram sparikjólinn eða fá sér nýjan

TÍSKA 6



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[HEILSA TÍSKA HEIMILI]

Á þessum árstíma er gott að eiga ullarsokka til að ylja sér um fæturna, en hægt er að finna sokka á alla fjölskylduna í Verslunum Vik-wool í Vík og í Hafnarstræti 3 í Reykjavík. Nánar á www.vikurprjon.is.

www.10.is er fyrsti uppboðsvefur Íslendinga, svipaður Ebay-vefnum, ætlaður einstaklingum og fyrirtækjum. Er þar meðal annars ýmislegt að finna fyrir heimilið.

Heilsupistlar eftir Þorgrím Þráinsson munu birtast tvisvar sinnum í mánuði inni á heimasíðu World Class www.worldclass.is undir „heilsupistlar“. Þegar má lesa tvo pistla eftir Þorgrím, annars vegar um djúpa öndun og hins vegar heilbrigða sál í hraustum líkama.



GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn
28. desember, 362. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	11.22 13.29	15.37
Akureyri	11.37 13.14	14.51

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Sveinbjörg er mjög heilluð af margs konar búningum og myndi helst vilja klæðast slíkum fatnaði á hverjum degi. Svo þætti henni ekki verra að hafa geislabyssu sem fylgihlut.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hugfangin af búningum

Sveinbjörg Pétursdóttir segist ekki eltast mikið við tísku-una og ef það þætti meira við hæfi þá myndi hún klæðast búningum úr Sci-Fi myndum alla daga vikunnar.

Sveinbjörg segist ekki fletta tískublöðum til að fá innblástur í fataskápinn. Frekar kys hún að finna hugmyndir úr almennum hönnunartímaritum, en hún hefur mjög gaman af slíku. „Ég er enginn hönnuður sjálf en ég hef mikinn áhuga á faginu og mín daglegu störf við markaðsmál snúast að miklu leyti um að láta hanna fyrir mig. Reyndar finnst mér allt í lagi að sækja innblástur úr öðru en tískublöðum. Til dæmis er gaman að skoða líti og munstur og annað sem kemur úr almennum hönnunarböðum og heimfæra það á klæðnað.“

Sveinbjörg er ein þeirra sem hefur persónulegan og skemmtilegan fatastíl. Stíll hennar einkennist ekki beinlínis af því sem er algengt í búðunum í dag en sjálf segir hún að ef hún mætti fá að ráða þá myndi hún klæðast búningum úr Sci-Fi myndum frá upphafi níunda áratugarins.

„Það er svona mitt tísku-„steitment“. Til dæmis get ég nefnt myndir á borð við Tron og Buck Rogers þar sem búningarnir eru einstaklega fínir og ekki þætti mér verra að hafa geislabyssu sem fylgihlut. Satt best að segja er ég hugfangin af hvers kyns búningum. Fór meira að segja að læra skyllingar af því mér fannst skyllingabúningurinn svo flottur.“

Fötin sem Sveinbjörg klæðist á myndinni minna jafnvel svolítið á heimilislega útfærslu af Sci-Fi búningi. Hún er í flegnum svörtum kjól; jakkaermum sem hún fékk á markaði í London, með eyrnaskjól úr barnafataverslun og fallegan hálsklút frá fyrrverandi tengdamóður.

„Ég setti þennan klút um hálsinn þar sem það er frekar kalt úti. Svo er ekki verra að reyna að dempa aðeins áhrifin sem flegnir kjólar vilja stundum hafa. Eða hvað ... þetta eru engin kjarnorkuvísindi.“

mhg@frettabladid.is



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Toppklaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

alvöru orkudrykkir

þessi gamli góði...

þessi rauði

...og sá sykurlausi



Útihlaup

er gott á þessum árstíma þar sem ekki er of kalt í veðri. Fáð frekar súrefni utandyra heldur en að skokka á hlaupabrettinu í lokuðum æfingasal.



STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINI
Póstsendum um land allt

Heilsuhorn

Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn

SLENDERTONE Nýjar línur á auðveldan hátt

FLEX-buxur verð kr **19.995.-**

Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

Ný tæki - Léttari greiðslur



Hrafnhildur fylgist vel með hverjum og einum í Pilates-æfingunum. Hér með Evu Guðrúnu Þorvaldsdóttur dansara.

FRÉTTABLAÐ/HEIÐA

Líður þér ekki vel?
Finnurður fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?

Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.

Tímarpantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

Teygjur, styrking og öndun

Pilates-æfingar styrkja djúpvöðva líkamans. Hrafnhildur Sigurðardóttir kennir þær í stúdíói heima hjá sér að Þrastarnesi 4 í Garðabæ.

„Ég tek fólk bæði í hóptíma og einkatíma, grunnnámskeið og framhaldsnámskeið. Svo er ég einnig með tíma fyrir nýbakaðar mæður þar sem þær mæta með börnin sín,“ segir Hrafnhildur og heldur áfram. „Pilates gengur allt út á að styrkja miðju líkamans, bakvöðva, magavöðva, lærvöðva og aðra kjarnavöðva. Það er gert með markvissum styrktaræfingum sem fela einnig í sér góðar teygjur og í hverri einustu æfingu er hugað að öndun. Æfingarnar

eru mjög fjölbreyttar og krefjast einbeitingar. Sá sem þróaði þær heitir Joseph Pilates og hann byggir þær á alls konar vaxtar- mótandi æfingum, leitaði meira að segja í smíðju Forn-Grikkja.“

Hrafnhildur er STOTT PILATES-kennari því Pilates greinist niður í mismunandi afbrigði líkt og jóga. Hún hefur kennt æfingarnar í rúmt ár í stúdíóinu sem hún útbjó í bílskúrnum heima hjá sér í Þrastarnesinu. Þar stundar hún líka tónlistarkennslu fyrir lítil börn. En hverjir iðka helst þessa líkamsrækt? „Það er fólk á öllum aldri enda hentar hún öllum. Sumir koma bara til að hressa sig við og aðrir til að styrkja einhver ákveðin svæði. Pilates er frábær leið fyrir nýbakaðar mæður sem vilja

styrkja magavöðva og bakvöðva og fólk er almennt mun meðvit- aðra um eigin líkamsstöðu eftir að hafa kynnst þessu kerfi.“ Hún segir STOTT PILATES ganga út á að létta eða þyngja æfingarnar eftir getu hvers og eins.

Hrafnhildur kennir mest í litlum hópum, að hámarki sex manns í einu og leggur áherslu á að fylgjast vel með hverjum og einum. Stúdíóið hennar er því prýðis mót- vægi við stóru líkamsræktar- stöðvarnar. „Ég hef alltaf bak- grunnstónlist á lágum nótum,“ segir hún brosandí og bætir við að lokum: „Hér skapast þægilegt og rólegt umhverfi sem fólki finnst gott að koma í úr amstri íslenska veruleikans.“

gun@frettabladid.is

Hrein lífræn jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hráskykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bió-Bú

Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Hálsmixtúra og Magamixtúra úr íslenskum fjallagrösom



Alba Lucia fékk ágræddar nýjar hendur eftir að hafa misst sínar í skólaslysi.

FRÉTTABLAÐ/HARI

Hendur græddar á 28 árum eftir slys

Alba Lucia er fyrst kvenna til að fá tvær hendur græddar á sig.

Lucia missti báðar hendurnar í sprengingu í efnafræðistofu í skóla hennar. Þá var hún 19 ára. Læknum í Valencia á Spáni hefur nú tekist að græða nýjar hendur á hana 28 árum síðar.

Aðgerðin tók tíu tíma og heppnaðist að sögn lækna mjög vel. Þetta er í fyrsta sinn sem báðar hendur eru græddar á

konu, en áður hafa sex karlmenn gengist undir slíka aðgerð, sá fyrsti árið 2000.

Lucia er að sögn afar ánægð með hendurnar. „Þær eru fallegar,“ var það fyrsta sem hún sagði er hún rankaði við sér eftir aðgerðina og sá nýju hendurnar.

Búast má við því að það tuki Luciu fjóra til sex mánuði að fá tilfinningu í hendurnar en læk- narnir vona að með tíð og tíma geti Lucia lifað eðlilegu og sjálfstæðu lífi þökk sé nýju útlimumum.

- tg

62 milljónir gætu dáíð

SÉRFRÆÐINGAR HAFA REIKNAD ÚT AÐ EF FUGLAFLENSA BREIÐIST ÚT GÆTI HÚN BANAD 62 MILLJÓNUM MANNA.

Heimsfaraldrar eiga sér stað um fjórum sinnum á öld. Þeir eru mis- stórir og misskæðir en síðasti skæði faraldur var spænska veikin árið 1918. Þá létust 50 milljónir sam- kvæmt varfærnislegu mati og þrátt fyrir framfarir læknavísindanna ver- ur þessi tala líklega hærri ef H5N1 fuglaflensa verður að heimsfaraldri. Frá þessu er greint í lækningaritinu The Lancet.

Í matinu er því spáð að 51 til 81 milljón (miðgildi 62 milljónir) manna láti lífið. Fátækari lönd yrðu verst úti en í matinu er gert ráð fyrir að 96 prósent dauðsfalla myndu eiga sér stað í þróunarlöndum. Ef sama hlutfall íslensku þjóðarinnar myndi deyja úr H5N1 nú og úr spænsku veikinni árið 1918 myndu 6.000 manns andast á innan við mánuði.

- tg



Heimsfaraldrar influensu eiga sér að jafnaði stað fjórum sinnum á öld.

FRÉTTABLAÐ/AP

allt matur

Alla föstudaga



Allir veitingastaðir á Íslandi verða reyklausir frá og með 1. júní á næsta ári.

Reykleysi undirbúið


Allir veitinga- og skemmtistaðir á Íslandi verða reyklausir frá og með 1. júní á næsta ári. Undirbúningur að þessum breytingum er þegar hafinn og sendi Lýðheilsustöð, í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar, nýverið kynningarbækling um málið til allra veitingahúsa í landinu.

Mörg nágrannalanda okkar hafa undanfarin ár gert alla vinnustaði reyklaus, þar á meðal veitinga- og skemmtistaði. Írar, Norðmenn og Svíar voru fyrstir þjóða til þess að innleiða þessa breytingu, en síðan hafa fleiri lönd fylgt í kjölfarið.

Fyrstu sannanir um skaðleg áhrif reykinga á heilsu komu fram fyrir rúmri hálfri öld, en nokkuð styttra er síðan sannað var að óbeinar reykingar séu einnig hættulegar. Nú er þekkt að meira er af skaðlegum efnunum í hliðarreyk en reyknum sem reykngamaður fær ofan í sig.

Starfsfólk veitingahúsa er í sérstakri hættu, en rannsóknir hafa sýnt að fólk sem vinnur á bar er með svipaða þétni nikótíns í blóði og fólk sem reykir daglega. Þá hafa viðhorfsskannanir sýnt að Íslendingar telja sig munu fara jafnoft eða oftar á veitingastaði verði þeir reyklausir, að því er fram kemur á vef Lýðheilsustöðvar.

Tíu algeng áramótaheit



- 1) Að eyða meiri tíma með fjölskyldu og vinum.
- 2) Að komast oftar í ræktina.
- 3) Að berjast við bumbuna.
- 4) Að hætta að reykja.
- 5) Að njóta lífsins betur.
- 6) Að hætta að drekka áfengi.
- 7) Að losna úr skuldásúpunni.



- 8) Að læra eitthvað nýtt.
- 9) Að hjálpa öðrum.
- 10) Að skipuleggja tímann betur.

Huggunarátt eykst um jól og áramót

Fleiri leggjast í ofát í kringum hátíðarnar en á öðrum árstímum.

Um það bil helmingur bandarískra kvenna þjáist af aukinni streitu um jólin og grípur til huggunaráts, áfengisdrykkju og annarra bragða til að stjórna vandamálinu, sem getur aftur leitt til þyngdaraukningar. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Bandaríska sálfræðifélagið lét framkvæma í október síðastliðnum.

Sálfræðifélagið stóð fyrir svipadri könnun í janúar á þessu ári. Könnunin sýndi fram á að einn af hverjum fjórum Bandaríkjamönnum leitar huggunar í mataráti þegar þeir eru annað hvort niður-

dregnir eða standa frammi fyrir vandamáli. Samkvæmt októberkönnuninni téðu hækkar hlutfallið upp í einn af hverjum þremur um jólin.

Þá bendir flest til þess að huggunarátt sé algengara á meðal kvenna en karla, ef marka má útkomu kannananna tveggja. Þannig sagðist 41 prósent kvenna borða til að vinna bug á stressi á meðan á jólahaldi stendur, á meðan 31 prósent kvenna sagðist gera það allt árið um kring. Aftur á móti viðurkenndu 25 prósent karla að þeir borðuðu meira í kringum hátíðirnar, á meðan nítján prósent sögðust gera það allan ársins hring. -/ve

Fólki hættir til að troða í sig til að deyfa sársauka.





Taktu þér tak!

Viltu ná Rjórbýngd?




Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin


Öflug átaksnámskeið fyrir stelpur á aldursbilinu 16-25!

- Líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- Leiðbeiningar um mataræði
- Fundir, aðhald, vigtun og mælingar

Kvöldtímar
Um er að ræða 9 vikna námskeið, 3 x í viku.

Vertu velkomin í okkar hóp!

Innritun hafin á janúarnámskeið



DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is

EFLIR almannatengi / HNÖTSKOGUR grafísk hönnun

Efnum vor heit!

Gríðarlega mörg áramótaheit eru strengd á hverju ári um allan heim. Fæst þeirra lifa af fyrstu vikuna í janúar en hér eru nokkur góð ráð til að láta það ganga að efna þau.

Margir strengja áramótaheit en því miður eru færri til að halda þau. Samkvæmt rannsóknum hafa tuttugu og fimm prósent nýársheita enga merkingu í mars og þeim sem ná að halda út í hálf ár hefur oftast mistekist fimm eða sex sinnum áður að halda þetta sama heit. Sama manneskjan strengir sama nýársheitið að meðaltali tíu sinnum yfir ævina.

Flestir sem þurfa að breyta lífi sínu eru í raun ekki tilbúnir til þess og þurfa hjálp til að komast af stað. Undirbúningur er eitt lyklatríði, jákvætt hugarfaranna. Hér eru nokkur góð ráð til að láta það ganga, 2007!



Hver tekur mark á áramótaheitum sem strengd eru í þessu ástandi? Ákveddu frekar að byrja að efna þín heit þegar hátíðahöldunum lýkur.



Búðu þig undir að drepa í!

■ Ekki ætla þér að byrja að efna áramótaheitið á miðnætti á gamlárskvöld. Þú átt eftir að ganga í gegnum heilmikil hátíðahöld áður en þú getur farið að standa við loforð þín við þig af fullum krafti. Strengdu þess frekar heit að ætla að byrja að efna heitið fjórða eða sjötta janúar sem eru góðir dagar til að byrja nýtt líf.

■ Ekki reikna með því að þér takist að léttast um fimm kíló á viku eða að þú náir að bæta þig í ræktinni um 20 prósent á þremur skiptum. Gott er það sem gerist hægt og þótt þér takist eflaust að missa nokkur kíló með því að svelta þig í viku þá er það því miður ekki fita heldur vöðvar sem brenna fitu og lífsnaðsynlegur vökví. Ef þér tekst að missa hálf kíló af fitu á viku telst það frábær árangur og raunhæfur.

■ Ef þú ætlar að gefa eitthvað upp á bátinn sem krefst þess að þú hættir í eitt skipti fyrir öll eins og til dæmis að reykja skaltu taka tíma í að undirbúa þig andlega og líkamlega. Til eru bækur um efnið


og einnig hægt að fara á námskeið. Hafðu það í huga að í hvert sinn sem þú reynir að hætta en tekst það ekki vegna ónógs undirbúningss minnkarðu líkurnar á því að þér takist að hætta síðar meir því með því að mistakast veldur þú sjálfum þér vonbrigðum.

■ Settu þér mælanleg markmið. Passaðu samt að mæla árangurinn á réttan hátt. Kíló eru ekki áreiðanlegur mælikvarði vegna sveiflna í vökvabúskap líkamans, og þú getur verið í betra stuði til að lyfta einhverja daga en aðra. Vigtaðu þig ekki oft en einu sinni í viku ef markmiðið er að léttast og mundu að sumir segja að það sé jafnvel ekkert að marka vigtina fyrstu tvo mánuðina eftir að breytt er um lífsstíl. Skiptu markmiðunum niður í smærri markmið og verðlaunaðu þig þegar þú nærð þeim. Ekki verðlauna þig samt með einhverju sem stefnir markmiðunum í hættu.

■ Reyndu að breyta um viðhorf. Hugurinn ber þig hálf leið og ef þú hefur ákveðið að það sé hundleiðinlegt í líkamsrækt, að þú eigir eftir að sakna súkkulaðis alveg



Þetta eru ekki bestu verðlaunin fyrir vel staðin heit um hollustu og léttara líf.



Það er ekkert að marka tölurnar á vigtinni fyrr en eftir tvo mánuði af skynsamlegu lífni.

skelfilega og getir bara ekki hætt að reykja þá siglir þú hraðbyri í uppgjöf. Ef þú hins vegar leggur þig í líma við að finna eitthvað jákvætt í því sem þú veist að þú þarft að gera fyrir þig verður framkvæmdin miklu auðveldari.

■ Einbeittu þér að því sem þú ætlar að gera en ekki því sem þú ætlar ekki að gera. Mörg nýársheit snúast um meinlæti og það er miklu erfiðara að halda sig við slíkt. Svo þú skalt breyta um áherslur. Í staðinn fyrir að hætta að borða feitan mat skaltu ákveða að borða meira af grænmeti og hollum mat. Í staðinn fyrir að hætta að reykja skaltu finna þér eitthvað annað að gera þegar þú veist að þín er freistað til að reykja.



Með því að gefast ekki upp á æfingunum gætirðu sýnt svona maga í sundlaugunum í sumar.

■ Gerðu þér grein fyrir því að þótt þú standir við eitt áramótaheit þá færðu ekki allt annað í verðlaun. Ef þú hættir að reykja færðu ekki sjálfkrafa kauphækkun eða frábært ástarsamband í staðinn. Stærstu verðlaunin eru þau að hafa bætt líf sitt með því að losa sig við tiltekinn ósið.

6 VIKNA SÚPERFORM

GORAN KRISTÓFER BÝÐUR ÞÉR Í LÍFSTÍLSBREYTINGU



ORKUHLEÐSLA	EFLA ÖNÆMISKERFID
BÆTA MELTINGU	HORMÓNA JAFNVÆGID
AUKA MINNI OG EINBEITINGUNA	DETOX HREYNSUN

Líkamlega hliðin

Takmarkaður fjöldi
Vikulegar mælingar
Persónuleg næringarráðgjöf
Ráðgjöf við matarinnkaup
Spennandi lífræn matargerð
Fræðsla og eftirfylgni
Fyrirlestrar
Hollustudrykkur eftir hverja æfingu

Andlega hliðin

Jóga
Hugleiðsla
Body-balance
Gufuböð
Heitir pottar
Háls- og axlarnudd
Slökunarherbergi

NÁMSKEIÐ HEFST 08. JANÚAR

TÍMARNIR ERU: - MORGUNTÍMAR KL. 6.30, 7.30 OG 10.00
- SEINNIPARTSTÍMAR KL. 16.30 OG 18.30

NORDICASPA



SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 444 5090 EÐA nordicaspa@nordicaspa.is.



Persona.is

BJÖRN HARÐARSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

Að búa sér til gleðileg jól

„Ég hlakka til jóla“ heyrðist úti um allt í desember og vonandi fá flestir drauma sína uppfyllta. Ég sjálfur átti þann draum um jólin að öll fjölskyldan gæti verið saman. Því þrátt fyrir að vera alltaf smá strákur í mér og vilja harðan pakka með einhverju rafmagnstæki, þá veit ég það af reynslu síðustu ára, þar sem mikil veikindi hafa verið í fjölskyldunni, að besta gjöfin mín væri sú að allir gætu verið saman um jólin. Vegna veikinda eru nú fjórðu jólin í röð þar sem tæpt var að öll fjölskyldan næði að halda jólin saman heima. Það hefur hins vegar alltaf náðst að komast heim af spítalanum og halda gleðileg jól. Þegar óvissan hefur verið að læra að meta samveruna um jólin ofar öllum „Ipodum“, tölvum og símum.

Hins vegar veit ég að ekki hafa allir sama möguleikann á samveru, fólk er fjarverandi af heimilum t.d. vegna veikinda, vímuefnaneyslu, afbrota, ósættis eða búsetu. Mörgum líður þar af leiðandi illa og sakna sinna nánustu.

Aðrir þættir geta líka valdið fólki erfiðleikum við að eiga gleðileg jól, eins og vaxandi fátækt og einmanaleiki þeirra sem búa einir. Skilnaðarbörnum líður oft illa um jólin, t.d. að þurfa að velja hjá hverjum á að vera um hátíðarnar. Svo eru það líka þeir sem eiga foreldra eða aðra ættingja sem eiga við áfengis- og/eða vímuefnavandamál að stríða og ná ekki að njóta jólaanna vegna kvíða yfir því að aðstand-

endur þeirra verði í neyslu yfir hátíðarnar. Fyrir utan þetta allt saman þá er það allt jólastressið við jólaundirbúninginn. Það þarf að skreyta, kaupa gjafir, undirbúa veislur, auk þess að vinna og eyða langt fram yfir efni og orku. Margt af þessu hefur þó reyndar breyst og heyrði ég kaupmann einn nefna það um daginn að jólasalan hefði náð að dreifast meira yfir lengri tíma þetta árið. Ég held meira að segja að æ færra húsmæður meti „jólagreindarvísitöluna“ í fjölda smákökusorta, sumir meira að segja farnir að velja að slappa af og kaupa sortirnar í Bónus eða annars staðar. Hvernig landinn hefur lært að breyta áherslum, og vonandi álaginu fyrir jólin, er sennilega merki þess að við getum breytt hegðun okkar og hugsun gagnvart jólnum og kringum jólin. Gaman væri ef við öll gætum skoðað hvað skiptir okkur mestu máli yfir hátíðarnar, hvort sem við náðum því núna eða metum þessa hátíð til að undirbúa þá næstu betur. Mikilvægt er að hver og einn skoði hvað er þeim og þeirra fólki mikilvægast. Hjá sumum er það að leggja meiri áherslu á samveru fjölskyldunnar, ofar skreytingum og bakstri, fyrir aðra að sleppa áfengisdrykkju, og enn aðra að leggja frá sér gömul þrætumál og fyrirgefa „syndir“. Mikilvægast af öllu getur verið, fyrir þá sem ekki hafa náð að njóta jólaanna, að gefa sér tíma í að hugsa hvað skiptir þá máli og hvernig mögulegt væri að búa sér til sínar eigin hefðir og eiga gleðileg jól.



Ronald Reagan fyrrum Bandaríkjaforseti er einn af þeim sem þjáðust af Alzheimer á efri árum.

Von fyrir Alzheimer-sjúklinga

Heilahrönnunarsjúkdómurinn Alzheimer hrjáir fimm prósent sextíu og fimm ára og eldri.

Vísindamenn við Háskólann í Cardiff í Wales hafa þróað mótefni sem þeir segja að gæti stöðvað framleiðslu á heilaboðefninu amyloid í líkamanum en óhófleg framleiðsla á því er talin orsaka þennan heilasjúkdóm. Engin lækning er þekkt við Alzheimer sem lýsir sér í skaða á heilstarfsemi, einkum þó á minnisstöðvunum, og er talinn hrjá einn af hverjum tuttugu einstaklingum sem ná sextíu og fimm ára aldri. Vísindamennirnir segja ennfremur að mótefnið gæti mögulega virkað fyrirbyggjandi fyrir þá sem eiga ættarsögu um sjúkdóminn.

Enn þurfa vísindamennirnir velsku að rannsaka málið töluvert betur til að finna endanlega lækningu við sjúkdómnum og leita nú að fjármagni til að geta haldið rannsóknunum áfram.



Nauðsynlegt er að drekka nóg af vatni til þess að koma í veg fyrir timburmenn.

Góður kvöldverður vörn við þynnku

HVER ER BESTA LEIÐIN TIL ÞESS AÐ LÆKNA TIMBURMENN? BESTA LEIÐIN ER SVO SANNARLEGA AÐ SLEPPA ÁFENGISDRYKKJU, EN HVAÐ ANNAD ER TIL RÁÐA?

Ofþornun líkamans veldur höfuðverkjum, svima og munnpurrki vegna þess að alkóhól hraðar útskilnaði vatns frá líkamanum. Alkóhól truflar einnig slímhúð magans, sem skýrir ógleði og jafnvel uppköst sem gjarnan eru fylgifyiskar áfengisneyslu. Nótt úti á lífinu og lélegur nætursvefn í kjölfarið bæta enn á timburmennina. Góður kvöldverður áður en farið er út skiptir miklu máli. Best er að hafa máltíðina fituríka, þar sem maginn meltir fituna hægt og hún verndar slímhúð magans því fyrir áhrifum alkóhóls. Mjólkurglas getur jafnframt verndað magann og hægir á upptöku alkóhólsins. Á skemmtistað má hugleiða að skipta út áfengum drykk fyrir vatnsglas, auk þess sem gönguferð heim að djamminu loknu getur hjálpað mikið til. Áður en farið er í rúmið er mælt með mikilli vatnsdrykkju og appelsínusafa, þar sem C-vítamín hraðar efnaskiptum alkóhóls í lifur. Ristað brauð róar einnig magann. Til þess að lækna timburmennina daginn eftir eru vatn, C-vítamín og ristað brauð eftir sem áður það besta í magann. Þá má hafa í huga að egg innihalda mikið af systeini, sem vinnur upp eitrefni sem safnast í lifur við niðurbrot áfengis.

Viðbrögð við góðum fréttum mikilvæg

Að gleðjast yfir velgengni maka síns er mikilvægt fyrir sambandið við hann.

Vísindamenn sem rannsakað hafa sambönd para hafa löngum einblínt á hvernig þau ráða fram úr vandamálum. Í nýlegri rannsókn sem birtist í ritinu The Journal of Personality and Social Psychology kom í ljós að mun meira máli skiptir hvernig þörin bregðast við góðum tíðindum um velgengni hins aðilans í samandinu. Rannsóknin benti til þess að það skipti miklu máli hvort brugðist var við með gleði, stolti, áhugaleysi eða kaldhæðni og gat það orðið til þess að styrkja sambandið eða veikja það. Var það fulllyrt í niðurstöðum rannsóknarinnar að það sé fullkomið tækifæri til að styrkja samband þegar eitthvað gott kemur fyrir annan aðilann í því.

Þátttakendur í rannsókninni voru 79 gagnkynhneigð þör sem höfðu verið saman í að minnsta kosti 6 mánuði. Þörin svöruðu spurningalista um það hvernig hinn aðili sambands-

ins brugðist við góðum fréttum. Þörin voru tekin upp á myndband á meðan þau ræddu jákvæða atburði sem upp höfðu komið og rannsakendur létu þátttakendur svara hversu ánægð þau væru í sambandinu.

Það kom í ljós að stuðningur og áhugi eru almennt betri en áhugaleysi eins og mörg þör hafa lært af reynslunni. Hefur komið fram í öðrum rannsóknum að þör sem eru kaldhæðin í samskiptum stefni venjulega í sambands slit. Hins vegar séu sambönd þar sem stuðningur og gleði vegna velgengni ríkir, sterkari og líklegri til að endast lengur.

Að fagna stöðuhækkun maka síns líkt og hún væri manns eigin er gífurlega gott, en að gera lítið úr stöðuhækkun er jafn vont.

www.persona.is



Að fagna stöðuhækkun maka síns líkt og hún væri manns eigin er mjög gott til að styrkja sambandið.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.



HÚSGÖGNIN HEIM

Svefn & heilsa ★★★★★

AKUREYRI



REYKJAVÍK



Fatalím er bráðsniðug lausn þegar klæðast á hlýralausum kjól. Fatalímið er sett á líkamann og kjólinn svo festur við. Þannig helst hann uppi allt kvöldið jafnvel þótt áramótageiðin fari úr böndunum. Fatalím má fá í nærfataverslunum og brúðarkjólaleigum.





Tilboð á gæða handklæðum og ýmsum sængurverasettum. Hin árlega vetrarhátíð Skólavörðustíg.



Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

Nýtt á Íslandi! NO STRESS



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



NÝJAR
VÖRUR

HÚFUR
SEM
HLÆJA

Skólavörðustíg 18

Nýtt í Drangey

Frábært úrval af yfirhöfum úr leðri og loðskinnum

Sjón er sögu ríkari

Drangey

www.drangey.is



Blanx tannhvíttunartyggjó*

Tyggðu blettina burt og verðu þig gegn tannskemmdum

*Inniheldur m.a. xylitol, natron og heimskautamosa, sem vinna á tannblettum eftir matarleiðar, kaffi, te og nikótín, draga úr tannskemmdum og gefa ferskan andardrátt.

Fæst aðeins í verslunum Lyf og Heilsu og Lyfjaval

Jeanette Biedermann í fallegum grænum sparikjól sem er hannaður undir áhrifum fjórða áratugarins. Mjög elegant og lekkert.

Leikkonan Anne-Sophie Brist í fallegum kjól sem gæti dáleitt hvern sem er.

Leikkonan Kim Raver í þröngum og kvenlegum spariklæðnaði.

Glæsilegir gala kjólar

Áramótin eru sannarlega sá tími sem sparikjöllinn er dreginn fram, enda vissulega sjálfsagt að heilsa nýju ári með stæl.

Að dressa sig upp í sitt fínasta púss á gamlárskvöld er siður sem við munum seint láta af. Enda engin ástæða til. Hvers vegna að fara inn í nýtt ár á hversdagsfötunum? Þó er ekki úr vegi að setja spariskóna í poka þegar þrammað er á milli húsa þetta skemmtilega kvöld og utan um kjólinn fína er nauðsynlegt að hafa hlýja og góða kápu.

Hér eru nokkrar hugmyndir að glæsilegum áramótakjólum.

Christine Taylor í fallegum ljósum kjól með silfur-skreytingum. Mjög sparilegt og flott.

Eiginkona rokkarans Marilyn Manson, Dita Von Teese, í fallegum kjól með uppsett túperað háir. Mjög spes, smart og „sixtis“.

Marion Fedder í fallegum kjól með kinnverskum áhrifum. Slíkir kjólar eru alltaf klassískir og ganga ár eftir ár.

Carla Gugino í dásamlega túrkisbláum kjól. Einstaklega smekklegr og falleg flik.

Glæsikvendið og þýska sjónvarpskonan Verona Pooth í klassískum galaklæðnaði í anda Marilyn Monroe.

Tara Reid í dragsíðum ferskjulitum kjól með pallíettumunstri.





Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Þrjár sólir á lofti

Áramót eru tími annála, útreikninga og völvuspáa, tími þegar árið er gert upp og árstíðaskipti verða í tískuheiminum. Sömuleiðis er ekki langt þangað til að tískusýningar hefjast að nýju því tískan er eins og hamstur í hlaupahjól sem fer hring eftir hring. Í tískunni verður ársins 2006 kannski minnst fyrir dauða brasilísku fyrirsætunnar anorexísku í haust. Eða fyrir velgengni kvikmyndarinnar „Djöfullinn íklæðist Prada.“ Kannski sem ár endurkomu Kate Moss sem aftur náði nær öllum auglýsingasamningum sem hún tapaði þegar kókaínmyndirnar frægu birtust í slúðurpressunni. Í París var árið áhugavert í tískusögu, bæði með Balenciaga-sýningunni og „Smoking for ever“ hjá stofnun Pierre Berge-Yves Saint Laurent.

Þó undarlegt megi virðast þá er jólaverslunin svanasöngur vetrartískunnar því milli jóla og nýárs og í upphafi árs eru það helst skil eða skipti á jólagjöfum sem einkenna starfsemi tískuhúsanna og svo einkaútsölur fyrir góða viðskiptavinum.

Sumartískan hefur nú þegar hafið innreið sína í tískuhúsin. Ég veit ekki hvort það einkennir almennt tískuhúsin en ég hef það á tilfinningunni að árstíðirnar færast sífellt fram, það er að segja að að árstíðin sem kemur á eftir er sífellt fyrir á boðstólum en sú á undan. Veturinn er varla byrjaður en vetrartískan verður

eftir nokkra daga boðin á hálfvirði eða meira. Það er heldur engin ný frétt að sífellt fleiri nýrkir viðskiptavinir frá Austur-Evrópu og Asíu ferðast um Evrópu og þræða þá gjarnan tískuhúsin því ekkert jafnast á við franskan lúxus og hann hefur aldrei selst betur. Ekki síst er hann vinsæll ef hann er keyptur í París. Ekki spillir heldur fyrir að verðið er áhugaverðara og einnig geta þessir viðskiptavinir notið endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

Þrátt fyrir að höfuðið hafi verið höggvið af stórum hluta franska aðalsins í frönsku byltingunni þá tókast það enn í Frakklandi að ungar konur af aðalsættum mæti á kynningardansleik aðalsborinna, eftir dagsvinnu í hárgreiðslu, förðun og síðkjólamátun. Ballið fer fram í einhverri finni höll. Töluverð danskunnátta er nauðsynleg sem og færni í góðri framkomu. Um þessar mundir er það aðalmálið hjá kúnverskum og rússneskum prinsessum að komast á kynningardansleiki í París.

Tískublöðin eru auðvitað fyrir löngu komin í völvubúning og farin að spá í framtíðartískuna fyrir 2007. Ítalski tískuiðnaðurinn hefur sett sér síðareglur til að koma í veg fyrir að fyrirsætur deyi úr hungri en hvað verður aðalmálið í tískunni á nýju ári er enn of snemmt að segja til um.

berghthor.bjarnason@wanadoo.fr

Litaval fagurkerans

FAGURKERINN TOM FORD SEM HEFUR SETT MARK SITT Á TÍSKUHEIMINN BÆÐI HJÁ TÍSKUHÚSUM GUCCI OG YVES SAINT LAURENT HELDUR ÁFRAM AÐ FARA NÝSTÁRLEGAR LEIÐIR, NÚ SÍÐAST HJÁ ESTÉE LAUDER SNYRTIVÖRUFYRIRÆKINU.

Amber Nude Tom Ford Estée Lauder línan kom í vor með nýja útgáfu af hinum sígilda Lauder ilmi, Youth Dew Amber Nude. Nú bætist við olía og húðkrem í ilmlínuna, Youth Dew Amber Nude Sensual Body Oil og Youth Dew Amber Nude Sensual Body Creme ásamt Amber Nude Limited Edition Makeup Collection lítalínunni sem er aðeins í takmörkuðu upplagi fyrir vandláta fagurkera. Olían og húðkremið er ilmur fyrir veturinn, hæg, krydduð og dökk með keim af sítrus og hnetum. Olían smýgur fljótt inn í húðina og skilur ekki eftir neina fitu á höndum. Lítalínan er nútímaleg og létt. Augu verða dramatísk og varir náttúrulegar á sama tíma sem lítalínan er sveipuð gylltum blæ, enda notar Tom Ford ekta gull í þess- ar fallegu snyrtivörur sem



aðeins fást á útvöldum stöðum.

- rh



Þú verður að eignast

trippen



trippen Skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is

Bella Donna og starfsfólk óskar viðskiptavinum gleðilegra jóla og frasældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á liðnu ári.

belladonna

Hlíðarháms 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Flottustu ungstirnir í Hollywood

Á heimasíðunni teenfashion.com er samantekt yfir fimm flottustu ungstirnir.



RACHEL BILSON

1 Rachel Bilson, sem þykir ekki sérlega flott til fara í hlutverki Summer Robert í sjónvarpsþáttunum The O.C., er að áliti greinarhöfundar smekklegr í daglegu lífi. Hún sést oft íklædd fatnaði frá Marc Jacobs, kápum og með stór leðurveski. Þess má ennfremur geta að Bilson sækir stíft tískusýningar Luca Luca.



ASHLEY OG MARY-KATE OLSEN.

2 Tvíbura-systurnar Ashley og Mary-Kate Olsen eru sem betur fer löngu hættar að sjást í sams konar fötum. Ashley þykir hafa afar fágaðan smekk miðað við aldur og sést oft í síðum kvöld-

kjólum. Það þykir sýna að hún hafi lært ýmislegt þegar hún var lærlingur hjá tískuhönnuðinum Zac Posen.

3 Mary-Kate Olsen þykir mun djarfari í fatavali en stóra systir hennar Ashley (sem er einungis tveimur mínútum eldri). Hún kys frjálsligri fatnað og dekkri liti heldur en Ashley og hefur vakið eftirtekt fyrir mótörhjólátöskur frá Balenciaga.

4 Hilary Duff, fyrrum kinnastóra barnastjarnan sem varð fræg á Disney-sjónvarpsstöðinni, er orðin að fallettri ungru konu með flottan, rokkaðan fatasmekk.

Hilary heldur mikið upp á Burberry hatta, pils og jakka frá L.A.M.B. og Chip & Pepper stuttermaboli.

5 Ashlee Simpson þykir hafa skipt um ham, frá því að hún losaði sig við „goth“-stílinn og fór yfir í þroskaðri og kvenlegri fatnað. Hvað sem öllu slúðri um

lýtaaðgerðir líður er Ashlee talin geisla í kjólum frá Dolce & Gabbana, jökkum frá Juicy Couture, stígvélum frá Louboutin og skarti frá Jacob & Co.



HILARY DUFF.



ASHLEE SIMPSON.



Grafískt form og gleði

Í lítilli íbúð í miðbæ Reykjavíkur hangir brasilíski fáninn í öndvegi uppi á grænum vegg.



„Orðin á fánanum, „Ordem e progresso“, merkja skipulag og framfarir á íslensku sem er skemmtilega mikil þversögn því Brasilíubúar eru einmitt frekar kaotískir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Þetta fyrirbæri er kallað „kanga“ í Brasilíu. Ég kann ekkert orð yfir þetta á íslensku en þetta er svona sjal sem maður vefur um sig á ströndinni,“ segir eigandi sjalsins, Bjarney Hinriksdóttir, betur þekkt sem Baddý. „Hérna heima hjá mér nota ég þetta sem mynd uppi á vegg og svo tek ég það niður og nota sem flík þegar ég fer á ströndina. Þannig að þetta er vissulega hlutur sem hefur fjölbreytt notagildi,“ segir Baddý en kangað keypti hún þegar hún var á bakpokaferðalagi í Brasilíu fyrir einu og hálfu ári síðan. „Það má eiginlega líka segja að þetta kanga hafi ákveðið rómantískt gildi fyrir mig því á ferðalaginu kynntist ég mannum mínum, sem er „Brassi“. Ég var akkúrat með þetta sjal, vafið um mig á ströndinni þegar við sáum hvort annað í fyrsta sinn,“ segir Baddý og hlær.

Myndin á kanganu er af brasilíska fánanum en Baddý, sem starfar sem grafískur hönnuður á Hvíta húsinu, segir útlit hans höfða til sín bæði faglega og tilfinningalega, þar sem hún hefur

sterk tengsl við landið, en þangað fór hún fyrst sem skiptinemi átján ára gömul.

„Orðin á fánanum, „Ordem e progresso“, merkja skipulag og framfarir á íslensku sem er skemmtilega mikil þversögn því Brasilíubúar eru einmitt frekar kaotískir, eða með einhvers konar skipulagt kaos. Græni litur fánans er táknrænn fyrir skóglendi

Brasilíu og sá guli merkir gullið í landinu en stjörnurnar eiga að tákna hvert fylki landsins. Mér þykir fáninn mjög fallegur, en það gæti verið að það spilaði inn í álit mitt hvað ég hef sterk tilfinningaleg tengsl við landið. Mér þykir svo mikil gleði í þessum fána og svo er formið fallega grafískt,“ segir Baddý að lokum.

mhg@frettabladid.is

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða 15. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra. Sendið inn tilnefningar um fólk sem er þess verðugt að fá slík verðlaun. Allir koma til greina, jafnt einstaklingar sem félagasamtök, sem hafa verið öðrum til fyrirmyndar.

Sendið tilnefningar á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfléiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út 23. janúar. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir við hátíðlega athöfn 15. febrúar.

F-PROT | antivirus

Íslensk veiruvörn

F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) fyrir allar tölvur heimilisins kr 4.900,- á www.frisk.is.

FRISK Skúlaáskóun ehf.

Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

ÆVINTÝRID Í ENGLABORG

JÓLABLAÐIÐ KOMIÐ ÚT!

VEGGFÓÐUR.
• lagður á jólaborðið

LAGT Á HÁTÍÐARBORÐIÐ **MÁLUM BÆINN RAUÐAN**

100 HUGMYNDIR FYRIR JÓLABÖRNIN

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5060 | WWW.VISIR.IS

Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

Áramót - græn þankabrot

Senn er eitt árið enn á enda, þessi 365 daga tímaeining sem við mælum ferðartíma jarðarinnar okkar hvern hring umhverfis sólina. Það minnir okkur líka á að við erum jarðarverur sem upprunalega þróðumst bara eins og hver önnur dýrategund í hinni fjölskrúðugu fínu dýraríkisins og áttum alla okkar „áran“ undir því hvernig samspili sólar og jarðar var háttað. Mikilvægt var að regn, sólarlyur og annað náttúrufræði sem stýrði gróðri og grósku hélldist í góðu jafnvægi, svo að fæðuframboð yrði nægt og nærandi. Grænir skógar og grænar gresjur skiptu okkur máli og sköpuðu skilyrðin. Æt lauf, plöntur og rætur, auk ýmissa viðráðanlegra smádyra var það sem allt valt á. Grænum gróðrinum fylgdi líf og öryggi. Og örygginu fylgdi líka tækifæri á að mynda samfélag og finna upp samskiptaáferðir sem auðvelduðu lífsbáttuna. Samvinna skapaðist um söfnun matfanganna. Þótt mikill tími færi í ráp og ráf til að finna æti, þá munu flestir ættbálkar hins unga mannkyns fljótt hafa komið sér upp greinilegri verkaskiptingu. Menn unnu í hópum og hver hópur gerði sitt.

Ræktun er grundvöllurinn

Sú hugmynd, að líkja eftir hringrás náttúrunnar á markvissan hátt með því að safna saman tilteknum plöntu- tegundum og fá þær til að vaxa á afmörkuðum svæðum undir eftirliti er líklega upphaf og undirbútt allrar menningar eins og við þekkjum hana. Þetta fyrirkomulag köllum við ræktun. Án ræktunarinnar hefði sennilega aldrei orðið nein framþróun og mannkynið væri litlu betur státt en nánustu „frændur okkar“ meðal mannanna. Útbreiðsla mannsins væri enn bundin við sí-sumarlöndin næst miðbaug og lunginn úr dögnum færi enn í ráp í leit að lífsbjörginni. Ræktunin gaf tóm til skipulegra rannsókna eða vangaveltna um eðli náttúrunnar og skrafs um fyrirbæri og hluti sem ekki voru beinlínis matarkyns. Handverk og trúarbrögð komu til sögunnar. Nútímamaðurinn spratt fram og við vitum alla þá sögu. – En einhvern veginn læðist að sá grunur, að sú menning sem mannkynið hefur búið að í þessar árpúsundir sé á einhverju undanhaldi. Hið græna samfélag er að leysast upp. Nú er þorri manna aftur farinn að rápa um í leit að lífsbjörginni. Gráar borgir eru engum hollar og stórmarkaðir geta seint talist ígildi grænna gresja, akra og skóga sem ávöxt gaf og arðinn skóp í samfélögum manna langt fram á síðustu aldir. Margir sem eru þar um færir að álykta hafa fært fram röksemdir um að orsök flestra félagskvilla sem ágerst hafa á okkar tímum, s.s. eiturlyfjafíknar, líkamsárása, þunglyndis og annars óyndis megi rekja til rofinna tengsla við grös og græna náttúru. Samfélagið er á barmi þess að vera orðið grátt og ástlaust.

Grænt er lifandi

Grænt umhverfi er ein af frumþörfum mannkynsins. Ótal rannsóknir hafa verið gerðar á því og allar hnigið að



sömu niðurstöðunni. Jafnvel þótt við búum á norður-slóðum þar sem vetrarrikið slær á græna litinn hluta úr ári ellegar í „gráu borgarumhverfi“ líður okkur betur þar sem við sjáum grænt. Og ekki bara grænt, heldur fyrst og fremst grænan, lifandi gróður. Það hefur sýnt sig að hjá mörgum fyrirtækjum, stórum sem smáum, hafa afköst, starfsánægja og almenn vellíðan starfsfólks aukist stórum við að fá inn nokkrar pottaplöntur á vinnusvæðin. Og ekki bara það, heldur hefur líka dregið þar úr rykmyndun og „statisku“ rafmagni. Loftraki hækkar og í mörgum tilfellum hefur starfsfólk beðið um að hiti sé dreginn niður. Þegar dæmið er gert upp kemur oftast í ljós töluverður sparnaður fyrir viðkomandi fyrirtæki. Fjarvistum hefur fækkað vegna veikinda og hitunarkostnaður lækkað. Yfirleitt er þessi sparnaður mun meiri á einu ári en kostnaðurinn við að útvega plönturnar og halda þeim við. Og þarna er ekki verið að tala um eina rykuga jukku eða rytjulegan benjamínfíkus einhvers staðar út í horni, heldur er átt við mátulegt samsafn lifandi pottaplantna sem geta nýtt dagsbirtu í þessum húsakynnum og fá nauðsynlega og reglulega umönnun.

Grænt í heimahúsum

Skemmtilega athyglisverð könnun var gerð í Danmörku fyrir nokkrum árum. Hún gekk út á að finna hvort tengsl væru á milli tíðni hjónaskilnaða eða sambúðar-rofa annars vegar og fjölda pottaplantna á heimilum á hinn veginn. Einungis konur á aldrinum frá fertugu til starfslokaaldurs voru spurðar. Það kom í ljós að þær konur sem áttu flestar pottaplöntur höfðu lengi verið giftar sama manningnum eða voru ekkjur sem ekki höfðu gift sig aftur. Þær áttu það líka sameiginlegt að hafa átt flestar plönturnar sínar í mörg ár og þar að auki unnið hjá sama vinnuveitanda um árabíl og ekki sett lág laun fyrir sig. Þær voru mjög ánægðar í starfi og nutu félagskappar vinnufélaganna. Þær konur sem færar pottaplöntur áttu eða engar voru flestar frískaldar eða marggiftar og höfðu oft skipt um vinnuveitendur. Þær voru frekar tortryggjar út í vinnufélaga sína og fannst iðulega að á þeim væri niðst. – Ja, hvort kemur nú á undan, eggði eða hænna? – Gleðilegt og grænt nýtt ár!

allt tíska

Alla fimmtudaga

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Fimmtudagur 28. desember 2006 – 50. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

Við áramót



Maður ársins 2006
Hannes Smáráson

120 ISSN 2006

Örugg ávöxtun
í þeirri mynt
sem þér hentar

Peningabréf
Landsbankans

ISK
13,1%*

GBP
5,2%*

USD
6,3%*

EUR
4,2%*

Markmið
Peningabréfa er
að ná hærri ávöxtun en
millibankamarkaður og
gjaldreysireikningar. Enginn
munur er á kaup-
og sölugengi.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember - 1. desember 2006.



Flugtak Hannesar og FL Group

Hannes Smárason er maður ársins 2006 að mati dómnefndar Markaðarins. Hann fór inn í þetta ár með ýmsar hrakspár á bakinu og efasemdir um stefnu, en kemur út úr því með innleystan hagnað fyrir á fimmta tug milljarða og með eitt öflugasta fjárfestingarfélag í Evrópu sem getur fjárfest fyrir 200 milljarða króna. Hafliði Helgason fór yfir árið með Hannesi.

Breytingar valda stundum óróa og á seinni árshefningu 2005 fór Hannes Smárason ekki varhluta af gagnrýni um hvert hann stefndi fjöreggi þjóðarinnar, Icelandair. Forystumenn félagsins voru í óða önn að breyta félaginu úr samgöngu- og ferðaþjónustufyrirtæki í fjárfestingarfélag.

Undir lok árs 2005 tókst félaginu að ná með hlutfjárútbóði 80 milljörðum í nýtt hlutfé. FL Group undir forystu Hannesar fór því ágætlega vopnað inn í árið og félagið tilbúið til flugtaks. Síðan var tekið á loft. Að baki er viðburðaríkt ár og spurningin er hvað standi upp úr að mati forstjórans Hannesar Smárasonar. „Fyrir mig held ég að það hafi verið þegar við seldum easyJet, það standi upp úr frekar en skráningin á Icelandair og ýmislegt annað,“ segir Hannes. Hann hafði setið undir vangaveltum um að kaup FL á easyJet væru fyrst og fremst það sem keyrði upp gengið. „Það hefur aldeilis sýnt sig að svo var ekki. Sjáðu bara verðið á félaginu í dag,“ segir Hannes og grettir sig örlítið. „Ég sé sjúklega eftir því núna að hafa selt,“ segir Hannes og hlær. Hann bætir því við að þegar maður sé í slíkum fjárfestingum þýði ekkert að horfa á hlutina þannig. „Það hafa komið önnur tækifæri í staðinn og á móti byggðum við um 30 prósentu stöðu í Glitni sem hefði verið erfitt án þess að

losa einhverja fjármuni.“

Árið í ár einkenndist umfram árin á undan af söllum á milljarða hlutum þar sem innleystur var gríðarlegur hagnaður. Landsbankinn seldi í Carnegie með um 12 milljarða hagnaði, FL Group í easyJet með um 13 milljarða og Björgólfur Thor í cRA í Tékklandi með 50 milljarða hagnaði. „Þetta skiptir miklu máli. Menn voru búnir að sýna að þeir gátu keypt og nú sýndu menn að þeir gátu selt. Maður er ekki orðinn góður fjárfestir af þessari gerð fyrr en maður hefur sýnt að maður geti bæði keypt og selt. Þetta var ákveðinn prófsteinn á okkur og skiptir miklu máli sérstaklega á þessu ári þar sem umræðan var mjög þung um Ísland og íslenska bankakerfið, þá held ég að þetta hafi hjálpað mjög mikið hvernig útlendingar líta á okkur og landið í heild sinni. Menn sjá að þarna eru ekki einhverjir kúrekar á ferðinni sem kaupa og kaupa og selja aldrei neitt.“

SLAGORÐAUMRÆÐAN

Umræðan á árinu um íslenska fjárfesta og fjármálakerfið var á tíðum ósanngjörn og illa ígrunduð. „Þetta var svona slagorðumræða þar sem menn máluðu skrattann á vegginn. Þessi umræða var óvæginn og hörð, en það sem er merkilegast við hana er að það komu eiginlega allir sterkari út úr henni. Það eru góðu fréttirnar í slæmu fréttunum. Ég held

þó að flestir hefðu kosið að fá skilaboðin með öðrum hætti. Það er hins vegar afar merkilegt að sjá að bankarnir eru búnir að fjármagna sig í botn, með miklu meira lausafé og standa mun betur en þeir gerðu í upphafi árs.“

Hannes segir að önnur félög, svo sem FL Group, hafi einnig tekið til hendinni. „Þó að við séum ekki jafn stórir og bankarnir þá erum við búnir að ná okkur í hátt í milljarð evra fyrir utan Ísland.“ FL Group hefur verið áberandi á árinu í stórum viðskiptum, en forsenda slíkra viðskipta er fjármögnun sem ekki er jafn sýnilegur hluti starfseminnar. „Við tókum eitt stærsta lán með veði í íslenskum hlutabréfum sem tekið hefur verið þegar við fjármögnuðum hluta af eign okkar í Glitni með 250 milljóna evra sambankaláni. Síðan erum við með opna línu fyrir 400 milljónir evra

hjá Barclays og þar fyrir utan höfum við fjármagnað okkur gegnum Carnegie og Morgan Stanley. Við höfum góðan aðgang að alþjóðlegum fjármálamarkaði og ef við ráðumstu í stór verkefni, þá getum við fengið til liðs við okkur stóra erlenda banka.“

Hannes segir að FL Group hafi fundið fyrir að menn voru ekki tilbúnir til þess að fara í mikla stækkun undir þessari umræðu. „Það er hins vegar alltaf þannig þegar svona gerist að þeir sem eru stærstir og í einhverjum skilningi bestu viðskiptavinir bankanna, þeir finna síðast fyrir því. Menn byrja á neðri endanum og maður heyrði af því að það var verið að loka á fullt af fólki. Það var bara ekki komið að okkur því við vorum ofar í goggunarröðinni og mikið að gerast.“

ÁRIÐ BYRJAD AF KRAFTI

Árið byrjar með kaupum á hlut í Glitni þegar Straumur-Burðarás seldi kjölfestuhlut í bankanum. „Við komum fjárhagslega sterkir inn í árið. Svo kom þessi hlutur upp í janúar eftir þreifingar í desember. Þá ákváðum við ásamt öðrum að kaupa þessi bréf. Það var fyrsta alvöru aðkoman að Glitni. Við höldum svo áfram að kaupa og þegar umræðan stendur sem hæst um bankana, verður töluvert framboð af bréfum og þá kaupum við.“ Á markaði voru menn hikandi, en Hannes segir

Við höfum góðan aðgang að alþjóðlegum fjármálamarkaði og ef við ráðumstu í stór verkefni, þá getum við fengið til liðs við okkur stóra erlenda banka



Hinn og haf / SIA

Gledilegt nýtt ár!

Við sendum viðskiptavinum okkar og öllum landsmönnum hugheilar óskir um heillaríkt ár með þakklæti fyrir ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF

að FL Group hafi treyst undirliggjandi rekstri bankanna. „Við fylgdu vel með rekstrinum og því sem var að gerast og sáum að það voru engin vandamál í undirliggjandi rekstri og menn höfðu trú á að það myndi takast að snúa við umræðunni. Hins vegar vorum við farnir að undirbúa okkur undir það að umræðan gæti staðið í átján mánuði. Við stilltum okkur þannig upp að við gætum þolað svo langan tíma.“

Á sama tíma keypti FL Group hlut í Royal Unibrew og Finnair og Aktiv Kapital. „Þessar fjárfestingar hafa verið að gera sig ágætlega á árinu, misvel eins og gengur, en á heildina litið hafa fjárfestingar okkar verið að skila ágætis árangri á árinu.“

Á eftir þessum kaupum fylgdu kaupin á drykkjarvöruframleiðandanum Refresco í apríl og salan á easyJet. „Annars vegar vorum við að fjárfesta í starfsemi sem við teljum að eigi mikla framtíð fyrir sér og hins vegar að fara út úr fjárfestingu sem hafði reynt okkur mjög góð. Okkur fannst rétti tíminn til að kveðja, en hefðum sjálfsagt átt að hanga lengur. Það er eins og gengur. Við fórum inn í Unity með Baugi og keyptum í Marks og Spencer og seldum aftur með hagnaði og vorum einnig á þessum tíma byrjaðir að vinna í House of Fraser, þótt enginn vissi það á þeim tíma. Það er búið að vera margt í gangi á árinu og sumt af því ekki komið í ljós enn þá.“

Umsvifin hafa verið gríðarleg og sólarhringurinn langur. Starfsmenn

Það gerðist meira á þessu ári heldur en maður þorði að vona. Sérstaklega í ljósi þess hversu mikill tími og orka fór í neikvæða umræðu um fjármálalífið hér.

FL Group eru að nálgast þrjátíu. „Við höfum reynt að byggja þetta á fám en góðum einstaklingum og svo vinnum við náttúrulega mjög mikið. Það er bara þannig.“

SAMSTARFIÐ Í STRAUMI VAR GOTT

Athyglin hefur beinst að félaginu á árinu og varla líður sá mánuður að ekki séu fréttir af því sem FL Group er að fást við. „Við erum í það stórum verkefnum að þau hljóta að vekja athygli. Við erum það stórt félag að við verðum að vera í stórum verkefnum. Við viljum helst ekki skrifa tékka sem er minni en fimm til tíu milljarðar í einstakri fjárfestingu. Annars yrðum við með of mörg verkefni í gangi og athyglin of dreifð.“

Síðan komu upp átök í hluthafahópi Straums og FL eignaðist í kjölfarið hlut í félaginu. „Það voru samskiptaerfiðleikar í hluthafahópnum og við töldum að sem fagfjárfestar ættum við möguleika til að vinna með stjórninni á fjárhagslegum forsendum og um leið sáum við möguleika á að auka eigið fé FL Group.“ Hannes segir að samstarfið í Straumi hafi gengið vel og salan hafi verið ásættanleg. „Það kostar mikið að auka eigið fé og við lítum svo á að við höfum náð markmiðum með fjárfestingunni. Það er þannig að þegar tveir aðilar eru stórir eigendur og vanir að vera kjölfestufjárfestar þá gengur það ekki til lengdar. Ekki síst þegar báðir eru kjölfestufjárfestar í öðrum bönkum.“

Við sölu á Straumi eignaðist FL Group hlut Straums-Burðaráss í Finnair og var þar með komið með 23 prósent hlut í félaginu. Hinn stóri eigandinn er finnska ríkið. „Það eru bara tveir möguleikar í þeirri stöðu. Finnska ríkið hlýtur að átta sig á því fyrr eða síðar. Annaðhvort verða þeir að ríkisvæða fyrirtækið á ný og taka það af markaði eða fara alla leið með félagið og einkavæða það og láta það standa á eigin fótum.“

EIGIÐ FÉ TVÖFALDAST Á ÁRINU

Annað flugfélag er í eigu FL að hluta og var í 100 prósentu eigu þar til í gær. Það er Sterling. Samkeppnisaðilinn er SAS sem er í eigu þriggja ríkja. „Það



EITT STÆRSTA FJÁRFESTINGARFÉLAG EVRÓPU
FL Group hefur á skömmum tíma vaxið úr ferðaþjónustufyrirtæki með átta milljarða í eigin fé í eitt af stærstu fjárfestingarfélögum í Evrópu með 150 milljarða í eigin fé.

hefur kosti að hafa svifaseinan samkeppnisaðila, en galla þegar hann getur ausið úr ríkissjóðum ef illa gengur. Auðvitað er þetta rekstrarform tímaskekkja.“ Hannes segir árangurinn af Sterling harla góðan, jafnvel þótt öllum markmiðum hafi ekki verið náð. „Tíminn verður að leiða í ljós hvernig þessu lyktar, en við teljum að við höfum beitt skynsamlegum aðferðum við mat á félaginu þegar við keyptum það.“

Hannes segir að menn geti alltaf búið við að einstakar fjárfestingar gangi illa og markmið náist ekki. „Það er óeðlilegt ef almenningur og fjárfestar búast ekki við því að eitthvað gangi ekki upp. Það er ástæðan fyrir því að félög fjárfesta í mörgum mismunandi verkefnum. Sum ganga mjög vel og sum sæmilega og einhver, vonandi sem fæst, munu klikka. Það er bara þannig.“

Salan á Icelandair er einn af hápunktum ársins hjá FL Group. Vel gekk að

selja félagið og skrá það á markað. Þar með lauk vegferð sem Hannes Smáráson hóf með kaupum í Icelandair í upphafi árs 2003. Þá var félagið með átta milljarða í eigið fé og metið á 17 til 18 milljarða á markaði. Nú er FL Group með 150 milljarða í eigið fé og metið á yfir 200 milljarða á markaði.

„Það sem er ánægjulegt með skráningu Icelandair er að við stóðum við það sem við sögðum. Erfiðleikar á markaði seinkuðu því, en við gáfum út þá yfirlýsingu að félagið færi á markað og við værum tilbúnir til að vera kjölfestufjárfestar, en við værum líka tilbúnir til að selja okkur út úr því.“ Hannes lagði grunninn að FL Group með kaupum á Icelandair á sínum tíma og nýtti félagið til að byggja upp öflugt fjárfestingarfélag. „Auðvitað þótti manni og þykir vænt um félagið, en þetta var rétti tíminn til þess að losa sig úr þeim rekstri. Við vorum komnir á annan stað og tími til að snúa sér að öðru.“

Breytingar ársins hafa verið miklar. Eigið fé félagsins hefur tvöfaldast á árinu og getan til nýrra fjárfestinga um 200 milljarðar. „Það gerðist meira á þessu ári heldur en maður þorði að vona. Sérstaklega í ljósi þess hversu mikill tími og orka fór í neikvæða umræðu um fjármálalífið hér.“

Fram undan er spennandi ár með aragrúa tækifæra. „Það er erfitt að spá um framhaldið. Ég met það þannig að við séum að nálgast þann tíma þar sem stærstu fyrirtækin geta haldið áfram að vaxa á þessum hraða með því að vera áfram íslensk félög. Eftir því sem við stækkum förum við að líkjast meir þeim sem við keppum við. Við þurfum að vera sniðug til þess að geta haldið áfram að vaxa án þess að breytast í breska eða skandinavísk félög og missa við það sérstöðu okkar. Hins vegar ef menn stíga ákveðin skref hér varðandi reglur og skattaumhverfi þá er engin ástæða til að ætla annað en að við getum haldið áfram. Við erum rétt að verða þekkt í alþjóðlegum fjárfestingarheimi, en það á algjörlega eftir að nýta þann möguleika að gera Ísland að spennandi fyrirtæki fyrir fjármálafyrirtæki og banka.“

Stökkpallurinn sem hrundi

Kaup Dagsbrúnar á Wyndeham þóttu verstu viðskipti ársins.

Kaup Dagsbrúnar á Wyndeham Press Group, þriðja stærsta prent- og samskipta-fyrirtæki Bretlands, voru oftast nefnd sem verstu viðskiptin á þessu ári. Wyndeham átti stóran þátt í falli Dagsbrúnar og uppstokkun hennar í tvö félög.

Þessi tíu milljarða fjárfesting á vordögum var fjármögnuð með lánunum sem tóku ansi hraustlega í á tímum mikils fjármagnskostnaðar. Aðeins hálfu ári eftir að Wyndeham var afskráð úr Kauphöllinni í Lundúnum höfðu stjórnendur Dagsbrúnar afskrif-

að einn og hálfan milljarð af kaupverðinu á einu bretti og sett félagið í sölu meðferð. Nú hefur meirihluti hlutafjár í Daybreak, móðurfélagi Wyndeham, skipt um hendur sem léttir skuldaþyngni 365, sem fékk Daybreak í arf, um átta milljarða króna.

Fyrir utan þau neikvæðu áhrif sem kaupin höfðu á efnahag Dagsbrúnar þá stóðust upphaflegar áætlanir engan veginn vegna harðnandi samkeppni og samþjöppunar fyrirtækja á sama geira. Menn töldu sig vera að kaupa gott fyrirtæki sem átti

að vera stökkpallur Dagsbrúnar inn í Bretland sem hafði sýnt góðan innri vöxt og arðsemi í gegnum tíðina. Annað kom á daginn.

Greiningardeild Landsbankans gaf lítið fyrir skýringar stjórnenda Dagsbrúnar: „Tilkynningin kemur töluvert á óvart og þá sérstaklega í ljósi þess að það hefur legið fyrir að starfsumhverfi á breska prentmarkaðinum hefur verið mjög erfitt undanfarið 10 ár. Verðþessa og mikil samþjöppun hefur einkennt þennan markað í



WYNDEHAM Tíu milljarða fjárfesting sem skilaði Dagsbrún miklu tapi á skömmum tíma.

töluverðan tíma og ætti því ekki að vera nýmæli. Það að ástæða sölnunnar sé rakin til aukinnar samkeppni og mikillar samþjöppunar kemur því á óvart.“

- eþa

 Myntlán



Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt **SPRON Myntlán** eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi **SPRON** í síma **550 1200**, í þjónustuveri **SPRON** í síma **550 1400** eða á **spron.is**

 **spron**

Lada

eða Hummer?

„Lýsing hefur alla tíð haft fulla trú á okkar hugmyndum og viðskipti okkar hafa einkennst af trausti. Við erum mjög ánægð með okkar ráðgjafa en Lýsingu helst vel á starfsfólki og þannig skapast stöðugleiki í samskiptum. Það er svo gott að vita að hverju maður gengur.“

**Garðar K. Vilhjálmsson framkvæmdastjóri,
Bílaleigan Geysir**



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir


LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Hópur fjárfesta undir forystu Björgólfs Thors tók tékkneska fjarskiptafélagið CRa yfir árið 2004 og seldi félagið með áttatíu milljarða króna söluhagnaði tveimur árum síðar. MARKAÐURINN/VILHELM

Áhorfendahópurinn breikkar

Björgólfur Thor Björgólfsson segir að CRa hafi vakið upp áhuga sinn fyrir símafyrirtækjum. Þetta var fyrsta símafélagið sem hann fór inn í og það fyrsta sem hann innleysti hagnað af. Salan á CRa, sem skilaði Björgólfi Thor um 56 milljarða króna söluhagnaði, hefur verið útnefnd viðskipti ársins. Eggert Þór Aðalsteinsson ræddi við Björgólf.

Seint í nóvember bárust þau tíðindi að fjárfestingasjóðirnir CVIL og Bivideon, sem eru að stærstum hluta í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefðu selt tékkneska símafyrirtækið CESKE Radiokomunikace (CRa) til Al Bateen Investments, Lehman Brothers og Mid Europa Partners fyrir 1,2 milljarða evra eða um 110 milljarða króna. Landsbankinn og Straumur-Burðarás áttu einnig hluti í sjóðunum en söluhagnaður nam alls áttatíu milljörðum króna.

Þetta var í senn stærsta sala íslenskra fjárfesta frá upphafi og mesti innleysti hagnaður af sölu. Á aðeins tveimur árum tókst eigendum félagsins að tvöfalda verðmæti CRa en áætlað er að söluhagnaður Björgólfs hafi numið um það bil 56 milljörðum króna að meðtöldum arðgreiðslum. Til samanburðar seldu Björgólfsfeðgar og Magnús Þorsteinsson Bravo-bjórverksmiðjurnar í Pétursborg til Heineken fyrir fjórutíu milljarða króna á sínum tíma.

Þessi einstaka sala vakti að vonum mikla athygli í viðskiptalífni og var dómnefnd Markaðarins einhuga um að þetta væru viðskipti ársins 2006 í íslensku viðskiptalífi.

KEYPT Á TVÖFALDA „EBITDA“

CRa rekur sögu sína til ársins 1963 og var einkavætt árið 2001. Verðmætasti eignarhlutur þess er um fjórutíu prósent hlutur í T-Mobile, öðru stærsta símafyrirtæki Tékklands, en auk þess liggja mikil verðmæti í fastlínunum og dreifikerfum sem félagið hefur byggt upp á liðnum árum.

Félagin sem Björgólfur Thor fór fyrir hófu að kaupa hlutabréf í tékkneska fjarskiptafélaginu árið 2003 og afskráðu það úr

Kauphöllinni í Prag ári síðar. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins var CRa keypt upphaflega á einungis tvöfalda EBITDA – það er á tvöfalda rekstrarhagnað fyrir afskriftir. Stjórnendur félagsins áttu ekki síður stóran þátt í þeirri verðmætamyndun sem varð síðar til innan veggja CRa en útsjónarsemi kaupenda. Kannski mætti líta svo á hlutina að viðskiptin hefðu verið viðskipti ársins fyrir tveimur árum þegar félagið var keypt á afar hagstæðu verði en að salan í ár hefði farið fram á eðlilegu verði.

Björgólfur segir að lítið hafi farið fyrir tékkneska félaginu sem var hans fyrsta fjárfesting í fjarskiptageiranum og sú fyrsta sem hann innleysti hagnað af. Þetta hafi verið mjög skemmtilegt á allan hátt og gjöfult eins og síðar kom á daginn. Hann var spurður hvort fjárfestahópurinn hefði leyst út hagnað fyrir en áætlanir gerðu ráð fyrir. „Nei, þetta var svona nokkurn veginn á áætlun í tímaramma. Þetta var fyrsta fjárfesting mín í fjarskiptageiranum og þarna kviknaði í rauninni áhugi minn á símageiranum. Eftir þetta fór ég að fjárfesta meira í honum.“

KAUPENDAHÓPURINN BREIKKAR

Björgólfur Thor segir að salan hafi vakið mikla athygli í Evrópu, enda var þarna á ferðinni stærsta skuldsetta yfirtakan í Mið-Evrópu af hálfu fjárfestingasjóða. „Þetta hefur breikkað áhorfendahópinn ef maður getur orðað það svo. Þessir hefðbundnu „private equity“ sjóðir hafa ekki verið mikið í verkefnum af þessari stærðargráðu í Mið-Evrópu en eftir að þessi skuldsetta yfirtaka átti sér stað þá eru fleiri sjóðir sem hafa áhuga á því að

fara til Mið-Evrópu. Það er gott mál fyrir okkur því við eigum góðar eignir þar.“

Björgólfur segir að mestur tími hans fari í að sinna stórum fjárfestingaverkefnum í Búlgaríu en hann er umsvifamesti erlendi fjárfestirinn í Búlgaríu. Hlutur Novators, fjárfestingafélags Björgólfs, er um 75 prósent í búlgarska símanum BTC og nemur markaðsvirði bréfanna 105 milljörðum króna. Þegar hann kom að verkefninu störfuðu 24 þúsund manns hjá félaginu; nú starfa þar fjórtán þúsund. „Þarna hefur geysileg endurskipulagning farið fram en sú vinna gengur vel. Við erum reyndar aðeins á undan okkar áætlunum þar hvað varðar nútímavæðingu á kerfinu.“ Búlgaríu gengur um áramótin inn í Evrópusambandið sem gerir hlutina ákaflega spennandi að mati Björgólfs Thor.

Hann horfir einnig til fjárfestinga í fjármálageiranum í Mið- og Austur-Evrópu, en þar eru miklir vaxtamöguleikar. Hann á um 34 prósent hlut í Economic and Investment Bank, einum af tíu stærstu bönkum Búlgaríu sem er skráður í Kauphöllina í Sofíu. „Eftir því sem hagkerfin verða stöðugri og kaupmáttur eykst þá er það fyrsta sem fólk gerir er að taka lán út á húsnæði, kaupa sér stærri íbúðir eða gera þær upp.“

EINSTÖK FJÁRFESTING Í PÓLLANDI

Þegar Markaðurinn ræddi við Björgólf Thor var hann nýkominn frá Póllandi. Novator fjárfesti í fjarskiptafélaginu P4 í fyrra en á næsta ári stefnir pólska félagið að verða það fyrsta sem býður þriðju kynslóðina af farsímabjónustu í Póllandi. Fjárfestingin í P4 er merkileg á


margan hátt. Þetta var fjárfesting þar sem menn byrjuðu með tvær hendur tómar þar sem enginn grunnur var til staðar. „Frá því að vera með tóma skrifstofu og eitt leyfi erum við komnir með tvö hundruð manns í vinnu. Andrúmsloftið er ákaflega skemmtilegt þar.“

Björgólfur Thor segir að hann hafi skoðað fjárfestingar í fleiri Austur- og Mið-Evrópuríkjum á borð við Slóvakíu og Slóveníu. Novator hefur tekið þátt í fjórum til fimm uppboðum en ekkert varð úr því að það hreppti hnossin þar sem mönnum fannst símafyrirtækin vera of dýr þegar á hólminn var komið. „Við erum líka alltaf að leita að öðrum leiðum en að bjóða beint í fyrirtækin. Það getur verið vel verið að við förum þá leið sem farin var í Póllandi að byggja frá grunni beint í öðrum fyrirtækjum.“

ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN

Björgólfi finnst ekki síður skemmtilegt að sjá þegar sú vinna sem átt hefur sér stað við þróun á þriðju kynslóðar farsímum er farin að skila fullbúinni vöru. „Við höfum kynnst því núna í Finnlandi þar sem menn eru lengst komnir. Þar er kominn tveggja megabitahraði í farsímatengingu í Helsinki. Menn eru farnir að horfa á allt aðra vöru, geta horft á sjónvarp í farsímanum sínum.“

Novator Finland er langstærsti hluthafinn í finnska fjarskiptafélaginu Elisa. Söluölur í Finnlandi sýna að þegar kerfið sjálft er komið í gang eru kunnarnir fljótir að skipta á milli kerfa. „Mig grunar að það sama muni gerast á öðrum mörkuðum, að það verði hraðari skipting úr venjulegum gsm-símum í þriðju kynslóðina.“



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að **gerast á markaðnum** í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis HUGBÚNAÐUR

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is



Fær fyrirtækið gæðastimpil frá starfsfólkinu?

Forráðamenn fyrirtækja, stærri og smærri, vita að velgengni veltur ekki síst á ánægju starfsfólksins. VR stendur árlega fyrir könnuninni Fyrirtæki ársins en niðurstöðurnar veita forráðamönnum mikilvæga innsýn í viðhorf starfsmanna og eru dýrmætur mælikvarði á frammistöðu fyrirtækisins í starfsmannamálum.

Fyrirtækjum stendur til boða að allir starfsmenn taki þátt í könnuninni, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Þannig geta allir sagt sinn hug og heildstæðari mynd fæst af stöðu fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar um Fyrirtæki ársins 2007 er að finna á vr.is.

Viðskiptaannáll 2006

Árið 2006 má segja að hafi verið nokkur eldskírn fyrir íslenskt bankakerfi og að nokkru leyti efnahagslíf. Eftir mikla útrás íslenskra fyrirtækja beindust augu alþjóðafjófesta og peningastofnana í auknum mæli hingað og upp risu áleitnar spurningar um innviði íslensks efnahagslífs og áhrif þess á aðbúnað og rekstur fyrirtækja, sér í lagi bankanna. Þá hafa átt sér stað aðrar breytingar sem umhverfi fyrirtækja, svo sem yfirtaka OMX-kauphallakeðjunnar á Kauphöll Íslands á seinni hluta ársins. Segja mætti því að árið hafi einkennst af umræðu um efnahagslíf þjóðarinnar og að nokkru marki um stöðu íslensku krónunnar. Ræturnar að óróleikanum í byrjun árs hafa nefnilega að nokkru verið raktar til skortstöðu Norska olíusjóðsins á krónuna á seinni hluta ársins 2005. En þótt ef til vill ólgaði undir fór árið rólega af stað.

Mikil bjartsýni var ríkjandi í upphafi árs. Að baki var metár í viðskiptum þar sem úrvalsvísitalan hafði hækkað um 65 prósent, langt umfram væntingar. Bankar, fjárfestingarfélag og stór útrásarfyrirtæki höfðu rokið upp úr öllu valdi og náð áður óþekktum stærðum. Markaðsvirði viðskiptabankanna náði í janúar yfir þúsund milljörðum króna, slagaði hátt í hrein- ar eignir lífeyrissjóðanna. KB banki sló reyndar met strax á fyrsta degi viðskipta þegar markaðsvirði hans fór í fyrsta sinn yfir 500 milljarða króna.

Ekki er því að undra mikinn áhuga fjárfesta á hlutafjárútbóði Íslandsbanka í byrjun ársins þar sem selt var nýtt hlutafé fyrir 19 milljarða króna í lokuðu útbóði til fagfjárfesta. Bjarni Ármannsson forstjóri keypti fyrir 930 milljónir og Karl Wernersson fyrir þrjú milljarða. Breytingar höfðu jafnframt átt sér stað í eigendahópi bankans þegar Straumur seldi nálægt því fjórðungshlut í bankanum til nokkurra fjárfesta. Togstreita hafði verið í hluthafahópnum og óeining um stefnu.

Þá var upplýst um að hjá Keri vildu menn fara í uppstokkun og erlendar fjárfestingar, en þar var Olíufélagið Esso sett í sölumedeferð. Mikill áhugi bæði innlendur og erlendir var sagður á fyrirtækinu, en salan fór þannig fram að valdir voru örfáir til að skila inn óskuldbindandi tilboðum áður en frekari samningaumleitunir færu fram.

Undir lok mánaðarins hurfu svo Jarðboranir af markaði eftir að Atorka keypti fyrirtækið af Orkuveitu Reykjavíkur. Þá fékk Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki í fyrsta sinn mat hjá Fitch Ratings. Samtök iðnaðarins stóðu svo fyrir fundi í lok mánaðarins þar sem hátæknifyrirtæki og háskólastofnanir skorðu á stjórnvöld að efla „þriðju stöðina“ í íslensku efnahagslífi, hátækniidnað og nýsköpunarstarf.

„Við blasir aukin samkeppni við aðrar kauphallir, bæði vegna breytinga á umhverfi fjármálamarkaða og eflingar skráðra félaga. Stærstu félögin geta auðveldlega skráð sig á aðra markaði.“

Þórir Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, 4. janúar.

FEBRÚAR

Mánuðurinn byrjaði á neikvæðum skrifum erlendra greiningardeilda um stöðu bankanna. Bankarnir sögðu gagnrýnina á misskilningi byggða og bjuggust til að bæta upplýsingagjöf til erlendra fjárfesta með von um skjóta úrlausn. Nánar er fjallað um bankaóróðann í sérstökum kafla hér til hliðar.

Í febrúarbyrjun var upplýst um beiðni alþjóðlegu byggingarvörukeðjunnar til Reykjavíkurborgar um að fá að byggja í



landi Úlfarsfells stærstu byggingarvöruverslun landsins. Fyrirtækið sagðist áður hafa verið búið að fá vilyrði fyrir lóðum bæði í Kópavogi og í Garðabæ, en þær fyrirtælanir ekki gengið eftir.

Hluthafar og stjórnendur Bílanausts ásamt fjárfestum keyptu Olíufélagið Esso af Keri á 17 til 18 milljarða króna. Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Bílanausts og nýs eignarhaldsfélags Olíufélagsins, taldi töluverða möguleika á auknu samstarfi og hagræðingu.

Í byrjun mánaðarins gaf Kaupþing banki svo út svokölluð „sérvarin skuldabréf“ til að fjármagna húsnæðislán sín. Bankinn fékk toppinkunn, AAA hjá Moody's, á bréfin, en það er sama einkunn og ríkið og í fyrsta sinn sem íslenskt fyrirtæki fékk slíka einkunn án ríkisábyrgðar.

Icelandair Group upplýsti um fyrirætlanir um skráningu félagsins á markað á en fyrir áramótin höfðu verið gerðar stórfelldar skipulagsbreytingar á flugfélaginu sem skildi það enn frekar frá móðurfélaginu FL Group. Nánari útfærsla á útbóði og sölufelri átti að liggja fyrir með vorinu.

Skýrr, dótturfélag Kögunar, skrifaði undir samning um kaup á tæplega 60 prósent hlut í EJS. Um svipað leyti var upplýst að Síminn hefði keypt 27 prósent í Kögum af FL Group og Straumi-Burðarási á rúma þjá milljarða króna.

Hagfræðistofnun kynnti í febrúar skýrslu um gengismál en í henni var nið-

urstaðan sú að þótt ýmislegt mælti með því að taka hér upp evru, svo sem efling samkeppnisatvinnuvega, aukin alþjóðaviðskipti og lægri vextir, þá vægi þyngra að hafa hér sjálfstæða peningamálastjórn sem væri litlu hagkerfi ein og okkar þar sem sveiflur væru miklar mikilvægt. Á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs var horft til framtíðar þar sem þjóðin yrði tvítyngd og Ísland það samkeppnishæfasta í heimi.

„Alveg klárt er að um bankana gildir ekki að illt umtal sé betra en ekkert.“

Sigurjón P. Arnason, bankastjóri Landsbankans, 8. febrúar.

MARS

Víðar reyndist titringur en í umræðu um fjármála- og efnahagslíf eins og opinberaðist í marsbyrjun þegar gáraðist áður lyngt yfirborðið hjá Straumi-Burðarási. Magnús Kristinsson, varaformaður stjórnar, var óvænt felldur úr embætti á fysta fundi stjórnar bankans þar sem hún skipti með sér verkum. Almennur rómur var í þá átt að Björgólfur Thor Björgólfsson formaður hefði þarna stigið feilsþor sem ekki sæi fyrir endann á þegar stórum hluthafa var ýtt til hliðar.

Ellefta mars kynnti Íslandsbanki útlits og nafnbreytingu hjá sér. Bankinn heitir nú Glitnir.

Upplýst var um það í marsbyrjun að í byrjun ársins hafi verið slegið met í kaupum íslenskra fjárfesta á erlendum verðbréfum. Undir þessa þróun sögðu sérfræðingar að ýtt hefði sterk króna og hátt verð verðbréfa heima fyrir. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, sagði þessa þróun verðbréfa góða. „Æskilegt er að menn dreifi áhættunni og gott fyrir svona skuldsetta þjóð að menn eigi eignir erlendis sem skili okkur tekjum í framtíðinni,“ sagði hún.

Staðan í efnahagsmálum hélt áfram að valda mönnum áhyggjum. Hagstofan birti tölur um að hagvöxtur á árinu 2005 hefði verið 5,5 prósent. Í september voru svo reyndar birtar endurskoðaðar tölur sem sýndu hagvöxt upp á 7,5 prósent hagvöxt.

Ríkisstjórnin kynnti aðgerðir til stuðnings nýsköpunarfyrirtækjum, en gera átti lífeyrissjóðum auðveldara að fjárfesta í þeim og bakslag kom í bankaumræðuna í byrjun mánaðarins þegar Merrill-Lynch gaf út skýrslu sína.

Á seinni hluta marsmánaðar kom Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupþings með innlegg í umræðu um stöðu krónunnar þegar hann sagði hana í raun ekki henta bankanum. Verulega athygli vakti þegar hann sagði að huga þyrfti að því hvort bankinn yrði í framtíðinni íslenskur eða evrópskur. Umræða




Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

Action Day[®] ...something more than a Notebook!

FRÁ HUGSUN TIL FRAMKVÆMDA

„The Action Day Notebook“ hjálpar þér að fanga hugmyndir þínar og staðreyndir og sýnir þér einnig hvernig þú getur komið hugmyndum þínum í verk.



1 Kannaðu - hugsaðu - skrifaðu það niður!

To have a great idea, have a lot of them. – Edison
Don't just think it – ink it! – Author Unknow

2 Komdu hugmyndunum í verk!

Fangaðu hugmyndir þínar og framkvæmdu þær!

1. Skrifaðu niður hugmyndir þínar eða verkefni.
2. Skrifaðu niður hvaða árangri þú vilt ná.
3. Spyrðu þig svo hvert sé næsta skref til að koma verkinu áfram.
4. Svo skaltu ákveða hver á að gera hvað. Viltu sjá um verkið sjálf(ur) eða fá aðra til þess?
5. Hvenær á verkinu að vera lokið? Hver eru tímamörkin?

The value of an idea lies in the using of it.
– Edison

Action Day Notebook!



2007 FRAMKVÆMDABÓKIN ...eitthvað meira en dagbók!

HJÁLPAR ÞÉR AÐ LÁTA HLUTINA GERAST!



HEILDARSÝN YFIR ÖLL ÞÍN MÁL Á EINNI OPNU!

- 1 Dagbókarhluti
- 2 Mál sem ég ætla að afgreiða í vikunni
- 3 Markmið og verkefni sem ég ætla að vinna að í vikunni
- 4 Framseld verkefni í vikunni

UMSAGNIR UM FRAMKVÆMDABÓKINA:

„Hagnýt og vel uppsett dagbók, sem hefur mikla sérstöðu.“ – framkvæmdastjóri

„Ég hef notað Framkvæmdabókina og þetta er í fyrsta sinn sem dagbók virkar fyrir mig og hef ég þó prófað margar útgáfur af bókum og skipulagsforritum.“

– framkvæmdastjóri tölvufyrirtækis

„Ég hef verið að nota Framkvæmdabókina og finnst þetta vera besta dagbók sem ég hef fengið.“ – skólastjóri

2007 FRAMKVÆMDABÓKIN

Netfang: fbokin@fbokin.is · Fax: 561 5802 · Sími: 561 5800





um krónuna var líflæg í mars, enda stóð hún höllum fæti í hafsjó erfiðrar umræðu um íslenskt efnahagslíf. 21. mars kom út „svarta skýrslan um Ísland“ hjá Danske bank.

Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallarinnar sagði svo í mars að ekki væri hægt að útiloka sameiningu við OMX kauphallarsamstæðuna, en eins og staðan væri þætti óbreyttur rekstur hagstæðari.

Hjá Kögum var allt útlit fyrir að Síminn myndi kaupa fyrirtækið að fullu. Stjórnendur og aðrir stórir hluthafar virtust reiðubúnir að selja bréf sín stærstu hluthöfum, Exista og Símanum. Annað tengt Símanum í marslok var að greint var frá því að fyrirtækið ætti í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um möguleg kaup Orkuveitunnar á grunnneti Símans.

Í lok mánaðarins kom í ljós að Skoðun dótturfélag Dagsbrúnar hafði keypt 51 prósent bréfa Kögum, sem áður stefndi í að stærstu hluthafarnir, Síminn og Exista keyptu. Verðið var tæpir 7,4 milljarðar króna, en seljendur voru fjölmargir

starfsmenn Kögum, Straumur-Burðarás og Teton ehf., félag í eigu forstjórans Gunnlaugs M. Sigmundssonar, Arnar Karlssonar, stjórnarformanns Kögum og Vilhjálms Þorsteinssonar. Í kjölfarið lagði Skoðun fram yfirtökutilboð og keypti hlut Símans og Exista.

„Staðreyndin er að alltaf verður erfitt að reka íslensku krónuna í alþjóðlegu fjármála-umróti. Íslenska krónan er minnsti gjaldmiðill í heimi á frjálsum markaði. Framhjá því komumst við ekki og þess vegna er hún mjög viðkvæm fyrir hvers konar hreyfingum á

markaði. Við höfum enda séð það nú að vont umtal erlendis, byggt á vanþekkingu, getur orðið til þess að setja ákveðna skriðu af stað.“

Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, 27. mars.

APRÍL

Nokkur titringur einkenndi fjármála-markað í byrjun apríl. Hlutabréf í erlendum fyrirtækjum að stórum hluta í eigu Íslendinga höfðu fallið í verði vegna ótta um að íslenskir eigendur þeirra hefðu ekki burði til að taka þau yfir. Best kom þetta fram í bresku Kauphöllinni þar sem merkja mátti töluverða lækkingu á bréfum easyJet og Woolworths. Danske Bank spáði söluskriðu.

Ekki gengu eftir spár um stórfelldan flóttu íslenskra fjárfesta úr erlendum fjárfestingum, en FL Group innleysti engu að síður í byrjun mánaðarins hagnað upp á 13 milljarða króna þegar félagið seldi hlut sinn í easyJet. Fyrstu kaup FL Group í flugfélaginu höfðu átt sér stað í október 2004.

Þá var í byrjun mánaðarins upplýst að fótur var fyrir þrálátum orðrómi um atlögu Norska olíusjóðsins að bréfum í íslensku bönkunum. Sjóðurinn, sem er lífeyrissjóður noska ríkisins, hafði tekið svokallaða skortstöðu fyrir áramótin gegn skuldabréfum bæði Kaupþings og Landsbankans. Skortstaða heitir þegar fjárfestir selur skuldabréf og kaupir aftur þegar verð þeirra hefur lækkað.

Í Danmörku réði Dagsbrún Sven Dam í starf forstjóra og varastjórnarmanns 365 Media Scandinavia A/S, undirbúningur Nyhedsavisen var í fullum gangi. Össur þurfti einnig í byrjun mánaðarins að innkalla um þrjú þúsund gervihné vegna framleiðslugalla. Ekki var takið að þetta hefði áhrif á framtíðarhorfur fyrirtækis-

ins sem þóttu og þykja enn góðar. Marel keypti fyrirtækið AEW Thurne og Delfod Sortaweigh í Bretlandi og sameinaði undir hatti AEW Delford Systems. Hjá Marel sögðu menn þetta fyrsta skrefið af mörgum í leið þeirra í að stækka og efla fyrirtækið, boðuðu frekari fyrirtækjakaup og hlutafjárukningu síðar á árinu til að halda sterkri eiginfjárstöðu á vaxtarskeiði.

Áhrifin af undanstuðningu Dagsbrúnar þegar Kögum var keypt voru svo enn að koma í ljós í aprílbyrjun, en þá lét Hreinn Jakobsson forstjóri Skýrr af störfum. Hann hafði þá stýrt félaginu síðan á haustdögum 1997. Hreinn tók afstöðu með Símanum í slagnum og var ósáttur við aðkomu Dagsbrúnar, móðurfélags Og Vodafone.

Þá kom stjórn Straums-Burðarás saman til fundar 26. apríl í fyrsta sinn í sjö vikur.

„Vonandi verða ekki mót-mæli á flugvellingum þegar við mætum.“

Lars Christensen, sérfræðingur Danske Bank, 12. apríl.

MAÍ

Í maí varð viðsnúningur í umræðu um íslenskt efnahagslíf og stöðu bankanna þegar hagfræðingarnir Frederic Mishkin og Tryggvi Þór Herbertsson birtu skýrslu sína. Útskriftarnemar á Bifrost kynntu einnig ritgerð þar sem bornir voru saman íslenskir og útlenskur bankar. Nemarnir voru bit á vinnubrögðum erlendra greiningardeilda. Þá var í undirbúningi ráðstefna Economist hér á landi og kvað við nokkuð hófstilltan tón í umræðu hagfræðings greiningardeildar Economist fyrir fundinn.

Um miðjan mánuðinn bættist svo við álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku efnahagslífi. Sjóðurinn kallaði eftir fastmótuðum reglum um fjárlagagerð sem hjálpað gætu stjórnvöldum að standast útgjaldaprýsting á þenslutímum. Þá taldi



Einstakur – eins og þú vilt hafa hann

Mercedes-Benz á sér langa sögu í yfirburðum hvað varðar fágún og glæsileika í hönnun. ASKJA býður nú sérstaka þjónustu þar sem þú getur pantað sérsníðna útgáfu af Mercedes-Benz, algjörlega eftir þínu höfði. Þú getur valið um marga mismunandi liti og áferð á innréttingum svo eitthvað sé nefnt, allt eftir þörfum þínum og

smekk. Komdu í glæsilegan sýningarsal okkar að Laugavegi 170. Við aðstoðum þig við að sérpanta draumabílinn þinn svo þú getur upplifað þá sérstöku tilfinningu að eiga einstakan Mercedes-Benz – eins og þú vilt hafa hann.



Mercedes-Benz

Tölvugjafir

- allt fyrir áhugamanninn



ASUS

Asus Pundit

- 3.33GHz Intel Celeron örgjörvi
- 512MB OCZ DDR2 minni
- DVD ± R/RW 16x4x16 Dual layer drif
- 250GB SATA harður diskur
- ATI Radeon Xpress 200 skjákort
- Innbyggt 10/100 netkort
- Innbyggður kortalesari
- Fjöldi tengja að framan
- Windows XP Home

Verð kr. 59.990



Asus T2 BORDTOLVA

- 3.0GHz Intel P4 531 LGA775 örgjörvi
- 1GB OCZ DDR2 533MHz Dual Channel minni
- DVD ± R/RW 16x8x16 Dual Layer drif
- Innbyggt hljóðkort
- 250GB harður diskur
- Intel 945G skjástýring
- Innbyggt Gbit netkort
- Windows XP Home OEM
- Innbyggt útvarp

Verð kr. 69.990



SONY

Sony VAI011NS/W FARTÖLVA

- Intel Core Duo T2050 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+-RW skrifari
- 15.4" breiðtjaldsskjár
- Intel Graphics Media Accelerator 950
- Windows Media Center Edition
- Þráðlaust netkort

Tilboðsverð kr. 149.990

Fullt verð kr. 169.990



Logitech X-230 HÁTALARAKERFI

32W RMS, 2 öflugir hátalarar og stórt bassabox - Frábær hljómur.

kr. 5.990



Sarotech Abigs 3.5" SJÓNVARPSFLAKKARI

Sjónvarpsflakkari, spilar kvikmyndir, þætti, tónlist og ljósmyndir í sjónvarpinu þínu.

kr. 15.990

Sarotech Abigs 3.5" Sjónvarpsflakkari - HiDef - Lan

Sjónvarpsflakkari - þessi gerir allt saman. DVI og 10/100 LAN tengi, 1920x1080 high definition, LCD skjár.

kr. 29.990



Sarotech 3.5" USB2 FLAKKARI

Flakkari USB2.0 úr áli með innbyggðum straumbreyti. Viftulaus. Taska fylgir með. Góður hugbúnaður fylgir - Auðvelt að taka afrit.

kr. 3.990

Razer Copperhead Chaos Green LEIKJAMÚS

Hraðvirk leikjamús sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga. 2000 dpi Razer Precision™ laser 1000Hz með 1 ms svartíma.

kr. 5.990



Asus 7300LE PCI-E 64MB - DVI - DUAL VGA - PCIe

PCI Express skjákort - sjónvarps útgangur.

kr. 5.990

Philips SPC200 VEFMYNDAVÉL 640x480

Vefmyndavél - 640x480 punkta upplausn - 30 fps í video - 24bita litadýpt - Gott í MSN og Skype - míkrafónn fylgir - Philips gæði.

kr. 3.990



Canon iP3300 4 hylkja PRENTARI

Canon iP3300, 4 hylkja, 4.800x1.200dpi, full blæðing, 25bls í svörtu, 17bls í lit, ChromaLife100, Direct Print, USB 2.0.

kr. 9.990

Canon Smartbase MP500 FJÖLNOTAPRENTARI

Canon All-in-One MP500 skanni 1200x4800dpi, blekprentari 9600x2400dpi, 19-29 bls/mín, duplex, CL100.

kr. 19.990



19" LCD Philips 190S TÖLVUSKJÁR

19" LCD Tölvuskjár - Upplausn: 1280x1024 punktar - Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms - Birta: 250cd/m2 og sjónsvið (H/V): 160/160° - Borðstandur fylgir.

kr. 29.990



SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

ASUS

Sarotech

PHILIPS

OCZ

TRENDNET

sjóðurinn brýnt að gera breytingar á Íbúðalánasjóði, sem hefði af „þarflausu grafið undan peningastefnu Seðlabankans, aukid ójafnvægi í hagkerfinu og ógnað fjármálastöðugleika“. Undir lok mánaðarins tókust svo á sjónarmið bankanna og stýrihóps félagsmálaráðherra sem skila átti tillögum um framtíð Íbúðalánasjóðs. Sjóðurinn var og er enn pólitískt bitbein í hálsi hagkerfisins. Þá voru bankarnir í mánuðinum teknir að tipla á bremsuna í útlánunum sínum, gerðu auknar kröfur og lækkuðu hámarkshlutfall lána.

CCP kynnti svo methagnað sinn á fyrsta fjórðungi ársins. Tölvuleikjaframleiðandinn græddi 110 milljónir, meira en fyrirtæki á borð við Marel, Nýherja og Óssur. Viðs vegar voru framkvæmdamenn á ferð. Til dæmis stefndi Vestur-Íslendingurinn Larry Finnson á dreifingu íslensks drykkjarvatns í Kanada undir lok mánaðarins undir merkjum Icelandic Glacial. Icelandic Glacial er að meirihluta í eigu feðganna Jóns Ólafssonar og Kristjáns Jónssonar. Eimskip keypti meirihluta í breska félaginu Innovate og var þar með komið í forystu í hitastýrðum flutningum í Evrópu. Viðræður Orkuveitunnar og Símans um sameinginunni dreifikerfa voru sagðar á lokastigi. „Það er verið að hreinsa upp síðustu innansleikjurnar,“ sagði Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar.

„Mig hefði ekki óráð fyrir því fyrir þremur árum að við værum svona aftarlega á merinni.“

Elvar Steinn Þorkelsson framkvæmdastjóri Microsoft Ísland um nýjar tölur um hugbúnaðarþjófnað hér, 31. maí.

JÚNÍ

FL Group varð í júníbyrjun stærsti hluthafinn í Glitni, með 23 prósent, sem metin voru á um 60 milljarða króna. Cyntellect,



bandarsík-íslenskt líftæknifyrirtæki, kynnti fyrirætlanir sínar um skráningu á markað hér á landi. Félagið ætlaði að byrja á ISEC hliðarmarkaðnum. Áætlanir þess gengu síðan ekki eftir og hætt var við skráningu.

Samskip tóku í mánuðinum við tveimur nýjum skipum og kynntu stefnu sína til framtíðar. Félagið hafði vaxið hratt og var komið í kjörstöðu á svokölluðum skemmri siglingaleiðum í Evrópu og ætlaði að sameina alla starfsemi sína undir merkjum Samskipa, þar á meðal hið fornfræga félag Geest North Sea Line. Geest var í fararbroddi við þróun nýrra 45 feta gáma sem leika lykilhutverk í framtíðar-

sýn félagsins, enda hægt að flytja þá hvort heldur sem er í bíl, lest eða skipi án þess að umstafla þurfi sendingunni.

Greint var frá því í júní að von væri á viðskiptagúrúnum Michael E. Porter til landsins með haustinu þar sem hann kæmi til með að kynna nýja rannsókn á samkeppnishæfi landsins og halda fyrirlestur. Þá samdi Baugur Group við ellefu íslenska tónlistarmenn og kynnt var stofnun Hugverkasjóðs Íslands. Sjóðurinn kaupir höfundarrétt listamanna og þeir smávinna hann svo til baka eftir því sem tekjur koma í sjóðinn af verkum þeirra. Slagur Actavis við Barr um króatíska samheitalyfjafyrirtækið PLIVA var

í fullum gangi, en undir lok mánaðarins upplýsti stjórn króatíska félagsins að hún styddi boð Barr.

„Þetta eru nýmæli á Íslandi, en útgefendur tónlistar hafa sinnt þessu í nágrannalöndunum. Almennt þýðir það að höfundum er veitt fjárhagslegt svigrúm með fyrirframgreiðslum á höfundarrétti á hagstæðum kjörum sem miðast að því að efla þá að allri dáð og gera þeim kleift að semja fleiri og betri lög.“

Jakob Frimann Magnússon, 21. júní.

JÚLÍ

Í júlí taldi greiningardeild Kaupþings í efnahagsspá að niðursveifla væri byrjuð í efnahagslífinu og spáði raunvirðislækkun fasteigna um sjö til átta prósent næsta árið. FL Group keypti hlut Magnúsar Kristinssonar og tengdra aðila í Straumi-Burðarási og varð við það stærsti hluthafinn. Viðskiptaráð hafnaði í öllu hugmyndum sem heilbrigðisráðherra hafði hreyft við um að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins í viðleytni til að lækka hér lyfjaverð. Á meðan hélt áfram slagur Actavis við Barr um PLIVA. Davíð Oddson seðlabankastjóri sagði að í rétta átt stefndi í útlánunum bankanna. Hann hafði um vorið áréttað að enn sæust ekki nægileg merki þess að drægi saman í útlánunum þeirra en taldi á vaxtaákvörðunardegi í byrjun mánaðarins að bankarnir stýrðu hegðan sinni fremur í takt við væntingar Seðlabankans en verið hefði. Sérfræðingar töldu líklegt að minni


Við erum öflugt flutningafyrirtæki með daglegar ferðir milli Akureyrar og Reykjavíkur með viðkomu á Blönduósi

Við veitum góða og persónulega þjónustu



Erum með afgreiðslu á Akureyri ,
Reykjavík og Blönduósi
Símanúmer Akureyri 840 1634,
Reykjavík 520 8900
Blönduósi 840 1638

Nesfrakt
AÐALFLUTNINGAR



Gutenberg

gott betur

Gutenberg er þjónustufyrirtæki í prentiðnaði. Við byggjum á traustum grunni sem hefur þróast á undanförunum 100 árum. Við erum sérfræðingar í stórum og smáum prentlausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gutenberg leggur áherslu á persónulega þjónustu og að leita hagkvæmustu leiða í hverju tilfalli fyrir sig. Við höfum skilning á þörfum viðskiptavinarins og uppfyllum kröfur hans.



útlán skýrðust af hluta af því að endurfjármögnun íbúðalána væri að stórum hluta lokið. Um mánaðamótin var höftum sleppt af leigubílamarkaði og afnumdar reglur um hámarkstaxta, en mjög voru skiptar skoðanir um ágæti þeirrar aðgerðar.

Standard & Poor's lækkaði lánshæfismat Íbúðalánasjóðs í mánuðinum. Þar á bæ sögðu menn lækkunina komna til af samkeppni. Straumur-Burðarás kom á óvart í afkomutölum og græddi 300 milljónir þegar spár höfðu gert ráð fyrir milljarðatapi.

Viðskiptaráð gaf út skýrslu sína Krónan eða atvinnulífið í lok mánaðarins. Þar voru sagðir tveir raunhæfir kostir í framtíðarskipan gengismála. Annað hvort að halda krónunni og fljóttandi gengi, eða ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. „Til þess að Íslendingar geti átt raunhæft val milli þessara tveggja kosta þarf skipan og stjórn efnahagsmála að vera með þeim hætti að hún sé til þess fallin að stuðla hér að jafnvægi,“ sagði Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, en hann fór fyrir hópnum sem skrifaði skýrsluna.

ÁGÚST

Tölur um gróða bankanna opnuðu ágúst-mánuð, en á öðrum árshluta höfðu þeir hagnarst um 31 milljarð króna. Fleiri voru að spila tölvuleikinn EVE Online en nemur fólksfjöldi íslensku þjóðarinnar og CCP, framleiðendur leiksins, sögðust hugleiða skráningu félagsins á Nasdaq hlutabréfmarkaðinn. Marel keypti danska félagið Scanvaegt International á 109,2 milljónir evra, eða sem nemur tæplega 9,9 milljörðum íslenskra króna. Kaupin voru sögð í takt við yfirlýsta stefnu um hraðan vöxt með uppkaupum fyrirtækja. Félagið var orðið leiðandi á sínum markaði. Eyrir Invest varð stærsti hluthafinn í Marel eftir kaup af Landsbankanum.

Ungur Íslendingur í Ameríku að nafni Kjartan Hilmarrson hafði verið að fíkta við að búa til skyr úr amerískri mjólk í eldhúsinu heima hjá sér. Hann stefndi á tilraunaframleiðslu með það fyrir augum að koma framleiðslunni í stórum stíl á Bandaríkjamarkað.

Áframhaldandi samdráttur var á fasteignamarkaði og voru sérfræðingar teknir að óttast stöðnun. Frá því mest lét hafði velta dregist saman um 45 prósent. Merki tóku að sjást um lækkandi íbúðaverð. Töldu sérfræðingar að tími mismunar eftir hverfum í höfuðborginni væri að renna upp. Mest myndi íbúðaverð lækka í úthverfum, en minnst í miðborginni.

Viðskiptabankarnir þrír sögðust langt komnir með fjármögnun næsta árs og virtust hafa greiðan aðgang að lánsfjármagni. Endurfjármögnunarþörf Landsbankans fyrir næsta ár var sögð nema 2,6 milljörðum evra, Kaupþings um 4 milljörðum evra



og Glitnir sagðist hafa lokið fjármögnun næsta árs með útgáfu skuldabréfa fyrir yfir 2,7 milljarða evra.

Evruræðan komst aftur á flug þegar viðráðar voru hugmyndir stórra fyrirtækja um að skrá hlutabréf sín í erlendri mynt. Jafnframt þrýstu þau á um sameiningu Kauphallarinnar og OMX.

„Við getum í sjálfu sér gefið út hlutabréf í hvaða einingu sem er. Það er svo sem ekkert vandamál. Vandamálín snúa hins vegar að því að gera upp.“

Einar S. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands, 23. ágúst.

SEPTEMBER

Exista leitar að tækifærum í Bretlandi og á meginlandi Evrópu fyrir VÍS og Lýsingu og stefnir að því að setja Símann á markað í lok næsta árs. Skráning Exista á markað

hér í mánuðinum var stærsta nýskráning félags í Kauphöllina en félagið var metið á allt að 233 milljarða króna. Með skráningunni voru slegnar tvær flugur í einu höggi, losað um krosseignarhald Kaupþings og Exista og búin til verðmæti fyrir eigendur.

Í byrjun mánaðarins bauð danski fjárfestingasjóðurinn Garanti Invest viðskiptavinum sínum kost á að fjárfesta í sérstökum krónusjóði og veðja þar með á mjúka lendingu hagkerfisins hér og styrkingu krónunnar. Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, sagðist ekki myndu ráðleggja aldrei frænku að fjárfesta í slíkum sjóði. Hann sagðist eiga von á að krónan yrði áfram viðkvæm fram á næsta ár.

Í september var svo greint frá því að skipta ætti Dagsbrún upp í tvö félög á hluthafafundi. Bæði yrðu skráð í Kauphöll, fjarskipta- og upplýsingatæknifélagið Teymi og svo fjölmiðlafélagið 365.

Þá var upplýst að undirrituð hefði verið viljayfirlýsing um kaup OMX kauphallarsamstæðunnar á Kauphöll Íslands. Fullur samruni verður kominn á um áramót, en með þessu var tekið afdrifaríkt skref fyrir

fyrirtæki landsins þar sem allur aðgangur erlendra fjárfesta að þeim er miklu mun greiðari. Formlega var skrifað undir í lok október, en kaupverðið nam um þremur milljörðum króna. Talið var að hagkvæmt væri að stíga þetta skref strax áður en kynni að koma til enn frekari samruna kauphalla í Evrópu og Ameríku.

Icelandic Group kynnti fyrirætlanir um að skipta félaginu upp í þrjár einingar þar sem Icelandic USA og Icelandic Europe yrðu félög skráð í erlendum kauphöllum. Icelandic Group er þegar skráð í Kauphöllina hér.

„Allar sögur um það að Morgunblaðið, Síminn og Skjár einn eigi að verða ein fjölmiðlasamsteypa er algjörlega úr lasu lofti gripnar. Þær hugmyndir hafa aldrei verið ræddar.“

Lýður Guðmundsson starfandi stjórnarformaður Exista, 6. september.

Vorið og bankaóróinn

Óróleiki á fjármálamarkaði byrjaði með skrifum greiningardeilda og endaði með Mishkin og hálfársuppgjörum bankanna.

Árið er markað af óróleika í kringum bankana og umræðu um þá. Boltinn tók að rúlla í upphafi árs með vangaveltum um stöðu bankanna, við það jókst fjármögnunarkostnaður þeirra, sem svo aftur ýtti undir frekari vangaveltur um framtíðarhorfur þeirra. Segja má að óróaskeiðinu hafi svo lokið með Mishkin-skýrslunni og hálfársuppgjörum bankanna. Staða þeirra hvað varðar fjármögnunarkostnað er þó ennþá töluvert lakari en var á árinu 2005, en hefur verið að lagast hægt og hægt á seinni hluta ársins og þá sér í lagi eftir því sem þeir hafa sýnt fram á getu sína til að sækja sér fjármagn víðar en á skuldabréfamarkaði í Evrópu.

GREININGARFYRIRTÆKI ÁTTU FYRSTA LEIK Tvö erlend greiningarfyrirtæki, Barkleys Capital Research og svo Credit Sights, tóku sig til í febrúarbyrjun og gagnrýndu lánshæfismat íslensku bankanna og sögðu gengishagnað af hlutabréfum gera að verkum að staða þeirra væri veikari en uppgjör benti til. Bent var á meint krosseignarhald og talið að bönkunum væri hættu búin vegna ójafnvægis í efnahagsmálum hér.

Íslandsbanki og Landsbanki funduðu

með fjárfestum í Bretlandi í upphafi mánaðarins. Bankarnir sögðu gagnrýnina á misskilningi byggða, ruglað væri saman eignarhaldi og framvirkum samningum, afkoman væri góð burtséð frá gengishagnaði og að áhætta bankanna væri orðin það dreifð að ójafnvægi í efnahagsmálum hér hefði ekki nema takmörkuð áhrif. Töldu menn í bönkunum að aukin og bætt upplýsingagjöf í útlöndum myndi brátt skila sér.

Þegar matsfyrirtækið Fitch undir lok mánaðarins breytti svo horfum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar féll bæði krónan og verð hlutabréfa. Ástandinu var þannig lýst að fjármálakerfið hefði titrað af spenningsi. Efnahagsstefna ríkisins var gagnrýnd í mati fyrirtækisins og vaxandi erlend skuldsetning og mikill viðskiptahalli sögð áhyggjuefni. Fitch sagði einkenni ofhittunar í hagkerfinu.

JP Morgan birti hins vegar skýrslu um bankana þar sem við annan tón kvað en hjá öðrum erlendum greiningardeildum. Bankinn sagði fjárfesta hafa ofmetið áhættuþætti í rekstri bankanna og að álag á skuldabréf þeirra væri orðið of hátt. Í kjölfar fréttu af breyttum horfum hjá

ríkinu staðfesti Fitch svo í lok febrúar lánshæfismat allra íslensku bankanna.

MERRILL LYNCH OG DANSKE BANK BÆTA Í

Undir miðjan mars gekk svo Halldór Ásgrímsson fram og áréttaði styrka stöðu íslenska bankakerfisins. En nokkrum dögum fyrr hafði enn eitt bakslagið komið í umræðuna þegar skýrsla verðbréfafyrirtækisins Merrill Lynch kom út. Þá voru einnig nýbirtar tölur Seðlabanka Íslands um að viðskiptahalli hefði nálægt því tvöfaldast milli ára. Merrill Lynch taldi óvissu um hvort mjúk lending næðist í hagkerfinu og tald matsfyrirtækin Moody's og Fitch hvorugt hafa tekið nægilegt tillit til „kerfislægrar áhættu“ bankanna í lánshæfismati sínu á þeim. Skýrslan var að einhverju leyti samhljóma álitum Barclays Capital Research og Credit Sights frá því í byrjun febrúar. Skýrsla Merrill Lynch var þó heldur ítarlegri og gerði ákveðinn greinarmun á stöðu bankanna. Glitnir var sagður standa einna best.

Í mars kom einnig út 21. mánaðarins skýrsla Danske Bank um íslensku bankana og efnahagslíf. Í henni var dregin upp

kolsvört mynd þar sem landinu var líkt við Tyrkland og Taíland. Spáð var kreppu annað hvort á þessu ári eða næsta. Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, sagðist veigra sér við að kalla skrif Danske Bank skýrslu eða álit. „Plaggið er óvenjulega stórt,“ sagði hann og benti á að höfundar Danske segðust sjálfir ekki sérfræðingar í málefnum Íslands. „Og þeir virðast standa undir þeirri fullyrðingu,“ bætti hann við. Daginn eftir að skýrslan kom út lækkaði gengi krónunnar um 2,25 prósent og verð hlutabréfa féll, úrvalsvísitalan lækkaði um 3,25 prósent. Sendiráð Íslands í Danmörku sendi út fréttatilkynningu vegna svörtu skýrslunnar þar sem styrk staða bankanna hér var áréttuð. Carten Valgreen, yfirhagfræðingur greiningardeildar Danske Bank, taldi hins vegar enga ástæðu til að draga í land þrátt fyrir harða gagnrýni héðan á skýrsluna. „Þetta er okkar skoðun og öðrum er frjálst að vera ósammála henni. Ég vona að við höfum ekki rétt fyrir okkur,“ sagði hann og taldi lítið mál að ganga í berhöggt við til að mynda sýn OECD á efnahagsframtíð landsins. „OECD hefur ekki staðið sig vel í að spá fyrir um fjármálakreppur,“ sagði



OKTÓBER

Gengið var frá söluferli Icelandair Group þar sem FL Group innleysti 26 milljarða króna hagnað. FL og Glitnir gerðu með sér samkomulag um að bankinn sölutryggði 51 prósent hlutfjár í flugfélaginu í kjölfar áreiðanleikakönnunar. Glitnir var sagður með hóp fjárfesta til reiðu. Hannes Smárasón sagði vel koma til greina að selja 49 prósentin sem eftir stæðu. Enda fór það svo að á hálfum mánuði gekk Glitnir frá sölu á 67 prósentum hlutfjár í félaginu þar sem tveir stærstu fjárfestahóparnir sem keyptu voru Langflug, sem eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar fer að stærstum hluta fyrir og Naus sem að mestu er í eigu Benedikts Sveinssonar.

Fleiri voru til að skjóta á krónuna en forsvarsmenn stórfyrirtækja með starfsemi í útlöndum því þegar fræðimaðurinn Michael E. Porter kom hingað til að halda fyrirlestur sagði hann að kostnaðurinn við að halda hér úti sjálfstæðum gjaldmiðli væri meiri en næmi ávinningi. Hann sagði að til að þjóðin stæði sig í samkeppni þyrfti að koma til samstarf stjórnmála, fræða og atvinnulífs.

Greint var frá ótrúlegum afkomubata Iceland keðjunnar, en tekist hafði að lækka skuldir hennar um 120 milljónir punda, eða um rúma 15 milljarða króna. Talið var að með þessum viðsnúningi hefði opnast leið til 30 milljarða fjárfestingar eða arðgreiðslu til hluthafa. Stærstu hluthafarnir, Fons í eigu Pálma Haraldssonar og Baugur Group gætu þannig fengið til baka sem næmi tíu milljörðum, en hlutur hvors um sig í keðjunni nemur 30 prósentum.

Enn bættist svo við krónubréfaútgáfu þegar þýski þróunarsjóðurinn KfW bætti

9 milljörðum við fyrri fjárfestingu sína og var þar með kominn yfir markaðsvirði allra ríkisbréfaflokkanna í útgáfu sinni.

Stærsta arðgreiðsla Íslandsögunnar fór fram í mánuðinum þegar Kaupþing greiddi hluthöfum sínum 20 milljarða í formi hlutfjár í Exista. Fjármagnstekjuskattur af arðgreiðslunni nemur því um tveimur milljörðum króna.

„Hér eru aðstæður almennt góðar en örmyntin helst til trafala. Ég tel að atvinnulífið muni stíga enn frekari skref út úr krónunni og við það veikist miðlunarkerfi Seðlabankans enn frekar.“

Árni Oddur Þórðarson stjórnarformaður Marel, á morgunverðarfundum Viðskiptaráðs um stöðu krónunnar 3. október.

NÓVEMBER

Stóru tíðindi nóvembermánaðar voru þegar Björgólfur Thor Björgólfsson hagnaðist um 50 milljarða króna við sölu á tékkneskasímafélaginu CRa. Salan er sú langstærsta sem íslenskur fjárfestar hafa staðið að.

Undir lok nóvember upplýstist að nokkrar deilur höfðu orðið í nefnd sem Ríkisendurskoðun kallaði saman til að fjalla um áhættustýringu Íbúðalánasjóðs. Hluti nefndarmanna neitaði að skrifa undir álit þar sem áhættustýringin fékk

grænt ljós nema að settur yrði inn fyrirvari um þær forsendur sem að baki lægju. Í kjölfarið voru uppi efasemdir um að forsendurnar stæðust.

Miklar breytingar urðu jafnframt hjá Avion Group, en nafni félagsins var breytt í Hr. Eimskipafélaga Íslands. Þannig má segja að óskabarn þjóðarinnar hafi átt endurkomu í Kauphöll. Avion gerði þarna líka upp viðskiptamódel sem ekki gekk nógu vel upp og Eimskip komið í forgrunn með starfsemi sína, enda orðið leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í hitastýrðum flutningum. Í mánuðinum var líka uppgjör við hjá Dagsbrún sem beygt hafði út af leið í kaupum sínum á Wyndeham Press í Bretlandi.

Kynntur var til sögunnar nýr fjárfestingabanki að nafni Askar Capital. Milestone er þar kjölfestufjárfestir og forstjóri Tryggvi Þór Herbertsson sem þar með hverfur af sviði fræðimennskunnar, en hann var forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskólans.

Marel beið svo á hliðarlínunum og bíður þar enn í slag stærstu hluthafa fyrirtækjasamstæðunnar Stork í Hollandi við stjórn félagsins. Hluthafarnir sem eru amerískir fjárfestingasjóðir vilja skipta upp samstæðunni og selja hliðarstarfsemi frá kjarnastarfsemi, en stjórnin stendur á móti þessu. Marel á óbeint hlut í Stork en blandar sér ekki í slaginn. Félagið hefur um árabil átt í nánú samstarfi við Stork Food Systems og bíður eftir tækifæri til að kaupa þann hluta Stork.

DESEMBER

Seðlabankinn skoðaði upptöku reglna um þagnartímabil áður en til vaxtaákvörðun

unar kemur vegna áskóknar erlendra greiningardeilda í fundi með bankanum skömmu fyrir vaxtaákvörðunardaga. Úr varð að settar voru reglur, en forsvarsmenn greiningardeilda hér töldu þetta litlu skipta fyrir sig. Í raun hafi verið í gildi nokkurs konar þagnartímabil hvort eð var. Formlega er nú þagnartímabil í tvær til þrjár vikur fyrir vaxtaákvörðun.

Samkeppniseftirlitið skoðar bóka- markaðinn í kjölfar kaupa Pennans á verslunum úti á landi en ekki er vitað hvenær þeirri rannsókn lýkur.

Glitnir var svo í mánuðinum fyrstur íslenskra banka til að opna útibú í Asíu, en hann er með útibú í Sjanghæ. Fjármálaeftirlitið kynnti nýja samninga við eftirlit annarra landa í mánuðinum. Væntanlega þrýsta umsvif Glitnis í Asíu á að tekið verðu upp samstarf við fjármálaeftirlitið í Kína.

Enn kom innlegg í umræðu um evruna þegar Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, stakk upp á nýstárlegri leið í grein sem hann ritaði. Taldi hann að hér kynni að henta að taka upp peningalaust hagkerfi þar sem evran væri viðmiðunargjaldmiðill. Gangi þetta eftir yrði Ísland fyrsta landið í heimi til að feta þá slóð. Hann segir bara tímaspursmál hvenær tekið verði til fulls skrefið inn í peningalaus hagkerfið.

Straumur-Burðarás sendi svo gáru um þjóðfélagið þegar bankinn ákvað að færa uppgjör sitt í evrum. Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði engum hafa dottið í hug að fjármálaefirtæki færðu bókhalð í evrum þótt lögfest hefði verið heimild til fyrirtækja um að gera það. Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 25 punkta á aukavaxtaákvörðunardegi fyrir júl. Þar með eru vextirnir 14,25 prósent, en sérfræðingar telja að þar með sé lokið hækunarferli stýrivaxta og þeir taki jafnvel að lækka á fyrri hluta næsta árs.

Nefnd um lagningu nýs sæstrengs mælir með því að farið verði sem fyrst í að leggja Farice 2. Aætlaður kostnaður nemur um þremur milljörðum króna. Á sama tíma og nefndin skilaði ríkisstjórn tillögum bílaði Cantat-3 sæstrengurinn, svona rétt eins og til að undirstrika nauðsyn þess að koma málum í gott horf. Annar sæstrengur er sagður forsenda þess að hugmyndir um Ísland sem fjármálamiðstöð geti orðið að veruleika.

Á Þorláksmessu var svo slegið Íslandsmet í smásölu, sem væntanlega er viðeigandi á þessum þenslutímum þar sem viðskiptahalli hefur verið svo mikill að slegið hefur útlenda sérfræðinga út af laginu. Heyrst hefur frá kaupmönnum sem segjast vera með 40 til 60 prósentu söluaukingu í desember.

hann og Danske Bank ráðlagði um leið viðskiptavinum sínum að veðja á frekari veikingu krónunnar. Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði skrif Danske Bank að mörgu leyti illa grunduð og í þeim rangfærstur sem komi á óvart.

Í marslok hugaði Kaupþing að aðgerðum til að skera á kross eignarhald við Exista en Sigurður Einarsson stjórnarformaður upplýsti að málið hefði verið rætt í stjórn bankans. Exista átti 21 prósent hlut í Kaupþingi og bankinn á móti um 19 prósent hlut í Exista. „Þetta kross eignarhald er ekki á grundvelli neins valdaspils fyrir bankann. Stjórnin hefur því rætt það hvort ekki sé kominn tími til að leysa það eignarhald upp. Við munum vinna að því að finna lausn á því og höfum átt í viðræðum við eigendur Exista með það að markmiði að Exista verði skráð á markað og eign Kaupþings banka verði greidd hluthöfum bankans sem arður,“ sagði Sigurður.

MISHKIN ÁRÉTTAR STYRKA STÖÐU HAGKERFISINS

Í lok mars virtist Glitnir vera að síga fram úr hinum bönkunum í umræðunni um stöðu þeirra. Bankinn varð þá sá fyrsti til að fá einkunn frá Standard & Poor's og var þá í A-flokki hjá öllum lánshæfismatsfyrirtækjunum.

Í apríl komu svo höfundar svörtu skýrslunnar frá Danske Bank til landsins sem gestir á ráðstefnu Félags viðskipta- og hagfræðinga. Þar ræddu málin

við þá Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallarinnar, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, Arnór Sighvatsson, aðal- hagfræðingur Seðlabankans, og Tryggvi Þór Herbertsson, þá forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Í byrjun maí fór svo að bera á viðsnúningi í umræðunni sem fram til þess tíma hafði verið á svörtu nótnum. „Ég tel að umræðan hafi verið yfirdrífing án þess að það sé einhverjum einum að kenna,“ sagði Neil Prothero, hagfræðingur í greiningarteymi Economist, í byrjun maí, en þá var upplýst um þá fyrirætlan tímaritsins að halda hér hringborðsumræður um miðjan mánuðinn. Hringborð Economist var það fyrsta sem blaðið hélt á Norðurlöndum. Neil sagði spennandi tíma framundan. Þótt umræða um banka og hagkerfi hefði verið yfirdrífing og neikvæðni meiri en efni hefðu staðið til þá kynni það engu að síður að vera til góðs. Taldi hann að umræðan gerði að verkum að menn stigju varlegar til jarðar.

Í byrjun maí kom svo einnig út skýsla Frederics Mishkin hagfræðiprófessors við Colombia-háskóla í Bandaríkjunum, þar sem hann sagði íslenskt hagkerfi standa traustum fótum. Viðskiptaráð hafði falið Mishkin að kanna stöðu efnahagslífsins og niðurstaðan var skýrsla sem hann skrifaði með Tryggva Þór Herbertssyni, forstöðumanni Hagfræðistofnunar. Mishkin víaði algjörlega á bug kenningum um yfirvofandi kreppu. „Ég get ekki spá fyrir um

hvað muni gerast, en grunnur hagkerfisins er góður,“ sagði hann og tók ekki undir gagnrýni í þá veru að íslensku bankarnir hefðu vaxið hraða en þeim væri hollt. „Máli skiptir hvornig haldið er á málum. Algengustu mistök in í þessu sambandi eru að vanmeta áhættu. Það er ekki tilfellið með íslensku banka. Þeir eru mjög meðvitaðir um áhættuna af starfsemi sinni.“ Mishkin var síðar á árinu tekinn inn í hóp seðlabankastjóra í Bandaríkjunum og er það til marks um þá virðingu sem hann nýtur í heimi hagfræðinnar, enda talinn í

hópi færustu sérfræðinga á sínu sviði. Er því ekki ofsagt að skýrsla hans hafi markað nokkur vatnaskil í umræðunni.

Síðan má segja að undir sumarlok hafi komið síðasti hnykkurinn í þeirri viðleitni að áréttu styrka stöðu bankanna þegar þeir skiluðu hálfársuppgjörum sínum. Sér í lagi var uppgjör Glitnis glæsilegt, en bankinn skilaði methagnaði á öðrum ársfjórðungi, um ellefu milljörðum króna. Hagnaðurinn á fyrri helmingi ársins nam 20,1 milljarði, en Glitnir var einn um að bæta sig frá fyrsta til annars ársfjórðungs. Hagnaður Kaupþings á öðrum ársfjórðungi nam 13 milljörðum króna og Landsbankans 6,1 milljarði.

FREDERIC MISHKIN OG TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON Skýrsla þeirra Mishkins og Tryggva sló að miklu leyti vopnin úr höndum þeirra sem hvað harðast höfðu gengið fram í því að draga upp svarta mynd af efnahagshorfum hér á landi og stöðu íslensku bankanna. Myndin er tekin á kynningu á skýrslu þeirra í New York, þriðja maí. MYND/AMY T. ZIELINSKI



Viðskiptaárið gert upp

Árið 2006 var mikið atorkuár í viðskiptalífnum. Það skiptust á skin og skúrir og meira mótlæti mætti íslensku athafnafólki en árin á undan. Það sem ekki drepur mann styrkir mann eru orð að sönnu um líðandi ár. Forystufólk viðskiptalífsins gerir hér upp árið 2006 og horfir fram á veginn þar sem tækifæri og hættur ársins 2007 bíða handan við hornið.

Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis og verðandi rektor HR

Það er svo margt óhugsandi þar til það hefur verið framkvæmt

Það eru draumar okkar um framtíðina sem hvetja okkur áfram og kveikja löngun okkar til að ná nýjum hæðum en það er hæfni okkar til að hrinda draumum okkar í framkvæmd sem skilar áþreifanlegum árangri. Við þurfum samtímis að þora að láta okkur dreyma, hafa hugrekki til að móta afgerandi framtíðarsýn og þrautseigju til að hrinda aðgerðum okkar í framkvæmd. Síðastliðið ár hefur verið eitt það viðburðaríkasta í sögu íslensks viðskiptalífs og lifandi dæmi um þann árangur sem næst þegar draumar og veruleiki fara saman. Það hefur ekki síst einkenst af góðri rekstrarafkomu þar sem tekist hefur að sýna fram á að Íslendingar geta ekki síður rekið fyrirtæki en keypt þau. Fjölmargir höfðu spáð og jafnvel vonast eftir rekstrarlegu andláti íslensku víkinganna en undanfarin ár hefur hvernig átti að sýna fram á samlegðaráhrif og viðsnúning á rekstri fyrirtækja sem keypt hafa verið erlendis. Landhelgi íslenskra fyrirtækja hefur varanlega verið færð út. En framhaldið veltur á ýmsu en þó að mestu leyti á okkur sjálfum.

VIÐSKIPTAMÓDEL VÍKINGA

Til að skilja orsakir og áhrif alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja á samfélag okkar og rekstrarumhverfi er áhugavert að skoða hvað það er í íslenska viðskiptamódelinu sem virkar þvert á landamæri. Það er ekki svo ýkja langt síðan að ótti við breytingar var almennt talinn mannlegur og hraðar breytingar fremur óskillegar. Nú hefur þetta snúist við og í dag óttast bæði fyrirtæki og einstaklingar það meira en flest annað að geta ekki breyst nægjanlega hratt. Óttinn er sá að ná ekki að aðlagast breyttum aðstæðum eða jafnvel glata tækifærum þar sem fyrri hæfni eða hraði dugi ekki lengur til. Það orð hefur hins vegar farið af íslenskum fjárfestum að þeir séu óvarkárir ofurhugar sem gjarnan fari nýjar og ótroðnar slóðir oft en ekki á mettíma. Að taka úthugsaða áhættu er allt annað en að vera fljótfær eða láta skeika að sköpuðu. Meðfæddur eiginleiki okkar til að gera það sem gera þarf til að láta hlutina ganga upp hefur skilað okkur langt. Þekkingarleysi okkar og/eða lítil tiltrú okkar á því hvernig

hlutirnir hafa verið gerðir hingað til hefur bæði gefið okkur hugrekki og snerpu til að ná þeim árangri sem raun ber vitni. Það sem hefur einkennt íslensk fyrirtæki og stjórnunarstíl eru stuttar boðleiðir, hröð ákvarðanatataka og virk notkun tengslaneta. Jafnframt hefur stjórnskipulag íslenskra fyrirtækja verið sveigjanlegt og laust við mikla lagskiptingu. Einstaklingar hafa jafnan haft sjálfsbjargarhvat og verið úrræðagóðir, haft svigrúm til að sýna frumkvæði og þeir hafa sjálfir haft trú á því að framlag þeirra skipti máli fyrir árangur fyrirtækisins. Heimurinn verður sífellt óútreiknalegri sem skapað hefur nýja áskorun fyrir stjórnun alþjóðlegra fyrirtækja. Fjölmörg fyrirtæki eru núna að reyna að slíta sig úr fjótrum lagskiptrar stjórnunar og virkja frumkvæði starfsmanna til að bæta viðbragðsflýti og samkeppnishæfni sína og reyna hvað þau geta til að skapa fyrirtækjamenningu á borð við það sem í raun hefur löngum þekkt í íslenskum fyrirtækjum.

Ísland er því eins og byggt fyrir alþjóðvæðingu. Nýr heimur hefur skapað tækifæri þar sem grunnildi okkar hjálpa okkur að blómstra. Landfræðileg lega landsins sem í lok kalda stríðsins var talin hafa glatað sérstöðu sinni hefur nú fengið uppreisn æru þar sem stutt er bæði til austurs og vesturs auk þess sem fjölbreytt menntun og tungumálakunnátta landsmanna nýtist vel.

EKKERT ANNADHVERT EDA HAGKERFI

Hvar við stöndum í dag er e.t.v. ekki það sem er mest spennandi heldur í hvaða átt við erum að fara. Við mótum umhverfi okkar en umhverfi okkar mótir ekki síður okkur. Því er mjög brýnt að við höfum skýra sýn á það hvers konar samfélag við ætlum að skapa hér á landi og hvernig einstaklingum við ætlum að koma til manns svo við getum viðhaldið þeim árangri sem náðst hefur og raunverulega notið ávaxta þess árangurs sem verið er að leggja grunninn að. Ef við ætlum að viðhalda þeim lífsgæðum sem við gerum kröfu til verðum við að skapa hér umhverfi sem getur af sér og fóstur hugmyndaáríka, hugrakka og úrræðagóða einstaklinga. Við þurfum að skapa hér aðstæður sem geta af sér virðisaukandi störf sem gerir okkur kleift að fleyta rjómann af þeim



SVAVA GRÖNFELDT Tók ákvörðun um að yfirgefa forystuveit Actavis og gerast leiðtogi Háskólans í Reykjavík.

arði sem þekkingarsamfélag getur skapað. Eins og góður maður sagði eitt sinn „ef eina verkfærið sem þú átt er hamar þá sérðu einungis nagla“. Því er brýnt að skapa hér fjölbreyttan vinnumarkað. Því fleiri stöðum sem við rennum undir samfélag okkar því sterkara verður það og getur betur staðið af sér áföll. Við erum of fámenn þjóð til að loka okkur inn í „annaðhvort eða“ hugsun. Að hér sé annað hvort stóriðja eða háskólar, fiskur eða hátækni. Staðreyndin er sú að álverin eru orðin hátækniyrirtæki og krefjast umfangsmikillar tækni- og verkfræðisþekkingar. Okkur hefur jafnframt tekist að auka arðsemi hefbundinna atvinnugreina með útrás, nýsköpun og aukinni þekkingu. Framtíðartækifæri okkar felast nú í því að gera algenga hluti á óvenjulegan hátt og óvenju vel.

STERKIR HÁSKÓLAR NÆRA VIRÐISAUKANDI ATVINNUSARFSEMI

Menntun er lykillinn að því að skapa hér eftirsóknarvert og samkeppnishæft samfélag. Einstaklingar, fyrirtæki og samfélagið í heild sinni þurfa að fjárfesta bæði tíma sínum og fjármunum í þágu menntunar. Ef við teljum að menntun sé dýr þá skulum við líta á þann kostnað sem vanþekkingu fylgir. Án framúrskarandi menntunar munu virðisaukandi störf flytjast úr landi. Við munum síga í virðispiramídanum og með

hverri vinnustund glatast dýrmæt vermæti. Án starfa við sitt hæfi munu hæfustu synir og dætur þessa lands ganga okkur úr greipum og án aðgengis að hæfu vel menntuðu starfsfólki munu fyrirtæki hér á landi ekki ná að skapa hér störf sem staðið geta undir þeim lífsgæðum sem við gerum kröfu til með fyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir samfélagið.

Sterkir háskólar næra virðisaukandi atvinnustarfsemi. Það er skylda þeirra að tryggja færni, hugmyndaauðgi og eldmód komandi kynslóða þekkingarstarfsmanna. Þekking færir okkur sannarlega vald en það er hins vegar frumkvæði til að nýta þessa þekkingu sem færir okkur tækifærin. Hlutverk háskólanna er að undirbúa stjórnendur og sérfræðinga framtíðarinnar með framúrskarandi kennslu, gagnvirkri tengingu við innlent og erlent atvinnulíf og gefa okkur innsýn í framtíðina með brautrygjandi rannsóknunum og virku alþjóðasamstarfi.

Með skýra sýn á hvaðan við komum og hvert við erum að fara geta Íslendingar með sanni verið arkitektar eigin framtíðar. Óflug menntun, sterkar rætur og fjölbjóðleg sýn leggur grunninn að bjartri framtíð. Á nýju ári er því gott að hafa það að leiðarljósi að það er svo fjölmargt sem álitíð hefur verið óhugsandi þar til því hefur einfaldlega verið hrint í framkvæmd.

Ingólfur Helgason, forstjóri innlendrar starfsemi Kaupþings

Skin og skúrir, en bjart framundan

Þetta var ár andstæðna þar sem skiptust á skin og skúrir. Reksturinn gekk mjög vel og bankinn óx og dafnaði. Starfsemin hér á landi gengur prýðilega um þessar mundir og í heild verður þetta gott ár fyrir okkur. Á fyrri hluta ársins þurftum við að glíma við ákveðna erfiðleika í tengslum við áhyggjur og skrif erlendra greiningaraðila um stöðu íslenska fjármálakerfisins og þar með bankanna. Mikil vinna fór í að kynna bankann og bæta enn frekar upplýsingagjöf og það virðist hafa skilað sér.

Við nýttum árið á margan hátt vel að mínu mati. Við bættum markaðsstöðu okkar hér á landi á flestum sviðum enda var áherslan

lögð á frekari samþættingu starfseminnar. Við höfumst handa við að endurnýja útibú bankans. Það var orðið tímabært, sum útibúin hafa verið óbreytt um alllangt skeið og því orðin börn síns tíma. Þetta verkefni mun halda áfram á árinu 2007, en hugmyndin með nýju útibúunum er að opna þau, gera bjartari, aðgengilegri og nútímalegri. Við lítum svo á að það eigi að vera gaman að koma í bankann, þar eigi fólk að líða vel. Þessar breytingar munu án efa auka ánægju á meðal viðskiptavina okkar. Þá hefur verið ánægjulegt að sjá hve vel gengur með stækkun höfuðstöðva bankans, en nú á vormánuðum munum við taka í notkun viðbyggingu

sem tvöfaldar stærð höfuðstöðva bankans. Núverandi húsnæði er löngu sprungið og stækkunin því orðin tímabær.

Nú um áramótin lögðum við niður heitið „KB banki“ og munum þess í stað notast við Kaupþings nafnið okkar. Kaupþing banki er lögheiti bankans, en hjáheitið KB banki varð til við sameiningu Búnaðarbanka Íslands og Kaupþings banka 2003. Þetta var tilkynnt innan bankans nú í desember og er almenn ánægja með þessa breytingu.

Ég er tiltölulega bjartsýnn á rekstur bankans á árinu 2007. Fátt bendir til annars en að mjúklending verði í efnahagslífinu þar sem verðbólgan er á niðurleið og



INGÓLFUR HELGASON Velgengni Kaupþings var ríkissjóði happafengur og innkoma banka á íbúðalánamarkað var mesta kjarabót almennings.

hefur sér stað í íslenska fjármálageiranum. Við hjá Kaupþingi innleiddum samkeppni í húsnæðislanum á Íslandi og er það ein mesta kjarabót heimilanna á undanförunum árum. Að sama skapi er vöxtur og viðgangur Kaupþings ein mesta kjarabót ríkissjóðs. Fyrir fáum árum greiddu innlendir bankar nær enga skatta, en í ár greiddi Kaupþing um sjö milljarða í skatta, sem mun meðal annars nýtast til að niðurgreiða samkeppni við bankann með ríkisábyrgð Íbúðalánasjóðs. Þessi samkeppnisstaða er að mínu mati tímaskekkja.

Að þeim orðum sögðum óska ég fyrir mína hönd og starfsmanna allra, landsmönnum gæfufriks árs.



ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON Þórður steig ný skref á árinu og stjórnar nú nýju fjárfestingarfélagi eftir mikil uppgangsrás í forstjórastóli Straums - Burðarás.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Gnúps

Samrunar og sókn framundan

Árið 2006 var áhugavert fyrir marga hluta sakir en það sem bar hæst að mínum dómi var sá mótbyr sem íslensku viðskiptabankarnir fengu á sig á árinu og neikvæð umfjöllun erlendra fagaðila og fjölmiðla um þá. Þetta setti svip sinn á sókn bankanna erlendis og hægði á henni sem ég tel að mörgu leyti hafa verið jákvætt fyrir þá. Þessi umræða jók á kröfur viðskiptabankanna um betri upplýsingagjöf og hefur styrkt innviði og skipulag flestra þeirra sem og aukið kröfur á stjórnendur. Það jákvæða við þetta allt er að nú í dag er þekking erlendra fagjáfesta á íslensku efnahagslífi meiri en í upphafi árs sem getur fært okkur tækifæri.

Hjá mér bar það hæst að ég skipti um starfsvettvang á miðju ári og kvæntist nú í lok ársins, Nönnu Björgu Lúdvíksdóttur eftir 16 ára samband og þrjú börn, löngu kominn tími á það.

Ég er bjarsýnn á komandi ár en þróun alþjóðlegra fjármála-markaða mun ráða umtalsverðu um þróun hérlendis. Ég tel að við eigum eftir að sjá frekari stækkun og sókn banka erlendis og jafnvel samruna banka.

Það er mikill kraftur í efnahagslífinu um þessar mundir en hættumerkin eru víða til staðar. Því mun skipta lykilmáli fyrir fyrirtækin í landinu hvernig stjórnun efnahagsmála verður, að hún verði trúverðug og aðhaldsöm þar sem viðskiptahallinn er mikill í alþjóðlegum samanburði, vextir hafa verið háir og gengi krónunnar sterkt. Því er mikilvæg að ná jafnvægi en það gerist ekki nema með því að einstaklingar, stjórnvöld og atvinnulífið sýni ábyrgð.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhvertímann ekki.

550 5600



FRÉTTABLAÐIÐ

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis

Skemmtilegt og viðburðaríkt ár að baki

Miklar sviptingar voru á erlendum mörkuðum á fyrri hluta ársins og markaðist starfsemi Glitnis nokkuð af þeim. Erlendir fjölmiðlar og greiningaraðilar fylgjast nú betur en nokkru sinni fyrr með íslenskum fyrirtækjum og það er raunveruleiki sem er kominn til að vera. Hins vegar byggði hluti þessarar gagnrýni á röngum forsendum og ákveðnu skilningsleysi á aðstæðum, sem var ekkert óeðlilegt þegar menn voru að greina og fjalla um ný fyrirtæki frá framandi markaði á borð við Ísland. Eftir því sem liðið hefur á árið hefur skilningur manna aukist og umfjöllunin lýsir meiri þekkingu. Stemningin á markaðnum hefur breyst og greinilegt að meiri sóknarhugur er hjá íslenskum fyrirtækjum nú við áramót en um miðbik ársins. Framundan eru því spennandi tímar.

Þetta hefur verið viðburðaríkt ár hjá Glitni og nú um áramótið er mér ofarlega í huga þakklæti til frábærs starfsfólks Glitnis

sem sýndi enn og aftur á þessu ári hverju hægt er að áorka með dugnaði, útsjónarsemi og faglegum vinnubrögðum. Í mars var skipt um nafn á bankanum, ekki síst til að fylgja eftir sókn bankans á erlenda markaði. Rekstur bankans hefur breyst mikið á undanföllum árum og á þessu ári héldum við áfram að skjóta fleiri stöðum undir reksturinn með eflingu eininga sem auka þóknatekjur bankans. Miklar breytingar urðu í eigendahópi bankans á árinu og nýir eigendur hafa stutt vel við bakið á bankanum á þessu ári. Þá hefur bankinn aldrei tekið eins virkan þátt í samfélagsverkefnum og á þessu ári og ber þar hæst þátttaka yfir 500 starfsmanna bankans í Reykjavíkumaraþoni Glitnis þar sem söfnuðust um 22 milljónir króna til 55 góðgerðasamtaka. Vöxtur bankans hélt áfram og meðal annars voru á árinu opnaðar skrifstofur í Kanada og Kína, auk þess sem bankinn keypti fyrsta fyrirtækið í Svíþjóð. Glitnir hélt áfram



BJARNI ÁRMANNSSON Glitnir á gott ár að baki og leiddi viðsnúning neikvæðrar umræðu um íslenskt fjármálakerfi með góðum árangri.

uppbyggingu sinni í Noregi og framundan eru fjölmörg spennandi verkefni þar. Við áramót er Glitnir því með starfsstöðvar í 8 löndum og starfsemi víða umheim. Þetta er mikil breyting á fáum árum og það er afar mik-

ilvægt fyrir okkur, starfsmenn bankans, að finna það traust og þann stuðning sem viðskiptavinir og hluthafar bankans hafa sýnt okkur. Fyrir það vil ég þakka um leið og ég óska öllum gleðilegs árs og friðar.



RENAULT



ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

Hagkvæmari rekstareining

Ný sending komin!

Nú hefur aldrei verið hagkvæmara að fá sér eintak af vinsælasta atvinnubíl Íslands sl. ára.



Kr. 19.996 ^{án VSK.}

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.620.000

Verð frá kr. 1.301.205 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 24.896

Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

Kangoo Express - 6 dyra - 75 hestöfl - beinskiptur.

Kr. 1.301.205 kr. án VSK.

Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendra myntkørfu með 20% útborgun með og án/vsk.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Viðburðaríkt ár að baki og ekki að furða að forstjóri Baugs Group hafi verið valinn annar áhrifamesti maðurinn í breskum tískuiðnaði af tiskuritinu Drapers Fashion í desembermánuði.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group

Erum bara rétt að byrja

Árið hefur einkennst af fjárfestingum, einkum í frægum tiskufyrirtækjum en í nóvember festi Baugur til að mynda kaup á House of Fraser, einu frægasta tískuhúsi Bretlands.

Varla leið sá mánuður að Baugur réðist ekki í stórkaup og var byrjað strax í janúar. Þá festi fyrirtækið kaup á Atlas Ejendomme, dönsku fjárfestingafélagi en Atlas á yfir 150 þúsund fermetra af húsnæði á mörgum af dýrustu stöðum Kaupmannahafnar. Í febrúar sameinaðist Julian Graves Whittard of Chelsea, te og kaffiverlanakeðju, einni stærstu í heiminum í sínum geira.

Í apríl keypti Baugur Group síðan hlut í Wyevale Garden Centers í Bretlandi og í sama mánuði sameinaðist Mosaic Fashions, sem Baugur á 37% hlut í, Rubicon Retail. Stefna sameinaðs félags er að stækka og eflast á sviði kvéntískufatnaðar og hefur gengið vel hjá fyrirtækinu á árinu. Margir góðir samningar voru gerðir á árinu og til marks um það seldi FL Group, sem Baugur á 18,2% hlut í, Icelandair Group. Söluhagnaður nam 26 milljörðum íslenskra króna.

Á sumarmánuðum stofnaði dótturfyrirtæki Baugs, M-Holding, Scandinavian Design & Retail. Félagið mun einbeita sér að því að finna ný fjárfestingartækifæri í tiskuiðnaðinum á Norðurlöndum. Sams konar

fyrirtæki stofnuðum við síðan í Bretlandi og hefur það félag sama hlutverki að gegna þar í landi. Við höfum aðallega horft til vel þekkttra hátískufyrirtækja með góða vaxtamöguleika og þeirri stefnu munum við halda áfram enda reynst vel.

Í október flutti Baugur í London í nýtt húsnæði á horni New Bond strætis og Oxford strætis með útsýni yfir House of Fraser sem Baugur festi kaup á í nóvember eins og fyrr segir. Þar ætlum við okkur stóra hluti. Smásöluverslanir á við House of Fraser hafa verið að drabbast niður á undanförmum árum, orðið leiðinlegar. Því viljum við breyta, við viljum gera þær skemmtilegri með flottari merkjum.

Og talandi um flott merki. Í nóvember keypti Baugur 50% hlut í danska tískufatamerkinu Day Birger et Mikkelsen sem hefur vaxið mjög á undanförmum árum. Sama má segja um All Saints sem Baugur keypti hlut í í byrjun desembermánaðar. Þar ætlum við okkur einnig stóra hluti enda tækifærin til staðar.

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá stjórnendum og starfsfólki Baugs og á áramótum liggur beint við að spyrja hvert við stefnum og hver markmiðin séu. Það er nú bara svo að í hvert skipti sem við náum takmarki okkar, setjum við okkur ný. Möguleikarnir eru endalausir og við ætlum okkur að nýta þá á nýju ári. Við erum bara rétt að byrja.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrís

Traustar undirstöður og ný skref til sóknar

Vöxtur atvinnulífsins síðustu ár hefur verið ævintýri líkastur. Íslenskt atvinnulíf hefur vaxið og hlutabréfaverð hækkað verulega hér á landi síðustu árin á sama tíma og ákveðin stöðnun hefur átt sér stað á alþjóðamörkuðum. Á árinu 2006 snerist myndin við og hlutabréfaverð stóð í stað hér á landi, á sama tíma og mikillar bjartsýni fór að gæta á alþjóðamörkuðum og hlutabréfaverð tók að hækka á nýjan leik.

Almennt má segja að árið í ár hafi verið ár endurskipulagningar í íslensku atvinnulífi eftir mikinn vöxt undangenginna ára. Undirstöður hafa verið treystar og brugðist hratt og vel við ábendingum erlendis frá um hvað mætti betur fara. Eftir stendur að fjármálakerfið hér á landi stendur mun sterkara en áður og getur tekið ný skref til frekari sóknar á næstu árum.

EYRIS STYRKIR SIG ENN

Fjárhagur Eyrís Invest styrktist enn frekar á árinu með útgáfu nýs hlutafjár og til liðs við félagið gengu öflugir fjárfestar. Eyrís Invest er nú betur í stakk búið að styðja við metnaðarfull vaxtarmarkmið Marel's og Óssurar á sama tíma og við freistum þess sem fyrr að auka arðsemi félagsins og draga úr áhættu með fjölbreyttu erlendu eignasafni.

MAREL Í FORYSTUSÆTI

Eyrís Invest varð stærsti hluthafinn í Marel á árinu og er þetta fyrsta heila starfsárið sem ég veiti fyrirtækinu stjórnarformennsku. Markaðurinn sem Marel vinnur á, við gerð háþróaðra matvælavinnsluvéla, er áhugaverður þar sem hann vex mjög hratt vegna neyslubreytinga og ekki síður vegna þess að ekkert eitt fyrirtæki er afgerandi leiðtogi á markaðnum í dag. Í upphafi árs setti Marel sér metnaðarfull vaxtarmarkmið til næstu ára sem miða að því að ná forystu á þeim markaði sem félagið starfar á og



ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON Eyrís fer fyrir hluthöfum í Óssuri og Marel og leiddi sókn þessara félaga á árinu, auk þess sem Árni Oddur vakti máls á mikilvægum spurningum varðandi stöðu gjaldmiðilsins á árinu.

margfalda veltu og hagnað félagsins. Við sýndum svo í verki á næstu mánuðum að okkur var full alvara og tvöfölduðum umsvifin með yfirtökum á tveimur af okkar helstu keppinautum; AEW Delford í Bretlandi og Scanvaegt í Danmörku. Ef okkur tekst að spila vel úr þeirri stöðu sem við erum nú komin í er framtíðin björt. Þeirri sýn deila fyrrum eigendur Scanvaegt með okkur sem kusu að vera hluthafar í sameinuðu fyrirtæki í stað þess að fá staðgreiðslu fyrir fyrirtæki sitt. Í framhaldi af þessum yfirökum var ráðist í afar vel heppnað hlutabréfaútböð til að skapa grunn að frekari vexti Marel's.

ALPJÓÐAVÆÐINGIN KALLAR Á STÆRRI VIÐSKIPTAMYNTIR

Um áramótin rennur Kauphöll Íslands inn í OMX sem er sameiginlegur markaður kauphalla á Norðurlöndum og í Eyrstrarsaltsríkjum. Við það eykst sýnileiki og seljanleiki íslenskra hlutabréfa verulega. Jafnframt mun samanburður á rekstri félaganna og virðisaukningu þeirra verða skýrari gagnvart öðrum sambærilegum

fyrirtækjum.

Framleiðslufyrirtækin sem skráð eru í Kauphöllinni hafa nú nær öll tekið upp aðra starfrækslumynt en krónur og fyrsti bankinn hefur tilkynnt að hann muni gera það einnig. Meginstarfsemi bankanna er tengdur beint eða óbeint öðrum gjaldmiðlum en íslensku krónunni og því dregur það verulega úr áhættu hvers banka, og fjármálakerfisins í heild, að skipta um mynt. Næstu skref sem verða skoðuð í þessum efnunum er að eiga viðskipti með hlutabréf þeirra félaga sem eru í Kauphöllinni í öðrum myntum en krónu. Atvinnulífið hér á landi er einfaldlega orðið of stórt og fjölbjóðlegt til að geta stuðst við þá örmynt sem íslenska krónan er. Á sama tíma og atvinnulífið tekur ábyrga afstöðu og skiptir um mynt til að minnka áhættu og auka sóknartækifæri er nauðsynlegt að almennt umræða á vettvangi stjórnvalanna fari af stað um framtíðarfyrirkomulag peningamála í landinu.

Að lokum vil ég þakka fyrir árið sem er að líða og óska öllum gleðilegs nýs árs.

Björgólfur Guðmundsson, athafnamaður og formaður bankaráðs Landsbankans:

Kaupin á West Ham efst í huga

Árið sem við nú kveðjum er enn ein staðfestingin á því hve íslenskt atvinnulíf er öflugt og hversu mikil gæfa það var að binda enda á þeim afskipti stjórnvalafla að rekstri fyrirtækja. Flest öflugustu íslensku fyrirtækin starfa nú í harðri en eðlilegri alþjóðlegri samkeppni þar sem þau vaxa og eflast dag frá degi. Á árinu 2006 kom það fyllilega í ljós að alþjóðlegu fyrirtækin okkar þola vel ágjöf en jafnframt að starfsumhverfi þeirra hér á landi er viðkvæmt. Það ætti að vera stjórnvaldamönnum umhugsunarefni með hvaða hætti tryggja megi að þessi fyrirtæki verði áfram íslensk og að þau telji hag sínum best borgið með því að skrá höfuðstöðvar sínar hér á landi.

Ánægjulegt var að sjá á árinu aukna vitund stjórnenda í íslensku atvinnulífi um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Augljóst er að samhliða örum vexti fyrirtækja er mikilvægt að aðrir þættir samfélagsins dafni sömuleiðis. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er sjálfsábyrgð sem tryggir öflugt, frjótt og skemmtilegt umhverfi til að starfa í.

Líti ég sjálfur um öxl eru kaup okkar Eggerts Magnússonar á enska knattspyrnufélaginu West



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON ÁSAMT **EGGERTI MAGNÚSSYNI** Björgólfi eru efst í huga kaup hans og Eggerts Magnússonar á enska knattspyrnufélaginu West Ham í nóvember.

Ham mér efst í huga. Mér kom mjög á óvart sú mikla og jákvæða athygli sem viðskipti þessi fengu í Bretlandi. Ég er sannfærður um að aukin vitund um Íslendinga í bresku athafnalífi eigi eftir fjölla til muna tækifærum fyrir öll íslensk fyrirtæki þar í landi. Þó svo að áhugi minn á fótbolta hafi miklu skipt um þá ákvörðun að festa fé í þessari starfsemi

þá má heldur ekki horfa fram hjá því að fótbolta í sjónvarpi er sá þáttur í afþreyingargreinum sem vex hve hraðast í heiminum í dag. Ég er því sannfærður um að í þessari starfsemi felast fjöldamörg viðskiptatækifæri sem West Ham mun nýta. Ætli ég minnst ársins 2006 því ekki helst fyrir það að þá runnu saman í eitt hjá mér áhugamál og starf.

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.



capacent
RÁÐNINGAR


Borgartún 27 Sími 540 1000

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

PERLAN.

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.



ALLT Í STEIK

4. janúar - 28. febrúar



3ja rétta matseðill ásamt sértíloboði á vlnum

Verð frá **3.990 kr.**

Hægt er að panta nautalund Bernaise,
lambafillet, grísasteik eða kjúkling.

Borðapantanir í síma 562 0200

Sjávarréttahlaðborð

Hefst í mars

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upplifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Margverðlaunaðir matreiðslumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir heitra og kaldra fiskrétta. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Þorraganga

19. janúar

Hin árlega Þorraganga Perlunnar um Öskjuhlíðina. Eftir gönguna bíður heitt rommkakó og hefðbundið þorrablot með öllu tilheyrandi; súru, nýju, reyktu, kæstu og sterku!

Hringbraut



Veitingahúsið Perlan - S: 562 0200 - Fax: 562 0207 - Netfang: perlan@perlan.is - Heimasíða: www.perlan.is





LÝÐUR GUÐMUNDSSON Færði sig um set á árinu og leiðir nú öflugt fjárfestingarfélag sem skráð var á markað eftir að hafa verið í eldlinu uppbyggingar Bakkavarar í tvo áratugi.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista

Skráning Exista einn af hápunktum ársins

Árið 2006 var mikið afmælisár en við bræður héldum upp á það að 20 ár eru liðin frá stofnun Bakkavarar. Lýsing varð einnig 20 ára og Síminn fagnaði 100 ára farsælli sögu. Á sama tíma má segja að Exista sé að hefja sína sögu á mjög sterkum grunni og skráning félagsins á hlutabréfamarkað í september er án efa einn af hápunktum ársins í mínum huga.

Við kaupin á VÍS eignarhaldsfélagi síðtliðið vor tók Exista umtalsverðum breytingum. Félagið er nú fjármálaþjónustufyrirtæki á sviði trygginga og eignaleigu sem auk þess er kjölfestueigandi í nokkrum af öflugustu fyrirtækjum landsins, svo sem Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Með samþættingu fjárfestingastarfsemi og öflugra rekstrarfélaga eins og VÍS og Lýsingar skapast ný tækifæri. Skráningu Exista á hlutabréfamarkað í september var afar vel tekið og gengu á áttunda þúsund nýir hluthafar til liðs við félagið, m.a. margir af öflugustu fagfjárfestum landsins.

Eigendahópurinn stækkaði svo enn frekar þegar Kaupþing banki greiddi hluthöfum sínum hluti í Exista í arð í lok október. Þar með var leyst úr krosseign milli Kaupþings og Exista, sem var á meðal atvika sem greiningaraðilar hjá nokkrum erlendum fjármálafyrirtækjum tóku upp í gagnrýni sinni á íslenska banka í upphafi ársins. Gagnrýnin skapadi óróa hjá erlendum fjárfest-

um skuldabréfa bankanna og í kjölfarið einnig á innlendum fjármálamarkaði. Íslensku bankarnir sýndu hins vegar mikinn styrk í því mótlæti sem þetta olli og brugðust við með ábyrgum hætti.

Þá var eftirminnileg 100 ára afmælishátíð Símans, en þar flutti Rudy Giuliani, fyrrum borgarstjóri í New York, ávarp sem seint líður úr minni þeirra sem á hlýddu. Rekstur Símans hefur gengið vel á þessu ári og er óhætt að segja að framtíð fyrirtækisins sé björt á aldarafmælinu. Reyndar tel ég Símann vera á meðal áhugaverðustu félaga á sínu sviði í Evrópu í ljósi viðtækrar þjónustu og þekkingar innan fyrirtækisins.

Sem fyrr var rekstur Bakkavarar Group afar traustur. Samþætting í kjölfar yfirtökunnar á Geest hefur tekist sérlega vel og sóknarfæri félagsins eru mikil. Eftir 20 ár í starfi forstjóra hjá Bakkavör skipti ég um hlutverk við Ágúst bróður minn snemma í vor, þannig að þátttaka mín í daglegum rekstri fyrirtækisins er minni en áður. Þetta voru vissulega mikil tímamót fyrir mig en ég tek þó enn fullan þátt í uppbyggingu fyrirtækisins sem stjórnarformaður.

Almennt finnst mér árið 2006 hafa verið hagstætt fyrir íslenskt atvinnulíf. Rekstur fyrirtækja hefur að jafnaði gengið vel og um leið hefur átt sér stað ákveðin endurskoðun sem að mínu mati mun gera íslenskt atvinnulíf sterkara til lengri tíma lítið.

Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands:

Alþjóðlegt orðspor og ímynd

Segja má að árið 2006 hafi verið eitt það stormasamtasta sem íslenskt viðskiptalíf hefur upplifað fyrr og síðar. Eftir sterkan meðbyr í byrjun árs þar sem hlutabréfavísitölur uxu með áður óþekktum hraða snerust vindar á móti seglum undir lok febrúarmánaðar með aðfinnslum erlendra greiningaraðila á efnahags- og fjármálakerfi landsins. Helstu fjölmiðlar heimsins fylgdu í kjölfarið.

Eitthvað af þeirri gagnrýni sem upp kom í umræddum skýrslum og blaðgreinum átti rétt á sér enda efnahagsaðstæður landsins að ýmsu leyti hinar undarlegustu. Ákveðnir þættir gagnrýnnar voru þó frekar byggðir á vanþekkingu á íslenskum aðstæðum og innviðum íslenskra fjármálafyrirtækja.

Litlu mátti muna að illa færi en segja má að umræðan hafi tekið stakkaskiptum til hins betra í kjölfar útgáfu skýrslu Viðskiptaráðs um fjármálastöðugleika á Íslandi. Þar fjölluðu Tryggvi Þór Herbertsson og Frederic Mishkin um líkindi þess að fjármálakreppa ætti sér stað á Íslandi. Skýrslan var vel kynnt bæði innanlands og utan og í kjölfarið komst nokkurt jafnvægi á alþjóðlega umfjöllun.

Ljóst er að ímynd landsins varð fyrir enn frekari skakkaþöllum með illa undirbúinni endurskoðun á fyrirkomulagi hvalveiða. Þar sem hvorki var lagður tími né vinna í að kynna afstöðu og ástæður veiðanna má telja víst að ásýnd landsins hafi beðið hnekkir hjá hópi útlendinga. Hversu alvarlegt og afrifarið það reynist er erfitt að meta.

Í því umróti sem átt hefur sér stað hafa komið glögglega í ljós veikleikar þess að sinna



HALLA TÓMASDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS Halla Tómasdóttir, sem tók við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs í upphafi árs, segir að veikleikar þess að sinna ekki nægilega almannatengslum og öfluglu upplýsingaflæði hafi komið glögglega í ljós á árinu.

ekki nægilega almannatengslum og öfluglu upplýsingaflæði. Með vaxandi sýnileika á erlendum viðskiptamörkuðum getur reynst ómetanlegur styrkur fyrir ímynd og áreiðanleika fyrirtækja og þjóða að halda úti virku flæði upplýsinga.

Viðskiptaráð Íslands hefur látið ímynd íslensks viðskiptalífs sig varða og hefur staðið fyrir mikilli vinnu í tengslum

við þau mál. Viðskiptaþing 2007 verður helgað alþjóðlegu orðspori og ímynd Íslands. Þegar öllu er á botninn hvolft, þá getum við verið virkilega stolt af þeim brjáláða árangri sem við höfum náð og ef við leggjumst saman á árar þá getum við verið þekkt fyrir miklu áhugaverðari og skemmtilegri hluti en þá sem ratað hafa á síður alþjóðlega fjölmiðla þetta árið.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings:

Stormasamt en gjöfult ár að baki

Þetta ár var á margan hátt gott, þótt það hafi að sama skapi ekki verið auðvelt.

Gagnrýni í upphafi ársins og vantrú sumra greiningaraðila á viðskiptamódel bankans reyndi á okkur í vörn í stað þeirrar sóknar sem hefur einkennt starfsemi okkar undanfarnin ár. Við nýttum árið til frekari samþættingar í rekstrinum, en þetta var í fyrsta sinn í langan tíma þar sem við sýndum reikninga sem voru fyllilega sambærilegir á milli ára þar sem við keyptum engin fyrirtæki. Ég er ánægður með hvernig okkur hefur tekist til við að kynna viðskiptamódel bankans betur og laga starfsemi okkar að gagnrýni. Þrátt fyrir að þetta hafi verið ár varnarsigra og engar yfirtökur átt sér stað, er rétt að benda á að við höfum bætt verulega við starfsemi okkar með ráðningum á teyllum starfsmanna frá keppinautum í löndum eins og Danmörku og Bretlandi og að afkoman var góð, ekki síst vegna sölunnar á Exista sem var til að koma til móts við gagnrýni.

ÞAÐ SEM UPP ÚR STENDUR

Samþætting breska bankans Kaupthing Singer & Friedlander inn í Kaupþings samstæðuna var stærsta einstaka verkefnið á árinu, en af minni en engu að síður mikilvægum verkefnum mætti nefna skuldabréfaútbóðið í Bandaríkjunum í september, en þangað sóttum við þrjá milljarða bandaríkjadala í okkar stærsta útbóði til þessa. Einnig gáfum



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI KAUPÞINGS Árið hefur að mati Hreiðars öðru fremur einkennt af varnarsigrum. Bankinn seldi meðal annars hlut sinn í Exista til að koma til móts við gagnrýni.

við út skuldabréf í Japan í október, fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja og það var ánægjulegt að komast inn á þann markað. Þá ber einnig að nefna nýfstaðið hlutafjárútbóð til erlendra fagfjárfesta, en þar seldum við hlutafé fyrir 56 milljarða króna.

Ég held að árið 2007 verði ágætis ár. Það er ekkert sem segir mér á þessari stundu að árið verði erfitt á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Rekstur okkar verður sífellt umfangsmeiri utan Íslands og því erum við komin með fleiri stöðir undir rekstur okkar en áður. Hins vegar er starfsemin hér á landi enn mjög mikilvæg fyrir okkur og er ég jafnframt bjartsýnn á gott gengi

þessa hluta bankans. Að lokum vil ég segja að við Íslendingar erum nú rétt að byrja að njóta ávaxtanna af hinni miklu og jákvæðu umbyltingu sem átt hefur sér stað í íslenska fjármálageiranum. Kaupþing innleiddi samkeppni í húsnæðislanum á Íslandi og er það ein stærsta kjarabót heimilanna á síðari árum. Að sama skapi er vöxtur og viðgangur Kaupþings ein stærsta kjarabót ríkissjóðs. Fyrir fáum árum greiddu innlendir bankar nær enga skatta, en í ár greiddi Kaupþing um sjö milljarða í skatta, sem mun meðal annars nýtast til að niðurgreiða samkeppni við bankann með ríkisábyrgð Íbúðalánasjóðs.



KNUD HOLSCHER/d line PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR AVS arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (lönhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipilinn fyrir almenningsalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Alfesca og Samskipa:

Veikur grunnur íslensku krónunnar er áhyggjuefni

Athyglisverðustu tíðindin í viðskiptalífnum á Íslandi árið 2006 eru án vafa áhlaupið sem gert var á íslenskt efnahagslíf undir lok fyrsta ársfjórðungs. Þrátt fyrir að rekstur fyrirtækja hafi almennt gengið vel þá sannaði þetta áþreifanlega hversu brothætt íslenska hagkerfið er, meðan krónan spilar jafn stórt hlutverk í peningamálafestunni og raun ber vitni.

Þá var ekki síður athyglisvert að sjá hvernig íslenski fjármálamarkaðurinn og stjórnendur fyrirtækja brugðust við þessari árás. Með markvissum vinnubrögðum tókst að hrinda atlögunni og endurheimta fyrra traust. Einnig hefur verið áhugavert að fylgjast með áframhaldandi uppgangi íslenskra fyrirtækja og fjárfesta á erlendum vettvangi og hversu vel flest þau verkefni hafa verið að ganga.

Á mínum starfsvettvangi hefur yfirstandandi ár verið tími mikilla umskipta. Í kjölfar breyttrar starfsemi sem ein-skorðast við neytendamarkað í Vestur-Evrópu var nafni SÍF breytt í Alfesca. Hafa breytingarnar gengið mjög vel og framundan eru mjög áhugaverðir tímar í rekstri fyrirtækisins að okkar mati.

Hjá Samskipum höfum við verið að reka endahnúttinn á sameiningu allrar starfsemi félagsins undir einu nafni og hefur það verið flókið og erfitt ferli. Samtímis hefur verið unnið að áframhaldandi uppbyggingu, bæði heima og erlendis, og tókum við m.a. í gagnid fjögur ný gámaflutningaskip á árinu í Evrópusiglingum félagsins.

Almennt eru horfur í viðskiptum nokkuð góðar á komandi ári. Ég tel að



ÓLAFUR ÓLAFSSON í grein sinni segir Ólafur að horfur í viðskiptum á næsta ári séu almennt góðar og telur tilefni til sæmilegrar bjartsýni.

MYND/HREINN MAGNÚSSON

menn geti verið sæmilega bjartsýnir hvað varðar rekstrarumhverfi fyrirtækja, bæði innanlands og utan, þó svo smæð myntkerfisins og sveiflukennid áhrif krónunnar á stöðu fyrirtækja og þar með á efnahagslífið séu vissulega áframhaldandi áhyggjuefni.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista

Horfi með tillökkun til næsta árs

Það er enginn vafi á því að áframhaldandi vöxtur Exista og skráning félagsins í Kauphöll Íslands stendur upp úr í mínum huga þegar litid er yfir árið. Á vettvangi Viðskiptaráðs, þar sem ég gegni nú formennsku, var einkum eftirminnileg útgáfa skýrslu um ástand íslensks atvinnulífs og kynning á henni beggja vegna Atlantsála.

Snemma á árinu var tilkynnt um fyrirhugaða skráningu Exista á hlutabréfamarkað og jafnframt lýsti stjórnarformaður Kaupþings því yfir að bankinn hygðist greiða hluthöfum sínum hluti í félaginu í arð í kjölfar skráningar. Stórt skref var stigið í lok maí þegar Exista keypti VÍS, Lýsingu og fleiri félög. Með kaupnum víkkaði starfsemi Exista frá því að vera fjárfestingarfélag í að vera fjármálaþjónustufyrirtæki. Þegar í stað var hafist handa við undirbúning skráningar, þrátt fyrir lægð á hlutabréfamarkaði um mitt árið. Útboð og skráning Exista í september gekk svo vonum framar og skráðu sig um 7.400 fjárfestar fyrir hlutum í félaginu. Arðgreiðsla Kaupþings banka fór fram í lok október og bættust þá um 30 þúsund nýir hluthafar við hópinn.

Skráning Exista er stærsta frumskráning í Kauphöll Íslands til þessa. Við skráningu var félagið hið fjórða stærsta í Kauphöllinni og næststærst sé miðað við eigið fé. Það er því ljóst að fjárhagslegur styrkur félagsins er mikill og vaxtamöguleikar gríðarlegir. Við hyggjumst hins vegar ekki flana að neinu og byggja félagið upp á markvissan hátt með langtíma arðsemi í huga.


Íslenskt fjármálalíf og íslenskir bankar lentu í umtalsverðu mótlæti snemma á árinu þegar álag á erlend skuldabréf bankanna tók að hækka. Greiningardeildir erlendra banka leituðu skýringa á þróuninni, sem oft leiddi til misskilnings og villandi myndar af stöðu íslensks viðskiptalífs. Í þessari umræðu fannst Viðskiptaráði blóðið renna til skyld-



ERLENDUR HJALTASON Exista á að baki velheppnað útboð og skráningu á markað. Félagið hefur mikið afl til frekari landvinningsa.

unnar og átti frumkvæði að því að fá einn virtasta hagfræðing samtímans, Frederic Mishkin, til þess að gera úttekt á efnahagslegum stöðugleika Íslands. Skýrsla Mishkins og Tryggva Herbertssonar hagfræðings var í kjölfarið kynnt í New York, London og Kaupmannahöfn og fullyrði ég að hún hafi átt drjúgan þátt í að upplýsa fjármálaheiminn um uppbyggingu íslensks efnahagslífs. Tel ég að þetta sé gott dæmi um það hvernig Viðskiptaráð getur gagnast viðskiptalífnum með beinum hætti.

Ég horfi með tillökkun til næsta árs enda áhugaverðir tímar framundan. Exista býr yfir miklu afli fjármagns og hugmynda sem gaman verður að fylgja eftir. Á sama tíma standa stærstu kjölfestueignir okkar, Kaupþing banki, Bakkavör Group og Síminn, á spennandi tímamótum. Ég er því afar bjartsýnn fyrir hönd Exista og íslensks viðskiptalífs almennt.



HENTAR AÐ FJÁRFESTA Í ATVINNUTÆKJUM FYRIR ÁRAMÓT?

Með því að fjárfesta í atvinnutæki fyrir áramót færðu fulla afskrift af kaupverði tækis á kaupleigusamningum og fjárfestingarlánnum.

Glitnir hefur réttu leiðina hvort sem óskað er eftir að eignast tækið eða leigja.

- **Kaupleiga**
Leigðu tækið og eignfærðu
- **Rekstrarleiga**
Greiddu aðeins fyrir afnot af tækinu
- **Fjármögnunarleiga**
Leigðu tækið og gjaldfærðu
- **Fjárfestingarlán**
Fjármögnun með veði

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á www.glitnirfjarmognun.is

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar Group:

Tækifæri í breyttum neysluvenjum

Árið 2006 markaði tímamót í sögu Bakkavarar Group en við fögnuðum tuttugu ára afmæli félagsins á árinu. Strax við stofnun félagsins settum við okkur metnaðarfull markmið um framtíðarvöxt og það er ánægjulegt að tuttugu árum seinna skuli Bakkavör Group vera orðin stærsti framleiðandi ferskra tilbúinna matvæla í Bretz samþætting starfseminnar hefur gengið vel í kjölfar yfirtökunnar á breska matvælfyrirtækinu Geest á síðasta ári. Við höfum einnig haldið áfram að styrkja stöðu okkar á breska matvælamarkaðinum með kaupum á fjórum fyrirtækjum á árinu. Enn fremur stigum við okkar fyrstu skref í Kína með kaupum í salatframleiðandanum Creative Foods í samvinnu við Glitni.

Í MIÐRI NEYSLUBYLTINGU

Eftir tuttugu ára sögu teljum við að félagið hafi aldrei verið betur í stakk búið til áframhaldandi vaxtar en einmitt nú. Heimurinn er að breytast með aukinni velmegun og bætum lífskjörum. Það má segja að við séum stödd í miðri neyslubyltingu þar sem nútímalífsstíll fólks er að gjörbreyta neysluvenjum þess. Eitt það athyglisverðasta í þessari þróun, fyrir utan aukinn áhuga fólks á hollustu og gæðum, er að stór hluti neytenda veltir fyrir sér í síauknum mæli uppruna hráefnis og hvort þess sé aflað á sjálfbærnan og ábyrgan hátt. Þessi aukni áhugi neytenda á samfélagsmálum og siðferðilegum spurningum hefur mikil tækifæri í för með sér fyrir fyrirtæki eins og Bakkavör. Reyndar tel ég að á sama hátt ættu Íslendingar að sjá sér leik á borði að nýta sér þessa alþjóðlegu þróun enda höfum við ótal tækifæri þegar kemur að sjálfbærri nýtingu auðlinda og umhverfisvernd vegna náttúrulegrar sérstöðu Íslands.

VÖRURNAR HLUTI AF LÍFSSTÍL

Breski matvælamarkaðurinn hefur þróast hraðar en aðrir markaðir á sviði ferskra tilbúinna matvæla undanfarin ár og má segja að þær vörur sem við



ÁGÚST GUÐMUNDSSON FORSTJÓRI BAKKAVARAR GROUP Bakkavör keypti fjögur bresk matvælfyrirtæki á árinu auk þess að taka sín fyrstu skref í Kína með kaupum á salatframleiðandanum Creative Foods í samvinnu við Glitni.

MARKAÐURINN/STEFÁN

framleiðum séu nú þegar orðnar hluti af lífsstíl fólks þar í landi. Ég spái því að matvælamarkaðurinn á meginlandi Evrópu muni halda áfram að þróast hratt í sömu átt, svo ekki sé minnst á Asíu, en þar liggja gríðarleg tækifæri á sviði ferskrar tilbúinnar matvöru. Við stefnum að því að styrkja stöðu okkar enn frekar á meginlandi Evrópu og hasla okkur völl á ýmsum mörkuðum innan Asíu á næstu misserum.

MIKILS AÐ VENTA AF EXISTA

Það bar einnig til tíðinda á árinu að í tengslum við uppbyggingu Exista ákváðum við bræðurnir að skipta um hlutverk innan Bakkavör Group. Ég tók við starfi forstjóra af Lýð í apríl síðastliðnum en hann gegnir áfram lykilhlutverki í stefnumótandi ákvörðunum félagsins sem stjórnarformaður. Hann er jafnframt starfandi stjórnarformaður Exista en uppbygging þess félags hefur verið hröð á árinu. Einn af hápunktum ársins hjá okkur var án efa skráning Exista í Kauphöll Íslands og það er ljóst að mikils má vænta af félaginu á næstu árum.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans:

Stefnufesta í úfnum sjó

Allir sem tengjast rekstri íslenskra fyrirtækja í útlöndum eru líklegast sammála því að árið 2006 marki tímamót í þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Árið færði okkur heim sanninn um að íslenskt hagkerfi er orðið alþjóðlegt. Viða um heim er fylgst með ákvörðunum sem teknar eru á Íslandi og þróun efnahagsmála hér á landi þykir nú hafa meira erindi en áður í umræðu um efnahagslíf heimsins.

Segja má að þessi ný veruleiki hafi fyrst gert vart við sig svo um munaði í upphafi árs þegar erlent matsfyrirtæki setti fram harða gagnrýni á þróun íslenskra efnahagsmála. Í kjölfarið stukkum ýmsir á þann vagn og fyrir vikið sigldu íslensk fyrirtæki, ekki síst fjármálfyrirtækin, í úfnum sjó fram eftir árinu. Þrátt fyrir það standa íslensk fjármálfyrirtæki sterkari en nokkru sinni fyrr í árslok. Þetta má þakka stefnufestu þeirra á árinu enda munu flestir þeir, sem gagnrýndu hraðan vöxt þeirra, nú sjá að áætlanir íslensku bankanna eru að standast vel og að íslenskir fjárfestar og stjórnendur eiga mikið erindi með þekkingu sína á alþjóðlegan markað.

Íslensk fjármálfyrirtæki brugðust vel við þeirri gagnrýni sem fram kom í upphafi árs. Sumt í gagnrýninni var réttmætt og hafa þau lagt sig fram um að grípa til aðgerða til þess að lagfæra það sem betur mátti fara. Eftir þessu hefur verið tekið meðal þeirra sem fylgjast með ástandi íslenskra fyrirtækja og efnahagslífs. Annað í gagnrýninni var byggt á misskilningi og tókst hagsmunaaðilum vel að stilla saman strengi til þess að leiðrétta misskilning og rangfærslur af þeim toga. Þau vinnubrögð voru til mikillar fyrirmyndar og standa upp úr sem einn af hápunktum ársins.

Árið 2006 var árið þegar mörg af stóru íslensku fyrirtækjunum hættu að vera „útrásarfyrirtæki“ en urðu þess í stað alþjóðleg fyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Stjórnendur íslenskra fyrirtækja gera sér grein fyrir því að augu heimsins beinast að



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON, BANKASTJÓRI LANDSBANKANS Sigurjón segir árið 2006 árið þegar mörg af stóru íslensku fyrirtækjunum hættu að vera „útrásarfyrirtæki“ en urðu þess í stað alþjóðleg fyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi.

MARKAÐURINN/GVA

þeim. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld geri sér einnig grein fyrir þessum nýja veruleika og hagi aðgerðum sínum og yfirlýsingum þannig. Í því ljósi er mikilvægt að vel sé haldið á efnahagsmálum nú þegar sér fyrir enda á miklu hagvaxtar-skeiði hér á landi. Nauðsynlegt

er að mjúk lending náist á næsta ári og trúverðugleiki Íslands og traust erlendra aðila á íslenskt efnahagslíf haldi áfram að vaxa. Verðmæti trúverðugleika okkar og traust í alþjóðlegu samhengi verður seint ofmetið og því er miklu til kostandi svo að því verði ekki stefnt í voða.

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Hf. Eimskipafélagsins:

Ár mikilla fjárfestinga

Þetta var afar viðburðaríkt ár á öllum sviðum hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands. Skráning félagsins í Kauphöll Íslands gekk afar vel í upphafi árs. Þetta var ár mikilla fjárfestinga víðs vegar í Evrópu og Ameríku. Að sama skapi innleysti félagið góðan hagnað undir lok ársins þegar stórar einingar voru seldar fyrir mjög gott verð. Hagnaðurinn af eignasölunni var um 10,5 milljarðar króna.

Eimskip óx gríðarlega á þessu ári og hefur margfaldað að stærð á síðustu misserum. Félagið er nú það stærsta í hitastýrðum flutningum á Atlantshafi og eitt það stærsta í heimi. Mér er til efs að nokkurt félag eigi fleiri frystigeymslur en Eimskip en þessar geymslur eru afar mikilvægir viðskiptahnútpunktur í hitastýrðri flutningastarfsemi. Árið 2006 var ár ytri vaxtar hjá Eimskip og það liggur fyrir að við verðum áfram að fjárfesta en munum þó eyða miklum kröftum inn á við á komandi ári. Það er stefnan að vinna ótullaða að innri vexti árið 2007 og hámarka þann arð og þau tækifæri sem fjárfest-



MAGNÚS ÞORSTEINSSON, STJÓRNARFORMAÐUR HF. EIMSKIPAFÉLAGSINS Eimskipafélagið, sem þá bar enn nafnið Avion Group, innleysti um 10,5 milljarða króna hagnað undir lok árs þegar XL Leisure Group var selt, auk 51 prósent hlut í Avion Aircraft Trading.

ingar þessa árs bjóða upp á.

Air Atlanta Icelandic, sem er önnur meginstöð Hf. Eimskipafélagsins, gekk í gegnum miklar breytingar á árinu og við lukum afar veigamiklum áfanga í endurnýjun flugflota félagsins. Sú meginbreyting varð á rekstri Hf. Eimskipafélags Íslands að við hættem í farþegaflutningum á síðari hluta árs og höfum markað afar skýra stefnu þar sem við einbeitum okkur að fraktflut-

ingum og heildarlausnum á því sviði hvort sem er í lofti, á sjó eða landi. Ég horfi mjög björtum árum til ársins 2007 og tel miklar líkur á því að árið verði hluthöfum félagsins til framdráttar. Á heildina litið er ég bjartsýnn á nýtt ár fyrir land og þjóð og vil nota tækifærið og þakka öllum en þó sérstaklega starfsfólki Eimskips og Atlanta, fyrir árið sem er að líða og ég óska öllum gæfu og gengis á nýju ári.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON FJÁRFESTIR Segir óvissu í alþjóðlegri fjárfestingastarfsemi framundan. Helsta tryggingin sé að hafa aðgang að varanlegu fjármagni sem gefur fjárfestum möguleika á að kaupa og selja á eigin forsendum.

Björgólfur Thor Björgólfsson, alþjóðlegur fjárfestir:

Tækifærin spruttu fram á árinu

Mikið framboð af fjármagni og auknar skuldsetningar einkenndu alþjóðlega fjárfestingamarkaði á árinu 2006 líkt og árið á undan. Engu að síður má greina vatnaskil í einstaka greinum og á sumum markaðssvæðum. Íslensk stórfyrirtæki eru flest hver háð meginstraumum í alþjóðlegri fjárfestingastarfsemi, einkum þau sem starfa og fjárfesta erlendis. Á það var minnt á árinu hversu íslenskt efnahagslíf er viðkvæmt þegar alþjóðleg öfl verða mótdræg íslensku viðskiptalífi.

Í þeim löndum og í þeim atvinnugreinum, sem fyrirtæki þau sem ég veiti forystu, hafa starfað í, hafa sprottið fram bæði tækifæri til kaups og sölu. Styrkur þessara fyrirtækja hefur falist í traustri og öruggri fjármögnun sem skapar möguleika á að stunda viðskipti á eigin forsendum. Þau hafa selt og keypt þegar tækifærin hafa

verið hvað best. Okkur tókst að selja farsællaga eldri fjárfestingabanka á Norðurlöndum og í símafyrirtækjum í Austur- og Mið-Evrópu með góðum hagnaði og þá nýttum við á árinu hagstæð kaup-tækifæri í fasteignum einkum í Norður- og Austur-Evrópu.

Fram undan er óvissa í alþjóðlegri fjárfestingastarfsemi. Helsta tryggingin er að hafa aðgang að varanlegu fjármagni sem gefur fjárfestum möguleika á að kaupa og selja á eigin forsendum. Þau íslensku og alþjóðlegu fyrirtæki sem ég hef mest starfað í þágu fyrir á síðasta ári, Novator, Actavis og Straumur-Burðarás, njóta þeirrar gæfu að geta það. Allir möguleikar eru því fyrir hendi þannig að þessi félög geta áfram nýtt krafta sína til að eflast á alþjóðlegum mörkuðum. Héðan í frá og líkt og hingað til mun það styrkja og efla íslenskar rætur þessara fyrirtækja.



RÓBERT WESSMAN Forstjóri Actavis heldur tölu á kynningarfundum Actavis á fyrri hluta ársins. MARKAÐURINN/HEIÐA

Róbert Wessman, forstjóri Actavis:

Í hóp þeirra stærstu

Árið 2006 var einkar viðburðaríkt hjá Actavis. Félagið lauk kaupum á fjórum lyfjafyrirtækjum í Bandaríkjunum, Rússlandi, Indlandi og Rúmeníu og er starfsemi félagsins nú í 32 löndum. Auk þess hafa verið markaðssett um 300 samheitalyf á markaði samstæðunnar á árinu og önnur 300 verkefni eru í þróun og skráningu.

Stefna Actavis hefur verið skýr frá því við hófum okkar útrás árið 1999. Við trúum því að lykillinn að velgengni félagsins byggist m.a. á því öflugra þróunarstarfi sem félagið býr yfir, góðri markaðsstöðu á stærstu lyfjamörkuðum heims og að Actavis sé nú þekkt fyrir að búa yfir einu breiðasta lyfjaúrvali á sviði samheitalyfa í heiminum í dag. Þessir þættir ásamt öflugum stjórnendateymi munu gera okkur kleift að vaxa enn frekar á næstu árum.

Áhugi okkar á kaupum á króatíska lyfjafyrirtækinu Pliva vakti mikla athygli en með kaupunum hefði Actavis verið komið í hóp þeirra þriggja stærstu. Vörumerki félagsins er því orðið sérlega áberandi á erlendum mörkuðum, aðeins tveimur árum eftir nafnabreytingu félagsins. Til að mynda er Actavis fyrsta íslenska félagið sem erlendu bankarnir Credit Suisse og ABN Amro gefa út verðmat á og fleiri erlendir greiningarskýrslur eru væntanlegar á næstu mánuðum. Áhugi erlendra greiningaraðila og fjárfesta ber þess merki að félagið hafi góða framtíðarsýn og að félagið sé einn áhugaverðasti fjárfestingarkosturinn í heimi

samheitalyfja. Þá teljum við að samruni Kauphallar Íslands við OMX sé jákvætt skref fyrir íslenskan hlutabréfamarkað og geti stuðlað að auknum fjárfestingum erlendra fjárfesta á markaðnum. Við höfum einnig sýnt því áhuga að skrá hlutafé félagsins í evrur og teljum að það gæti einnig verið ákjósanlegt fyrir önnur íslensk félög.

Það er mikilvægur hluti af starfsemi félagsins á ári hverju, að láta gott af sér leiða með því að styrkja eða standa fyrir þjóðþrifamálum. Til að mynda hefur Actavis tekið þátt í forvarnarverkefnum Vilnius, Belgrad, Sofiu, Istanbul og St. Pétersborgar í forvarnarverkefninu „Youth in Europe – a Drug Prevention Programme“ í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þá áttum við einnig í samstarfi við forseta Íslands og fjölmarga aðila innan íþróttahreyfingarinnar um vímuvarnardegi á Íslandi nú í haust.

Á komandi ári munum við áfram leggja áherslu á að auka vöxt og arðsemi félagsins enn frekar. Samhliða öflugum innri vexti og góðu þróunarstarfi munum við halda áfram að leita fjárfestingartækifæra og er fjárfestingargeta félagsins umtalsverð ef áhugaverð tækifæri bjóðast. Megináherslurnar eru á að styrkja markaðsstöðu okkar á lykilmörkuðum í Mið- og Suður-Evrópu, auk þess sem við munum horfa til Asíu og Suður-Ameríku til lengri tíma lítið. Það er yfirlýst markmið félagsins að Actavis verði í hópi þriggja stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims innan fárra ára.

Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands

Meiri þátttakendur í erlendu atvinnulífi en nokkurt hinna Norðurlandanna

Andbyr og árangur einkenna árið 2006. Mikill andbyr setti svip sinn á viðskipta- og fjármálalíf íð framan af ári en þegar árið er gert upp fer ekki á milli mála að góður árangur náðist. Til marks um það er framhald útrásar, ágæt afkoma og þegar á allt er litið hagstæð þróun hlutabréfamarkaðar. Við höfum einfaldlega haldið okkar striki þrátt fyrir „danskan“ bölmód.

Íslenskir fjárfestar virðast hafa keypt erlend fyrirtæki í nær sama mæli á árinu og næstu árin á undan ef tekið er mið af fjárfestingum skráðra félaga í Kauphöll Íslands. Á þennan mælikvarða hefur alþjóðavæðingun verðið einstök. Nú eru Íslendingar meiri þátttakendur í erlendu atvinnulífi en nokkurt hinna Norðurlandanna. Bein fjármunaeign Íslendinga erlendis nam um 65% af landsframleiðslu fyrir ári og við hana bættist töluvert á þessu ári. Á hinum Norðurlöndunum er umrætt hlutfall á bilinu 40-60%. Þetta hlutfall var innan við 10% á Íslandi fyrir fimm árum.



PÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON, FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR Pórður telur að fyrirtækjum sem geri upp reikninga sína í erlendri mynt muni fjölga. Umræða um að skráð fyrirtæki í Kauphöllinni taki upp evru mun einnig ágerast.

Erlendir fjárfestar hafa einnig sýnt íslenska markaðnum aukinn áhuga. Þetta kom meðal annars fram í nýlegum útboðum Kauphalls og Icelandair. Þá keypti norræna kauphallarsamstæðan OMX Kauphöll Íslands í lok ársins. Íslenski markaðurinn er því orðinn hluti af stærri heild

sem felur í sér ný tækifæri. Við bætist að erlendum kauphallaradílum fjölgaði og upplýsingasala um markaðinn jókst á erlendum vettvangi.

Enginn vafi er á að þessi þróun alþjóðavæðingar mun halda áfram á næsta ári. Hún mun birtast í ýmsum myndum. Ein myndbirtingin verður án efa undanhald krónunnar. Fyrirtækjum sem gera upp reikninga sína í erlendri mynt mun fjölga og umræða um að skráð fyrirtæki í Kauphöll Íslands taki upp evru mun ágerast. Krónan mun því eiga undir högg að sækja á árinu sem fer í hönd.

Ögrandi verkefni er framundan á sviði hagstjórnar. Koma þarf traustum böndum á verðbólgu og ná betra jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Þetta er krefjandi verkefni en um leið skemmtilegt, ólíkt skemmtilegra en að kljást við hagvaxtardoða og atvinnuleysi, eins og er hlutskipti margra þjóða. Við búum við góð skilyrði til að sækja fram og getum hæglega haldið okkar striki ef við stöndum skynsamlega að málum.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Icebank

Undiralda breytinga

Síðustu ár hafa einkennst af sívaxandi umsvifum íslenskra fyrirtækja og athafnamanna erlendis og löngun þeirra, vilja og getu til að takast á við sífellt stærri og flóknari verkefni. Svipaða sögu hefur mátt segja hér innanlands. Vissulega hélt þessi framgangur áfram á árinu 2006 en í mínum huga hverfa þó einstök viðskiptaafrek í skuggann af annars konar atburðum og þróun. Ég nefni þrennt:

- Ákvörðun Fitch Ratings 21. febrúar sl. um að breyta horfum fyrir láns hæfismat íslenskra ríkisins úr stöðugum í neikvæðar. Með samstilltu átaki fjölmargra innlendra aðila tókst fjármálafyrirtækjum að mæta orrahríðinni sem á þeim dundi í kjölfarið og snúa vörn í sókn. Sem betur fer virðast fyrirtækin hafa dregið lærdóm af þessum atburðum. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að íslensk stjórnvöld hafi með sama hætti viðurkennt að orð þeirra og athafnir séu undir stöðugri smásjá erlendra aðila og að feilspor geti orðið dýrkeypt.
- Fjármálaþjónusta leggur núorðið meira til landsframleiðslunnar en sjávarútvegur og báðar þessar atvinnugreinar vega þyngra en stóriðja. Umbreyting úr frumframleiðsluhagkerfi yfir í þjónustuhagkerfi ætlar þó ekki að ganga þrautalaust fyrir sig. Það eykur togstreituna að sumar atvinnugreinar búa við afar góða afkoma og geta greitt há laun á meðan aðrar atvinnugreinar berjast í bökkum. Þegar þetta fer saman við þá trú margra að misskipting tekna og auðs í þjóð-



FINNUR SVEINBJÖRNSSON, ICEBANK Aukin umsvif Íslendinga erlendis á næsta ári munu byggjast á meiri ígrundun og heilsteyptari stefnu að mati Finns.

félaginu sé að aukast, þá má búast við töluverðri togstreitu í þjóðfélaginu sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir atvinnulífið.

- Undraverður uppgangur fjármálaþjónustu og ýmissa annarra þjónustugreina byggist nánast eingöngu á mannaúdi. Það gerir ferðaþjónusta að verulegu leyti einnig en þar bætist við sérstök náttúra landsins. Þess vegna verðum við að leggja sívaxandi áherslu á menntun, starfsþjálfun og hvað eina sem eykur mannaúdi. Að sama skapi verðum við að umgangast náttúru landsins af þeirri virðingu sem henni ber og hlífa henni nema ábatinn sé þeim mun meiri.

Ég á von á því að íslensk fyrirtæki og athafnamenn haldi áfram að auka umsvif sín erlendis 2007. Ég held þó að mesti spennurinn sé liðinn og að þau spor sem framundan eru byggist á meiri ígrundun og heilsteyptari stefnu en sumt af því sem gert hefur verið hingað til.

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.460.000
Hlaðinn staðalbúnaði
Upplifðu bíl ársins 2006
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

HYUNDAI hefur gæðin

Nýtt rúm


Fráááábær hugmynd!



Stillanlegt-tilboð 2x90x200
Vaxtalaust

16.400,- <small>meðalgr. á mán. 36 mánuði</small>	38.874,- <small>á mán. 12 mánuði</small>	448.900,- <small>áður 523.264</small>
------------------------------------------------------	---------------------------------------------	------------------------------------------

Hlíðardýna og lak fylgir



Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmum

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti móturinn er, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botnum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótur er prófaður og viðurkenndur sem læknaæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd móturum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótur & grind.



Þú átt það skilið



Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð



Tempur inniskór
Tilboð kr. 7.700,-



Tempur heilsukoddi
Tilboð kr. 7.990,-



Temprakon hitajöfnunarsængin
Tilboð kr. 24.900,-

Betra
BAK

Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Vörubær
Tryggvabraut 24
Akureyri
Sími 462 1410

Opið alla daga til jóla
Föstudaginn 22. des. frá kl. 10 til 22
Þorláksmessu 23. des. frá kl. 10 til 23
Aðfangadag frá kl. 10 til 12

Hörður Arnarson, forstjóri Marels:

Ójafnvægi efnahagslífsins veldur enn áhyggjum

Árið 2006 var mjög viðburðaríkt ár hjá Marel. Í tengslum við aðalfund félagsins í febrúar var kynnt metnaðarfull stefna um áframhaldandi vöxt þess. Í stefnunni fólst að Marel stefndi að því að leiða samrunaferli sem fyrirsjáanlegt var að gerðist á mörkuðum félagsins.

Markmiðið var að þrefalda veltu félagsins á næstu þremur til fimm árum. Í kjölfarið var ráðist í kaup á tveimur alþjóðlegum félögum: AEW/Delford í apríl og Scanvægt í ágúst. Í framhaldi af því var hlutafé félagsins aukið með öflugri aðkomu erlendra fjárfesta, íslenskra lífeyrissjóða og almennings. Fyrirtækið er nú fjármagnað til þess að takast á við áframhaldandi vöxt í samræmi við yfirlýsta stefnu félagsins. Seinni hluti ársins mótaðist af umfangsmiklum samþættingarverkefnum, sem ná munu fram að ganga á fyrri hluta ársins 2007. Samþættingarvinnan hefur gengið vel og líklegt að hún muni skila hluthöfum umtalsverðum framtíðarverðmætum, viðskiptavinum félagsins bættu vöru- og þjónustuframboði og starfsmönnum spennandi starfsþróunarmöguleikum.

Rekstrarumhverfi félagsins á Íslandi batnaði verulega er leið á árið með veikingu íslensku krónunnar. Verulegt áhyggjuefni er þó það ójafnvægi sem er í íslensku efnahagslífi sem kemur fram í verðbólgu, viðskiptahalla, háu vaxtastigi og spákaupmennsku með íslensku krónuna. Mjög vandasamt verkefni er framundan, sem er að vinna ofan af þessari stöðu.

Framundan tel ég að séu tvö málefni fyrir íslenskt efnahagslíf sem mikilvægt er að taka afstöðu til:

- Endurskoða þarf peningamálastefnuna í ljósi þeirrar reynslu sem nú hefur fengist af tveimur hagsveiflum. Stefnan hefur alls ekki skilað tilætluðum árangri og á löngum tímum hefur hún unnið þvert gegn markmiðum sínum. Ýmsar ástæður eru fyrir því en skortur á stuðningi við peningamálastefnuna frá sveitarfélögum, opinberum fyrirtækjum og stjórnvöldum hefur þar vegið mjög þungt.

- Ræða þarf á málefnalegan hátt mögulega aðild Íslendinga að ESB og upptöku evru. Hverjir eru raunverulegir valkostir og hvaða möguleikar skila bestu lífskjörum á Íslandi. Mikilvægt er að stjórnvaldaflokkar og hagsmunasamtök taki á málefnalegan hátt þátt í þessari umræðu – umræðu sem átti sér stað fyrir meira en áratugi meðal allra annarra Evrópuþjóða.



HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI MARELS Hörður segir að tími sé til kominn að ræða á málefnalegan hátt mögulega aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar.



GERVIFÓTUR SKOÐAÐUR Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, og Hilmar Janússon, framkvæmdastjóri þróunardeildar fyrirtækisins, skoða rafeindastýrðan gervifót. MARKAÐURINN/GVA

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar:

Með útrás byggist upp þekking

Það sem er efst í huga við liðið ár er hinn mikli þróttur sem er í íslensku efnahagslífi. Þó svo að nokkur hættumerki hafi sést, virðist það ekki hafa haft áhrif á uppganginn sem virðist vera óendanlegur, en hinsvegar gæti það verið mesta hættan.

Það sem mér fannst standa upp úr eru fjárfestingaverkefni erlendis sem fara ört stækandi ásamt óvenjulega miklum sveiflum í gengi sem hefur haft áhrif á mörg fyrirtæki hér heima. Þessi verkefni sem hafa oft verið nefnd útrásarverkefni hafa byggt upp mikla og breiða þekkingu hér á landi og er það vel. Mest af þessu er drifið áfram af áhættuvilja og miklu framboði fjármagns.

Þessi þróun er hinsvegar ekki einungis bundin við Ísland, erlendis sjáum við að fjárfestingar á vegum fjárfestingasjóða hafa vaxið gríðarlega. Tengt þessu er ör vöxtur fjármálaafyrirtækjanna, en tæplega 75 prósent af markaðsverðmæti fyrirtækja

í Kauphöll Íslands eru í fjármálatengdri starfsemi. Árangur þessarar starfsemi hefur einnig verið mjög góður svo ekki sé dýpra í árinna tekið.

Árið hjá Össuri hefur verið viðburðaríkt eins og endranær. Við höfum komið út á markað með vörur sem vakið hafa verðskuldaða athygli fyrir framúrskarandi tækni og virkni. Það er óhætt að segja að tæknilega hafi Össur tekið afgerandi forystu á sviði stoðtækja. Varðandi stuðningsvörurnar þá einkennir það árið að mikil orka fór í að samræma starfsstöðvar og vöruframboð á hinum ýmsu mörkuðum, en okkar markmið er að ná afgerandi tækniforystu á sviði stuðningstækja eins og við höfum nú þegar náð í stoðtækjunum.

Ég er mjög bjartsýnn á komandi ár þó svo hagvöxtur gæti dregist eitthvað saman á næsta ári. Við hjá Össuri erum bjartsýn, enda fara saman góðar vörur, markaðsstaða og möguleikar.



GUÐMUNDUR HAUKSSON SPARISJÓÐSSTJÓRI SPRON er tilbúið fyrir næstu áskoranir eftir mikinn hagnað og sölu nýs stofnfjár sem hefur aukið eigið fé.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON

Besta ár í sögu SPRON

Árið 2006 er vafalaust besta ár í sögu SPRON. Auk þess sem afkoman hefur aldrei verið betri komum við einstaklega vel út úr könnunum sem við teljum afar mikilvægar fyrir þjónustufyrirtæki eins og SPRON. Í þjónustukönnun Capacent-Gallup kom fram að viðskiptavinir telja að SPRON sé að bjóða bestu þjónustu sem veitt er meðal fjármálaafyrirtækja á Íslandi. Í sambærilegum könnunum sem sneru að innviðum SPRON kom einnig í ljós að starfsánægja starfsfólks er eins og best gerist á íslenskum fjármálamarkaði. Og að lokum fengum við einkar ánægjulega viðurkenningu frá Jafnréttisráði fyrst fjármálaafyrirtækja á Íslandi. Sú viðurkenning er okkur mjög dýrmæt, þar sem við höfum um langt skeið lagt ríka áherslu á uppbyggingu innri verðmæta SPRON. Þessar niðurstöður allar benda til þess að við séum á réttri braut og gefa okkur mikinn kraft til að takast á við krefjandi framtíð-

arverkefni og nýta sóknarfæri á fjármálamarkaði. Ég er því bjartsýnn á næsta ár. Við erum með öflugt fyrirtæki sem byggir á frábærum hópi starfsmanna og með auknu eigin fé í kjölfar góðrar afkomu, ásamt miklu innborguðu stofnfé, teljum við okkur vel í stakk búin til að takast á við áskoranir næsta árs.

Starfsumhverfi fjármálaafyrirtækja hefur verið afar hagstætt undanfarin ár og þau hafa flest náð að styrkja stöðu sína myndarlega. Framvindan í efnahagsmálum mun hafa mikil áhrif á hvort svo verður áfram, og flest bendir til þess. Mesta óvissan er þó um þróun á gengi íslenskrar krónu. Það er mjög mikilvægt að Seðlabankinn nái að lækka stýrivexti sína án þess að það leiði beint til mikillar veikingar krónunnar. Takist það þá er ég sannfærður um að mjúk lending náist í efnahagslífi okkar. Slíkt væri mikill sigur í ljósi þess hve stórframkvæmdir á Íslandi undanfarin ár hafa sett mikinn þrýsting á hagkerfi okkar.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða KB banka í ISK, USD, EUR og GBP.

*Nafnávöxtun í EUR, USD og ISK á ársgrundvelli fyrir tímabilið 01/11/06-01/12/06.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telur vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fölgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útbodslýsingu eða útdrætti úr útbodslýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.





Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette



Veldu rétt Nicorette

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætt á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

ÚR BANKAHÓLFI ÁRSINS

Skattlandið Danmörk

Dönur er um og ó yfir því hversu hratt Íslendingar fara yfir í dönsku viðskiptalífi. Íslenskir fjárfestar hafa verið stórtækir á dönskum fasteignamarkaði. Eftir ein slík viðskipti voru íslenskir kaupslumenn á ferðinni í leigubíl út á Kastrup. Leigubílstjórinn heyrði á tal þeirra og spurði hvaðan þeir væru. Þegar í ljós kom að þeir voru Íslendingar spurði hann strax hvort þeir væru í viðskiptaerindum. „Vi har lige købt det her,“ var svarað á sömu stundu og ekið var framhjá höfuðstöðvum danska skattsins. „For helvede, har i købt Skattevæsenet?“ spurði leigubílstjórinn í forundran. „Ja, nu er det så at i betaler skatten og skatten betaler os,“ var svarið sem hann fékk frá farþega sínum.

Stirt í Straumi

Í Gylfaginningu er Glitnir höll sátta og því táknrænt fyrir bankann sem nú virðist sigla lygnari sjó en oft áður. Í Valhöll börðust menn hins vegar og féllu á velli en risu upp frá dauðum að kveldi og héldu veislu. Sótt dauðir fóru ekki til Valhallar en þeir kappar sem féllu í vopnaskaki áttu þar vísan verustað. Enn mun vera vopnaskak í Straumi-Burðarási og óvíst er hvort og hvernig barist verður á næstunni eða hvort veisla verður í Valhöll að kveldi. Herma sagnir að búast megi við að línur skýrist á næstunni og hvort staðan verður áfram þversum milli Björgólfs Thors og Magnúsar Kristinssonar. Eru margir sem spá því að ekki muni verða friður fyrr en annar hvor hverfur úr hluthafahópi Straums-Burðaráss.

Mishkin-áhrifin

Skýrsla bandaríska prófessorsins Mishkin er farin að segja til sín. Öllu bjartara er yfir skýrslum þeim sem birst hafa að undanfögnu. Morgan Stanley reið á vaðið og dró í land frá fyrri skýrslu. Nú eru þeir hjá Merrill Lynch jákvæðari en þeir voru ásamt Danske Bank með alldökka mynd af nánustu framtíð íslenska hagkerfisins. Á markaðnum er farið að tala um Mishkin-áhrifin og Viðskiptaráðið fær rós í hnappgatið fyrir framtakið. Almennt gera menn sér grein fyrir því að björninn er ekki unninn en lífið er betra en það var fyrir mánuði. Mishkin-trúboðið hefur þó ekki náð að kristna allan hinn siðmenntaða heim því enn sitja skurðgoðadýrkendur í Danske Bank og blóta guði svartnættis og kreppu.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

50 milljarða hagnaður Björgólfs Thors Björgólfssonar af sölu á tékkneska símafyrirtækinu Ceske Radiokomunikace (CRA).

23% veiking krónunnar frá áramótum.

6.925,44 Hæsta gildi úrvalsvisittölu Kauphallar Íslands á árinu.

Ekki gera ekki neitt á næsta ári

Vilt þú fá peningana fyrr?

Við höfum liðsinnt fjölda fyrirtækja

við innheimtu viðskiptakrafna með

góðum árangri.

Við komum
hreyfingu
á peningana

Hafðu samband í síma **440 7000** og kynntu þér hvernig við getum aðstoðað á nýju ári. Hvað sem þú gerir - ekki gera ekki neitt.

intrum  justitia

www.intrum.is

E*TRADE

„Auðveldara en ég hélt“

Með þátttöku á E*TRADE í gegnum Landsbankinn býst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri. Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu í síma 410 4000.

120
1886
2006

 Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Lítið heimili innréttað

Lundby-dúkkuhúsin hafa verið framleidd í fjölda ára og alltaf er að koma eitthvað nýtt sem hægt er að bæta við í þau.

Smáatriðin eru það sem skiptir máli í Lundby-línunni. Þegar húsin eru keypt er ekkert inni í þeim en eigendurnir sjá um að innréttu þau sjálfir. Hægt er að kaupa alls kyns smágerða hluti á heimilið og má þar meðal annars nefna rafmagnsljós. Algenzt er að foreldrar sem átt hafa Lundby-hús frá því að þeir voru sjálfir börn séu að bæta við nýjum hlutum í húsin sem eru nú í eigu barna þeirra enda fylgja framleiðendur leikfanganna



Í eldhúsinu er líf og fjör því læðan á heimilinu hefur nýlega eignast kettlinga. Öllum nýjustu tískustraumum, og alltaf er eitthvað nýtt að bæta bæði í húsgagna- og fatahönnun - eó



Í Leikbæ má finna þetta fallega Lundby-dúkkuhús. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Greinilegt er að fjölskyldufólk býr í húsinu því nóg er af leikföngum á stofu-gólfinu. Smá óreiða þýðir samt ekki að ekki sé hægt að hafa það notalegt fyrir framan arininn.



Í svefnherberginu er stóra systir að reyna að svæfa litla bróður sinn en sá stutti er alls ekki á því að leggja sig.



Í borðstofunni eru falleg og klassísk húsgögn og nógu snyrtilegt til þess að þar sé hægt að taka á móti gestum ef á þarf að halda.

Létu þér lífið eftir jólin

Nýtt ár býður upp á tækifæri til að taka til í lífi sínu og skipuleggja óreiðuna.

Nú þegar jólin eru að baki er kominn tími til að skipuleggja nýja árið svo við lendum ekki í sama ruglinu og síðustu ár.

Hér eru nokkur atriði sem gott er að huga að þegar nýtt ár gengur í garð.



Kannaðu hvort allt er í lagi með rafhlöður í reyk-skynjurunum og skiptu þeim út ef þú gerðir það ekki fyrir jólin.

Taktu til í skápunum og gefðu það sem þú notaðir aldrei á árinu sem er að líða. Raðaðu afganginum eftir litum og tegundum svo að þú þurfir aldrei aftur að týna þér í fataskápnum. Gerðu þetta svo að föstum lið einu sinni á árstíð.



Farðu yfir pappírana þína, launa-seöla, reikninga og þess háttar og flokkaðu niður. Mættu svo skattmann með gleði í hjarta í febrúar. Kannaðu hvernig er með tryggingarnar þínar og hvort þú þarft að breyta einhverju þar að lútandi.

Endurnýjaðu dagatöl og dagbækur. Pantaðu tíma í árlegum læknisskoðunum, hjá tannlækni og annað sem þarf að gera einu sinni á ári.

Gerðu skurk í því að kanna hvort tölvan þín taki afrit af því sem þú vinnur á hana. Komdu þeim málum í lag svo að þú þurfir aldrei aftur að gráta yfir töpuðum gögnum.

Settu upp körfur frammi í forstofu til að flokka það sem kemur inn um lúguna. Eina fyrir reikninga, aðra fyrir bréf sem þarf að svara og þá þriðju fyrir það sem þarf að endurvinnna.



Haltu gólfunum hreinum með því að nota tvær dyramottur, hvora sínum megin við útidyrnar. Eina grófa fyrir utan til að skrapa af óhreinindi og snjó og aðra mýkri til að draga í sig raka fyrir innan dyrnar. Þá geta allir komið inn á skónum.

NAUTSTERKIR Í KJÖTI

Villibráð eða veislusteikur, vel hangin hreindýrslund eða gómsætt paté, grafin gæs eða flauelsmjúk bringa, kryddlegið lamb eða kótilettur, hangikjöt eða himneskar nautasteikur: 20 ára reynsla, þekking á hráefnum og ást á matargerð færa þér aðeins það besta.

Opið á laugardag frá kl. 10-18.

Grensásveggi 48 • sími 553 1800

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

TOPPBÍLAR



Toyota Corolla Wagon Terra, árgæð 1998, ekinn 129 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur, verð 390.000. Algjör gullmóli. Rnr. 240493.



Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgæð 2005, ekinn 60 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1470.000. Rnr. 115922.



Dodge Stratus SE, árgæð 2003, ekinn 47 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1390.000. Rnr. 123951.



Toyota Yaris Terra, árgæð 2005, ekinn 57 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1290.000. Rnr. 240490r. 210349.



VW Golf Comfortline 8V, árgæð 2002, ekinn 60 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1190.000. Rnr. 240450.



Nissan Terrano II, árgæð 1999, ekinn 182 þ.km, dísel, sjálfskiptur, verð 1090.000. Rnr. 182089.



Toyota Rav4 langur 4WD, árgæð 2000, ekinn 109 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1490.000. Rnr. 115518.



Toyota Yaris Terra, árgæð 2005, ekinn 6 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1450.000. Rnr. 182650.



Dodge 2500 Club Cab, árgæð 1995, ekinn 75 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1390.000. Rnr. 240236.



Toyota Yaris T-Sport, árgæð 2003, ekinn 53 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1290.000. Rnr. 230155.



Toyota Yaris Terra, árgæð 2005, ekinn 60 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1190.000. Rnr. 210330.



Nissan Terrano II, árgæð 1998, ekinn 182 þ.km, dísel, 5 girar, verð 1090.000. Rnr. 995226.



Toyota Rav4 langur 2WD, árgæð 2002, ekinn 60 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1490.000. Rnr. 240091.



Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgæð 2005, ekinn 53 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1450.000. Rnr. 240405.



Subaru Legacy Wagon GL 4WD, árgæð 2002, ekinn 94 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1350.000. Rnr. 240283.



Toyota Rav4 langur 4WD, árgæð 2000, ekinn 110 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1290.000. Rnr. 115318.



Toyota Yaris Sol, árgæð 2003, ekinn 28 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1190.000. Rnr. 230241.



Hyundai Trajet 7 manna, árgæð 2001, ekinn 123 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1090.000. Rnr. 201540.



Toyota Land Cruiser 80, árgæð 1993, ekinn 160 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1490.000. Tilboð 890.000. Rnr. 995633.



Isuzu Trooper nýja lagið 35" breyttur, árgæð 1999, ekinn 202 þ.km, dísel, 5 girar, verð 1450.000. Rnr. 182342.



Toyota Yaris Terra, árgæð 2005, ekinn 29 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1330.000. Rnr. 210329.



Toyota Avensis, árgæð 2002, ekinn 82 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1290.000. Rnr. 230061.



Toyota Land Cruiser 90, árgæð 1998, ekinn 289 þ.km, dísel, 5 girar, verð 1190.000. Rnr. 995629.



Toyota Yaris Terra, árgæð 2005, ekinn 61 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1080.000. Rnr. 115921.



Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgæð 2005, ekinn 32 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1470.000. Rnr. 250042.



Toyota Yaris Terra, árgæð 2005, ekinn 25 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1390.000. Rnr. 240482.



VW Bora 8VI, árgæð 2003, ekinn 49 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1320.000. Rnr. 210334.



Nissan Terrano II EXE, árgæð 2000, ekinn 118 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1250.000. Rnr. 995219.



Subaru Legacy Sedan GL 4WD, árgæð 2001, ekinn 101 þ.km, bensín, sjálfskiptur, verð 1150.000. Rnr. 240438.



Isuzu Trooper langur Turbo Intercooler, árgæð 1999, ekinn 181 þ.km, dísel, 5 girar, verð 1080.000. Rnr. 995580.



Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgæð 2005, ekinn 50 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1470.000. Rnr. 240483.



Isuzu Trooper, árgæð 1999, ekinn 132 þ.km, dísel, 6 girar, verð 1390.000. Rnr. 995417.



VW Golf Comfortline 8V, árgæð 2003, ekinn 90 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1290.000. Rnr. 210349.



Toyota Yaris Terra, árgæð 2005, ekinn 54 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1230.000. Rnr. 210331.



Nissan Terrano II, árgæð 1999, ekinn 120 þ.km, bensín, 5 girar, verð 1130.000. Rnr. 995162.



Subaru Legacy Wagon GL 4WD, árgæð 1998, ekinn 157 þ.km, Bensín, 5 girar, verð 650.000. Tilboð 550.000. Rnr. 210248.



Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000
Opíð virka daga 10-18 • Laugardaga 12-16 • Sunnudaga lokað



Citroen Berlingo Van, skrd.12/2002, e:89.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 860.000 kr S:515-7000



Nissan Interstar, skrd.10/2005, e:21.000 km, 2500cc, beinskiptur. Ásett verð 2.730.000 kr S:515-7000



Citroen Berlingo Van, skrd.08/2003, e:57.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr S:515-7000



Citroen Berlingo Van, skrd.09/2003, e:47.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr S:515-7000



Citroen Berlingo Van, skrd.10/2003, e:61.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr S:515-7000



Citroen Berlingo Van, skrd.09/2003, e:62.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr S:515-7000



Citroen Berlingo Van, skrd.07/2004, e:60.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.020.000 kr S:515-7000



Citroen Berlingo Van, skrd.11/2003, e:48.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr S:515-7000



Ford Transit 300L, skrd.05/2005, e:30.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 2.270.000 kr S:515-7000



VW Transporter, skrd.01/1999, e:88.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 490.000 kr S:515-7000



Volvo V70, skrd.01/2004, e:51.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.000.000 kr S:515-7000



Volvo V50, skrd.05/2005, e:25.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.140.000 kr S:515-7000



Ford Focus Trend, skrd.10/2004, e:33.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.600.000 kr S:515-7000



Ford Focus Trend, skrd.10/2004, e:34.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.590.000 kr S:515-7000



Skoda Fabia Comfort, skrd.11/2001, e:85.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr S:515-7000



Volvo V50, skrd.07/2005, e:18.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 2.750.000 kr S:515-7000



Ford Focus High Series, skrd.03/1999, e:106.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 660.000 kr S:515-7000



Volvo V50, skrd.08/2004, e:72.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.730.000 kr S:515-7000



Volvo V50, skrd.12/2004, e:41.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 2.790.000 kr S:515-7000



Ford Focus Trend, skrd.06/2005, e:28.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr S:515-7000



Ford Focus Trend, skrd.12/2005, e:8.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.020.000 kr S:515-7000



Ford Focus Trend, skrd.07/2005, e:21.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.890.000 kr S:515-7000



Volvo V70, skrd.04/2002, e:92.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.390.000 kr S:515-7000



Renault Kangoo Express, skrd.06/2004, e:44.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.150.000 kr S:515-7000



Brimborg
Bildshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is



Brimborg
Bildshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is



Brimborg
Bildshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is



Brimborg
Bildshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is



Brimborg
Bildshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is



Brimborg
Bildshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

bilasala 100 bílur.is



Toyota LAND CRUISER 120 VX, árg. 2003, ek.80þús.km. Verð 4290þús.kr.



Ford FOCUS TREND STATION, árg. 2004, ek.31þús.km, Verð 1550þús.kr, áhv.1360þús.kr.



Volvo XC70 CROSS CONTRY V-AWD, árg. 2004, ek.74þús.km, Verð 3890þús.kr. Eins og nýr!!! Góður strg. Afsláttur!!!



BMW M5, árg. 1999, ek.94þús.km, Verð 3990þús.kr, áhv.1930þús.kr.



Dodge RAM 2500 QUAD 4x4, árg. 2005, ek.57þús.km, DÍSEL, Verð 3890þús.kr.



Ford F150 LARIAT, árg. 2005, ek.14þús.km, Verð 3790þús.kr. Lækkað verð!!!!



Ford F150 LARIAT, árg. 2005, ek.31þús.km, Verð 3590þús.kr.



Audi A6 QUATTRO, árg. 2005, ek.5þús.km, Verð 6990þús.kr. Stgr.Tilboð. Verð 5990þús.kr.



Volvo V70XC V-AWD, árg. 2002, ek.123þús.km, Verð 2650þús.kr. áhv.2150þús.kr.



Nissan QUEST SE, árg. 2004, ek.43þús.km, Verð 3450þús.kr. áhv.2900þús.kr.



M.Benz C 230K SPORT, árg. 2005, ek.13þús.km, Verð 4190þús.kr. Alger Gullmoli



M.BENZ ML 350, árg. 2006, ek.40þús.km, Verð 6990þús.kr. Svakalega flottur bíll!!!!



Dodge DURANGO SLT 5.7 HEMI, ek.78þús.km, Verð 3390þús.kr, áhv.2900þús.kr.



Mazda MPV, árg. 2005, ekkert ekkinn, Verð 2990þús.kr. áhv.2400þús.kr. Nýr bíll!!!!



Toyota LAND CRUISER 100VX, árg. 2005, ek.17þús.km, DÍSEL, Verð 7590þús.kr.



Isuzu Trooper, árg. 1999, ek.119þús.km, DÍSEL, Verð 1490þús.kr.



Dodge RAM 2500 X-CAB SLT LAREMI 4WD, árg. 2000, ek.176þús.km, DÍSEL, Verð 2290þús.kr, áhv.560þús.kr.



Citroen BERLINGO SENDIBÍLL, árg. 2006, ek.2þús.km, DÍSEL, Verð 1620þús.kr.



Dodge RAM 2500 X-CAB SLT LAREMI 4WD, árg. 2000, ek.176þús.km, DÍSEL, Verð 2290þús.kr, áhv.560þús.kr.

Vantar vélsleða á staðinn.
Seljum mótörhjól allan ársins hring,
vantar hjól á staðinn.

Opið virka daga 10-19 og lau. 12-15
www.100bilar.is • Funahöfði 1 • S. 517 9999.

Hekla Söluumboð í Reykjanesbæ víní 420 5000 HEKLA



Skoda Octavia 1.9 TDI elegance árg. 2006, ekkinn 14.000, ásett verð 2.650.000.

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 230
Reykjanesbæ
Sími: 420 5000
www.heklakef.is

bilasala 100 bílur.is



M.Benz ML 350, árg. 2006, ek.40 þús.km, Verð 6.990þús.kr. Svakalega flottur bíll!!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-19 og
laugardaga 12-17
www.100bilar.is

brimborg Taktubíll



Til afgreiðslu strax Volvo BL71 4WD traktor-sgrafa. Uppl. í síma 515 7000 og 893 4435

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is


Bílar til sölu

islandus.com SÍÐUSTU BÍLAR

á 2006 verðinu
Sparið allt að 30%!



á 2006 verðinu Sparið allt að 30%!



Griptu Jólagesina! Síðustu tilboð ársins. Tombólúverð á nýjum og nýlegum bílum. Blínn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærjeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísell! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollara og heildsölulúverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

0-250 þús.



VW Vento árg. '97 ssk., ek. 127 þús., cd, sumar+vetradr. sk. '07. Verð 280 þús. S. 661 1576.

Toyota Camry 2,2, '96, ek. 115 þús., tjónaður að framan, varahlutir fylgja, sjálfsk., í góðu standi. Tilboð 99 þús. S. 894 3005.

250-499 þús.



Til sölu er Opel Astra. Árg.'00. 5 girja. Skoðaður '07. Ekkinn 160 þús. Verð 380 þús. Uppl. í s. 868 8565.

500-999 þús.



Fallegur Alfa Romeo 156. Árg. '00, ekkinn 102 þús. Verð 600 þús. Skipti möguleg. S. 899 2036 & 587 4383.

2 milljónir +



Grand Cherokee 3,7 2005 ek.48 þús. sk.'08 frábær bíll á glænyjum vetrardekkjum, áhv.kr.2.730.000. Tilboð 2.800.000. Upplýsingar í síma 699 2434.


Bílar óskast

Óska eftir MMC L-300 4x4 með góðri vél, ekki eldri en '91. Vél 2.4, ath annað. Uppl. í s. 867 4008.

Í skiptum fyrir dýrari VW Polo '97. Verð 350 þús. + 300 til 400 þúsund í pening. Uppl. í síma 820 4640.

Vantar ódýran bíl. Óska eftir ódýrum bíl, helst ssk. sem þarfnast viðgerðar, má vera ónýtur. Verðhugmynd 0 -200 þús. stgr. S. 661 5256.

Jeppar



2005 Toyota 4runner Sp ek. 13 þkm. V8 270 hö, eyðsla aðeins 12-16 lítrar. Dráttarbeisli, 32" dekk, stöð-ugleikavörn, HAC, DAC o.m.fl. Verð aðeins 3.7m. Gott stgr. verð. Sími 82 01050.



Trooper 33" árg. '02, sjálfsk., nýsk. toppbíll, þjónustubók, ek. 80 þús. á vél. Verð 1.600 þús. Ath. skipti. S. 663 0710.



Tilboð Nissan Patrol Elegance árg. 2005 Leður, toppluga, 35" dekk, krókur, bluetooth símkerti, og fl. Topp eintak. Tilboðsverð fyrir áramót 3.990.000 kr. Útborgun 400 þús + yfirtaka á láni. Uppl. í síma 899 5264

islandus.com




á 2006 verðinu
Sparið allt að 30%!



islandus.com

Griptu Jólagesina! Síðustu tilboð ársins. Tombólúverð á nýjum og nýlegum bílum. Blínn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærjeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísell! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollara og heildsölulúverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Griptu Jólagesina! Síðustu tilboð ársins. Tombólúverð á nýjum og nýlegum bílum. Blínn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærjeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísell! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollara og heildsölulúverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalan. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Dodge Ram 2500 5,9 Diesel árg. 2007 nýr bíll. Toppluga leður, einn með öllu. S. 898 2811.



Dodge Ram 2500 5,9 Diesel árg. 2007 nýr bíll. Toppluga leður, einn með öllu. S. 898 2811.




Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Terex 737 Agri Skotbómulyftari

Tegund: Terex skotbómulyftari
Gerð: 737 Agri
Árgerð: 2006
Notkun: 516 vst.
Stærð: 3.7 tonni/7 metrar.
Verð án vsk.: 4.900.000



Léttitækni
www.lettitaekni.is



VÉLFANG



Til sölu Daewoo hjólagrafi árg. 2002. Keyrð 4.400 tíma. 13 tonna með tylt skóflu. Uppl. í s. 822 3650.

Bílaþjónusta



NICOLAI BÍFREIÐASTILLINGAR
Faxaleiti 12 Sími 588-2455
Véla og hjólastillingar
Timareimar - Viðgerðir

Vörubílar



M.Bens actors 4140, 8x4, árg. 2001. Uppl. í s. 822 3650.



Til sölu Langendorf malarvagn. Uppl. í s. 866 3987.



Lyftarar



Körfubílaeigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.



Lyftarar, brettatjakkar, skærallyftur, lyftuborð, trillar, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitækni. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is



Lyftarar, brettatjakkar, skærallyftur, lyftuborð, trillar, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitækni. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is



Léttitækni
www.lettitaekni.is



Lyftarar, brettatjakkar, skærallyftur, lyftuborð, trillar, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitækni. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is



Lyftarar, brettatjakkar, skærallyftur, lyftuborð, trillar, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitækni. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

TIL SÖLU



Ódýr Toyota Rav4.
Toyota Rav 4 til sölu v. flutnings-
árg. 99, ek. 98 þús, 4wd, 2000cc,
5 dýra, smurbók frá upphafi,
nýskolaður án athugasemda.
Áhvilandi ca. 420 þús,
24 þús á mánuði.
Verð 900 þús.
Uppl. í s. 869 0386 eða 863 3360



Bjódum nýja ISUZU atvinnubíla



Vélheimar ehf
Eirihöfða 14 • Reykjavík • Sími 587 5414

ALORKA
www.alorka.is
Lyftarar
G-Power rafmagns- og dísl-lyftarar.
Mjög hagstætt verð.
kr. 1.290.000
Lyftari á mynd:
1,8 tonn, 4,5m lyftihæð,
hlífartærni, gámsagengur.
Fáðu tilbóð / lyftara sem hentar þér.
ALORKA
Vagnhóla 6 • Sími 577 3080

ALORKA
www.alorka.is
Vinnuvéladekk
Fyrir hjólastofur, vegferða, bákoilar o.fl.
Stærðir: 23.5R25 | 17.5R25
26.5R25 | 20.5R25 | 14.00R25
Radial Hagstætt verð
ALORKA
Vagnhóla 6 • Sími 577 3080

ALORKA
www.alorka.is
Vörubíladekk
Ný og sóluð
19.900
ALORKA
Vagnhóla 6 • Sími 577 3080

Hjólbarðar
Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk
Betra verð!
31" heilsársdekk
kr. 12.900
(31x10.50R15)
www.alorka.is
Úrval annarra stærða upp í 33".
Felgstærð 15" og 16".
Mikróskerum og neglum!
ALORKA
Vagnhóla 6 • Sími 577 3080

Varahlutir
Allar helstu bílapartasölur landsins eru á
www.partasölu.is

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Partar s. 565 3323
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740.
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS - Subaru Impreza 2.0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560

Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

Partaland s. 567 4100
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper, Galloper o.fl. teg.

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. 2. stk. dekk 175 R14 á 3 þ. S. 896 8568.

KEYPT & SELT

Til sölu
Harmonikkuhurðir
Besta lausn fyrir þróng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

Þvottavélar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar. Tökum bílaðar upp í Einnig varahlutir í þvottavélar og þurrkara. S. 847 5545.

Til sölu hvít eldhúsinnrétting, vel með farin. Verð 100 þús. Uppl. í s. 892 4624.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ., þvottavél á 10þ., þurrkari á 10þ. og uppþvottavél á 10þ., 14" sjónvarp á 5þ., frystiskápur m. glerhurð á 15þ., frystiskápur 85cm á 10þ. S. 896 8568.

Tölvur
Hringbraut Hringlóðunna
ADSL tenging
Verð Frá **3.690.-** kr.
Hringlóðan
Hringlóðunna
525 2400

Nýjar tölvur og fl. www.vefkaup.is

Notaðar tölvur og fl. http://tolvur.vortex.is

Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringlóðunni. Sími 525 2400.

Útlitsgallaðar tölvur
25-75% ÓDÝRARI
Nýjar tölvur í hverri viku, góð verð. BMS-Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

Ódýrar tölvuviðgerðir!
Alhliða tölvuviðgerðir og upplærslur. Uppl. í s. 899 8894.

Ódýrar tölvuviðgerðir.
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

Gefins
Amerísk Cocker spaniel tik fæst gefins á gótt heimili, ca. eins árs. Uppl. í s. 697 3832.

Hljóðfæri
Höfum opnað verslun að Kársnesbraut 114, með nýjar og notaðar harmonikur og öllum fylgihlutum. Visa/euro raðgerðislar. www.harmonikan.is S. 690 2020

Hljómtæki
Færum myndbandsspólur, filmur, vinyllplötur, ljósmyndir og kassetur á DVD eða geisladiska. DVD fjölbíðun. Ódýrir diskar og hlustur.
GAGNVIRKNI
Hlíðarmáta 8, 201 Köp. s. 517-4511
www.gagnvirkeni.is

Sjónvarp
Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örnyrja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Vélar og verkfæri
Hammet Rennjám Ásborg, - Smiðjuvegi 11. S. 564 1212.

Til bygginga
mót heildverslun
Vinnubúðir/vinnuskúrar
Ýmsar stærðir, gerðir og útfærslur
mót heildverslun
www.mot.is 544 4490
Bíldshöfði 16

Verslun
XXX DVD
Besta verðið!!
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á ADEINS 2.950.-
DVD FRÁ 1990.- KR
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið frá kl. 15-23.30

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar
Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

Bókhald
HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sannaðri verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Ráðgjöf
KAFLASKIPTI
Fjárhagsörðuleikar, vantar þig aðstoð? Kíktu á www.kafaskipti.is
SÍMI 822 9670

Málarar
MÁLARUMSTYRJA MÍR
malarar.is
81 044 1168
Er málarinn þinn Meistari?
Húseigendur. Varist fúskara. Verslið við félagsmenn. Málaramestarafélagið. S. 568 1165.

Búslóðaflutningar
Búslóðaflutningar og allir alm.flutn. 2 menn ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560.

Búslóðafl. og allir almennir flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

Húsaveiðhald
SÓGUN • BÖRUN
BROT BORTÆKNI
BAKING • REYNsla
www.bortaeckni.is
STEYPUSÖGUN KJARNABORUN MÚRBROT 567-7570
HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignarþjónustan - 552 3611. Lekapéttingar - þakviðg. - múrvíðg. - húskl. - öll málingarvinna - háþrýstípv. - þakpéttingar (500% teygjanl.).

Húsaveiðhald!
Pak- og utanhússkæðningar og allt húsaveiðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.
Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípuflögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.
Húsaveiðmeistarar. Alhliða smíðavinna, tilbóð eða tímavinna. Sími 820 0450 eða á thorsars@húsi.
Tökum að okkur viðhald á múr, málnu og tréverki innanhúss. Uppl. í s. 690 9855.

Stíflupjónusta
Stíflulösun Röramyndun
Lesa stíflur af salernum, stökum, baðstovum og niðri. Töllum. Röramyndavefi til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Asgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stíflupjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulösun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Tölvur
Partu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Rikharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.
Vefsíðujólapakinn - 8.is
Heimasíðuráðgjöf. www.8.is
Vefhýsing. www.8.is

Spádómar
908 6116
Er spákonan Sirrý Ástir - fjármál heilsa
Einkatimar í S.845 4009

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir, NLP. Símaspá, einkatimar og. m.fl.
445 5000
FINN TÝNDA MUNI
VISA EURO MASTERS

HANNA S. 555 2927
SIGAUNASPIEL
TAROT
DRAUMAR
FYRIRBÆSIR
ER VIÐ 12-24
VISA - EURO

Nympha-dora
Tarot-lestur og kristalkúla með leiðsögn að handan
FÉSI **562 8211** EURO

SPÁMIDILL
LÆKNAMIDILL - HEILUN
TEK FÖLK Í EINKATIMA
ER VIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18
Sími 905-7010 697-8602

Kærleiks-ljósíð
Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
VISA **S. 566 7311** EURO

Örþaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumaráðningar. Opið öll kvöld í síma **595 2001 & 908 1800**

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

Spásíminn 908-2008. Ræð draumar og spá í tarot. Er við símann alla daga frá 15-01. Stína Lóa.

Bella.is s. 5 67 07 57. EURO/VISA
Spílaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. Kl. 16 - 24 virka daga og 18 - 24 laugardaga.

Bella.is
Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumaráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpr. Trúnaður.

Laufey s. 823 7181 Kæru viðskiptavinir, ég óska ykkur gleðilegs árs, með þökk fyrir samskiptin á árinu. Nýársspá - miðlun. Laufey. Er við frá 09 -01 eftir miðnætti. 149kr. mín. VISA/EURO

Rafvirkjun
Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggitlar rafverktaki
www.raflagnir.is

Trésmíði
Innréttingauppsætningar og parketlagning. Upplýsingar í síma 824 1956.

HEILSA

Heilsuvörur
ShapeWorks
www.berggrun.is
Eg breytti um lífstíl!
Hvað um þig?
Uppl. S.8615512

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Er lesturinn erfiður?
Erfiðleikar í lestri geta leitt til námsöruggleika strax á fyrstu námsárunum. Á Lesblindusetrinu í Mosfellsbæ starfar hópur faglaðra Davis ráðgjafa sem veita góðar upplýsingar um Davis aðferðatræðina. Nánari upplýsingar á www.lesblindusetrid.is
Lesblindusetrið

Fyrirtæki til sölu.
Sérhæft fyrir sjávarútveg.
Krefst 3-4 manna vinnuframlags.
Nánari upplýsingar í síma **892 7088.**

Botnlaus orka betri liðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.haldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifstil.is. S. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólóf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn



GORE-TEX
WALR MED
TERMO

HEITUR OG ÞURR Í
termo

SPORTVÖRUGERDIN
Skiptholt 5, 562 8383

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Gistiheimili Dalshraun Hafnafjörður, tveggja manna herb, frá 40.000 kr per mán. Uppl. 824 4535.

Íbúð til leigu á Akureyri. 3 herb. á 2. hæð í tvíbyli á Eyrinni, með eða án húsgagna, 3 mánuðir fyrir fram og trygging í formi víxils. Laus 1. jan. Upplýsingar í s. 869 8473.


Vegna tímabundinna flutninga erlendis er 215 fm endaráhús í Áslandi í Hfj. til leigu frá 1. feb. n.k. í 2 ár. Um er að ræða nýtt full frágengið steinhús á 2 hæðum. Á neðri hæð er bílskúr, 2 rúmgóð svefnherb, sjónvarpshol, baðh. með sturtu og þvottahús. Á efri hæð stofa, borðstofa, eldhús, 2 rúm-góð svefnh. og salerni með baði. Garður fullfrágengin. Glæsilegt útsýni. Leitað er að ábyrgilegum og reglusömum leigjendum. Uppl. í s. 868 4008 & 565 3272 e. kl. 15 á daginn.

60 fm íbúð í nýlegu 1. hæðar einbýlishúsi á Seltjarnarnesi, leiga 85 þús. á mán. með hita og rafmagni. 2 mán. fyrirfram. Uppl. í síma 824 2627.

Til leigu 60 fm íbúð í Hjallahverfi í Kópavogi. Verð 80 þús. á mán. með rafm. og hita, laus 01. jan. Uppl. í s. 892 4624.

Húsnæði í Nökkvavogi 6: 20 fm herb. m. húsg. sér inn. eldhús m. öllu, bað m/þvél. Rafm, hiti og internet innif. Hentar 1 - 2 námsf + verkaf. V. 58.000. Laust. S 8216929

Geymsluhúsnæði



Þú geymir í gám við geymum gáminn

Geymsla í skammti eða lengri tíma!
Gámanir eru staðsetir á lokuðu næði Hafnarbakki

HAFNARBAKKI
Substanslona Húsnæði
Sími: 343-2733 www.hafnarbakki.is



Geymslu-gámar

Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigo.

HAFNARBAKKI
Substanslona Húsnæði
Sími: 343-2733 www.hafnarbakki.is



Flutninga-kassinn

Til flutninga og í geymsluna

Vandáðar og traustar matg. nota umbúðir undir hverskyns mæti sem flyta þarf lengi eða skammti leiðir.

HAFNARBAKKI
Öskunarbaut 12 • 220 Hafnafjörður
Sími: 343-2733 • www.hafnarbakki.is

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m². Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Atvinnuhúsnæði

Ódýr skrifstofuherbergi til leigu á sv. 104. Uppl. í s. 864 4182 og á fffjörður.is

HEIMILIÐ

Heimilistæki



Gufustrauborð fyrir kröfuharða!

Blástur, kælisog og hiti í borði. 2. lítra vatnstankur. 3,8 bar gufubrýstingur. Professional straubolti. Tilboð 66.400 kr. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is

2 ára gömul Ariston þvottavél til sölu, í góðu standi. Verð 20 þús. S. 661 1576.

Dýrahald



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Upplýsingar í s. 661 6892.

ATVINNA

Atvinna í boði



Ert þú í leit að góðri vinnu og góðum félagskap. Við hjá Sneland video öskum eftir áhugasömu fólki í dagvinnu/fullt starf og aukastarf með skóla. Hafðu samband við okkur í s. 693 3777, Pétur eða petur-sma@isl.is

Leikskólinn Rauðaborg Viðarási 9.
Óskum eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda á leikskólann Rauðaborg.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 567 2185 og 693 9838.

Hrafnista Hafnarfirði Umönnun Stafsfolk óskast í aðhlyningu.

Starf 1- vaktavinna 70-80% Vaktavinna

Starf 2- Önnur eða 3ja hver helgi

Starf 3- 4ra tíma vaktir morgun eða kvöld Býttúbur - Framtíðarstarf.

Starfsmann vantar í 50% stöðu í býttúbur.

Upplýsingar gefur Magna í síma 585 9529 eða á magna@hrafnista.is

Hrafnista Reykjavík Umönnun Stafsfolk óskast í aðhlyningu.

Starf 1- 8-16 virka daga

Starf 2- Næturvaktir

Starf 3- 4ra tíma vaktir morgun eða kvöld.

Upplýsingar gefur Magna í síma 585 9529 eða á magna@hrafnista.is

Ræstingar Ræstingajónustan sf óskar eftir að ráða í kvöldræstingar um alla borg. Laus störf nú þegar í hverfum 110 og 113. Nánari upplýsingar fast á skrifstofutíma í síma 821-5054.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgeinar. Uppl. í s. 699 6999.

Hvar í veröldinni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Dagvinna, fullt starf. Reyklaus vinnustaður. Uppl. veittar á staðnum. Mokkacaffi, Skólavörðustíg 3A.

Vana sjómenn vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Matsvein og háseta vantar á 140 tonna netabát frá Suðumesjum. Uppl. í s. 845 1546 & 852 2593.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Týnd kisa í miðbænum! Ólafur 2ja ára hvítur og svartur köttur týndist 22. des. Hvítur með svart skott, svarta flekki og svartan koll. Merktur. Sími 861 3622.

Ýmislegt

Engar skuldir - Hæri tekjur
Skoðuðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamáli



Spjallrásin 1+1
Konur: 595-5555
Karlur: 908-5555

Maður um fimmtugt óskar eftir að kynnst konu frá Póllandi, Litháen eða Rússlandi sem er íslenskumælandi. Eitt barn engin fyrirstaða. Á bæði íbúð og bíl. Bý í kaupstað rétt hjá Rvk. Svör óskast send til FBL með símanúmeri og heimilisfangi, merkt „athugun“ eigi síðar en 10. jan '07.

ATVINNA

A.P. Þríf

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrífum á nýbyggingum óskar eftir að ráða hópstjóra í dagvinnu. Æskilegt er að viðkomandi sé orðinn 25 ára og hafi bíl til umráða. Góð laun í boði fyrir réttan aðila og upplýsingar í síma 821-9908.



Hjallastefnan auglýsir eftir fólki!

Vegna stækkunar Hjallastefnuskólanna óskar Hjallastefnan eftir starfsfólki til starfa við leik- og grunnskóla fyrirtækisins í Hafnarfirði og í Garðabæ við uppeldi barna en einnig er laust starf í eldhúsi. Bæði er leitað að uppeldismenntuðu starfsfólki og öðru áhugasömu starfsfólki, í heilar stöður og hlutastörf. Hægt er að kynna sér starf skólanna og Hjallastefnunnar á vefsíðunni www.hjalli.is.

Frekari upplýsingar veitir Matthías í síma 897-1210.

allt
auglýsingasími

550 5880

TILKYNNINGAR

TILKYNNINGAR



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Húsaleigubætur

Athygli er vakin á að samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 skal endurnýja umsókn um húsaleigubætur árlega í upphafi árs og gildir umsóknin til ársloka.

Umsækjendur um húsaleigubætur í Reykjavík eru minntir á að skila umsókn fyrir árið 2007 til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í síðasta lagi 16. janúar næstkomandi.

Þeir sem eiga lögheimili í Miðbæ eða Hlíðum hafi samband við Þjónustumiðstöð Miðborgar / Hlíða, Skúlagötu 21, sími 411 1600.

Þeir sem eiga lögheimili í Vesturbæ hafi samband við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Hjarðarhaga 45-47, sími 411 1700.

Þeir sem eiga lögheimili í Laugardal eða Háaleiti hafi samband við Þjónustumiðstöð Laugardals / Háaleitis, Síðumúla 39 sími 411 1500.

Þeir sem eiga lögheimili í Breiðholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Breiðholti, Álfabakka 12, sími 411 1300.

Þeir sem eiga lögheimili í Árbæ, Grafarholti eða Norðlingaholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Árbæjar / Grafarholts, Bæjarhálsi 1, sími 411 1200.

Þeir sem eiga lögheimili í Grafarvogi eða Kjalarnesi hafi samband við Þjónustumiðstöð Grafarvogs, Langarima 21, sími 411-1400.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu. Það ber ábyrgð á að framfylgt sé stefnumótun og áætlanagerð í velferðarmálum, eftirliti og mati á árangri, samhæfingu og samþættingu í málaflokknum. Þróun á mati á gæðum velferðarþjónustu, tengslum rannsókna og þjónustu, nýsköpun og þróun nýrra úrræða í velferðarþjónustu. Að auki annast Velferðarsvið rekstur ýmissa úrræða.

KÓPAVOGSBÆR

TÍBRÁR tónleikar í Salnum starfsárið 2007-2008

• Auglýst er eftir umsóknum um þátttöku í TÍBRÁ, tónleikaröð Kópavogs í Salnum fyrir starfsárið 2007-2008.

Umsóknir um tónleikahald, kjörtíma flytjenda, ferilskrám og efnisskrám, ásamt símanúmerum og netföngum, sendist til Tómsunda- og menningar sviðs, Björns Þorsteinssonar, Fannborg 2, sími 570-1600, eða með tölvupósti til Sigurbjargar H. Hauksdóttur: sigurbjorg@kopavogur.is. Valið er úr umsóknum og öllum svarað að vali loknu.

Umsóknir skulu berast fyrir 10. janúar 2007.

Tómsunda- og menningarsvið Kópavogs

Atvinna í boði

Skipstjóra og vélstjóra vantar á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði.
Uppl. í síma 565 0830



ORF Líftækni - lífeindafræðingur

ORF Líftækni er íslenskt fyrirtæki á sviði hátækni og nýsköpunar og er í fararbroddi í framleiðslu verðmætra próteina í plöntum.

Fyrirtækið leitar nú að öflugum, jákvæðum starfskrafti til að sinna almennum verkefnum á rannsóknastofu í sameindalíffræði og lífefnafræði.

Viðkomandi þarf að vera fljótur að tileinka sér tækni, samviskusamur, nákvæmur, röskur og hafa góða hæfni til hópinnu. Starfið hentar lífeindafræðingi eða aðila með sambærilega menntun/reynslu af rannsóknastofuvinnu.

Starfsumsóknir með ferilskrá sendist fyrir 5. janúar á rafrænu formi til starf@orf.is eða bréfleiðis til ORF Líftækni hf., Keldnaholti, 112 Reykjavík, merktar "Atvinnuumsókn".



Reykjavíkurborg



Sviðsstjóri Menntasviðs

Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra Menntasviðs

Hlutverk og ábyrgðarsvið

- Ber ábyrgð á stjórnun, rekstri, daglegri yfirstjórn og sam-hæfingu starfskrafta Menntasviðs í umboði menntaráðs.
- Hefur frumkvæði og stýrir stefnumótunarvinnu í málaflokknum.
- Forysta í þróun nýrra hugmynda og innleiðinga nýrra hugmynda í málaflokknum.
- Undirbýr mál fyrir menntaráð og ber ábyrgð á eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins.
- Ber ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun Menntasviðs.
- Tekur þátt í samstarfi yfirstjórnar borgarinnar.
- Leiðir samstarf við aðra opinbera aðila í málafnum sviðsins innanlands og utan.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Þekking og reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af stjórnun menntastofnana æskileg.
- Leiðtoga-hæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði.
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, æskileg.

- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í að koma fram og tjá sig bæði í tali og í skrifðu máli.
- Hæfni til að tjá sig á ensku og einu norrænu tungumáli.

Borgarráð ræður í starfið að fenginni tillögu borgarstjóra. Borgarstjóri er yfirmaður sviðsstjóra Menntasviðs. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Umsóknnum skal skilað til skrifstofu borgarstjóra í síðasta lagi 5. janúar n.k. merkt "Sviðsstjóri Menntasviðs".

Upplýsingar um starfið veitir Magnús Þór Gylfason, skrifstofustjóri borgarstjóra, og Kristbjörg Stephensen, starfandi borgarritari.

Hlutverk Menntasviðs er að veita börnum og unglingum í borginni bestu mögulegu menntun á hverjum tíma og að vera faglegt forystuafli í menntamálum á vegum Reykjavíkurborgar. Í því felst undirbúningur stefnumótunar í menntamálum, áætlanagerð, samþætting og samþætting á sviðinu, eftirlit og mat á árangri og þróun skólustarfs. Menntasvið ber einnig ábyrgð á fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar, samningum við einkarekna skóla og samskiptum við önnur skólastig.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Draumahús

530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41



Jóla- og áramótatilboð Draumahúsa gildir út þrettándann!



Allir þeir sem koma með íbúðarhúsnæði sitt í einkasölu hjá Draumahúsum býðst einkasölupóknun kr. **199.900** auk vsk.



www.draumahus.is

VISSIR ÞÚ ...

... að meira en 10 prósent af öllu salti sem framleitt er í heiminum endar sem hálkubani á bandarískum vegum?

... að meira en helmingur Bandaríkjamanna trúa á tilvist djöfulsins?

... að morðtiðnin er 200 sinnum hærrí í Bandaríkjunum en Japan?

... að í Japan eru skammtbyssur ólöglegar?

... að myndasögur eru tuttugu prósent allrar bókaútgáfu í Japan?

... að niútiú prósent kvenna sem ganga inn í stórmarkað beygja strax til hægri?

... að reyndar gengilbeinur segja að kvæntir menn gefi meira þjófnefni en ókvæntir?

... að samkvæmt tölfræðinni er öruggast að vera 10 ára gamall?

... að sjö prósent Bandaríkjamanna telja að Elvis sé enn á lífi?

... að sjöttu og sjö prósent báta eru notaðir við fiskveiðar?

... að sumarið er hættulegasta árstíðin?

... að tólf nýfædd börn eru afhent röngum foreldrum á hverjum degi?

... að tveir af hverjum fimm bandarískum eiginmönnum segja konum sínum daglega að þeir elska þær?

... að tveir og fimm eru einu prímtölurnar sem enda á tveimur eða fimm?

... að tvö hundruð börn fæðast í heiminum á hverri mínútu?

... að um sex prósent þeirra karla sem myrtir eru í Bandaríkjunum eru myrtir af eiginkonum, kærustum eða af eiginkonum þeirra sem gripið hafa þá glóðvolga með kærustunum sínum?

... að um það bil 97,35618329 prósent staðtalna eru skáldskapur?

... að veðurfræðingar segjast spá rétt í 85% tilfella?

... að það er óleyst gáta hvers vegna hjón sem ganga í hjónaband í janúar, febrúar eða mars eru líklegri til að skilja en önnur hjón?

... að það tæki um 150 ár að aka bíl til sólarinnar?

... að þann 15. október árið 1966 tókst 75 ára gömlum manni að fá tíu sektir, keyra fjórum sinnum á röngum vegarhelmingi, keyra fjórum sinnum á gangandi vegfarendur og valda sex öðrum slysum, allt á tuttugu mínútum?

... að í ágúst árið 1970 tókst 62 ára gamalli konu að standast ökuþrófið en það hafði hún þreytt fjórtíu sinnum?

... að sama konan hafði eytt 500 pundum í ökutíma og prófgjöld og hafði ekki lengur efni á að kaupa sér bíl?

... að erfitt er að dæma um hvort þessara tveggja telst vera verst í öllum heims?

KAUPVENJUR

Reynir að vera fljótur

Hvar finnst þér best að versla?

Ég held að það sé í Smáralindinni. Þar er bæði gott aðgengi og skemmtilegt að versla. Besta úrvalið af heilsuvörum hér á landi er að mínu mati í Hagkaupum í Smáralind, þar er sérstök deild fyrir heilsuvörur og gott úrval.

Hvers konar vörur finnst þér skemmtilegast að kaupa?

Mér finnst skemmtilegast að kaupa eitthvað fyrir konuna mína og börnin. Ég kaupir bæði leikföng og fatnað.

Verslar þú í útlöndum?

Ég hef gert svölítið af því, þá er New York uppáhaldsstaðurinn minn.

Hefurðu einhverjar venjur við innkaupin?

Ég reyni að vera eins fljótur og ég get! Annars hef ég engar sérstakar venjur við innkaupin.

Tekurðu skyndiákvæðanir í fatakaupum?

Mjög sjaldan, ég reyni yfirleitt að hugsa málið vel áður en ég kaup. Ég kaup nokkuð af fötum, þótt ég þekki reyndar fólk sem kaupir tífalt meira.

SÖLVA FANNARI VIÐARSSYNI HEILSURÁÐGJAFI
FINNST BEST AÐ KAUPA HEILSUVÖRURNAR Í
HAGKAUPUM Í SMÁRALIND.



Endaðu árið með krafti

Yuchai
beltagröfur á
frábæru verði
til áramóta

Vélar og þjónusta bjóða einstakt verð á Yuchai beltagröfum sem gildir aðeins til áramóta.

Gröfurnar eru til í ýmsum útfærslum og með búnað frá þekktum gæðamerkjum:

- Perkins mótur
- Cummins mótur
- Toshiba glussakerfi
- SB hallaskóflur og glussa hraðtengi
- Bridgestone belti

Yuchai beltagröfurnar henta mjög vel fyrir mismunandi aðstæður og eru til í ýmsum stærðum: 1,5 tonn, 1,8 tonn, 3 tonn, 5,8 tonn, 8,1 tonn og 13,5 tonn.

Komdu í Vélar og þjónustu og kynntu þér verðið frekar. Verðið gildir einungis til áramóta eða á meðan birgðir endast.

VÉLAR • ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 • 101 Reykjavík • Sími 580 0200 • www.velar.is

Allt um allt
sem skiptir
máli í Reykjavík

REYKJAVÍK.COM
REYKJAVÍK.MAG

Að minnsta kosti 600 milljónum hent

UMRÆÐAN

Sjávarútvegsmál

Nú um hátíðarnar er rétt að velta fyrir sér gríðarlegri soun sem stjórnvöld standa fyrir á sama tíma og fjöldi fólks stendur í biðröðum eftir mat og glaðningi, s.s. hjá Fjölskylduhjálpi Íslands.

Niðurstaða rannsóknar Hafró gefur til kynna að tæplega 7.500 tonnum af ýsu og þorski sé hent í sjóinn á Íslandsmiðum á árinu 2005. Ég tek þessum niðurstöðum með miklum fyrirvara þar sem ekki er um að ræða neinar beinar mælingar heldur einungis samantburð á samsetningu á lönduðum

afla annars vegar og samsetningu á mældum afla í veiðiferðum hins vegar. Ef samsetning var mjög ólík var gert ráð fyrir að um brottkast hefði verið að ræða.

Almennt má gera ráð fyrir að minni fiski sé frekar hent en stærri og þess vegna sé rétt að reikna út virði aflans sem hent er út frá verðlagningu á undirmáli á fiskmörkuðum. Útreikningar út frá niðurstöðum Hafró og meðalverði Íslandsmarkaðar á árinu 2005 gefa til kynna að um 600 milljónum króna sé í bókstaflegri



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

merkingu kastað á glæ. Gera má ráð fyrir því að þjóðarbúið sé að verða af tvöfalt hærri upphæð þar sem að við meðhöndlun og vinnslu verður umtalsverður virðisauki.

Þessi rannsókn Hafró gefur ótvírætt til kynna að brottkast fari fram og margir telja að um mjög varlega áætlun sé að ræða. Stjórnvöld bera fyrst og fremst ábyrgð á þessari soun þar sem aflamarkskerfið hvetur beinlínis til þess að minni fiski sé hent og sérstaklega þegar leiga aflaheimilda er hærri

en sem nemur verðmæti landaðs undirmálsafla.

Í stað þess að breyta kerfinu í átt til meira réttlætis og minnka hvata til brottkasts hefur Sjálfstæðisflokkurinn farið þveröfuga leið. Í fyrsta lagi hafði Sjálfstæðisflokkurinn forgöngu um að leggja af sóknarmarkskerfi sem minnstu trillurnar voru í og setja þær inn í alræmt aflamarkskerfi. Það var gert þrátt fyrir að reynsla Færeyinga sýndi að ekkert brottkast færi fram ef veiðum væri stjórnað með sóknarmarkskerfi.

Í öðru lagi hefur Sjálfstæðisflokkurinn haft forgöngu um að koma á gríðarlega kostnaðarsömu opinberu eftirliti með óréttlátu og

árangurslausu fiskveiðistjórnarkerfi og er kostnaðurinn við að hafa eftirlit með sjómönnum vel á annan milljarð króna árlega.

Frjálslyndi flokkurinn hefur ítrekað lagt fram leiðir til þess að koma á árangursríkari og réttlátari stjórnun á fiskveiðum landsmanna og taka í burtu alla hvata til brottkasts með því að koma á sóknardagakerfi.

Núverandi kerfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hefur beðið skipbrot þar sem það hvetur til sounar og byggðaflotta og það er löngu orðið tímabært að það verði tekið til ræðilegrar endurskoðunar.

Höfundur er alþingismaður.

Hjálparstarf og trúboð

UMRÆÐAN

Hjálparstarf

Íviðtali við Önnu M. Þ. Ólafsdóttur, fræðslu- og upplýsingafulltrúa Hjálparstarfs kirkjunnar, í sunnudagsblaði Fréttablaðsins 17. des. er haft eftir henni: „Mér finnst kærleiksboðskapur kristinnar trúar ekki geta verið nema til góðs þótt kirkjan hafi gert ýmislegt misviturt í gegnum aldirnar. En kristni-boðið er ekki á okkar könnu.“



SVERRIR GUÐMUNDSSON

Ég er trúleysingi en hef látið smá upphæð af hendi rakna til Hjálparstarfs kirkjunnar enda hefur það umsjón með góðum verkefnum bæði innanlands sem utan. Sérstaklega dáist ég að brunna- og húsdýraverkefnum sem hjálpar fólki í fjarlægum löndum í lífsbaráttunni. Ég vil taka það fram að þrátt fyrir trúleysi mitt hefði ég ekki nokkurn hug á því að styrkja „hjálparstofnun trúleysingja“ ef hún væri einhvers staðar til. Mín skoðun er sú að trúmál og trúboð séu alger aukaatriði í hjálparstarfi.

Eftir að hafa gluggað í ársskýrslu Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir árin 2005 og 2006 get ég ekki tekið undir þau orð Önnu að starfsemi þess sé laus við trúboð. Þar stendur undir liðnum „Eþíópía“ að þar hafi þrjár karlar verið styrktir til prests- og leiðtoganáms og að hálfri milljón hafi verið veitt til kirkjubýgginga í landinu. Hvað er það annað en trúboð?

Ég mun samt að öllum líkindum halda áfram að styrkja hjálparstarfið enda er þörfin brýn og brunna- og húsdýraverkefni til mikils gagns.

Höfundur er nemi

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.
Kr. 1.390.000
Kr. 14.990 á mán*.

Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.
Kr. 1.490.000
Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftþrúðar
- MP3 spilari / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður

Skemmtun

24/7

Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.

Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444
Selfoss 575 1460
Akranes 431 2622
Akureyri 461 2533
Egilsstaðir 471 2524

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Hugleiðing um ástundun pólitísku hórdóms

UMRÆÐAN

Siðferði

Þegar þingmaður misstígur sig í þrepum eigin sannfæringar svo illa að hann treystir sér ekki lengur til að vinna af heilindum fyrir sína kjósendur – sem með atkvæði sínu lögðu allt traust sitt á skoðanir hans og stefnu, enda voru þær í fullu samræmi við þann flokk sem hann bauð sig fram til að vinna með – þá á hann eðlilega að boða til fundar með kjósendum sínum og gera þeim grein fyrir sínum andlega krangleika í þeirra garð og draga sig í hlé, fara í andlegt orlof frá þingstörfum á meðan það stæði yfir þá kæmi varamaður hans inn á þing tímabundið.

Verði þingmaðurinn hins vegar ekki fær um það til frambúðar að sinna kjósendum sínum (með eðlilegum frávikum) á þeim forsendum sem þeir kusu hann til, þá segi hann af sér, og varamaður kemur inn, við þær aðstæður er enginn svikinn.

Missi hins vegar þingmaðurinn siðferðið niður um sig og óski að svíkja kjósendur sína og stunda pólitískan hórdóm, þá er honum tekið fagnandi við inngönguna í annan flokk



SVAVAR GARDARSSON

á miðju kjörtímabili. Það segir líka eitthvað um þá sem farið er yfir til.

Eftir stendur stóra spurningin: Hafa sitjandi þingmenn undan-genginna áratuga ekki girt fyrir þann möguleika að sérhver þingmaður geti að vild ráðskast með valdahlutföllin á þingi eftir að löglegar kosningar hafa farið fram og ríkisstjórn verið mynduð?

Er kosning til alþingis þá bara bráðabirgða niðurstaða þar til einhver hinna sextyu og þriggja sem kjörinn var, bugast af siðblindu og kys að hrækja framan í kjósendur sína og ganga í lið með þeim sem veikleikinn dregur þá til?

Jafnvel þó það væru skoðanalega andstæðingar þeirra sem kusu viðkomandi þingmann til starfsins.

Eru ekki gefin út kjörbréf til verðandi þingmanna á grundvelli atkvæðafjölda þess flokks sem þingmannsefnið bauð sig fram til að starfa fyrir?

Getur þingmaður starfað fyrir hvaða flokk sem er þegar inn á þing er komið, án staðfestingar kjörstjórnar um hvaðan fylgi hans og réttur til þingsetu sé fenginn?

Er ekki neitt sem heitir að innkalla kjör-

bréf til þingmanns sem starfar ekki samkvæmt þeim skyldum sem fólust í útgáfu þess til hans?

Er engin leið að ógilda vanhelgað kjörbréf með dómi?

Ef þingmaður sem hefur svikið kjósendur sína og flokk með því að ganga til liðs við annan flokk, forfallast og varamaður hans samkvæmt niðurstöðu kosninga á að koma inn á þing, fyrir hvaða flokk starfar sá varamaður í þessu tilvik; – er það bara hans frjálsi vilji?

Hvað ef sitjandi þingmaður sem svikið hefur kjósendur sína og flokk með inngöngu í annan flokk, deyr og ástæða þingsetu hans fyrir flokkinn var huglæg en ekki samkvæmt niðurstöðu kosninga og inn kemur varamaður hans – er það þá sá huglæg, þess flokks sem sá hinn látni þingmaður fór yfir til eða sá réttkjörni þess flokks sem þingmaðurinn fór frá?

Er kannski mögulegt að líta svo á að niðurstæða kosninga til Alþingis Íslendinga geti stundum verið skripaleikur án skuldbindinga?

Þegar þingmaður ákveður að svíkja alla sína kjósendur, flokk og framtíðarsýn þá boðar hann í mesta lagi til blaðamannafundar, til að láta vita hvaða flokk hann starfi

fyrir þar til næst, eða verði utan flokka og starfi ekki fyrir neinn.

Halda virkilega allir að þetta sé eðlilegt? Í okkar rómaða lýðræðisríki – sem svo oft er hossað á háttíðarstundum – þá er það ekkert annað en pólitísk hrænsni þegar þingmenn hafa að engu vilja sinna kjósenda og niðurstöður lögboðinna kosninga til alþingis.

Hvað með ráðuneytið, er það mögulega ekki viljugt til að fylgja eftir niðurstöðu kosninga til alþingis?

Það er ekki nóg að láta telja vandlega hvert atkvæði upp úr kjörkössum til þess að finna út hverjir fari á þing og fyrir hvern, ef svo allt er frjálst þegar í þingsalinn er gengið.

Skorti ráðuneytið hins vegar úrræði, þá er líklega 61 háttvirtur þingmaður sem starfar enn samkvæmt niðurstöðu síðustu kosninga og myndu eflaust flestir þeirra greiða atkvæði með tillögu sem bundið gæti enda á vitleysuna, og væru þeir frá og með þeim tíma ekki lengur meðvirkir í pólitísku siðleysi.

Verði hins vegar ekkert gert fyrir komandi kosningar þá verður áfram leyfilegt að nauða lýðræðinu.

Skrifað í Búðardal á fullveldisdaginn 1. des. 2006.

Gunguháttur sjávarútvegsráðherra

UMRÆÐAN

Sjávarútvegsráðherra

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra átti fund á Sauðárkróki um dragnótaveiðar á Skagafirði með smábátamönnum hinn 29. nóvember síðastliðinn. Eftir að hafa lesið viðtal við ráðherrann sem kom fram í fréttablaði Feykis hinn 6. desember síðastliðinn, og fréttamaður blaðsins hafði kannað hvað hafði gerst á þessum fundi, verð ég að jata að þetta hefur verið afsþyrnu lélegur fundur því að útkoman er verri en engin. Það er þó einn ljós punktur að það var hægt að fá ráðherrann að samningaborðinu. Áður en ég rek mig í gegnum viðtalsgrein Feykis við ráðherrann vil ég taka skýrt fram svo að það velkist ekki fyrir neinum að sjávarútvegsráðherra er æðsta vald yfir sjávarútvegnum á Íslandi.

Í upphafi viðtalsins segir að Hafrannsóknastofnun telji ekki fiskifræðileg rök fyrir því að loka Skagafirði fyrir dragnótaveiðum. Það væri mikil upplifun að sjá þau rök. Ég hef það eftir samtali við starfsmann hjá HAFRÓ að ekki hafi verið veittir peningar til hafrannsóknar á Skagafirði í langan tíma svo að þá hljóta að þurrkast fiskifræðilega rök in viðtalinu við ráðherrann. Þá beinast spjótin að stjórn HAFRÓ en hana skipa forystulíka ságreifa veldisins og þótt þeir séu ekki allir eymarsagðir henni þá hafa þeir margt sagt þá í ræðu og riti að þeir fylgi þeirri stefnu í fiskiveiðimálum sem er mesti glæpur Íslandssögunnar. Væri hægt að skrifa margar blaðgreinar um það sukk og svínari sem þar er í hávegum haft. Stjórn HAFRÓ ver síður dekurbörn, sem eru í þessu tilvik dragnótarbátar á Skagafirði, en skýlir sér á bak við fiskifræðinga stofnunarinnar og er það ekki í fyrsta skipti sem það gerist. Tökum sem dæmi að þann 16. nóvember síðastliðinn kom grein í Morgunblaðinu eftir Ólaf K. Pálsson um athugun á brottkasti fiskjar á Íslandsmiðum 2005. Þetta virðist vera mjög vönduð og vísindaleg umfjöllun því að fiska- og tonnafjöldi eru skráð í þessa skýrslu. Brottkast í dragnót er 47.000 fiskar sem samsvarar 29 tonnum, þessi nákvæmnistala er broslög því það væri högvært að þrefalda hana hér á Skagafirði. Hvað kemur til að virtur fiskifræðingur leggst svo lágt að gera sig að opinberu hirðfífla fyrir forystu ságreifaklunnar. Vald og ítök þeirra eru svo mikil hjá þessum



RAGNAR SIGHVATS

mönnum að sjávarútvegsráðherra er sem strengjabrúða í höndunum á þeim. Um lokun Málmeyjarsundsins er ekkert nema gott að segja en það svæði er ekki nema eins og smáfrímerki á Skagafirði. Ég vil minna á að þann 14. október síðastliðinn var samþykkt sáttarlaga í smábátafélaginu

Skalla og fólst hún í því að lokað yrði fyrir dragnótaveiðum innan línu sem dregin væri úr Ásnefi í norðurenda Drangeyjar og þaðan í norðurenda Málmeyjar. Er þetta mikil tilslökun frá fyrri samþykkt félagsins. Sjávarútvegsráðherrann minntist á það við fréttamann Feykis að hann geti ekki hróflað við dragnótarbátum því að þeir geti ekki fært sig úr stað. Þetta er afskaplega láglöguleg málflutningur og um leið eru sáttarlögur smábátamanna blásnar út af borðinu af ráðherranum, hann veit að enginn er að biðja hann að hrekja dragnótarbátana úr firðinum. Þess vegna hefði verið vandræðalaust fyrir hann að gangast að sáttarlögu smábátamanna og vinna með Skagfirðingum en ekki á móti þeim eins og er gert í þessu máli. Eitthvað er ráðherra að velja fyrir sér að takmarka stærð dragnótarbátar á Skagafirði ef hann nær samkomulagi við ságreifaklunnuna. Ég get bent ráðherranum á að þegar opnað var fyrir dragnótaveiðum á Skagafirði árið 1964 voru það bátar sem flestir voru í kringum 10 tonn og tók það fá ár að gera fjórðinn þannig að ekki fékkst í matinn eins og byrjað er að örula á í dag. Það er virðingarvert hjá ráðherranum þegar hann segist hafa góðan skilning á sjónarmiðum heimamanna en hann hefur ekki haft rænu á að nota þennan skilning þótt hann hafi valdið í þessu málefni og kemur þar berlega fram gunguhátturinn og orðagjálfríð. Að setja þetta málefni í athugun eða nefnd verður aldrei annað en skrifborðskjaftæði í ráðuneytinu, að minnsta kosti höfum við Skagfirðingar ekki reynslu af öðru. Að lokum vil ég biðja ráðherrann að endurskoða alvarlega tillögur Skalla sem áður er um getið því að það er vel fylgst með þessu dragnótarmáli hér í firðinum og skiptir ekki máli hvort það sé út á annesjum eða inn til Skagafjarðardala því að þetta er barátta um lífsbjörgina og slæmt til frásagnar fyrir þingmann og ráðherra okkar Skagfirðinga að hann vinni gegn lífsafkomu íbúa Skagafjarðar.

Höfundur er sjómáður á Sauðárkróki.

Sogdæla fjármunanna

UMRÆÐAN

Húsnæðisland

Ég var að hlusta á hagfræðing í útvarpinu um daginn. Hann sagði að húsnæðisverð væri orðið allt of hátt og að það mætti lækka það með því að hækka vexti. Einnig mætti lækna ýmsa aðra hagfræðilega skavanka á Íslandi með því að hækka vexti. Hann virtist hafa steingleymt því að það eru manneskjur af holdi og blóði sem eru að greiða vextina, enda stendur ekkert um manneskjur af holdi og blóði í hagfræðibókunum og því í raun ósannað að þær séu til. Samt er ég alltaf að hitta ung og ástfangin þör sem hafa keypt sér íbúð og byrjað að búa saman, en hafa ekki ráðið við vextina og orðið að flytja aftur heim til pabba og mómmu og setja íbúðina í leigu. Ég vona svo sannarlega að það þurfi ekki að koma fyrir bankastjórana þeirra líka þótt þeir hafi sumir byggt ansi dýrt að undanförmu. En hvers vegna þarf þetta bara að koma fyrir ung, ástfangin þör á Íslandi en ekki hin 99,9% ungra para sem búa annars staðar í Evrópu? Af hverju eru það bara við sem þurfum að borga þessa ofurtolla til bankanna fyrir að hafa unnið það eitt til saka að hafa fæðst á Íslandi?

Bregðum okkur aðeins á netið, við skulum skoða heimasíður nokkurra banka, nánar tiltekið lánareiknivélarnar þeirra. Láta mun nærri að íbúðarlán landsmanna nemi 1.000 milljónum. Ef þessi tala (nokkur núll geymd) er slegin inn í reiknivél t.d. Lands-

bankans, með þeirri tölu í verðbólguþættinum sem bankinn ráðleggur, þá fæst út að landsmenn eru að borga fimmtánfalda þessa upphæð í vexti og kostnað á 40 árum. Með öðrum orðum, rúmlega fimmtán þúsund milljarða kostar landsmenn að fá þessa upphæð að láni. Ef við spáum nú lágrí verðbólgu næstu 40 árin, t.d. 4,5%, þá þurfa landsmenn að greiða nærri



ANDRÉS MAGNÚSSON

Hjá öllum öðrum þjóðum í Vesturheimi væru ríkisstjórnir og seðlabankastjórnir á neyðarfundum dag og nótt ef þegar þeirra þyrftu að bera á herðum sér þá vexti sem núna eru á Íslandi.

Því sexfalda lánþókuupphæðina fyrir að hafa þessa upphæð að láni um hríð. Ef við förum nú inn á reiknivél Glitnis og tökum þessa upphæð að láni í erlendri mynt þá er kostnaðurinn svipaður og lánþókuupphæðin. Og það þrátt fyrir að Glitnir hefur haldið þeim þjóðlega síð að bjóða Íslendingum miklu hærri vexti í erlendri myntinni hér heima heldur en þeir bjóða á heimasíðum banka sinna erlendis. Á þessu sést að 40 ára íbúðarlán eru 6 til 15 sinnum dýrari á Íslandi heldur en í nágrennalandum okkar.

En skuldir íslenskra fyrirtækja sem almenningur er að kaupa vörur og þjónustu af eru miklu meiri en

skuldir heimilanna, og þarf því almenningur (kaupendur) einnig að greiða fyrir hinn háa vaxtarkostnað fyrir-tækjanna. Af þessu sést að upphæðin sem Íslendingar eru að borga fyrir að búa ekki við erlend lánskjör, er af svipaðri stærðargráðu og skattarnir sem þeir eru að borga til ríkisins. Með öðrum orðum, ef Íslendingar fengu að taka lán með sömu kjörum og nágrennþjóðirnar, myndu þeir spara sér upphæð af svipaðri stærðargráðu og skattarnir þeirra eru.

Hjá öllum öðrum þjóðum í Vesturheimi væru ríkisstjórnir og seðlabankastjórnir á neyðarfundum dag og nótt ef þegar þeirra þyrftu að bera á herðum sér þá vexti sem núna eru á Íslandi. En hér heima kippir enginn sér upp við það þótt unga fólk sé að missa íbúðir sínar, okurvextirnir eru bara hinn gamalkunni þjóðlegi síður. Fálætið hjá stjórnarmálamönnum, fjölmiðlamönnum og hagfræðingum er því átakanlegra sem til er sáraföld lausn; allir eru sammála um að slíkur verðmótur á lánun milli Íslands og útlanda gæti ekki átt sér stað í frjálsri samkeppni, því er skýringin fákeppni. Íslensk króna er tæknileg viðskiptahindrun, hún verndar fákeppni og okurvexti, ávinningur af henni er hverfandi en ókostirnir gifurlegir.

Höfundur er íbúðarlánagreiðandi í Noregi.

Reyklaus í tíu ár

UMRÆÐAN

Heilbrigði

Ég skrifa þessa stuttu grein til þess að þakka öllum þeim sem hafa treyst mér til að hjálpa sér að hætta að reykja á síðustu tíu árum.

Vegna mikilla anna við annað námskeiðahald og bókaskrif hef ég ákveðið að ljúka þjónustu minni við þá sem enn reykja (en vilja hætta) með námskeiði í byrjun janúar á næsta ári. Við það tækifæri held ég tíu ára afmælisnámskeiði á Hótel Loftleioðum – en fyrsta reykleysinámskeiði mitt var haldið í litlu sal fyrir ofan Garðsapótek árið 1997. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Ég hef haldið tugi námskeiða

fyrir einstaklinga og fyrirtæki um allt land, gefið út staðfestingaspjöld, gefið út bók (Þú getur hætt að reykja – Forlagið 2003), tekið námskeiðið upp á hljóðsnældur (ófáanlegt í dag) og skrifað fjöldann allan af greinum í blöð og tímarit.

Allan þennan tíma hef ég verið mjög virkur í forvarnastarfi og haldið fjölda fyrirlestra fyrir unglinga, foreldra og fyrirtæki. Starf mitt á þessu sviði hefur snært hundruð og jafnvel þúsundir Íslendinga.

Mín von er að það hafi skilað sér í bætri heilsu fjölda fólks og jafnvel þótt það hefði ekki gert annað en að lengja eitt mannslíf um nokkur ár var það vel þess



GUÐJÓN BERGMANN

virði. Ég treysti því að aðrir hæfir aðilar haldi áfram að sinna þeim hópi sem enn reykir og vill hætta.

Mín persónulega uppskera á þessum tíu árum er reyklaus líf. Ég byrjaði að halda þessi námskeið sex mánuðum eftir að ég hætti að reykja til að styrkja sjálfan mig og aðra og get ekki hugsað mér að snúa aftur.

Ég var að skoða mynd af mér um daginn þar sem ég stóð með sigarettu í munni og ég hugsaði með sjálfum mér: „Hver er þessi maður?“

Höfundur er rithöfundur og jógakennari.



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 15. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun.

Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktra karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:

1. Hvunn dags hetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2. Uppfræðari ársins

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

3. Framlag til æskulýðsmála

Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

4. Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

5. Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

6. Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt að mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfleiðis merkt

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.


Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dórnefnd mun taka allar innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn **15. febrúar**.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Kjarni málsins

> Fjöldi grunnskólanemenda á hvern kennara



Heimild: Hagstofa Íslands

menntun

nám, fróðleikur og vísindi

KENNAÐUR: GUÐMUNDUR HÁLFDÁNARSON, PRÓFESSOR Í SAGNFRÆÐI

Alþjóðleg ráðstefna í sagnfræði

Í byrjun desember var önnur ráðstefna CLIOHRES rannsóknarnetsins í sagnfræði haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands. Guðmundur Hálfdánarson, prófessor við sagnfræðiskor Háskóla Íslands, er aðalstjórnandi verkefnisins ásamt Ann Katherine Isaacs, prófessors í háskólanum í Písa. Guðmundur segir að markmið CLIOHRES sé að skapa samstarfsveitvang fyrir fræðimenn, sem fást við rannsóknir á ýmsum þáttum evrópskrar sögu, til að vinna saman og þróa nýjar aðferðir og hugmyndir um fortíðina. Á ráðstefnunni í Háskólanum beindu fræðimennirnir sjónum sínum að félagsflutningum í evrópskri sögu. „Hið háleitara markmið okkar er að þróa nýjar leiðir til að rannsaka sögu Evrópu og reyna að gera söguna meira gildandi í almennri þjóðfélagsmæðu.“



Sagnfræði er ekki bara eitthvað dútl sem menn fitla við í ellinni heldur á greinin mikið erindi við fólk í nútímanum,” segir Guðmundur. Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 160 og komu frá 44 háskólastofnunum í 31 landi, þar með töldum flestum löndum Evrópu, Tyrklandi og S-Afríku og er því um af afar alþjóðlegt verkefni að ræða.

Að sögn Guðmundar gekk ráðstefnan mjög vel en ráðstefnugestir hefðu kvartað hvað mest yfir því að fá ekki meiri tíma til að skoða landið – sem skartaði sínu fegursta þessa daga – vegna stífrar dagskrár á ráðstefnunni.

CLIOHRES hóf starfsemi 1. júní 2005 og fyrr á þessu ári komu út hjá háskólaútgáfunni í Písa átta bækur á vegum netsins með niðurstöðum rannsókna fyrsta starfsársins. Guðmundur segir að búast megi við útgáfu sjö til tíu bóka frá CLIOHRES á ári á næstu árum.

Fyrirlestur

Grænlenkar grímur og grímuhefð

Dr. Adrienne Heijnen, mannfræðingur við Háskólann í Árósum, heldur fyrirlestur um grænlenkar grímur og grímuhefð á Amtsbókasafninu hinn 28. desember næstkomandi. Hún fjallar í máli og myndum um grímuhefðir granna okkar í vestri, hvernig Grænlandingar nota grímur í daglegu lífi, sögulega þróun og þýðingu í samtímanum. Fyrirlesturinn er í boði Stofnunar Vilhjálmssonar, Kalak, vinfélags Grænlands og Íslands og Amtsbókasafnsins. Hann verður fluttur á íslensku og eru allir velkomnir.



Brautskráning

Tæplega fimmtíu brautskráðir frá FVA

Brautskráning frá Fjölbautaskóla Vesturlands fór fram 21. desember og voru 49 nemendur brautskráðir. Þrjátíu og tveir luku stúdentsprófi, sextán luku burtfararprófi af iðnbrautum og einn lauk verslunarprófi. Hörður Ó. Helgason skólameistari ávarpaði samkomuna og verðlaun voru veitt fyrir góðan árangur í greinum á borð við tölvufræði, ensku, þýsku og rafiðn.

Orðabók

Pólsk-íslensk, íslensk-pólsk skólaorðabók



Komin er út íslensk-pólsk og pólsk-íslensk skólaorðabók. Hún inniheldur samtals um tuttugu og fimm þúsund uppflettið og voru þau valin út frá íslenskum og pólskum orðtíðnibókum. Höfundar bókarinnar eru Stanislaw, Pavel og Marta Bartoszek. Í fréttatilkynningu frá útgefanda bókarinnar, SJB, segir að við orðaval hafi verið haft í huga að bókin kæmi nemendum, skólum og hinum almenna notanda sem best að notum. Því hafi aðaláhersla verið lögð á orð og orðasambönd úr daglegu máli að viðbættum orðaforða sem tengist skólastarfi. Áður hefur komið út íslensk-pólsk, pólsk-íslensk vasaorðabók eftir einni höfunda skólaorðabókarinnar.

Barnavernd

Reglur settar um tilkynningaskyldu

Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda hafa verið gefnar út. Síðastliðið vor var skipaður starfshópur sem í sátu fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barnavernd Reykjavíkur og Barnaverndarstofu. Markmið starfshópsins var að semja verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. Með verklagsreglunum er gert ráð fyrir að starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna beri um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr.

Fyrirlestrar

Talgreining og raddþekking

Fyrirlestrar um talgreiningu og raddþekkingu verða haldnir á vegum Tungu-tækniseturs í Háskólanum í Reykjavík 3. og 9. janúar. Fyrri fyrirlesturinn heldur Arnar Þór Jensson, rafmagns- og tölvuverkfræðingur, og nefnist hann „Talgreinikerfi fyrir íslensku“. Í fyrirlestrinum verður fjallað um gerð íslensks talgreinikerfis sem Arnar bjó til og rannsóknir sem gerðar hafa verið á kerfinu. Sérstaklega verður fjallað um hvernig hægt er að smíða talgreinikerfi þegar takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir til þjálfunar. Hinn 9. janúar talar Jón Guðnason, rafmagns- og tölvuverkfræðingur, síðan um raddþekkingu í byggingu Háskóla Íslands, Árnagarði. Sá fyrirlestur nefnist „Raddþekking með cepstrum framsetningu á raddlind“.

Bókaútgáfa

Saga Háskóla Íslands ókeypis á netinu

Saga Háskóla Íslands eftir Guðna Jónssonar prófessor hefur verið gefin út í heilu lagi á heimasíðu Háskólans, hi.is. Bókin, sem var upphaflega gefin út á fimmtíu ára afmæli skólans árið 1961, hefur verið ófánleg í nokkur ár. Ekki var talin ástæða til að endurprenta hana þar sem vinna við aldarsögu Háskólans er nýhafin og var þess í stað brugðið á það ráð að birta bókina í heilu lagi á netinu öllum að kostnaðarlausu. Auðvelt er að leita að einstökum orðum í PDF-skránni sem finna má á heimasíðu skólans. Birtingin er með góðfúslegu leyfi ættingja Guðna Jónssonar.



Í TÖLVUSTOFUNNI Baldur segir Iðnskólann í Reykjavík vera á leið inn á ný mið til þess að fylgja þróun og þörfum nútímans. Þó sé ekki grunninum ekki breytt heldur eingöngu verið að bæta við námi.

Tækni- og tölvuiðn í sókn

Í Iðnskólanum í Reykjavík er boðið upp á ýmis konar iðnnám, allt frá gullsmíði til húsgagnabólstrunar. Unfanfarin ár hefur tölvu- og tæknitengdum námsleiðum við skólann fjölgað mjög og eru þær nú með þeim vinsælustu í skólanum. Er Iðnskólinn að breytast í tölvu- og tækniskóla?

„Ég veit nú ekki hvort ég á að segja að hann sé að breytast, við er bara að bæta þessu námi við. Gamli Iðnskólinn, með því handverki sem hann hefur verið að kenna lengi, stendur eftir og það er engin fækkun í hefðbundnari iðntæknigreinunum,” segir Baldur Gíslason skólameistari. „Við erum ekki að

breyta grunninum heldur að fara inn á ný mið til þess að fylgja þróun og þörfum nútímans.“

En hvers konar tölvu- og tækninám er í boði við Iðnskólann? „Við erum annars vegar með tölvubraut, sem er orðin fimmtán ára gömul, þar sem forritunar- og netkerfissérhæfing er kennd. Síðan erum við með margmiðlunar- og upplýsingabraut sem snýst fyrst og fremst um að vinna úr og koma hugmyndum yfir á miðla, til dæmis prentmiðla, ljósvakamiðla, DVD-diska eða hreyfimyndir.“

Hann segir Iðnskólann í Reykjavík eina skólann á Íslandi sem býður upp á heildstætt tölvunám á framhaldsskólastigi. „Við stílum námið inn á framhaldsskólanemendur og reynum að hafa það praktískt svo þeir geti farið beint út á vinnuarkaðinn eftir nám. Nemendur frá okkur hafa

bæði átt auðvelt með að fá vinnu eftir útskrift og að fara í framhaldsnám, til dæmis í Háskólanum í Reykjavík.“

Tölvu- og tæknideildirnar eru þó ekki þær einu sem eru að stækka í Iðnskólanum, en aðsókn í listnámsbraut hefur vaxið mikið á undanföllum árum.

„Sú braut er fyrst og fremst að mennta fólk til þess að fara í framhaldsnám því hún gefur ekki nein starfsréttindi. Menn fara á þessa braut til að komast inn í Listaháskólann eða erlenda háskóla. Við fáum þónokkra MR-inga sem hætta við læknisfræðina og koma í listnámið,” segir Baldur.

„Iðnskólinn er mjög opinn og lifandi skóli,” segir hann að lokum. „Við gerum í því að vera öðruvísi og reynum að bjóða fólk upp á lausnir sem það er með í huga.“

salvar@frettabladid.is

Í stærðfræðiskólanum Talnatök er unglingum kennd stærðfræði á hagnýtan hátt:

Vilja minnka brottfall í skólum

KENNSLA Stærðfræðiskólinn Talnatök miðar að því að auka stærðfræðikunnáttu fólks með kennslu, þjálfun og hvatningu. Flestir nemendurnir eru á unglingsaldri og er eitt markmiða skólans að draga úr brottfalli framhaldsskólanema vegna erfiðleika með stærðfræði.

„Uppbyggingarnámskeiðunum handa nemendum í 10. bekk er ætlað að styrkja grundvallarfærni í stærðfræði, þannig að nemendur búi að betri kunnáttu þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla,” segir Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Talnatoka.

Hún segir námskeið hjá Talnatökum gagnast nemendum á flestum kunnáttustigum í stærðfræði, bæði slökum og sterkum námsmönnum. Kennslan sé löguð að kunnáttu nemenda og því hversu vel þeir taka við efninu. Þannig fari sterkir námsmenn hraðar yfir og læri meira á skemmri tíma. Þeir slakari þurfi lengri tíma og



Í TÍMA Flestir nemendur Talnatoka eru í efstu bekkjum grunnskóla og á fyrstu árum framhaldsskóla.

meiri endurtekningu.

„Reynslan sýnir að fjöldi nemenda hefur ekki nægilegan undirbúning í stærðfræði þegar í framhaldsskólann er komið. Af þeim

sökum heltast margir úr námi á fyrstu tveimur árunum. Ýmsir snúa aftur síðar en þetta er léleg nýting á dýrmætum tíma ungs fólks.“

Sálin & Gospel



ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LAUGARDALSHÖLL 30. DESEMBER

Sálin og Gospelkór Reykjavíkur endurtaka leikinn frá því í haust.
Flutt verða lög úr safni Sálarinnar sem sérstaklega eru útsett með hliðsjón af kórnum.
Sannarlega einstök upplifun.



Diskurinn Lifandi í Laugardalshöll geymir hljóð- og myndupptök frá 15.09.06
Fæst í öllum hljómplötuverslunum

Himnesk stemmning í Höllinni!
Tryggðu þér sæti tímanlega
Miðasala á midi.is

BYLGJAN
989

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

sen a

EDDA ANDRÉSDÓTTIR
FRÉTTAKONA ER 54 ÁRA

Mér var bent á að það væri betra að brosa ekki svona mikið.

Edda þótti helst til glaðlynd þegar hún var að stíga sín fyrstu skref í sjónvarpi.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 28. DESEMBER 1922

Faðir Köngulóarmannsins fæddur

Á þessum degi árið 1922 fæddist myndasagnafrumkvöðullinn Stan Lee, réttu nafni Stanley Lieber, í New York. Eftir að hafa unnið ýmis störf sem táningur fékk Lee vinnu hjá Timely Comics með hjálp frænnda síns, en fyrirtækið átti með tíð og tíma eftir að þróast í Marvel Comics þar sem Lieber skapaði sín helstu verk.

Fyrsta verk Liebers, fylliefni í myndasögunni Captain America, birtist undir nafninu Stan Lee, en hann greindi síðar frá því að hann hefði ætlað sér að nota hið rétta nafn sitt fyrir alvöruefnari verk. Lee-nafnið festist hins vegar við hann og árum síðar skipti hann alfarið um nafn.

Eftir að DC Comics, einn samkeppnisaðila Timely Comics, hafði slegið í gegn með sögunum um Flash og Justice League of America var Lee falið að skapa nýtt hetjuteymi.

Lee var þá farinn að þreytast á bransanum og íhugaði að hætta. Hann ákvað þess vegna að taka áhættu og breyta út af vananum og gaf þannig persónum sínum ófullkomna persónuleika.

Lee setti þar með mark sitt á myndasöguíðnaðinn, því áður voru allar myndasöguhetjur fullkomnar eða því sem næst.

Hetjur Lees voru á hinn bóginn mannlegar. Þær gátu verið skapvondar, lagst í þunglyndi, verið hégómlegar eða gráðugar og veiktust jafnvel inn á milli.

Á löngum ferli sínum skapaði Lee, í samvinnu við listamenn eins og Jack Kirby, Bill Everett og Steve Ditko, nokkrar helstu hetjur myndasöguheimsins. Hann á heiðurinn af persónum sem lokka nýja lesendur til sín enn í dag, en nokkur af sköpunarverkum Lee eru Fantastic Four, Incredible Hulk, X-Men og síðast en ekki síst, Köngulóarmaðurinn.



MERKISATBURÐIR

- 1065 Westminster Abbey vígð í London
- 1871 Skólalendringir í Reykjavík sýna leikritið Nýársnótt eftir Indriða Einarsson í fyrsta sinn. Leikritið var síðar sýnt við vígslu Þjóðleikhússins.
- 1895 Frönsku frumkvöðlarnir í kvikmyndum, bræðurnir Auguste og Louis Lumière, sýna almenningi kvikmyndir á kaffihúsi í París.
- 1897 Franska leikritið Cyrano de Bergerac er frumsýnt í París.
- 1908 Hátt í hundrað þúsund manns létust í jarðskjálfta sem reið yfir Suður-Ítalíu og jafnaði borgirnar Messina og Reggio di Calabria nánast við jörðu.



Bróðir okkar,

Gísli Ágústsson

frá Brúnastöðum, Dælengi 20, Selfossi,

lést þann 23. desember. Jarðsungið verður frá Selfoskirkju föstudaginn 29. desember kl. 11 f.h.

Systkini hins látna.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Sigrún Aradóttir

Arnartanga 16, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 23. desember.

Sveinn Árnason

Brynhildur Sveinsdóttir

Íris Sveinsdóttir og fjölskyldur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafadur, afi og langafi,

Ingólfur Jónsson

byggingameistari

sem lést í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 21. desember sl., verður jarðsungið frá Akureyrarkirkju föstudaginn 29. desember kl. 13.30.

Hulda Eggertsdóttir

Gréta Berg Ingólfssdóttir

Eva Þórunn Ingólfssdóttir

Hrefna Laufey Ingólfssdóttir

Eggert Þór Ingólfsson

afabörn og langafabörn.

Pétur Jóhann Hjartarson

Guðmundur Jóhannsson

Árni Sigurðsson

Júlía Björk Kristjánsdóttir



Elskulegur faðir minn, tengdafadur, afi okkar og vinur,

Kristján Kristjánsson

frá Miðkoti, Dalvík,

lést á Dalbæ heimili aldraðra, Dalvík 22. des. sl. Jarðarförin auglýst síðar.

María Kristjánsdóttir og fjölskylda

Hafsteinn Pálsson og Filipía Jónsdóttir.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sæfríður Ingólfssdóttir

Víðilundi 20, Akureyri,

lést laugardaginn 23. desember. Hún verður jarðsungið frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 3. janúar kl. 13.30.

Katrín Hermannsdóttir

Sigríður Stefánía Bragadóttir

Ingólfur Bragason

Axel Bragi Bragason

Karl Sævar Bragason

Kristín Björg Bragadóttir

Ásdís Björk Bragadóttir

Rakel Hrönn Bragadóttir

Sigurður Bragason

Magnús Hörður Bragason

Iðunn Bragadóttir

Svanhildur Bragadóttir

ömmubörn og langömmubörn.

Jón Magnússon

Emil Vilhjálmsson

Arndís Heiða Magnúsdóttir

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Marteinn Sigurðsson

Einar Axel Schiöth

Árni Jón Erlendsson

Erla Björgvinsdóttir

Stefán Bragi Bjarnason

Hákon Pröstur Guðmundsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafadur og afi,

Samúel Ólafsson

véltjóri, Tungu, Hvalfjarðarsveit,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 20. desember. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju föstudaginn 29. desember kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Peim sem vilja minnast hins látna er bent á Sjúkrahús Akraness.

Fjóra Sigurðardóttir

Linda Guðbjörg Samúelsdóttir

Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir

og afabörn.

Guðni Þórðarson

Árni Aðalsteinsson



Útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu.

Hrönn Torfadóttir

Kirkjuvegi 11, Keflavík.

Fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 29. desember kl. 14.00.

Óskar Ingibersson

Kristín Óskarsdóttir

Karl Óskar Óskarsson

Jóhanna Elín Óskarsdóttir

Ingiber Óskarsson

Ásdís María Óskarsdóttir

Hafþór Óskarsson

Albert Óskarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Mark McGuinness

Valborg Bjarnadóttir

Natalya Gryshanina

Þorgrímur St. Árnason

Ragnheiður G. Ragnarsdóttir



BJÖRK JAKOBSDÓTTIR Næsta leikrit Bjarkar mun fjalla um aðdraganda breytingaskeiðsins.

BJÖRK JAKOBSDÓTTIR: FERTUG Í DAG

Skrifar um breytingaskeiðið

„Það er vont en það venst,“ segir Björk Jakobsdóttir leikona um tilhugsunina að vera orðin fertug. „Ég ákvað að þetta væru tímamótin til að halda upp á, þannig að ég er að undirbúa stórveislu.“

Björk segist ekki hafa oft haldið upp á afmælið sitt í gegnum tíðina. „Það verður oft lítið úr veislum þegar maður á afmæli á þessum tíma árs. Maður er búinn að éta á sig gat og getur bara ekki hugsað sér enn einn veislu daginn. Þannig að þetta endar oft í rólgeitum,“ segir Björk.

Það er ýmislegt í bigerð hjá Björk, en hún er að vinna að fjármögnun bæði kvikmyndar og leikrits eftir sig. Leikrit hennar Sellófon var sýnt yfir 200 sinnum á Íslandi við góðar undirtektir, en alls hefur það verið sýnt í ellefu löndum, nú síðast í Helsinki í leikstjórn Bjarkar. „Fiskisagan hefur greinilega flogið yfir Norðurlönd og það er unnið að því að setja það upp í Svíþjóð og Noregi,“ segir Björk.

Björk hefur einnig starfað sem uppstandari og veislustýra við góðan orðstír, en hún útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1993. Ári síðar tók hún þátt í stofnun Hafnarfjarðarleikhússins.

„Svona leikhópar spretta alltaf upp á nokkurra ára fresti og það var mjög gaman og

lærdómsríkt að taka þátt í þessu,“ segir Björk.

Nýjasta leikrit Bjarkar heitir Fyrirtíðaspenna og fjallar um aðdraganda breytingaskeiðsins. „Leikritið fjallar um seinustu skrefin í æskudýrkuninni, að vera alveg að detta úr tísku,“ segir Björk.

„Árið 2002 skrifaði ég Sellófon um unga fólk með smábörmin, konur sem eru ofurmæður, framakonur og kynverur allt í senn. Núna er ég að skrifa um fólk sem er að sigla inn í breytingaskeiðið, útlitsgallana, komplexana, skilnaðarflensuna, botoxið og fitusogið. Maður finnur á verkunum sínum að maður er að eldast. Ég hugsa með mér, guð minn góður, ég er að verða miðaldra fyrst ég er farin að skrifa um aðdraganda breytingaskeiðsins,“ segir Björk.

„Með aldrinum fara fjölskyldan og heilsan að skipta meira máli en frægðin og framinn. Ég á tvo stráka, Óla og Ásgrím, eina Labrador-tík, sem heitir Esja og einn eiginmann, sem heitir Gunnar Helgason,“ segir Björk. „Þeir feðgar verða veislustjórar í stórafmælinu og við erum öll á haus núna. Sítrónur fást af einhverjum ástæðum ekki á landinu svona stuttu eftir jólin, þannig að það verður ekkert þannig í veislu!“

steindor@frettabladid.is

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónsson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er


Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Páni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaur • Tonlist • Tilkyrningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Lífutningur

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

GOTT FOLK McCANN

JACK BAUER, SNYR AFTUR

24



Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*

*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

24 hefst í janúar



NÝTT Á GRAS.IS



GRAS

ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!

Þingfélags Félags Íþróttir Leikir Skemmtun

STUÐ MILLI STRÍÐA Jól í steininum

ROALD EYVINDSSON UPPLIFDI SÍNA VERSTU MARTRÖÐ Á AÐFANGADAG



Í ár var ég ákveðinn í að njóta jólanna út í ystu æsar. Að vera skipulagður sem aldrei fyrr. Senda jólakort og njóta innkaupanna. Þegar aðfangadagur rann upp benti hins vegar fátt til þess að mér yrði að ósk minni.

Martröðin upphófst þegar ég áttaði mig á því að ég hafði misreiknað jólainnkaupin. Hafði gleymt nokkrum ættingjum svo enn vantaði þriðjung gjafa upp á. Það var því ekki annað í stöðunni en að bruna niður í bæ með betri helminginn og bróðurinn í eftirdragi, sem er álíka klár í stærðfræði og undirritaður, og kaupa

það sem upp á vantaði áður en búðum væri lokað.

Á met tíma tókst okkur ætlunarverkið og pokarnir voru fylltir af hátíðarkaffi, konfektkössum og öðru góðgæti. Allt virtist því klappað og klárt, eða þar til bróðurómyndin hikstaði því út úr sér að hann þyrfti í hraðbanka til að leysa út peninga í gjöf handa móður okkar. Það var því ekki annað að gera en að stíga á bensíngjöfina og nema staðar fyrir utan næstu maskínu svo jólonum yrði borgið.

Á þeim tímapunkti má segja að jólastressið hafi náð nýjum hæðum og við tók það sem best er hægt að lýsa sem surreálisku sjónarspili. Eg tók andkóf þegar bróðir minn glennti upp sjálfvirka bankahurð-

ina til að komast inn, viss um að fangelsisdvöl væri á næsta leiti.

Til allrar lukku fór viðvörunarkerfið ekki af stað. Bróðirinn sneri alsæll til baka og skeytti engu um skammirnar sem ég lét dynja á honum. Viðurkenndi að honum hafði yfirsést súlan með kortaraufinni. Þessari með rauða ljósinu. Sem blikkar. Viðstöðulaust. Hefði verið svo „tens“ eitthvað.

Um kvöldið þar sem ég lá hálf meðvitundarlaus uppi í sófa eftir allt stressið strengdi ég áramótaheit: Að vera skipulagður um næstu jól, senda jólakort og kaupa gjafir með góðum fyrirvara. EINSAM-ALL. Efast ekki um það takist. Enda engin ástæða til að stressa sig svona yfir einum degi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



VINSÆLASTI ÞÁTTUR VERALDAR



Stöð 2 og Stöð 2 bíó
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*

* gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

American Idol hefst í janúar



Hundrað ára hús til Tallin



Kl. 17.00.

Dr. Adrienne Heijnen, mannfræðingur við háskólann í Arósum, fjallar í máli og myndum um grímuhefðir granna okkar í vestri og hvernig Grænlandingar nota grímur í daglegu lífi.

menning

menning@frettabladid.is

Leiksýning Frú Emilíu á 100 ára húsi eftir Jón Atla Jónasson verður sýnd á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni Miðvetrarnæturdraumur sem Borgarleikhúsið í Tallin í Eistlandi heldur nú milli jóla og nýárs. Leikhópur Emilíu hélt af landi brott í gærmorgun og sýnir tvisvar sinnum á einu leiksviða Borgarleikhússins í Tallin, í kvöld og annað kvöld.

Þessi leiklistarhátíð hefur verið haldin annað hvert ár frá árinu 2000. Að þessu sinni er því einnig fagnað að hundrað ár eru liðin frá stofnun Borgarleikhússins í Tallin og þar með upphafs leiklistar á atvinnustigi.

Frú Emilía frumsýndi verkið í apríl síðasta vor í gömlu hersjúkratjaldi á ylströndinni í Nauthólsvík. Útsendari hátíðarinnar kom hingað til lands til að sjá sýninguna og bauð leikhúsinu í kjölfarið.

Heimsfrægir leikhúsmenn hafa gist leiklistarhátíð þessa og má þar nefna leikstjórana Frank Castorf frá Þýskalandi, Anatoly Vassilyev og Kamas



HAFLIÐI ARNGRÍMSSON Á YLSTRÖNDinni í vor.

Ginkas frá Rússlandi og þannig verður einnig að þessu sinni og munu námskeið og ráðstefnur vera haldnar með gestum hátíðarinnar.



> Ekki missa af ...

Eyfirðingar og nærsveitamenn, Sæunni Þorsteinsdóttir heldur tónleika á Laugaborg í kvöld kl. 20. Á efnisskrá eru verk eftir Bach, Penderecky og Kolday.



SÖNGHÓPURINN HLJÓMEYKI.

Söngur á Valhúsahæð

Jólatónleikar Sönghópsins Hljómeykis verða í kvöld kl. 20 í Sel-tjarnarneskirkju á Valhúsahæð. Á tónleikum mun Sönghópurinn Hljómeyki flytja jólasálma frá 15. og 16. öld en einnig tónlist tengda jólnum eftir tónskáld 20. og 21. aldar.

Þannig hefjast tónleikarnir á hinum vel þekktu jólasálmum „Það aldin út er sprungið“ en lýkur á nýlegri útsetningu eftir Hildigunni Rúnarsdóttur á enska jólaglaginu Ding, dong, merrily on

high. Flutt verða nokkur verk tengd Mariu guðsmóður, meðal annars Ave maris stella eftir Trond Kverno. Auk þess verða fluttar á tónleikunum mótetturarnar O magnum mysterium og Hodie christus natus es eftir franska tónskáldið Francis Poulanc.

Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson. Hann tók við stjórn kórsins í haust og eru þetta fyrstu jólatónleikarnir þar sem hann stjórnar kórnum.

Minning um James Brown

James Brown – dægurlaga-söngvari, hljómsveitarstjóri og áhugamaður um framgang og þróun tónlistar svartra Bandaríkjamanna um áratugaskeið, lést snemma á jóladag eftir hjartaáfall á Emory Crawford Long-sjúkrahúsinu í Atlanta. Brown var lagður inn á laugardag með lungnabólgu. „Ég fer í kvöld,“ sagði hann við framkvæmdastjóra sinn og var látinn skömmu síðar. Hann er sagður hafa verið 73 ára gamall.

Svart og hvít

Brown var lítið þekktur hér á landi en fór að heyrast í Kananum þegar útvarpsstöð hersins í Keflavík tók að heyrast um Faxaflóasvæðið. Hann varð síðan velþekktur 1966 þegar hingað barst kvikmynd, The T.A.M.I. Show, frá hljótleikum í Bandaríkjunum sem var vel sótt af unglíngum. Þar fluttu Rolling Stones Last time sem var þá að síga niður á vinsældalistum og Tom Jones söng It's not unusual, en þessir listamenn voru helsta aðdráttarafli ungs fólks í Reykjavík á þessa svart/hvítu tónlistarmynd.

Hápunkturinn reyndist öllum að óvörum lágvaxinn svartur kubbur sem söng af miklum tilþrifum síendurtekið viðlag uns hann var að niðurlotum kominn og leiddur frá mikrafóninum hágrátandi sveipaður skikkju af tveimur aðstoðarmönnum, sem hann skyndilega reif sig frá og tók að syngja á ný. Þetta endurtók sig nokkrum sinnum með æ meiri tilþrifum og gráti. Lítið vissu menn þá að lokaatriðið var fastur liður í tónleikadagskránni hjá Brown, alltaf eins, lokapunktur sem stilltir reykviskir unglíngar námu sem tryllingslega og furðulega uppákomu.

Jaðarmaður

Brown var eitt af stóru nöfnunum í bandarískum skemmtanaíðnaði: hann var að undirbúa tónleika á gamlárskvöld og átti að baki um hundrað tónleika ár hvert hin síðari ár, þrátt fyrir aldur og langan og erfiðan feril.

Brown var fæddur í Barnville í suðurhluta Georgíu en ólst upp í Augusta í sama ríki og lenti fljótt upp á kant við lögin, hlaut sinn



JAMES JOSEPH BROWN 1933 (EÐA 1928) - 2006.

fyrsta dóm 16 ára, og var alla tíð í jaðri samfélagsins: 1988 var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir vopnaburð og ffniefnaeign. Hann var margsinnis handtekinn fyrir vopnaburð, heimilisofbeldi og fíkniefnaneyslu. Hann var fjórvæntur.

Faðir fónksins

Brown lærði aldrei að lesa nótur. Hann kom fyrst fram 1955 með systur sinni en hóf svo feril sem söngvari með danshljómsveitum sem oftast voru skipaðar svörtum tónlistarmönnum með djúpar rætur í djassi, gospel og blúshefð suðurríkanna. Fyrirmyndir hans voru listamenn sem voru vinsælir út fyrir raðir svartra, Ray Charles, Little Richard og síðar þeir sem urðu fyrirferðarmiklir á útgáfu Atlantic.

Fyrsta hljómplata hans sem náði einhverri sölu var Please Please Please 1956. Í þá daga var vinsældalistum skipt niður og heimasvæði Browns og fleiri svartra listamanna var vinsældalisti kenndur við R&B. Tónlist Browns tók á sig sérstakan stíl sem byggði á hröðum taktskiptingum, notkun blásturshljóðfæra og sundurslitnum söngstíl. Fönkið varð til.

Karlmannsheimur

Hann náði fyrst efsta sæti vinsældalista með laginu Try me 1959 og átti eftir að komast 119 sinnum á vinsældalista með stök lög og hljóðrita yfir 50 lagasöfn á vínplötum.

Stíll hans er talin hafa mótast til fulls með laginu Night Train sem kom út 1961. Ári síðar hljóðritaði hann frægan konsert í Apollo-leik-

húsinu í Harlem sem talin er ein áhrifamesta hljóðritun á heilum tónleikum og gjarnan talin í hópi merkilegustu tónleikahljóðritana dægurtónlistar á síðustu öld.

Í kjölfarið komu frá honum nokkrir smellir sem festu hann ofarlega á stjórnuhimin svartra tónlistarmanna: Papa's got a brand new bag, I got you (I feel good) og It's a man's man's man's world.

Áhrifamikill listamaður

Brown var óneitanlega mikill áhrifavaldur á marga yngri tónlistarmenn: Michael Jackson tók mikið frá honum, bæði í tónlistarstíl og sviðsframkomu, hann hafði stór áhrif á hiphop og rapp vestanhafs og var talinn til forfeðra margra tónlistarmanna sem lögðu þann feril fyrir sig. Miles Davis og fleiri forkölfar í bandarískum djassi sögðust vera í þakkarskuld við hann og á hann hlóðst ýmis heiður hin síðari ár.

Hann var framarlega í baráttu og vitundarvakningu svartra og lag hans Say it loud (I'm black and I'm proud) var einkennislag mannréttindahreyfingar blökkumanna og baráttusveitarinnar Black Power á sjöunda áratugnum.

Flest söfn hans sem komu út á vínul eru fánleg í dag á geisladiskum og 1991 var tekið saman safn sem geymir þekktustu hljóðritanir hans.

Hann kom hingað til lands 2004 og hélt tónleika í Laugardalshöll og var flestum þar viðstöddum ljóst að þar fór maður sem hafði marga fjöruna sopið, goðsögn í lífanda lífi með einstakan kraft til að flytja tónlist sína.

- pbb

Vínarvalsar hljóma

Það er komið að árlegum æsingi og eftirvæntingu hjá þeim þúsundum aðdáenda Vínartónlistar sem þyrpast í Háskólabíó á fyrstu viku nýja ársins og heyrja Sinfóníuhljómsveit Íslands skella sér í sína árlegu Vínartónleika. Þeir verða þann 3.-6. janúar næstkomandi. Ekki duga færri en fernir tónleikar til að svala löngun Íslendinga í Vínartónlist í þetta sinn og ef lítið er til reynslu fyrri ára má reikna með að uppselt verði á alla tónleikana.

Efnisskráin er að mestu prýdd þokkafullum perlum Straussfeðga enda er vandséð hvernig hinir fjöregu Vínartónleikar Sinfóníunnar væru jafn vinsælir ár eftir ár án þátttöku þeirra feðga. Hljómsveitin hélt sína fyrstu Vínartónleika 1972, en frá 1981 hafa þeir verið fastur og ómissandi liður á efnisskrá hljómsveitarinnar. Á þessum tíma hafa tugþúsundir Íslendinga flykkt á Vínartónleika og gert þá að vinsælustu tónleikum Íslandssögunnar.

Góðir gestir Sinfóníunnar í ár eru sópransöngkonan Þóra Einarssdóttir og hljómsveitarstjórnin Christopher Warren-Green.

Þóru þarf vart að kynna, svo oft hefur hún heillað tónleikagesti jafnt á íslensku sem erlendu tónleikasviði með lýrískum flutningi sínum. Þóra kemur heim til þessa tónleikahalds.



TÓNLIST Þóra Einarssdóttir söngkona.

Warren-Green hefur um langt skeið verið tónlistarstjóri Kammerveitar Lundúnaborgar. Hann hóf feril sinn sem fiðluleikari og ekki er ólíklegt að hann freistist til þess að handleika hljóðfærið við þetta tækifæri.

Tónleikarnir 3., 4. og 5. janúar hefjast kl. 19.30 en tónleikarnir laugardaginn 6. kl. 17. Nokkur sæti eru laus á tónleikana 5. og 6. en fleiri sæti eru enn á boðstólum 3. og 4. Miðasala er í Háskólabíói.

VISIR

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



JAMES BROWN VIÐ UPPHAF FERILS SÍNS FYRIR HÁLFRI ÖLD.

Alvarlega hipp í Safni

Haldið er áfram á þeirri braut sem Safn á Laugaveginum í Reykjavík lagði inn á fyrir nokkru að halda gerninga/sýningar í gluggum gamla Facó á Laugaveginum. Á morgun verður fluttur metnaðarfullur dansgjörningur Safns þar og verður aðeins fluttur einu sinni, kl. 18.



SAMTÍMALIST Margrét Bjarnadóttir í einni stöðu sinni í verkinu.

Verkið ber titilinn: WHEN I SAY BAD I MEAN SERIOUSLY HIP með undirtitilinn: (mind to motion know the notion). Um heimsfrumsýningu á verkinu er að ræða. Það er þegar pantað til nokkurra sýningarstaða í Evrópu og verður því sýnt víða erlendis á næsta ári. Aðeins verður ein sýning á verkinu í Safni.

Höfundur verksins er Margrét Sara Guðjónsdóttir. Margrét er fædd 1978 og er búsett í Amsterdam og Berlín, þar sem hún starfði árin 2005/6 með hinum þekktu dansleikhússflokki Constönzu Macras, Dorky Park, og sýndi í verki hennar Big in Bombay í Volksbühne-leikhúsinu í Berlín og um heim allan.

Constönzu Macras hefur verið lýst sem arftaka Pinu Bausch og þykir vera í fararbroddi dansleikhúss í heiminum í dag.

Margrét Sara starfar nú aðallega með dansflokki hinnar Gisele Vienne í Berlín og mun sýna í verki hennar „Kindertotenlieder“ víða í Evrópu og Austurlöndum fjær á komandi ári.

Margrét mun jafnframt halda áfram að sýna samstarfsverk sitt, Ernu Ómarsdóttur og Jóhanns Jóhannssonar, Mysteries of Love,

á árinu en verkið var frumsýnt fyrr á þessu ári á danslistahátíðinni í Avignon í Frakklandi.

Verkið hennar sem flutt verður í Safni annað kvöld er í formi hreyfi-innsetningar þar sem sviðið er sýningarrými myndlistarsafns og áhorfendur horfa á verkið í gegnum glugga Safns, sem snýr út að Laugavegi.

Útgangspunktur sýningarinnar er notkun tákna í samfélaginu, sem tekin eru úr upprunalegu umhverfi sínu og samhengi og eru oft notuð án umhugsunar og óháð upprunalegri merkingu. Fjallað er um hvort merking fjölda tákna, svo sem trúarlegra og pólitískra tákna, í umhverfi okkar verður einhvern tíma að fullu skiljanleg

þorra almennings ef þau tengjast ekki reynsluheimi hans á beinan hátt. Hvort tákni, sem almenningur upplifir í gegnum afþreyingaríðnaðinn, missi ekki þannig merkingu sína og áhrifamátt. Í verkinu er jafnframt tekist á við ýmiss konar trúarsíði og -athafnir og viðhorf til þeirra.

Hljóðmynd er eftir David Kiers en flytjandi er Margrét Bjarnadóttir. Leikmynd er unnin af hópnum en framleiðandi sýningarinnar er Panic Productions og hefur fyrirtækið hlotið styrki frá menntamálaráðuneytinu, Listasjóði, Menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Landsbankanum.

Hús leyndarmálanna

Thérèse og Léonie hittast aftur eftir tuttugu ára aðskilnað. Mæður þeirra voru systur sem bjuggu undir sama þaki eftir að móðir Thérèse veiktist af sjúkdómi sem dró hana á endanum til dauða. Þá var móðir Léonie þegar orðin ekkja. Ytri ramma sögunnar fjallar um þann tíma, einkum unglingsárin, áður en Thérèse gengur í klaustur. Ekki þó þannig að þær rifji upp þann tíma, heldur gerir sögumaður það.

Fljótlega í sögunni er ýjað að ótal leyndarmálum og það er ljóst að eitthvað hefur gerst sem varð þess valdandi að þær hafa ekki talast við í tuttugu ár. Með fyrirheit um að þeir atburðir verði afhjúpaðir heldur lesandinn af stað út í söguna. Smám saman kemur í ljós að líf þeirra Thérèse og Léonie er enn samtvinnaðra en jafnvel þær hafa gert sér í hugalund. Leyndarmál hússins og samfélagsins koma smám saman í ljós á sama tíma og þær eru að vakna til lífsins sem konur. Léonie segir að sín hafi verið vitjað af konu í rauðum klæðum, Thérèse tileinkar sér þessa sýn sem hún klæðir í bláan fatnað og hér hafi verið komin heilög guðsmóðir að vitja hennar. Þegar öllu bæjarfélaginu hefur verið blandað í málið er hin þokkafulla unglingsstúlka föst í neti kaþólsks trúarofstækis. Í staðinn fær Léonie Babtiste, strákinn sem meira að segja hún sjálf telur tilheyra Thérèse.

Sagan gerist að mestu innan veggja hússins. Þar eru vistarverur sem stúlkunum er bannaður aðgangur að, vistarverur sem geyma leyndarmál heils samfélags. Það kemur í ljós að þær voru gyðingar geymdir fyrir aftöku í seinni heimsstyrjöldinni þegar Þjóðverjar lögðu plássið undir sig. Thérèse hefur líka áskotnast kassi af bréfum sem móðir þeirra

BÆKUR
Dætur hússins
Michèle Roberts
Þýðandi:
Fríða Björk
Ingvarsdóttir
Salka



★★

Gátufull en daufleg saga kvenna

skrifaði þriðju systurinni sem verið hafði nunna. Í þeim bréfum kemur í ljós að þær Thérèse og Léonie eru mun skyldari en þær áður héldu. Sú vitneskja verður til þess að samband þeirra rofnar, að því er virðist.

Sögumaður fer þá leið að segja sögu Thérèse og Léonie í brotum. Brotum sem tengjast flest hlutum í húsinu, oft á tíðum hlutum sem eru táknaðir, eins og til dæmis Quimperfatíð sem Léonie brýtur. Hin brotakennda frásögn er sveipuð duduð, meira talað í kringum atburðina en að frá þeim sé beinlínis sagt. Lesandinn er jafnvel látinn um að geta í eyðurnar. Fyrir vikið fjallar megnið af frásögninni um hversdagslega hluti, byggir á innihaldslitlum samtölum og atburðum, persónur sögunnar eru fremur óskýrar, jafnvel vofukenndar. Fyrir vikið virkar frásögnin dálítið daufleg og náði ekki að heilla mig. Sagt er að sagan fjalli um tvær stúlkur sem alast upp í skugga gyðingaofsókna og kaþólsks trúarhita. Skugganum er hins vegar gerð of lítil skil og trúarhitinn of dauflegur til að lesandinn finni fyrir áhrifum þeirra í frásögninni.

Súsanna Svavarsdóttir

Nýárasfagnaður með

POPS og Eiríki Haukssyni



Matseðill

Frönsk andarlifur og íslensk gæsabringa með peruhlaupi og stökku kryddjurtasalati í forrétt.

Kryddlegin kálfalund og hægelduð svínasíða með portobelló-kartöflulögum og madeirasósu í aðalrétt.

Súkkulaði og appelsínusamleikur í eftirrétt.

Í Súlnasal Hótel Sögu nýárskvöld

Ein þekktasta hljómsveit '68 kynslóðarinnar ásamt Eiríki Haukssyni leikur alla helstu „sixties“ smellina á nýársfagnaði í Súlnasal Hótel Sögu á nýárskvöld. Einnig koma fram Óperuúdivurnar og Bítl.

Húsið opnar kl. 19 fyrir matargesti, matur borinn fram kl. 20. Fyrir gesti á dansleik opnar húsið kl. 24. Verð: Matur og skemmtun, 12.900 kr. Verð á dansleik 3.800 kr.

Pantanir og upplýsingar í síma 525 9950 og á hotelsaga@hotelsaga.is



ÖÐRUGÍF VÍNARTÓNLEINAR

Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja *Sinfóníu nr. 4* & *Kindertotenlieder* eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daniel Bjarnason

6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku Óperunni

Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1

FLAGARI Í FRAMSÖKN - The Rake's Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumssýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 FÁAR SÝNINGAR

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

AUSTURBÆR

Barna- og unglíngaleikhús Austurbæjar kynnr Jólafárið eftir Kikku.
Síðasta sýning. Fim 28. des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800

Stúdentaleikhús kynnr „þú ert enginn Johnny Depp“
Til að verða við óskum þeirra sem ekki komust að munu verða aukasýningar á verkinu
Fim 4. jan kl. 20 / Fös 5. jan kl. 20 / Lau 6. jan kl. 20 / Sun 7. jan kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími: 551 4700 / www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

BAKKYNJUR eftir Evripídes
3. sýn. í kvöld fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 nokkur sæti laus, fös. 12/1 kl. 16:30 nokkur sæti laus, lau. 13/1 örfá sæti laus, lau. 20/1. Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“

ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 Forsýning. Miðaverð 1.000 Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS. Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort Sun 21/1 kl. 20 4. sýning Græn kort Fös 26/1 kl. 20 5. sýning Blá kort	Mið 10/1 kl. 20 Fors. Miðaverð 1.000 Fim 11/1 Afmælisýning UPPS. Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?	AMADEUS
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20	Sun 7/1 kl. 20 Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20 Síðustu sýningar

SAN FRANCISCO BALLETTINN	FOOTLOOSE
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins. Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800	Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20 Síðustu sýningar

MEIN KAMPF	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS. Sun 14/1 kl. 20 AUKAS. Lau 20/1 kl. 20 AUKAS. Lau 27/1 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar	Lau 30/12 kl. 14 UPPS. Sun 7/1 kl. 14 Sun 14/1 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 29/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Trylltar konur taki okkur alla

Gefum okkur að tvö þúsund og fimm hundruð ára leiktexti rati beint í hjarta okkar tíma, álítaefni um uppreisn kvenna gegn valdi karla gildi enn; ölvun og æði kvenna á opinberum svæðum við borgarmúrana eigi sér einhverja samsvörun í okkar tíðaranda; gamlir menn láti enn heillast af tiskubylgjum og gangi á fjöll skreyttir blómum; sterkir valdsmenn láti heillast af ungum stæltum skrokkum karlmanna jafnt sem mjúkum línnum þeirra óreyndu; í heimi okkar takist enn á sundrunaröfl lausungarinnar og ábyrg afstaða hlýðni og heilinda.

Gefum okkur það.

Látum vera þótt allur goðsagnaheimur Forn-Grikkja komi okkur spáskt fyrir sjónir, meira en það, sé okkur gersamlega framandi. Allar staðarvísanir séu okkur ókunnugar, hetjur og goð ókunn, textann sem við heyrum skiljum við ekki nema á parti, það sem við heyrum á annað borð fyrir tónlist og dansstappi.

Látum þennan ókunnuleika okkar liggja milli hluta.

Hvað er þá eftir í jólafrumsýningu Þjóðleikhúss Íslendinga á Bakkynjum eftir Evripídes - fyrsta verki sem þar er flutt eftir Evripídes, einn af þremur stórskáldum hinna forngrísku harmleikja?

Glæsileiki í fyrirrúmi

Jú, þetta er glæsilega útlítandi sýning með dýrri og tæknilegri leikmynd sem nýtist leiknum vel, verður á vissan hátt gerandi í verkinu.

Búningar eru flottir, grímur fagaðar þótt þær gefi sumum leiknum holan hljóm. Gervin öll gerð af hárrí gæðakröfu.

Ljósavinnsla Lárusar Björnsónar, sem nú er kominn til starfa hjá Þjóðleikhúsinu eftir aldarfjórðungsvinnu í öðrum leikhúsum, er fyrsta flokks, teflir stundum djarft en er í aðalatriðum gott verk eins og hans er von og vísa.

Tónlist Atla Ingólfssonar, bæði leikin og sungin, kyrjuð á sviðinu eða af bandi í bak er í samræmi við verkið allt á sviðinu. Það er ekki við Atla að sakast þótt kórar séu nánast óskiljanlegir, þar heyrast ekki orðaskil, það er verk annarra.

Fín vinna

Gegnsumneitt er vinna leikaranna í sýningunni með miklum ágætum. Leikstjórnarnir grísku hafa lagt upp með skýra stefnu varðandi raddbeitingu, vinna þeirra með kórnum gerir það hins vegar að verkið um hann fer fyrir ofan garð og neðan.

Ég er ekki viss um að því sé nokkur missir.

Erna Ómarsdóttir leggur allri sýningunni línu í hreyfingum sem er áhrifamikil í fyrstu og skapar með áhorfandanum óþægilega kennd, en er á líður verður maðurinn skjálfaði í æði sínu eða ótta, heldur staglsamt og tilbreytingalítið róf.



LEIKLIST Upphafsatríði leiksins: Bakkus stígur til jarðarinnar og sækir Þebverja heim eftir sigurfor sína um nálæg lönd. Þar hópast konur um hann og láta sem trylltar, en konungur Þebu er staðráðinn í að koma í veg fyrir slík læti í sinni borg. Stefán Hallur Stefánsson umkringdur kórmejum en í bak kúra tveir satýrar.



LEIKLIST

Bakkynjur

Evripídes

Þýðing: Kristján Árnason
Leikstjóri: Giorgos Zamboulakis
Leikmynd, búningar, grímur og gervi: Thanos Vovolis

★★★

Glæsileg sviðsetning á verki sem nær ekki að tengjast okkar tíma.

Sýningin verður í heild sinni mikil og óvænt reynsla fyrir augu og eyru, stílhrein og hugsuð í stóru og smáum frá einu skýru sjónarhorni.

Hvað er þá að?

Ætli það sé hending að Þjóðleikhúsið hefur aldrei ráðist í sviðsetningu á verki eftir Evripídes? Á fyrsta áratug hússins var leikin gerð Jean Anouil hins franska af Antigónu, Antigóna Sófóklesar kom á svið réttum tíu árum síðar hjá LR í Íónó. Sveinn Einarsson kom svo á svið á sínum tíma í Þjóðleikhúsinu með bæði Oresteia-þríleiknum og Ódipus konungi.

Samt hafa legið frá miðri nítjándu öld verk og verkabrot í þýð-

ingum manna á borð við Sveinbjörn Egilsson og rómantísku skáldin. Bæði Sjö gegn Þebu og Prómóþeifur eru til. Bakkynjurnar þýddi Sigfús Blöndal úr grísku á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar.

Íslenskir leikhúsmenn - að Sveini Einarssyni undanskildum - hafa leitt Grikkina hjá sér.

Ráðskonur Þjóðleikhússins láta þýða verkið að nýju: Kristján Árnason „stýðst meðal annars við nýgríska útgáfu á verkinu“ eftir Giorgos Chimonas, skáld og heimspeking. Er hans gerð þá annað en frumtextinn? Í fleiru en orðalagi?

Ekki efast ég eitt andartak um að Kristján hefur skilað verki sínu af trúfestu við skáldið.

Mér tekst bara ekki að stinga þessu verki í samband. Dagljóst er hvar það rímar. En niðurstaða þess er í hróplegri mótsögn við allan vanda verksins. Og það sem meira er, fornfáleiki þess þvælist endalust fyrir áhorfendum og áheyrendum.

Ekki missa af ...

Után þess sem hér hefur verið talið verður að geta þess að hér stígur fram í stóru hlutverki Stefán Hallur Stefánsson: og eins og sagt var áður um sauðfé. Það kyn hefur aldrei sviðið. Hann stendur sig með stakri þrýði með erfit og flókið upplegg, nýtur vel síns líkamlega atgervis án þess að fórna styrkri og skýrri rödd og skarpri hugsun.

Þetta er semsagt vel heppnuð framkvæmd á verki úr fornklassískum arfi okkar. Það verður ein fárra sviðsetninga þeirrar gerðar á næstu áratugum, eins og á síðustu fimmtíu árum - jafnvel í Þjóðleikhúsinu.

Áhugafólki er því skylt að sjá þessa sýningu. Hún sýnir jafnframt tæknilega getu starfslíðs Þjóðleikhússins, en hana skortir sárlega það bráða og nauðsynlega samband sem leikhús verður að hafa við samtíma sinn og skynjun svo sýningin ljósti mann.

Eins og stefnt er að.

Páll Baldvin Baldvínsson

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

Stjörnuvals á röngum snúningi

BÆKUR

Endurrómur upphafsins

Arngrímur Vídalín Stefánsson

★★

Ekki jólabókin í ár en hefði verið fin í skóinn.



Metnaðarfull ljóðabók en mjög óþroskaður skáldskapur. Skáldið leitar hinstu raka og þráspyr sjálft sig um eðli veruleikans. Leitinn hefst við sjálfa sköpun heimsins en færast smám saman

nær einstaklingnum, samfélaginu og skáldinu sjálfu sem í nánast stjórnlásum orðaflaumi gegnum blekkingar guðóminn vonir drauma óskir þrjár og ást (sem er þó skömminni skást) einblínir að lokum á veröld sem tortímist „brotnar á kistuloki allífsins“ (65) og eftir stendur að eilífu þögnin ein – jafnvel orðið sem í upphafi kveikti allt er duglaust og dautt.

Það er auðvitað stærilæti gagnvart ljóðinu og lesandanum að ætlast til þess að slík glíma við sköpunarmáttinn og alvirkuna eigi eitthvað upp á dekk áður en maður á kost á því að míga almennilega í saltan. En oflæti er leynivopn ungskálda og lesand-

ans að dæma hvort höfundur á erindi sem erfiði, varpi nýju ljósi. Ekki vantar viljann, svo er víst, og sköpunarþörfin er næstum yfiringileg.

Til að bæta sér upp skort á lífsreynslu eru skáldi þrjár leiðir einkum færar: (a) rata sjálft í raunir og vanda án tafar, (b) gera sér mat úr ógæfu nágrennsins, eða (c) grafa hana upp úr göðum bókum. Í fyrsta hluta bókarinnar velur skáldið þriðja kostinn og verður fyrsta Mósebók fyrir valinu fram að sköpunarþörfin – þó með þeirri breytingu að upphafi Jóhannesarguðspjalls er óbeint skipt inná í stað upphafsorða sköpunarsögunnar. Þar sem Jóhannes á með orði sínu við

frelsarann en ekki frækorn ljóðsins veldur þetta strax nokkrum glundroða og endurómar hann í ofhlöðnu og stundum nokkuð mótsagnakenndu myndmáli.

Undir lok fyrsta hluta bókarinnar birtist mannvera og ljóðið fær mælenda sem kveikir lesandanum vonir um mikil átök í komandi skáldfíflahlut (öðrum hluta). Má deila um hvort það gangi eftir. Mælandinn er þar „ég/við“ í aðalhlutverki og í auka-hlutverki er „þú“ sem bregður sér þó í allra kvikinda líki. Hér og bókina á enda velur skáldið leið (a) hér að ofan en velur sér þó eigin ratvillur ekki síst í (c). Og talar mikið undir rós, flækir sjálft sig og lesandann í blóðugum þyrnaskógi þar sem vonir og draumar rætast og svíkja á víxl.

Skáldið beinlínis öskrar á tröllvaxin yrkisefni sín og býður

náttúrunni og draumi sínum einvígi sem það veit að það er dæmt til að tapa, bæði í orði og verki, en orgar þó af öllum kröftum frammi síðasta dropa. Hér ægir saman allskyns misvísandi myndum, myrkum táknum, ómarkvissum vísunum, offlæði hugmynda og ofskýringar í bland. Allt kaffærist hvað í öðru. Skáldið er á kosmísku trippi og flengriður yfir tilvistina með ógurlegum vængjastætti þar sem orði og æði rignir nykruðu og öfugsnúnu uppímóti og hinsegin út um allar trissur á landi láði og í lofti uns lesandinn brennur upp í „hryllilegri þögninni“ með ógnháum hveli. Lífsreynsla út af fyrir sig.

Ég dáist að áræðni skáldsins og einlægni, þetta er grafalvarleg bók.

Sigurður Hróarsson

Ósannfær- andi lög



TÓNLIST

Sögur af konum

Selma og Hansa Sena

★

Vandaður flutningur á slöku efni

Eru Selma og Hansa poppstjörnur? Selma var það vissulega. Báðar eru þær kraftmiklar söngkonur, ráða við blæbrigði í túlkun, geta auðveldlega tekist á við flutninginn í flóknum línunum, falla ágætlega saman í tvísöng. Það safn sem hér er á ferðinni er sett saman á svipuðum nótum og diskur Ásgerðar Júníusdóttur fyrir fáum árum: lög kvenna við ljóð kvenna. Ekki slæm endurtekning á góðri hugmynd.

En eru konur í bransanum nægilega margar til að geta komið saman þökkalegu og markverðu lagasafni? Hér eru vanar konur eins og Ingibjörg Þorbergs og Ragnhildur Gísladóttir. Anna Halldórsdóttir og Hera, Védís og Móeiður, Margrét Örnólfssdóttir og Margrét Kristín Sigurðardóttir, og svo þær sjálfar, Selma á hér tvö lög og Hansa eitt. Ljóðin eru nær öll unnin af mikilli fátækt og er þeim er stillt upp við stakt ljóð eftir Jakóbinu Sigurðardóttur skilur langt, langt á milli.

Það eru fáar athyglisverðar laglínur hér á bæ. Og enn færri orð er best að hafa um þann samsetning sem þær stöllu kjósa að taka sér í munn – með fullri virðingu fyrir þeim ágætu konum sem þarna hafa lagt hönd á plóg. Góðar söngkonur vantaði efni eftir konur: nú þá er til dæmis bara að fletta ljóðabókunum finna spennandi ljóð og ráða tónlistarkonur af öllum sviðum bransans til að takast á við þrautina. Þar með er tryggt að efnið, söngtextinn, er alla vega fyrsta flokks – úrvalið meira en hér er sett á disk.

Þetta safn verður heldur ósannfærandi – sökum þess að hvorki lög né ljóð eru burðug. Því bjargar ekki fagmannlegur flutningur né snoturt útlit.

Páll Baldvín Baldvínsson

ÁRAMÓT Á NASA

LAUGARD. 30. DES. 2006

KVEDJUDANSLEIKUR

Í SVÖRTUM FÖTUM

PILTARNIR Í SVÖRTUM FÖTUM HALDA SINN SÍÐASTA DANSLEIK Í BILI HÉR Á NASA. SÁRT VERÐUR AÐ KVEDJA Í PILTA EN AÐ VENJU VERÐUR ÞAÐ GERT MEÐ POMP OG PRAKTI!

BÚAST MÁ VIÐ ALLSKYNS UPPÁKOMUM OG JAFNVEL GÓÐUM GESTUM TIL ÞEIRRA PILTA UPP Á SVIÐ. BETRA ER AÐ MÆTA SNEMMA TIL AÐ TRYGGJA INNGÖNGU!

MIÐAVERÐ KR. 1500
HÚSIÐ OPNAR KL. 23
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

SUNNUD. 31. DES. 2006

GAMLÁRSKVÖLD

90' PARTY

DJ CURVER OG DJ KIKI-OW

HÚSIÐ OPNAR KL. 01.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 2500 KR.
FORSALA Á NASA.IS

DJ CURVER OG DJ KIKI-OW HALDA 90'S PARTY Á GAMLÁRSKVÖLD EN NO LIMITS KVÖLDIN ÞEIRRA HAFU VERIÐ AÐ GERA ALLT VITLAUST Á ÁRINU. ÓHÆTT ER AÐ SEGJA AÐ KVÖLDIN HAFI VERIÐ MEGA-SUCCESS OG ÞESSI BYLGJA SÉ BÚIN AÐ KOMA SÉR VEL FYRIR Í SKEMMTANALÍFI LANDANS.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGGAST AÐ DJANNA


KVIKMYNDANJÖRÐURINN KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR OG FRAMBJÓÐANDI

Væri til í að leika golfstjörnu

A man makes his own way. No one gives it to you. You have to take it.

Reglur undirheimanna eru einfaldar í huga glæpaforingjans Franks Costello í *The Departed*.



Hvaða mynd sástu síðast í bíó?
Holiday og þar áður Bond.

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?
Ég var að horfa á Fanny och Alexander eftir Ingmar Bergman og það er alveg ótrúleg mynd.

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?

Ein áhrifaríkasta mynd sem ég hef séð er mynd sem heitir Flóttinn sem ég sá á kvikmyndahátíð fyrir einum fimmtán árum. Hún fjallaði um fólk sem flúði frá Tyrklandi til Sviss og átti ekki að fá landvistarleyfi. Mjög eftirminnleg og áhrifarík mynd.

Hefur þú grátíð í bíó?

Ég vil helst fara á myndir sem fá mig til að gráta.

Uppáhalds íslenska persónan:

Mér dettur í hug Gíslí Halldórsson í tveimur hlutverkum, afinn í Jóni Oddi og Jóni Bjarna og gamli maðurinn úr Börnum náttúrunnar. Og auðvitað Sigríður Hagalín í sömu mynd.

Mesta kvikmynda-stjarna allra tíma:
Katherine Hepburn.

Mesta hetja hvíta tjaldsins:

Cary Grant.

Mesti skúrurinn:

Biskupinn í Fanny och Alexander.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?

Love Affair með Warren Beatty, Annette Bening og Katharine Hepburn.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?

Ég væri golfstjarnan í endurgerð á Pat and Mike frá 1952, George Clooney væri golfþjálfarinn minn og Anthony Minghella væri leikstjórinn.

bíó

bio@frettabladid.is



AF HVÍTA TJALDINU
Pórarinn Pórarinnsson

Ilmur af góðri sögu

Það er ekki heiglum hent að gera kvikmyndir eftir góðum skáldsögum og þau eru ófá dæmin um að fólk hafi verið með frábæran efnivið í höndunum en tekist að klúðra honum gersamlega í yfirfærslunni af pappír og á hvíta tjaldið.

Aðlögun bókmennta að kvikmyndum getur verið svo snúin að kvikmyndagerðarmönnum tekst meira að segja ítrekað að slátra frábærum teiknimyndasögum þegar kemur að því að glæða þær lífi á filmu. Þetta gerist jafnvel þó fyrir liggja frábær texti og myndrænar útfærslur (storyboard) frá hendi bókharhöfunda. Myndasöguhöfundurinn Alan Moore er ákaflega óheppið fórnarlamb í þessum efnunum en myndirnar From Hell og League of Extraordinary Gentlemen eru sorglega vondar útfærslur á frábærum bókum.

Það virðist því í fljótu bragði mun heillavænlegra að taka vondar bækur og breyta þeim í frábærar bíómyndir en The Godfather og Psycho eru nærtæk og jafnframt bestu dæmin um slíkt. Skáldsaga Roberts Bloch um geðsjúklinginn Norman Bates er drasl sem Alfred Hitchcock gerði meistaraleg skil og saga Mario Puzo um Corleone-fjölskylduna er illa skrifuð moðsuda sem Coppola tókst með átaki að gera að klassík.

Góðar skáldsögur eru þó síður en svo óhæfar til kvikmyndunar hafi fólk skýra hugmynd um hvernig beri að nálgast þær og skila á annað form. Erlendir dómur um nýfrumsýnda mynd sem gerð er eftir Ilminum, frábærri sögu Patrick Süskind benda til þess að leikstjóranum Tom Tykwer (Lola rennt) hafi tekist með glæsibrag að skila verkinu á filmu.

Rithöfundurinn hafði sjálfur neitað að selja kvikmyndaréttinn á bókinni í fimmtán ár á þeim forsendum að það væri með öllu ómögulegt að festa meginþema hennar, ilminn, á filmu. Tykwer virðist hafa tekist þetta með glæsibrag og með útsjónarsemi og útpældri beitingu myndavélarinnar nuddar hann nefi áhorfenda upp úr skitnum og viðbjóðnum í tilveru þefnæma morðingjans Grenouille.

Leikstjórnin uppsker fyrir vikið fjórar stjörnur hjá breska kvikmynda-bláinu Empire og aðdændur Süskind ættu að geta dregið andann léttar. Sá óþægilegi grunur lædist þó að manni, og skyggir nokkuð á gleðina, að það gæti dregist á langinn að fá Ilminn í íslensk kvikmyndahús. Myndin og við sem bíðum hennar þolum hins vegar enga bið og bindum vonir við að íslenskir dreifingaradilar hennar sýni söma sinn í að hefja bíóárið með glæsibrag með því að leyfa okkur að þefa af daunillri átjándu aldar París með nefi Grenouilles.



Skáldað íslenskt sakamál

Spennmyndin Köld slóð verður frumsýnd á morgun. Myndin er fyrsta kvikmynd leikstjórans Björns Brynjúlfs Björnssonar í fullri lengd en hún fjallar um blaðamann sem flækist óvænt í morðmál sem snertir fortíð hans.

Björn samdi söguna en Kristinn Þórðarson skrifaði handritið og þeir félagar unnu verkið náð saman og tóku sér fjögur ár í handritsvinnuna. „Við byrjuðum á þessu verkefni fyrir fimm árum á sama tíma og verið var að skrifa mikið af þessum glæpa- og spennubókmenntum sem hafa verið að koma út,“ segir Björn Brynjúlfur og bætir því við að þeir félagar hafi leitast við að skrifa sannfærandi sakamálasögu inn í íslenskan samtíma.

Sakamálasagan verður að virka

„Þetta er það sama og glæpasagna-höfundarnir hafa verið að fást við. Að búa til sögu sem virkar í íslenskum samtíma enda fær fólk ekki notið sögunnar ef það rekst á að hún fái ekki staðist en slíkt eyðileggur auðvitað upplifunina af sögunni. Þetta er snóker sem fólk hefur verið að leysa í glæpasögum að undanfögnu og okkur er vonandi að takast það líka í bíómyndum,“ segir Björn og tekur undir að velgengni Mýrar Baltasars Kormáks bendi til þess að íslenskar sakamálamyndir hafi fundið sér greiðan farveg að bíógestum.

Unnið náði með leikurunum

Eftir fjögurra ára handritsvinnu gaf Björn sér góðan tíma til þess að slípa handritið með leikurunum. „Að mínu mati skipta tvö lyklatríði máli í kvikmyndagerð að sagan sé góð og leikurinn sé góður og ég lagði mikið upp úr þessu. Við gáfum okkur óvenju mikinn tíma með leikurunum og unnum með persónurnum.“

Gagnrýndendur eru heilt á litið ánægðir með Stallone og segja Rocky aldrei hafa verið í betra formi síðan 1976 þegar fyrsta myndin um hann kom út. Ef til vill vinnur mótbyrinn með honum því eins og gagnrýnandi Premiere Magazine kemst að orði virðist sem Stallone hafi eitthvað að sanna og gerir það með glæsibrag. Gagnrýnandi Eclipse Magazine tekur í sama streng og segir að Stallone



BJÖRN BRYNJÚLFUR BJÖRNSSON Preytir frumraun sína á hvíta tjaldinu með Köldri slóð. Hann tók sér fimm ár í verkið og leggur það bjartsýnni í dóm áhorfenda á morgun.

ar í þrjá mánuði fyrir tókur án þess að vera beinlínis að æfa handritið. Við sendum leikarana svo heim og leyfðum þeim að láta þetta malla innra með sér áður en við fórum í sex vikna æfingar fyrir tókur. Þá unnum við töluvert með taktinn í handritinu og löguðum línurnar að hverri persónu fyrir sig.“

Björn segir þetta verk hafa komið sér ákaflega vel í framleiðsluferlinu þar sem „leikararnir voru svo vel æfðir að þeir hefðu getað leikið myndina frá upphafi til enda eins og þeir væru á sviði“.

Úr auglýsingum í bíómyndir

Björn Brynjúlfur er enginn nýgræðingur bak við tókuvélina þó að Köld slóð sé fyrsta bíómyndin hans en hann er margverðlaunaður auglýsingaleikstjóri og á að baki fjölmarga sjónvarpsþætti. Árið 2004 gerði hann leikna sjónvarpsmynd byggða á Njálu og á árunum 1998 til 2002 gerði hann tólf þætti í sjónvarpsþáttaröðinni Sönn íslensk sakamál sem skiluðu honum Edduverðlaunum.

„Reynsla mín af auglýsingagerðinni var góður grunnur fyrir þessa vinnu, ekki síst á sjónræna sviðinu og í vinnsluferlinu.“ Björn bendir jafnframt á að hann sé síður en svo sá fyrsti sem fikri sig úr auglýsingum

um í bíó og nægir í því sambandi að nefna Hollywoodstórlaxa á borð við bræðurna Ridley og Tony Scott og Alan Parker.

„Ég gæti alveg hugsað mér að halda áfram á þessari braut og gera aðra bíómynd. Þetta er skemtileg og gefandi vinna og þó að ég þekki kvikmyndagerðarþáttinn vel þá var vinnan með leikurunum ný fyrir mér og það skemmtilegasta í þessu öllu saman.“

Kominn með frumsýningarfiðring

Köld slóð verður frumsýnd á morgun og þó að Björn sé tilbúinn til þess að leggja verk sitt í dóm áhorfenda viðurkennir hann fúslega að hann sé kominn með frumsýningarfiðring. „Þetta er svolítið stress, kannski ekki síst vegna þess að þetta er fyrsta myndin mín og fyrsta handrit Kristins sem verður að kvikmynd þannig að ég get ekki neitað því að það sé kominn fiðringur í mannskapinn. En ég er búinn að skila og þetta er komið úr höndum mínum. Nú verður bara að koma í ljós hvort einhver kunnir að meta þetta þannig að ég er auðvitað spenntur. Það er aldrei hægt að vita neitt fyrirfram í þessum bransa. Það er engin formúla til þannig að maður rennir blint í sjóinn.“

thorarinn@frettabladid.is

Rocky slær frá sér

Þrátt fyrir hrakspár, háð og spott getur Sylvester Stallone vel við unað með gengi sjöttu myndarinnar um boxarann sjónumhrygga Rocky Balboa, sem ekki aðeins laðar fjöldann að heldur fær fína dóma ofan í kaupíð. Myndin er í þriðja sæti á lista yfir aðsóknarmestu myndir í Bandaríkjunum; halaði inn rúmar 900 milljónir króna fyrstu sýningarhelgina en heildartekjur frá því að myndin var frumsýnd á miðvikudag fyrir viku eru þegar orðnar 1,6 milljarðar.

Gagnrýndendur eru heilt á litið ánægðir með Stallone og segja Rocky aldrei hafa verið í betra formi síðan 1976 þegar fyrsta myndin um hann kom út. Ef til vill vinnur mótbyrinn með honum því eins og gagnrýnandi Premiere Magazine kemst að orði virðist sem Stallone hafi eitthvað að sanna og gerir það með glæsibrag. Gagnrýnandi Eclipse Magazine tekur í sama streng og segir að Stallone



ROCKY BALBOA Kætir kritíkera jafnt sem almenning.

hafi tekist hið ómögulega, að glæða nýju lífi í steindauða persónu sem áhorfendum stóð á sama um.

Á heimasíðu IMDB fær myndin 7,9 í meðaleinkunn sem má teljast prýðileg einkunn og á Rotten Tomatoes fær hún 77 prósent, sem þýkir afbragð á þeim bæ.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM




Children of Men
Internet Movie Database - 7,9 /10
Rottentomatoes.com -95% = Fersk
Metacritic.com - 86/100



Stranger Than Fiction
Internet Movie Database - 7,8 /10
Rottentomatoes.com -75% = Fersk
Metacritic.com - 67/100

BBC
WORLD
SERVICE





STRANGER THAN FICTION Tilveru Crickets er kollvarpað þegar ókunnug kvenmannsrödd tilkynnir yfirvofandi dauða hans.

Lyginni líkast

Kvikmyndin Stranger Than Fiction með Will Ferrell, Emmu Thompson og Dustin Hoffman í aðalhlutverkum verður frumsýnd hér á landi á nýársdag. Hér segir frá skattheimtumanninum Harold Cricket (Ferrell) hvers tilveru er kollvarpað þegar hann byrjar að heyra kvenmannsrödd lýsa öllum hans gjörðum í minnstu smáatriðum og til að bæta gráu ofan á svart lýsir hún því að dauði hans sé yfirvofandi.


Sér til hrellingar kemst Cricket að því að hann er aðalpersóna í nýjustu skáldsögu Karen Eiffel (Thompson) sem á aðeins eftir að reka smiðshöggjöð á verkið með því að finna videigandi dauðdaga fyrir aðalpersónuna. Í örvæntingu sinni leitar Cricket á náðir bókmenntafræðings (Hoffman) sem ráðleggur honum að bjarga sér frá bana með því að breyta sögunni úr harmleik í gamanleik.

Framtíð mannkyns í húfi

Kvikmyndin Children of Men, eða Mannanna börn, með Clive Owen og Julianne Moore í aðalhlutverkum verður frumsýnd annað kvöld í Sambíóunum. Um er að ræða spennutrylli sem gerist í náinni framtíð, árið 2027 nánar tiltekið. Konur geta ekki lengur eignast börn og mannkynið getur þar af leiðandi ekki fjölgað sér. Vonleysið vokir því yfir með tilheyrandi upplausnarástandi þar sem lögleysa og óreiða ráða ríkjum. Á Bretlandi hefur stjórnvöldum tekist að halda ástandinu til haga í krafti hervalds en á kostnað mannréttinda; flóttamenn streyma til landsins en er jafnan smalað í flóttamannabúðir og sendir til baka.

Theo (Owen) er fyrrverandi róttæklingur en starfar nú sem skrifinnur hjá hinu opinbera og stendur orðið á sama um allt saman. Dag einn hefur Julian (Moore) samband, fyrrverandi samstarfskona Theos úr röðum róttæklinga, og kynnir hann fyrir Kee, fyrstu barnshafandi konunni í nítján ár. Julian borgar Theo fyrir að útvega Kee vegabréfsáritun svo hægt sé að forða henni úr landi. Hins vegar eru margir reiðubúnir til að leggja mikið í sölnar til að ná í Kee og áður en langt um líður flækist Theo inn í atburðarás sem gæti kostað hann lífið og mannkynið framtíð.

Children of Men er nýjasta mynd mexíkóska leikstjórans Alfonso Cuarón, sem á að baki myndir á borð við Harry Potter og Fangann frá Azkaban og Y tu má tamién (Og mamma þín líka) en fyrir handritið á þeirri síðarnefndu var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna. Myndin byggist á samnefndri skáldsögu eftir enska rithöfundinn P.D. James og þótt hún gerist í náinni framtíð fjallar hún um aðkallandi mál



ÚR CHILDREN OF MEN Clive Owen leikur mann sem hjálpar fyrstu barnshafandi konunni sem fundist hefur í tvo áratugi að flýja land.

samtímans á borð við flóttamenn, umhverfismál, frjósemi og mannfjölgun. Leikhópurinn er traustvekjandi, auk Owens og Moore fer gæðaleikarinn Michael Caine með stórt hlutverk í myndinni. Owen var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik í aukahlutverki í mynd-

inni Closer og Moore var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir bæði aðal- og aukahlutverk árið 2003. Children of Men hefur hlotið afbragðsdóma víðast hvar og ófáir gagnrýnendur vestan hafs hafa nefnt hana sem eina af bestu myndum þessa árs.

HVITA HÚSIÐ / SJA - 7906

Notaðir bílar í toppstandi!
VW Polo 2005 árgerð

DUNDURSPRENGJA

1.050.000 KR.

Tröllapakki frá Hjálparsveit Skáta í Reykjavík fylgir hverjum bíl!

Aðeins **13.990 kr.** á mánuði.
M.v. 50.000 kr. útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða.

Takmarkaður fjöldi!



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5760



Opið í dag kl. 10–18

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

> **Prófaðu ...**

...að setja uppáhaldsólakryddin þín í pott með smá vatni. Leyfðu þeim að malla dálítið í opnum pottinum og þá ætti ilmurinn að teygja sig inn í alla króka og koma í íbúðinni. Kanill, negull og múskaat eru tilvalin, og það má vel prófa að rífa smá mandarínubörk út í.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN KARL ÖRVARSSON, GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR OG TÓNLISTARMÁÐUR

Ekki hrifinn af ólseigri álft

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Ég á erfitt með að hugsa mér heiminn án brauðs.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:

Mér er minnstæð kjötsúpan sem ég fékk eftir langa og stranga smalamennsku norður í Fjörðum sem polli.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Ég pantaði óvart ostrur úti í Frakklandi fyrir nokkrum árum og móðgaði þar viðstadda þjóna og kokka þegar ég kúgaðist yfir þessum sjóblauta og hráa óþverra. Síðan er soðin, ólseig álft reyndar ekkert spes heldur, en við förum ekki nánar út í það.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Sletta af austurlenskri ostrusósu til að fullkomna bragðið af sósunni.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Mat!

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Gamla krukka af rabarbarasultu. Hún hefur held ég verið þar frá því að við hjónin byrjuðum að búa ... og hefur ferðast á milli nokkurra ísskápa.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Kryddin mín. Einn á eyju, fullt af villibráð, framandi ávextir og grænmeti kryddað eftir mínum kenjum og eldað yfir hægum eldi. Veit einhver um lausa eyju?

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Froskurinn sem bróðir minn plataði ofan í mig um árið þótti mér undarleg máltíð. Ekki eins og kjöt, ekki eins og fiskur en samt líkt hvoru tveggja!



VÍNVIÐURINN

Einar Logi Vignisson

Fínt skal það vera

Stundum held ég að menn ofreyni sig við vinnu kaup um jól og áramót. Fínt skal það vera og taka margir tilhlaup þegar nær væri að stíga rólegheitaskref. Færa sig upp um 500-1000 kr. frá því sem vaninn er í stað þess að kaupa rándýrt. Einnig verður sú vísa vart of oft kveðin að þrátt fyrir ofurskatta á vín hérlendis er hægt að gera býsna góð kaup. Freyðivín eru t.d. undirverðlögð á Íslandi. Hér er afar óþroskaður freyðivínsmarkaður sem lengstum hefur verið undirlagður dísætum tegundum. Útlendingur sem þekkti jafn margar tegundir þessara vína og meðal Íslendingurinn væri eflaust álitinn þínu perri enda sjást þessi vín aðallega á strípibúllum erlendis en ekki í virðulegum vinnubúðum, hvað þá á vegum ríkisins.

Hérlendis hafa menn löngum horft stíft til kampavíns en álitid allt freyðivín annars flokks. Þetta er auðvitað misskilningur. Spánverjar framleiðda glæsilegt cava og framúrskarandi fallgur fulltrúi þeirra er Castillo Perelada sem þvælist í kringum hlægilegan þúsundkall í verði eftir týpum og endar hæst í 1.140 kr. fyrir hið frábæra Castillo Perelada Brut Rosat. Annað þrýðilegt spánst er Codorniu Clasico Semi-Seco á tæpan ellefuhundruðkall.

Fátt er um fína fulltrúa ítölsku hefðarinnar og Fransmenn utan Champagne láta lítið fyrir sér fara. Þýskir eiga einn sendiherra, reyndar eigi af verri endanum, Sander Riesling Trocken (1.850 kr.).

Ástralir eru giska lunknir í freyðivínsgærd og gera jafnan framúrskarandi freyðivín úr blöndum af chardonnay og pinot noir. Þannig vínnum luma á hinir þekktu framleiðendur Peter Lehmann og Jacob's Creek. Kobba-lækur hefur verið afar vinsælt um árabíl og vínid hans Péturs marglofað af vinnrýnum.

Ég slepp vart frá umfjöllun um freyðandi án þess að ríða um sjálft kongungsdæmið, Champagne. Verð að játa að knapi góður er ég eigi á þeirri grund, rata framhjá helstu hlydþpum en er enginn forystusauður er kemur að helstu tegundum. Slepp billega hvað ráð varðar því hérlendis er kampavínsverð flatneskjulegt og vart hægt að tala um góð og slæm kaup, verðbilið er of lítið. Einnmitt vegna þessarar verðflatneskju má gera góð kaup í rósavínkampavínnum og árgangskampavínnum.

KAMPAVÍN OPNAÐ MEÐ TILPRIFUM:

Snúid tappanum upp úr til hálf. Þrýstið svo tappanum upp úr með þumalputtanum, við þetta heyrst falllegt hljóð og kampavínið rennur sjálfkrafa úr flöskunni. Um að gera er að hafa glösin nálægt og láta kampavínið renna beint í þau. Vissulega tapast freyðingin eilítið við þetta en á móti kemur að mikil stemning skapast. Í góðu lagi að kampavínið sullist aðeins á gamlárskvöld!



Stórhátíðarvín frá Ítalíu

Í áramótaveislum hefur mörgum reynst farsælt að bergja ekki á of þungum vínnum. Ítölsk vín af betri sortinni eru við þetta tilefni góður kostur því þau eiga mörg hver það sameiginlegt að halda léttleika sínum þótt farið sé ofarlega í stiga víngeðanna.

Tröppugangur þyngdarinnar gildir auðvitað líka um ítölsku vínin og því verður hver og einn að finna þá tröppu sem best hentar. Í síðustu viku fjallaði ég um nokkur ítölsk vín sem eiga erindi þegar vel á að gera við sig í mat og drykk og er þeirri umfjöllun í dag framhaldið. Ég hafði til ráðgjafar við smökkuð vínanna nokkra blaðamenn og vínáhugafólk. Mörgum reynist erfitt að muna nöfn á vínnum en samstarfsskona mín kom með fína ábendingu; einfaldlega smella af mynd af flöskunni nú á dögum myndavélarfarsíma. Kíkja svo á myndina og bera við í vinnubúðum.

Eitt af tíu bestu litlu

Isole e Oleana er eitt af þekktari vinnubúðum Toskana þótt ekki sé það mikið um sig. Talið eitt af tíu bestu „litlu“ vinnubúðum heims. Við smökkuðum Isole e Oleana Chianti Classico (1.750 kr.) sem er afar gott chianti-vín af léttari gerðinni. Svona eins og Íslendingar hafa flað svo vel. Stóri frægi bróðirinn er Isole e Oleana Cepparello (3.450 kr.) en vert er að benda á að það vín er mun ódýrara hérlendis en í flestum nágrennalandanna.

Mörg af betri chianti-vínunum kosta um 2.000 kr. Eitt þeirra er Felsina Berardenga Chianti Classico (2.090 kr.) sem er til-



tölulega nýtt hér í vinnubúðunum. Framleiðandinn hefur fengið afar háar ein-kunnir í erlendum vintímaritum og smökkuðarhópurinn var mjög jákvæður. Þetta vín þarf smá tíma og hefur gott af umhellingu eins og gildir um öll þau vín sem hér er fjallað um.

Antinori markgreifi er einn áhrifamesti og frægasti vingerðarmaður heims. Hann

var forvígismaður þess að brjóta undan hefðinni og hóf að gera vín á sjöunda áratugnum sem kölluð eru „ofur-Toskanavín“. Þau þekkja margir, t.d. Tignanello (ófaanlegt í vinnubúðum en eitt söluhæsta vínid í Fríhöfninni þar sem það fæst á lygilegu verði). Hann kann þó enn þá að sinna hefðinni betur en flestir og glæsilegt dæmi um það er hið vel gerða vín Tenute Marchese Antinori Chianti Classico Riserva (2.090 kr.).




Vínin úr litlu brúnu sangioveseberjunum sem ræktuð eru allt í kringum bæinn Montalcino eru einhver þekktustu vín Toskanahéraðs. Bændasamlagi Delle Vigne, frá þorpinu Vinci þaðan sem sjálfur Leonardo kom, er spútnik í vinnheimum. Bændurnir þar hafa tengst nágrönnum sínum í Montalcino og búið til eitt glæsilegasta brunello svæðisins án þess að rífa hvítuna úr augum kaupandans. Cantina Brunello di Montalcino (3.790 kr.) hentar stórsteikunum en er þó ekki of þungt. Vakti undrun smökkuðarhópsins hvað það var ljúft og létt miðað



við hversu öflugt það er í aðra röndina.

Tenuta Sant'Antonio er einn athyglisverðasti framleiðandi Valpolicellahéraðs. Tenuta Sant'Antonio La Bandina (2.190 kr.) hefur hlotið einróma lof íslenskra vinnrýna í ár og ef íslenska vinnrýni í tímaritum og blöðum yrði gert upp væri það eflaust einn af sigurvegum ársins. Ævintýralega stórt og mikið vín fyrir peninginn.



Amarone-vínin eru ein þekktasta afurð Valpolicella en þau eru gerð með þeim hætti að eftir að þrúgurinn hafa verið tindar eru þær þurrkaðar um nokkurra mánaða skeið.

Tommasi Ripasso er þekkt undir nafninu „Baby Amarone“ vegna þess að hratinu úr framleiðslu amarone er bætt í tunnum, sem gefur hið sérstæða bragð. Það hefur farið mikla sigurför um Ísland undanfarið, selst í bilförmum og hleður á sig góðum dómum eins og Gyllta glas Vínþjónasamtakanna er dæmi um. Afar góð kaup (1.850 kr.)

Masi Amarone er rosa-lega flott amarone vín sem á vel við íslenskan jólamat, ræður við villibráð en jafnframt sæta eftirrétti og getur þannig verið flott tenging í síðari hálfleik matseldar. Masi Costasera Amarone (2.900 kr.) er dásamlegur inngangur í amarone-heima og miðaverðið varnar ekki inngöngu.

einarlogi@frettabladid.is

Sendir þér steikina heim

Þeim sem eru orðnir þreyttir á gourmet-veislum hátíðanna stendur ýmislegt annað til boða í kringum áramótin. Vefsíðan justeat.is gerir notendum sínum auðvelt að panta sér mat frá veitingahúsum í borginni, og býður jafnframt upp á heimsendingarþjónustu. „Hugmyndin er að fólk geti séð matseðla veitingahúsanna inni á síðunni hjá okkur og pantað matin beint í gegnum netið.“ útskýrði Þröstur Már Sværissón, eigandi síðunnar, sem hefur verið virk í eitt og hálf t.ár.

ÞRÖSTUR MÁR SVÆRISSÓN Eigandi justeat.is vill auðvelda fólk að panta sér fjölbreyttan mat heim í hús.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Við byrjuðum með heimsendingar fyrir svona níu mánuðum. Það var svo lítið úrval af heimsendum mat í Reykjavík,“ sagði hann, en einnig er hægt að leggja inn pöntun í nýopnuðu símaveri justeat.is.

„Það eru alls 34 staðir inni á síðunni og mikil fjölbreytni. Fólk getur pantað sér báta, kebab, steikur, taflenskt ...“ sagði Þröstur. Opnunartími hjá justeat fer eftir opnunartíma veitingastaðanna og gerir það einnig um áramótin. „Svo eru líka margir sem panta í gegnum okkur en sækja sjálfir,“ sagði Þröstur. „Þá sleppur fólk við að hanga í síman-



STEIK Í SÓFANUM? Framboðið á justeat.is er fjölbreytt, enda af mörgum matseðlum að velja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um og þarf ekki að muna aragrúa af númerum,“ bætti hann við. Allar nánari upplýsingar má nálgast á síðunni sjálfri, en þegar hafa 6500 notendur skráð sig til leiks.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

FM957

HILUSTENDA-
VERÐLAUN
FM 95.7

FYLGSTU MED

Sprite
zero

ENGINN SYKUR
EKKERT KJAFTÆÐI



Gillette
FUSION

Kate Moss og Doherty gifta sig á morgun

Líklegt er talið að fyrirsætan Kate Moss muni loksins ganga að eiga vandræðagemsann Pete Doherty í þessari viku. Breska blaðið Daily Mail greinir frá því að Doherty, sem er 27 ára, hafi sagt félögum sínum í hljómsveitinni Babyshambles að taka frá dag til að geta mætt í brúðkaupið. Hjónavígslan fer fram á borgarskrifstofunni í Fulham. Pete valdi þann stað sjálfur því hann vildi vera sem næst heimavelli uppáhaldsliðs síns í enska boltanum, Queens Park Rangers.

„Bæði Kate og Pete hafa boðið nánnum vinum og fjölskyldu sinni að hitta sig þar á föstudag. Þau hafa reyndar rifist talsvert um gestalistann því Kate vill ekki

hafa alla vini Petes þarna. Hún segir að þeir gætu valdið vandræðum en Pete er ákveðinn í að þeir fái að koma,“ sagði heimildarmaður Daily Mail.

Sjálf brúðkaupsveislan fer svo fram á sumarleyfisstaðnum Ibiza í næsta mánuði. „Kate og Pete mæta til Ibiza 16. janúar til að fagna 33 ára afmæli hennar. Gestirnir koma svo tveimur dögum seinna.“

Ekki eru þó allir sáttir við þennan ráðahag, til að mynda Linda, móðir Kate. „Hún hefur reynt að fá Kate til að gera kaupmála en Kate tekur það ekki í mál. Kate lítur á sig og Pete sem nútíma Marianne Faithful og Mick Jagger.“



VANDRÆÐAPARIÐ Pete Doherty og Kate Moss ganga í hjónaband á morgun. Brúðkaupsveislan verður haldin á Ibiza í næsta mánuði.




Meistari í snörun

Leikarinn Kiefer Sutherland, sem hefur farið á kostum í þáttaröðinni 24, varð tvívegis Bandaríkja-meistari í kúrekasörum árið 1998. Á þessum tíma hafði hann tekið sér fri frá kvikmyndaleik og ákvað að rifja upp gamla takta á hestbakinu.

„Kúrekasörur er ein af þessum íþróttum eins og pólló þar sem þú verður betri eftir því sem hestarnir eru betri. Ég átti nokkra frábæra hesta,“ sagði hinn fertugi Sutherland í viðtali við Vogue. Hann lærði að sitja á hestbaki árið 1994 við tókur á myndinni The Cowboy Way. „Þessi tvö ár á búgarðinum voru háskólaárin mín,“ sagði Sutherland um fríð sem hann tók sér frá kvikmyndaleiknum. „Þrír eða fjórir strákar að ferðast frá einni kúrekasamkomu til annarrar. Það var frábært.“

Sjötta þáttaröðin af 24 verður frumsýnd í Bandaríkjunum um



KIEFER SUTHERLAND Aðalleikari 24 tók sér gott fri frá kvikmyndaleik og sneri sér að kúrekasörum.

miðjan janúar. Sutherland, sem hefur verið kvæntur tvívegis, segir að erfitt sé að fara á stefnumót meðan á tökum þáttarins stendur. „Sumum fer vel að vera einhleypir en ég vil ekki lifa lífinu mínu þannig.“



ULLARHATTAR Á BORGinni Eyjólfur Kristjánsson, Stefán Hilmarsson, Jón Ólafsson, Friðrik Sturluson og Jóhann Hjörleifsson hafa haldið Þorláksmessutónleika undir nafninu Ullarhattarnir í mörg ár.

Tónleikahald á Þorláki

Þorláksmessa er dagur hefða hjá mörgum landsmönnum. Fólk safnast saman til að borða skötu eða flykkist í bæinn um kvöldið til að versla síðustu jólagjöfina og njóta stemningarinnar. Hefð hefur einnig skapast fyrir ýmsum tónlistaruppákomum í höfuðborginni á Þorláksmessu. Þannig hélt Bubbi sína árlegu jólatónleika á Nasa á laugardaginn, og Ullarhattarnir hviukuðu hvergi frá átta ára gömlum síð og tróðu upp á Hótel Borg. Kóntrísvéit Baggalúts blés hins vegar til veislu í Iðnó, en Rás 2 útvarpaði tónleikum þeirra beint.



DJÓÐLEGUR JÓN Jón Ólafsson skartaði dýrindis ullarhúfu í tilefni dagsins, en hljómsveitin Ullarhattarnir kemur aldrei fram nema á Þorláksmessu.



BAGGALÚTUR Í BEINNI Þeir sem ekki komust fyrir í Iðnó, eða voru fjarri góðu gamni í miðbænum gátu notið tónleikanna í beinni útsendingu á Rás 2.



KOMU FRAM VEGNA KVARTANA Eyjólfur Kristjánsson sagði að ekki hefði staðið til að halda Ullarhattatónleika í ár, en þeir sáu sig tilneydda til að halda í hefðirnar vegna fjölda kvartana.



ÁNÆGÐIR ÁHEYRENDUR Margt var um manninn á Nasa, og meðal annars mátti sjá fríðustu mæðgur landsins, Unni Birnu Vilhjálmssóttur og Unni Steinsson, í áheyrendahópnum.



GULLKÓNGUR Bubbi var í finu formi á Nasa, en hann veitti tveimur gullplötum viðtöku á dögum fyrir tónlistar- og mynddisk frá afmælistónleikum hans í Laugar-dalshöllinni í sumar.



KÁNTRÍ Í IÐNÓ Baggalútur spilaði lög af plötunum Pabbi þarf að vinna, Aparnir í Eden og nýja jóladisknum Jól og blíða, í Iðnó á Þorláksmessu.

Jólahappdrætti

Krabbameinsfélagssins

Útdráttur
24. desember 2006

Vinningar

KIA Sorento, 3.475.000 kr.
98918

Bifreið eða greiðsla upp í íbúð, 1.000.000 kr.
88108

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.

426	19760	39475	59245	83030	110073	122160
1505	20052	40040	59479	83416	110489	122208
2621	20366	40490	59793	84487	110686	124524
3244	20552	40767	59925	84541	112233	125134
4365	20999	40869	60383	84612	113187	125423
4560	22219	41161	60450	85089	114493	125426
5568	23025	41921	60719	87492	115050	125625
6210	24319	43120	60868	91874	115826	126210
7277	24686	43626	62038	92310	116944	126716
8107	26576	44073	63347	97606	117093	127449
8479	27345	44314	65377	97761	117252	128143
9030	27997	45624	66033	99166	117413	128631
10453	29354	45716	66284	99540	117444	129042
13076	29781	46818	69901	100034	117734	129406
13665	29829	47972	70587	101075	118211	129997
14475	29957	48996	71861	102213	118280	130811
14741	30637	50604	72386	102901	118426	132591
15230	31889	51596	73765	103056	118681	134023
15237	32731	53928	75847	103629	118965	134024
15677	35713	54259	75940	104018	120749	134988
16551	36100	56452	79636	104112	120776	135449
16745	36285	56967	80684	105500	120961	135881
17058	36765	57530	82241	105906	121074	
17695	37107	57806	82278	105941	121194	
17729	37405	58220	82351	108306	121501	
17817	38758	59021	82427	108419	121515	
18996	39018	59203	82815	108477	121722	

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu
Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga 10. janúar nk.



Krabbameinsfélagið

www.krabb.is



SYNGUR Í KVÖLD Bubbi Morthens er einn þeirra listamanna sem gefa vinnu sína til styrktar krabbameinssjúkum börnum á styrktartónleikunum í Háskólabíói í kvöld.

FRÉTTABLAÐID/PB

Uppselt á styrktartónleikana í kvöld

Uppselt er á tónleikana til styrktar krabbameinssjúkum börnum sem fram fara í Háskólabíói í kvöld. Tónleikarnir eru árlegur viðburður og eru nú haldnir í áttunda skipti. Síðustu miðarnir seldust um hádegið í gær, en aldrei áður mun hafa orðið uppselt á tónleikana svo snemma.

Einar Bárðarson, einn skipuleggjenda tónleikana, kveðst ákaflega ánægður með þetta og afar þakklátur, en hann hefur komið að tónleikunum frá því að þeir hófu göngu sína.

Rjóni íslenskra tónlistarmanna kemur fram

í Háskólabíói í kvöld, en þar á meðal eru Bubbi Morthens, Páll Óskar, Garðar Thór Cortes, Nylon og Ámóti sól. Allir sem koma fram á tónleikunum, eða koma á undirbúningi þeirra, gefa vinnu sína eins og undanfarin ár. Tónleikarnir hefjast klukkan sex.

AFAR ÁNÆGÐUR
Einar Bárðarson hefur komið að skipulagningu viðburðarins frá upphafi og er að vonum ánægður með að uppselt sé á tónleikana.

Berbrjósta í viðtali

Það er erfitt að vera stjarna og vera stöðugt undir smásjá fjölmiðla, eins og Britney Spears fékk að reyna um daginn eftir að hún fór nærbuxnalaus á djammíð. Stjörnurnar þurfa yfirleitt að passa vel upp á klæðaburðinn, því eitthvað jafn venjulegt og smávægilegir svitablettir verða að heimsfréttum í þeirra tilfelli. Kate Beckinsale hefur þó gert meira en að slystast til að verða á vegi papparassa með opna buxnaklauf: hún hefur nefnilega veitt heilt viðtal með annað brjóstið upp úr blússunni. Beckinsale segir japanska blaðamanninn sem tók viðtalið hafa verið áttaklega vandræðalegan, enda þjóðin sú þekkt fyrir hófsemi og kurteisi.

KATE BECKINSALE Hneykslaði japanskan blaðamann þegar hún veitti viðtal með annað brjóstið upp úr bolnum.



Þorði ekki út úr húsi

Söng- og leikkonan tindilfætta Jessica Simpson þjáðist af víðáttufælni eftir að hún skildi við eiginmann sinn Nick Lachey. Fjölskylda Jessicu óttaðist að hún myndi einangrast því þá sjaldan tókst að draga hana út fyrir hússins dyr fékk hún kvíðaköst.

Vinur fjölskyldunnar segir að eftir skilnaðinn hafi hún haldið sig sífellt meira heima og um skeið hafi hún eingöngu farið út til að fara í vinnu. Þegar hún fékk kvíðaköstin þyrmdi yfir hana, hana svimaði og hún fékk köfnunartilfinningu.

Jessica mun hafa náð sér aftur, þökk sé fjölskyldu hennar og vinum sem stöppuðu í hana stálinu. Sjálfstraustið er komið á sinn stað og Jessica er hrókur alls fagnaðar.



JESSICA SIMPSON Fékk kvíðaköst þegar hún fór út úr húsi.

SKEMMTU ÞÉR VEL UM ÁRAMÓTIN

GAMLÁRSKVÖLD

25% AFSLATTUR
AF RÉTTU ÁRAMÓTAVÖRUNUM



Kveiktu á útikertum

Pússaðu skóna fyrir veisluna með Max skóáburði



Helltu í glösin

NÝÁRSDAGUR

Hreinsaðu skóstrikin af gólfinu með SD-20



Skelltu á þig Wild Glove hönskum



Hreinsaðu rauðvínið úr teppinu/sófanum með Contempo Spotting Solution



Eydu reykjarlyktinni með Airlift

Þvoðu upp með svampburstanum

Suðurlandsbraut 26
Reykjavík
Sími: 510 0000

Miðási 7
Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Brekustíg 39
Njarðvík
Sími: 420 0000

Grundargötu 61
Grundarfirði
Sími: 430 0000

BESTA

www.besta.is

Nýtt í bió

Jólamyndin 2006

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA!

PEGAR MYRKRIÐ SKELLUR Á... HEFST ÆVINTÝRIÐ!

★★★★ S.V. MBL

eragon

STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND BYGGÐ Á MAGNADRI METSÖLUBÓK

47ÞÚSUND GESTIR 80ÞÚSUND G.Þ.Þ.

450 kr. í bió!

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN SÍMI 551 9000	Borgarbió SÍMI 462 3500
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL. kl. 1, 3, 10 og 5.20 ERAGON kl. 12.30, 3, 5.20, 8 og 10.20 B.L. 10 ÁRA SÝND Í LÚXUS kl. 12.30, 3, 5.20, 8 og 10.20 CASINO ROYALE kl. 8 og 10.50 B.L. 14 ÁRA HNOTUBRÍJÓTSPRINSINN ISL. TAL. kl. 1 og 2.40 HÁTÍÐ Í BÆ kl. 1, 3, 10 og 8 BORAT kl. 10.10 B.L. 12 ÁRA MYRIN kl. 8 og 10.20 B.L. 12 ÁRA	ERAGON kl. 3, 6, 8.20 og 10.40 B.L. 10 ÁRA ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL. kl. 4 og 6 TENACIOUS D kl. 5.50, 8 og 10.10 CASINO ROYALE kl. 10.20 B.L. 14 ÁRA HÁTÍÐ Í BÆ kl. 3 MYRIN W. ENGLISH SUBTITLES kl. 5.40 og 8 B.L. 12 ÁRA BORAT kl. 8 og 10 SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL. kl. 3	ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL. kl. 4 og 6 TENACIOUS D kl. 8 og 10 ERAGON kl. 8 og 10.10 B.L. 10 ÁRA THE HOLIDAY kl. 5.40

Sími 553 2075 LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Jólamyndin 2006

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA

eragon

PEGAR MYRKRIÐ FELLUR YFIR... HEFST ÆVINTÝRIÐ!

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ENSKT TAL

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ISL TAL

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 12

Sýnd kl. 2, 8 og 10.15 B.L. 10

Sýnd kl. 8 og 10.30

450 KR. Í BIÓ!

Ekki enn smitast af fálkaveikinni

Porkell Harðarson og Örn Marinó Arnarson vinna þessa dagana að heimildarmynd um samskipti manns og fálka í gegnum aldirnar.

„Í meira en fjögur þúsund ár hefur maðurinn látið heillast af fálkum. Við það að kynna þessum tignarlega og einstaka fugli verður maðurinn altækinn, fær fálkaveiki. Fálkaveiðimenn skilja við konur sínar til þess að geta verið með fálkanum, arabar borga milljónir á milljónir ofan fyrir þessa fugla og menn láta hreinlega ekkert stöðva sig,“ segir Porkell Harðarson kvikmyndagerðarmaður. Þorkell og kollegi hans, Örn Marinó Arnarson, hjá kvikmyndagerðinni



FÁLKAMENN Mynd tekin í sikhahöfi í New Jersey 2006. Á myndinni eru frá vinstri: Hari Har Singh, fálkari og fyrrverandi fálkajálfari fyrir Íranskaisara og aðra pólitíska leiðtoga Mið-Austurlanda, Gingham, hvítur Grænlandsfálki, dr. David Ellis, fuglafræðingur og ránfugla-sérfræðingur, Örn Marinó Arnarson, leikstjóri og framleiðandi, og dr. Hamram Singh, viðskiptajöfur og rithöfundur.

Markell vinna um þessar mundir að heimildarmynd um samskipti manns og fálka í gegnum aldirnar.

„Mannkynssagan er í raun nátengd sögu þessa sambands manns og fálka. Danir sóttu hingad allt að 210 fugla á ári á átjándu öld og notuðu sem mútur við hirðir Evrópu og þó einkum N-Afríku. Þetta opnaði þeim siglingaleiðir úti fyrir ströndum N-Afríku einum Evrópumanna og stuðlaði að því að danski kaupskipafloftinn varð jafnstór þeim breska sem endaði með því að sá síðarnefndi stormaði Kaupmannahöfn árið 1800.“

Þeir Þorkell og Örn Marinó hafa verið að ferðast og víða að sér myndefni um þróun og stöðu þessa merkilega sambands. „Við höfum þegar farið um Norður-Evrópu, Persaflóa og Norður-Ameríku til þess að mynda en eignum enn eftir Asíu og Suður-Evrópu. Við höfum verið að tala við fálkara (það eru þeir sem fljúga þeim), náttúruverndarsinna og prófessora, ræktendur og alls konar fólk sem hefur hreinlega orðið fyrir áhrifum af því að hitta fálka. Við erum búnir að hitta mikið af áhugaverðu og sérstöku fólk sem áhorfendur eiga svo eftir að fá að kynna eftir um það bil ár þegar myndin verður frumsýnd. En hér heima þekkja flestir aðeins þá sögu sem snýr að fálkajöfunum sem voru að stela íslenskum fálkum fyrir

um 20 til 30 árum. Það varð svo verðfall á fálkunum eftir að fannst aðferð til þess að rækta fugla í haldi. Engu að síður eru enn dæmi um ótrúlegar tölur, eins og þegar nýtt litaafrigið var selt fyrir 15 árum á 750.000 dollara og dýrasta týpan af Benz í kaupbæti.“

Þeir Þorkell og Örn Marinó hafa auðvitað verið í kringum fálka við gerð myndarinnar og hafa vissulega orðið fyrir miklum áhrifum af viðfangsefni myndarinnar. „Verkefnið er í senn stórkostlegt og krefjandi en við höfum þó ekki smitast af fálkaveikinni. Okkar ástríða er matur og heimspæki Markels er því einfaldlega: Ef þú getur ekki eldað þá geturðu ekki skapað.“

magnus@frettabladid.is



GERA HEIMILDARMYND Porkell Harðarson og Örn Marinó Arnarson kvikmyndagerðarmenn vinna nú að mynd um samskipti manns og fálka í gegnum árþúsundin.

» Bob Dylan á

Hið aldna goð Bob Dylan á plötu ársins 2006 að mati sérfræðinga Fréttablaðsins. Listinn er óvenju jafn þetta árið og margar plötur hljóta tilnefningar.

Um könnunina

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að fá úr því skorði hverjar eru bestu plötur ársins 2006. Alls 21 sérfræðingur skilaði inn listum yfir bestu erlendu plötur, gagnrýnendur, fjölmiðlamenn og bransafólk. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kalli. Ef tvær

plötur fá jafn mörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum.

Ólíkt listanum yfir bestu íslensku plöturarnar sem var birtur í blaðinu í gær þá er það gamall stríðshestur í bransanum sem hirðir toppsætið á listanum yfir erlendu plöturarnar: Bob Dylan. Listinn er annars mjög jafn, nokkuð sem kemur ekki á óvart fyrir þá sem hafa skoðað árslista erlendrar tónlistarmiðla, en þeir eru óvenju ólíkir innbyrðis. Það er engin ein plata sem sker sig úr eða stendur upp úr. Athygli vekur að á listanum eru plötur með listamönnum frá fimm löndum: Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada, Svíþjóð og Malí.

ANDREA JÓNSDÓTTIR – RÁS 2

1. Regina Spektor - Begin To Hope
2. Bob Dylan - Modern Times
3. Ray Davies - Other People's Lives
4. Scissor Sisters - Ta-Dah
5. Petter & The Pix - Easily Tricked



ARI TÓMASSON – RÍOMINN.IS

1. Hot Chip - The Warning
2. The Knife - Silent Shout
3. The Rapture - Peaces Of The People We Love
4. CSS - Cansei De Ser Sexy
5. Tapes n Tapes - The Loon



ATLI FANNAR BJARKASON - BLAÐIÐ

1. Bonnie 'Prince' Billy - The Letting Go
2. Morrissey - Ringleader Of The Tormentors
3. Band Of Horses - Everything All The Time
4. Deftones - Saturday Night Wrist
5. Patrick Watson - Close To Paradise



ÁRNI ÞÓR JÓNSSON – MARZÍPAN/RÁS 2

- 1 Tap Tap - Lanzafame
- 2 Swan Lake - Beast Moans
- 3 The Frightened Rabbit - Sings The Greys
- 4 Midlake - The Trials Of Van Occupanther
- 5 Band Of Horses - Everything All The Time



BENEDIKT REYNISSON – MARZÍPAN/RÁS 2

1. Comets On Fire - Avatar
2. Hilotrons - Bella Simone
3. Band Of Horses - Everything All The Time
4. Peter Bjorn & John - Writer's Block
5. Midlake - Trials Of Van Occupanther



Sími 553 2075 LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Ódýrt í bió

ATH. SÝND KL. 2

ISLENDSKT OG ENSKT TAL

Tilboðið gildir alla daga milli jóla og nýárs 26. des til 30. des.

ATH. SÝND KL. 2

eragon

LAUGARÁS BIÓ 450 kr. á 2 sýningar



HAPPY FEET

Ein besta teiknimynd ársins sem enginn má missa af er komin. Frábært grín og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Tilnefnd til Golden Globe sem besta teiknimynd ársins.



Mynd eftir Óskarsverðlaunahafann Clint Eastwood.

FLAGS OF OUR FATHERS

Framleidd af Steven Spielberg

Sannkallað meistaraverk sem kvikmyndað var að mestum hluta á Íslandi.



Hér er á ferðinni frumlegasti spennuhasar ársins



DENZEL WASHINGTON VAL KILMER

DÉJÁ VU



the Holiday



DÉJÁ VU

Háskólabíó	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 4:30 - 7:30 - 9 - 10:30
FRÁIR FÆTUR	kl. 2:30 - 4:45
HAPPY FEET	kl. 2:30 - 4:45 - 9
DÉJÁ VU	kl. 10:30

NATIVITY STORY	kl. 5:50
SANTA CLAUSE 3	kl. 3:40
BOSS OF IT ALL	kl. 8
SKOLAD Í BUR..	kl. 2:30

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50
FRÁIR FÆTUR	kl. 1 - 3:20 - 5:40
FRÁIR FÆTUR VIP	kl. 1 - 3:20 - 5:40
HAPPY FEET	kl. 5:40 - 8 - 10:20
DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:50
THE DEPARTED	kl. 10:20

SAMBÍÓ / KRINGLUNNI	
FRÁIR FÆTUR	kl. 1:20 - 3:40 - 5:30 - 6
HAPPY FEET	kl. 3:20 - 5:30 - 8:10 - 10:30
SKOLAD Í BURTU	kl. 1:30 - 3:40
DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:30
THE HOLIDAY	kl. 8 - 10:40
BÆJARHLADID	kl. 2

SAMBÍÓ / KEFLAVÍK	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30
FRÁIR FÆTUR	kl. 3 - 5:30
ERAGON	kl. 3 - 5:30 - 8
DÉJÁ VU	kl. 10:10

SAMBÍÓ / AKUREYRI	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30
HAPPY FEET	kl. 6 - 8
FRÁIR FÆTUR	kl. 4 - 6
SKOLAD Í BURTU	kl. 4
DÉJÁ VU	kl. 10

Gledileg bíójól

plötu ársins

BIRGIR ÖRN STEINARSSON – FRÉTTABLAÐIÐ

- Joanna Newsom - Y's
- Hot Chip - The Warning
- Veronica Lipgloss & The Evil Eyes - Witch's Dagger
- Liars - Drum's Not dead
- The Knife - Silent Shout

BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON – FM957

- Justin Timberlake – Futuresex/Lovesounds
- Nelly Furtado – Loose
- Panic at the Disco – A Fever You Can't Sweet Out
- Pink - I'm Not Dead
- The Killers - Sam's Town

DR. GUNNI – XFM

- Belle & Sebastian - The Life Pursuit
- Lily Allen - Alright, Still
- Peter Bjorn and John - Writer's Block
- Mastodon - Blood Mountain
- CSS - Cansei De Ser Sexy

EGILL HARÐARSON – EGILLHARDAR.COM

- Mates of State – Bring It Back
- Figurines – Skeletons
- The Little One's – Sing Song EP
- Jim Noir – Tower Of Love
- The Strokes – First Impressions Of Earth

FREYR BJARNASON – FRÉTTABLAÐIÐ

- Muse – Black Holes And Revelations
- Justin Timberlake – Futuresex/Lovesounds
- Ali Farka Touré – Savane
- The Yeah Yeah Yeahs – Show Your Bones
- Gnarls Barkley – St. Elsewhere

FROSTI LOGASON – X-ID 977

- Archie Bronson Outfit - Derdang Derdang
- Mastodon - Black Mountain
- TV on The Radio - Return To Cookie Mountain
- Thom Yorke - Eraser
- Tool - 10 000 Days


HÖSKULDUR HÖSKULDSSON – SENA

- Beatles – Love
- Muse – Black Holes And Revelations
- Bob Dylan – Modern Times
- Lily Allen – Alright, Still
- Hot Chip – The Warning

TRAUSTI JÚLIÚSSON – FRÉTTABLAÐIÐ

- Ali Farka Touré – Savane
- CSS – Cansei De Ser Sexy
- Comets On Fire – Avator
- Lily Allen – Alright, Still
- Hot Chip – The Warning

ERLENDAR PLÖTUR ÁRSINS 2006

 <p>1. Bob Dylan – Modern Times</p>	 <p>2.–3. Justin Timberlake – Futuresex/Lovesounds</p>	 <p>2.–3. Peter Bjorn & John - Writer's Block</p>
 <p>4. Hot Chip – The Warning</p>	 <p>5. Muse - Black Holes And Revelations</p>	 <p>6. Comets On Fire – Avator</p>
 <p>7. Band Of Horses – Everything All The Time</p>	 <p>8. – 9. Lily Allen – Alright Still</p>	 <p>8. – 9. The Knife - Silent Shout</p>
 <p>10. – 12. Ali Farka Touré – Savane</p>	 <p>10. – 12. Belle & Sebastian - The Life Pursuit</p>	 <p>10. – 12. Nelly Furtado – Loose</p>

JÓHANN ÁGÚST JÓHANNSSON – 12 TONAR

- Comets on Fire – Avator
- Black Angels – Passover
- The Knife – Silent Shout
- Patrick Watson – Close To Paradise
- Mastodon – Blood Mountain

SIGFÚS STEINARSSON – KISS FM

- James Morrison – Undiscovered
- Nelly Furtado – Loose
- Robbie Williams – Rudebox
- George Michael – Twenty Five
- Justin Timberlake – Futuresex/Lovesounds

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON – SMEKKLEYSA

- Mark Lanegan & Isobel Campbell – Ballad of the Broken Seas
- Tool – 10,000 Days
- Midlake – The Trials Of Van Occupanther
- Iron Maiden – A Matter Of Life And Death
- Bruce Springsteen - We Shall Overcome: The Seeger Sessions

SNORRI STURLUSON – XFM

- Beck – The Information
- Muse – Black Holes And Revelations
- Morrissey – Ringleader Of The Tormentors
- Bob Dylan – Modern Times
- The Raconteurs – Broken Boy Soldiers

ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON – RÁS 2

- Bob Dylan – Modern Times
- Richard Hawley – Coles Corner
- Belle & Sebastian – The Life Pursuit
- Sonic Youth – Rather Ripped
- Muse – Black Holes And Revelations

HÖSKULDUR DAÐI MAGNÚSSON – FRÉTTABLAÐIÐ

- Peter Bjorn & John – Writer's Block
- Patrick Watson – Close To Paradise
- Beirut – Gulag Orkestar
- The Format – Dog Problems
- Band of Horses – Everything All The Time

PÁLL HILMARSSON – GRAPEVINE

- Justin Timberlake – Futuresex/Lovesounds
- Bob Dylan - Modern Times
- Bruce Springsteen - We Shall Overcome: The Seeger Sessions
- Jay-Z - Kingdom Come
- Neil Young - Living With War

STEINÞÓR HELGI ARNÞEINSSON – FRÉTTABLAÐIÐ/X-ID 977

- Peter Bjorn & John - Writer's Block
- Asobi Seksu - Citrus
- Hot Chip - The Warning
- Spank Rock - Yoyoyoyo...
- The Rapture - Peaces Of The People We Love

> Ragnar á óskalista Club Brugge

Sænskir fjölmiðlar greindu frá því í vikunni að Fylkismaðurinn Ragnar Sigurðsson væri á óskalista belgíska stórlíðsins Club Brugge. Ekki náðist í Ragnar í gær eða umboðsmann hans vegna málsins en hann skrifaði í haust undir þriggja ára samning við IFK Gautaborg sem leikur í sænsku úrvalsdeildinni. Hann er uppallinn Fylkismaður og var fastamaður í liðinu undanfarnin tvö ár þar sem hann gegndi lykilhlutverki í vörninni.



sport
sport@frettabladid.is

RÚRIK GÍSLASON: ER ORÐINN PIRRAÐUR HJÁ CHARLTON OG ER FARINN AÐ HUGSA SÉR TIL HREYFINGS

Mjög miklar líkur að ég fari til Valencia

Rúrik Gíslason, hinn átján ára gamli leikmaður Charlton, verður líklega lánaður til spænska stórlíðsins Valencia í félagskiptagluganum í janúar. Rúrik var í átján manna hópi Alans Pardew í leiknum gegn Fulham í gær en þetta var fyrsti leikur Charlton undir stjórn Pardew sem tók við liðinu af Les Reed á aðfangadag. Reed stjórnaði liðinu í sex vikur eftir að lain Dowie var rekinn.

„Mér finnst ég eiga skilið að fá tækifæri í liðinu. Ég var orðinn mjög pirraður að fá engin tækifæri en maður má ekki láta það á sig fá. Ég lagði því enn harðar að mér og hef verið einn besti maður varaliðsins á tímabilinu,“ sagði Rúrik sem einnig er markahæsti leikmaður liðsins. Rúrik var í raun strax settur út í kuldann hjá Dowie.

Eftir fá tækifæri var Rúrik staðráðinn í að fara til annars félags í janúar sem lánsmaður

en spænska stórlíðið Valencia hefur mikinn hug á að fá hann til sín. „Charlton er búinn að samþykkja þetta og eru mjög miklar líkur að ég fari þangað í janúar, þó ég vilji skoða þetta aðeins betur. Það væri gaman að prófa að fara til Spánar og myndi hafa góð áhrif á reynslubankann. Á móti kemur að það er spennandi að reyna að festa sig í sessi hérna. Ég býst við að tala við Pardew og sjá hvað honum finnst,“ sagði Rúrik.

Valencia hefur fylgst með Rúrik frá því síðasta sumar og kemur áhuginn Rúrik nokkuð á óvart. „Ég varð ekki var við áhuga þeirra fyrir en núna fyrir stuttu síðan en þeir hafa fylgst með mér frá því

í sumar. Þeir eru búnir að vera að hringja mjög oft í mig og hafa sagt mér að spænski boltinn henti mér betur en sá enski, sem ég er sammála að mörgu leyti,“ sagði Rúrik sem er með báða fætur á jörðinni.



„Ég myndi alveg sætta mig við að spila í varaliðinu, til að byrja með að minnsta kosti, það er ekki hægt að ætlast til þess að ganga inn í liðið hjá þessum stórstjórnunum. Þeir sögðu mér, reyndar líklega til þess að ég fengi meiri áhuga á þessu, að þeir myndu væntanlega selja David Villa nú í janúar. Þeir sjá mig samt í aðalliðshópnum sem einn af framherjunum,“ sagði Rúrik.



BECKHAM Hefur mátt þola mikla bekkjarsetu á tímabilinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Beckham:

Parf að svara á þessu ári

FÓTBOLTI Spænska stórlíðið Real Madrid vill að David Beckham svari nýju samningstilboði sínu áður en árið rennur út. Beckham er boðin árs framlenging á samningi sínum, með sömu launum og hann hefur nú, en það er fast sæti í byrjunarliðinu sem Beckham hefur meiri áhyggjur af en upphæðin á launaseðli sínum.

Samningur Beckhams rennur út næsta sumar og hann má því tala við önnur lið nú í janúar. Bolton er talið hafa áhuga á því að fá hann aftur til Englands á meðan lið í Bandaríkjunum bíða í röðum eftir því að lokka hann til sín. - hþ

Körfuboltalið Keflavíkur:

Tim Ellis farinn

KÖRFUBOLTI Bandaríkjamadurinn Tim Ellis mun ekki leika meira með liði Keflavíkur í vetur. Stjórn liðsins ákvað að segja upp samningi hans og senda hann til síns heima.

Sigurður Ingimundarson sagði við Víkurfréttir í gær að ástæðan fyrir þessu væri sú að hann hafi ekki reynst vera góður liðsmaður. „Það kemur nýr leikmaður í hans stað og erum við að leita að jákvæðum og duglegum leikmanni,“ sagði Sigurður.

Ellis hefur leikið átta leiki með Keflavík og skorad í þeim 22,4 stig að meðaltali. - esá



MEIDDUR Eto'o er hér borinn af velli í október síðastliðnum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kamerúninn Samuel Eto'o: Er á mjög góðum batavegi

FÓTBOLTI Kamerúnski framherjinn Samuel Eto'o byrjar að æfa aftur með Spánar- og Evrópumeisturum Barcelona um miðjan janúarmánuð. Eto'o meiddist illa á hné í október og fór í aðgerð en í fyrstu var talið að hann yrði frá í um hálf ár. Læknar Eto'o segja þó að bati hans sé svo góður að hann geti líklega spilað aftur í byrjun febrúar en segja þó að aðalprófaunin verði þegar Eto'o byrjar að sparka í bolta á nýjan leik. - hþ

Íþróttamaður ársins valinn í kvöld

Í kvöld fer fram árlegt hóf Samtaka Íþróttafréttamanna þar sem íþróttárið er gert upp og kjör samtakanna um íþróttamann ársins er kynnt. Eiður Smári Guðjohnsen hefur orðið fyrir valinu síðustu tvö árin.

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Á Þorláksmessu var tilkynnt hvaða tíu íþróttamenn lentu í tíu efstu sætum kjöri Samtaka Íþróttafréttamanna en kjörinu verður lýst á Grand hótel í kvöld. Kjörinu er sjónvarpað, útsending Sýnar hefst kl. 19.25 en samsending Sýnar og Sjónvarpsins á slaginu 20.

Alls 23 meðlimir eru í SÍ og nýttu allir þeirra kjörrett sinn að þessu sinni.

Af þeim tíu íþróttamönnum sem komust á lista efstu manna eru sex karlmenn og fjórar konur. Fimm koma úr boltageirnum og fimm úr einstaklingsgeirnum.

Auðunn Jónsson, lyftingar

Auðunn varð heimsmeistari í -125 kg flokki á HM í kraftlyftingum sem fór fram í Noregi í haust.



Ásthildur Helgadóttir, knattspyrna

Landsliðsfyrirliðinn í knattspyrnu kvenna var einn af burðarásnum Malmö FF sem leikur í sænsku úrvalsdeildinni, einni sterkustu í heimi. Hún var ein þriggja sem kom til greina sem framherji ársins en hún varð þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar með níttján mörk.



Birgir Leifur Hafþórsson, golf

Varð í haust fyrsti íslenski karlkylfingurinn til að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaráðinni í golfi.



Eiður Smári Guðjohnsen, knattsp.

Varð Englandsmeistari með Chelsea í vor og var seldur til Evrópumeistara Barcelona. Hefur gegnt lykilhlutverki í liðinu undanfarnar vikur og mánuði og skorad mikilvæg mörk, bæði í deild, bikar og Meistaradeild.



Guðjón Valur Sigurðsson, handkn.

Guðjón var valinn besti leikmaður þýsku úrvalsdeildarinnar í vor þar sem hann var einnig markahæstur. Leikur með einu besta liði Þýska-



lands, Gummersbach, og gegnir lykilhlutverki í landsliðinu.

Margrét Lára Viðarsdóttir, knattsp.

Skoraði 34 mörk í fjórtán deildarleikjum með Íslands- og bikarmeisturum Vals í sumar og öll þrjú mörk liðsins í bikarúrslitaleiknum í haust. Skoraði átta mörk í átta landsleikjum og samdi svo við Duisburg, eitt besta lið þýsku úrvalsdeildarinnar.



Ólafur Stefánsson, handknattl.

Vann Meistaradeild Evrópu með Ciudad Real sem varð í öðru sæti spænsku úrvalsdeildarinnar. Gegndi stóru hlutverki með liðinu sem og íslenska landsliðinu þar sem hann var fyrirliði. Var kjörinn í úrvalslið EM í Sviss.



Ragna Ingólfssdóttir, badminton

Hefur þotið upp heimslistann í einliðaleik kvenna á árinu þar sem hún er í 67. sæti. Vann Iceland Express Internationalmótið og opna tékkneska meistaramótið.



Sif Pálsdóttir, fimleikar

Vann Norðurlandameistaratil í fjölbraut og á tvíslá og hlaut silfurverðlaun fyrir æfingarár á slá og gólfi.



Örn Arnarson, sund

Varð þriðji á EM í 25 m laug í 50 m flugsundi þar sem hann margbætti Íslandsmetið. Varð sjöundi í 100 m fjórsundi. Bætti Íslandsmet í þremur greinum alls tólf sinnum.



Þrjú íþróttamenn eru nú á meðal efstu manna annað árið í röð; Ásthildur Helgadóttir, Eiður Smári Guðjohnsen og Guðjón Valur Sigurðsson. eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

VEGLEGGUR GRIPUR

Bikarinn sem íþróttamaður ársins fær afhent í fyrsta sinn á Grand hótel í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Viggó Sigurðsson hefur lokið starfi sínu hjá Flensburg og er kominn heim:

Gott að koma heim en kveðjustundin var erfið

HANDBOLTI Viggó Sigurðsson hélt heim á leið á aðfangadag eftir að hafa stýrt liði Flensburg í síðasta leik sínum á Þorláksmessu. Hann skildi vel við liðið, það var í efsta sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og komið í fjórðungsúrslit þýsku bikarkeppinnar sem og Meistaradeildar Evrópu. Hann leysti af Svíann Kent-Harry Andersson sem hefur átt við heilsufarsvandamál að stríða.

Í viðtali við handball-weld.de segir hann að hann hefði loksins

ætlað að taka sér frí frá handbolta í sumar þegar Flensburg hafði skyndilega samband við hann.

„Ég gat vitanlega ekki sagt nei við svo góðu tilboði,“ sagði Viggó. Hann sagði að nú myndi hann taka sér frí frá handbolta. „Ég mun ekki snúa mér að þjálfun á Íslandi. Ég rek eigið innflutningsfyrirtæki sem ég ætla að einbeita mér að.“

Hann sagði þó að hann myndi fylgjast vel með gengi Flensburg og myndi koma í heimsókn. „Ég mæti á heimaleikinn gegn Barce-

lona í Meistaradeildinni í febrúar og fer með liðinu til Spánar í kjölfarið. Ég mun svo kíkja við annað slagið.“

Síðasti heimaleikur Flensburg undir stjórn Viggós var gegn Wilhelmshavener 20. desember. Hann segir að kveðjustundin hafi verið erfið. „Það voru þó blendnar tilfinningar. Ég hef verið hér einn síðustu vikur og hlakka til að koma heim og halda jólin með fjölskyldunni. En hér gekk okkur vel og maður leyfir sér að vera glaður



VIGGÓ SIGURÐSSON Kominn heim til Íslands á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

fyrir hönd Kent-Harry sem er nú við góða heilsu,“ sagði Viggó. - esá



VATIKANIO


SIRKUS

VANISHED

HELDUR ÁFRAM 14. JANÚAR



90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digtal Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti



ARSENE WENGER Var ánægður með sigurrinn gegn Watford þó að gæðin hefðu ekki verið mikil. NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsene Wenger:

Þetta hafðist á hörkunni

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, segir að leikmenn sínr hafi lært það gegn Watford á öðrum degi jóla hvernig ætti að vinna leiki á hörkunni en ekki hæfileikumum. Wenger notaði einnig tækifærið og hrósaði leikmönnum Watford.

„Watford sýndi mikla baráttu og við þurftum að hafa mikið fyrir hlutunum. Við höfum verið að bæta okkur líkamlega og við sýndum það í þessum leik,“ sagði Wenger eftir leikinn en það var Hollendingurinn Robin van Persie sem skoraði sigurmark Arsenal undir lok leiksins.

„Við þurftum þetta annað mark og það var van Persie sem skoraði það en hann er í góðu formi þessa dagana.“ - dsd



HUDDLESTONE Á fullu gegn Newcastle á Porlaksmessu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Góðar fréttir fyrir Tottenham:

Huddlestone framlengir

FÓTBOLTI Tom Huddlestone, miðvallarleikmaðurinn ungi hjá Tottenham, hefur framlengt samning sinn við félagið til ársins 2011. Huddlestone hefur staðið sig afar vel á tímabilinu og fyllt í skarðið sem Michael Carrick skildi eftir sig þegar hann fór til Manchester United.

„Ég nýt mín vel hjá Tottenham og er ánægður með nýja samninginn minn,“ sagði Huddlestone sem skoraði sitt fyrsta mark í úrvalsdeildinni gegn Manchester City fyrr í mánuðinum. - esá

Mikið um að vera í NBA-deildinni í fyrrinótt:

Fyrsti sigur Iverson hjá Denver

NBA Allen Iverson þurfti ekki nema tvo leiki til að koma sér almennilega í gang hjá Denver Nuggets. Hann skoraði 28 stig og gaf þrettán stoðsendingar í 116-105 sigri liðsins á Boston Celtics í fyrrinótt. Hann náði þar með sinni annarri tvöfaldri tvennu en hann var í byrjunarliði Denver í fyrsta sinn.

„Við njótum þess að spila með honum,“ sagði framherjinn Reggie Evans sem var sjálfur með fjórtán stig og jafn mörg fráköst í

leiknum. Hann hafði áður sagt að það myndi taka tíma fyrir liðið að aðlagast leik Iverson.

Iverson og Earl Boykins voru mennirnir á bak við sigur Denver en báðir skoruðu þeir 28 stig.

„Earl og ég spilum einfaldlega vel saman,“ sagði Iverson. „Ég vildi bara auðvelda honum lífið sem og öllum öðrum í liðinu.“

Nýliðinn Randy Foye var hetja Minnesota sem vann nauman sigur á Chicago Bulls. Foye skoraði sig-

urkörfuna þegar aðeins 1,8 sekúndur voru eftir af leiknum sem lauk með 100-98 sigri Minnesota.

Meðal annarra úrslita má nefna að Utah, Phoenix, Dallas og Washington unnu sína leiki sem og Detroit Pitons sem vann afar nauman 92-91 sigur á New Jersey Nets.

- esá

ALLEN IVERSON Náði sínum fyrsta sigri í búningi Denver Nuggets í fyrrinótt. NORDIC PHOTOS/GETTY



Mikilvægast að sýna stöðugleika

Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður þýska úrvalsdeildarliðsins TUS N-Lübecke, er vel stemmdur fyrir HM í Þýskalandi. Hann vonar að hann sé orðinn betri markvörður eftir dvölinu í Þýskalandi í haust.

HANDBOLTI Birkir Ívar Guðmundsson hefur varið mark þýska úrvalsdeildarliðsins TUS N-Lübecke það sem af er tímabili og staðið sig vel. Hann hefur verið aðalmarkvörður liðsins síðustu vikurnar og segir sjálfur að síðustu leikir sínir með liðinu hafi verið þeir bestu síðan hann kom í haust. Hann mun vera í eldínunni með íslenska landsliðinu á HM í Þýskalandi sem hefst í næsta mánuði.

„Í síðustu leikjum hef ég verið að verja um það bil 14-18 skot sem ég er ánægður með. Þetta er ekki eins og í deildinni heima þar sem alltaf einhver er með 25-26 skot varin í hverri umferð. Markverðir hér eru að verja allt upp í 20 skot sem er frábær markvarsla.“

Fallbaráttan í algleymingi

Í síðasta leik Lübecke, gegn Balingen, var Birkir með 50 prósentu markvörslu og varði 20 skot. Hann segir að það hafi verið sinn besti leikur með félaginu til þessa. „Þetta var fjögurra stiga leikur fyrir okkur enda fallbaráttan hörð,“ segir hann en fyrir leiki gærkvöldsins var liðið í þriðja neðsta sæti deildarinnar með sex stig. „Okkur hefur gengið illa. Við erum með nýtt lið sem hefur ekki náð sínum takti almennilega. Þetta á sérstaklega við um sóknarleik okkar. Við erum hægir og skorum heldur lítið úr stöðusóknum. Við fáum einnig of mörg mörk á okkur úr hraðaupphlaupum.“ Annar Íslendingur er í liðinu, hornamaðurinn Þórir Ólafsson.

Tveir markverðir eru í liðinu en hinn heitir Torsten Friedrich og lék lengi undir stjórn Alfreðs Gíslasonar hjá Magdeburg. Fyrst um sinn gegndi hann stærra hlutverki hjá liðinu. „Ég vissi að fyrstu mánuðirnir yrðu erfiðir og var ég búinn að setja mér það markmið að vera kominn á gott skrið í nóvember. Það hefur gengið ágætlega eftir en Torsten hefur reyndar einnig átt við smávægileg meiðsla að stríða.“



BIRKIR ÍVAR Liggur hér í gólfinu eftir að hafa fengið á sig mark gegn Hamburg í upphafi desembermánaðar. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Hann telur að hann sé búinn að bæta sig eitthvað á þessum undanförunu mánuðum. „Þetta er allt öðruvísi en á Íslandi. Það er eins og hvert einasta lið sé með Tite Kalandadze eða einhvern enn betri í hverri einustu skyttustöðu. En á móti kemur að ég tel að markverðir hér myndu lenda í vandræðum fyrst um sinn ef þeir færu í íslensku deildina. Þar eru leikmenn almennt minni og markverðir fá allt öðruvísi skot á sig.“

Óverðskulduð gagnrýni

Markvarsla íslenska landsliðsins hefur mönnum verið tíðrædd hér á landi undanfarna áratugi og margir sem halda því fram að hún hafi verið veiki hlekkur liðsins í gegnum árin. Birkir segir að sú gagnrýni sem markverðir liðsins hafi fengið á sig sé stundum óverðskulduð. „Guðmundur Hrafnkelsón var gagnrýndur á hverju einasta stórmóti og var þá kannski

verið að bera frammistöðu hans við bestu markverði heimsins hverju sinni. En það er satt að staða íslenskra markvarða hefur liðið fyrir það hversu fáar stórar og öflugar skyttur eru í íslensku deildinni.“

Ánægður með 14-19 varin skot

Aðspurður segir hann að hann sé vonandi betur í stakk búinn nú að standa vaktina í íslensku markinu. „Mitt markmið er fyrst og fremst að sýna stöðugleika í minni markvörslu á milli leikja. Hætta að eiga frábæra og lélega leiki sitt á hvað. Ég stefni að því að verja 14-19 bolta í hverjum leik, ég yrði mjög ánægður með það.“

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari valdi fjóra markverði í níttán manna hóp sinn en af þeim hafa tveir átt við meiðsla að stríða, þeir Roland Eradze og Hreiðar Guðmundsson. Af því má draga þá ályktun að Birkir Ívar og Björgvin

Páll Gustavsson séu nokkuð öruggir í lokahóp Íslands en Alfreð mun fara með þriðja markverði á mótið.

Vill helst fara einn

„Helst myndi ég vilja fara einn á mótið,“ sagði Birkir Ívar og hló. „En það er akveðinn öryggisventill að vera með þriðja markvörðinn. Ef einn meiðist og það er bara einn til vara mætti ekkert út af bera og það gæti orðið slæm staða.“

Honum líst vel á hópinn og segir hann til alls líklegan. „Við erum kannski ekki með eins sterkan leikmannahóp og stóru löndin eins og Króatía, Spánn eða Danmörk. En við náum afar vel saman utan vallar og ef heppnin verður með okkur er aldrei að vita hvað við getum náð langt. Ég vona að ég sé orðinn betri markvörður en það verður að koma í ljós á mótinu sjálfu í Þýskalandi.“ eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Valið á knattspyrnufólki ársins var kunnngert í gær:

Eiður og Margrét best



BESTUR Eiður Smári skælbrosir hér við móttöku verðlauna sinna. Hann var valinn besti knattspyrnumaður ársins 2006, en besta knattspyrnukonan var valin Margrét Lára Viðarsdóttir. Ívar Ingimarsson varð annar hjá körlunum og Hermann Hreiðarsón þriðji en hjá konunum varð Ásthildur Helgadóttir önnur og systir hennar, Þóra B. Helgadóttir þriðja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FLUGELDAR

Malarhöfða 2a

Krakkapakki!
Yfir 80 stykki í pakkanum!

Yfir 40 mismunandi Kökur!
Par af 13 WZS-laga og blævængjri!

Stórar rakettur og rakettupakkar!

Tilboðspakkar!
Gos, skotrör og smádót!
Og auðvitað öryggisgleraugu og eyratappar!

Við styðjum Björgina, félag geðratlaðra!

Þú færð ekki flugeldana á betra verði!

★★★★★★★★★★★★★★★★★★★★

★ 50 fyrstu sem koma fyrir kl.12.00 (alla daga) og versla fyrir meira en 7000kr, fá litla þrumu (víti) í kaupbæti.

★ Alltaf góð tilboð í gangi!

★ Leikur, tilboð og vöruskipti á heimasíðunni!

★ Kíkið við og gerið verðisamanburði!

★★★★★★★★★★★★★★★★★★★★

www.haamyri.com



ROBERT PIRES Fór frá Arsenal til Villarreal í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Pires kemur á óvart:

Pires vill aftur til Arsenal

FÓTBOLTI Robert Pires, leikmaður Villarreal og fyrrum leikmaður Arsenal, hefur biðlað til Arsene Wenger að taka sig aftur til Arsenal. Pires hefur enn ekki spilað leik með Villarreal vegna meiðsla og segist vilja vera hjá Villarreal til sumarsins 2008.

„Það er minni pressa hér hjá Villarreal. Arsenal er eins og stór vél. Eftir tvö ár hér myndi ég ólmur vilja fara aftur til Arsenal og enda ferilinn þar. Wenger, náðir þú þessum skilaboðum?“ sagði Pires en hann verður á 35. aldersári þegar samningur hans við Villarreal rennur út árið 2008 og harla ólíklegt verður að teljast að Arsenal vilji fá hann til sín þá.

- dsd

Jose Mourinho:

Við söknum Cech og Terry

FÓTBOLTI Jose Mourinho, stjóri Chelsea, segir að hann hafi áhyggjur af varnarleik Chelsea sem hefur fengið á sig sex mörk í síðustu þremur deildarleikjum. Hann segir að fjarvera Petr Cech markvarðar og fyrirliðans John Terry sé liðinu dýrkeypt.

„Eins og stendur þurfum við að skora þrjú mörk til að vinna leiki. Stundum tekst okkur það, stundum ekki. Það er gífurlega erfitt að missa bæði Petr og John á sama tíma, sérstaklega þar sem liðið er ekki með fleiri miðverði í hópnum.“

- esá



PETER CROUCH Var ekki ánægður með að vera skipt af velli gegn Blackburn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafael Benitez:

Crouch þarf að skora mörk

FÓTBOLTI Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, segist ekki ætla að selja Peter Crouch en sóknarmaðurinn brást illa við þegar honum var skipt af velli í 1-0 tapi Liverpool gegn Blackburn á öðrum degi jóla.

„Crouch fékk þrjú góð skallafæri. Kannski var það óheppni af því að markvörður þeirra tók réttar ákvarðanir en ef þú ert hjá félagi þar sem aðrir sóknarmenn eru að skora og spila vel þá þarft þú að standa þig þegar tækifæri gefst.“

Hann hefur verið að spila vel en það eina sem vantar hjá honum er að klára færin. Mörkunum fylgir sjálfstraust. Ég hef samt engan áhuga á að selja Crouch. Ég er ánægður með hann hérna,“ sagði Benitez, en þetta var fyrsti leikurinn í desember þar sem Crouch byrjaði inn á. - dsd

The Daily Telegraph segist hafa undir höndum trúnaðarskjal frá fjárfestingafélaginu Dubai International Capital:

Engin áform uppi um leikmannakaup

FÓTBOLTI Svo gæti farið að Dubai International Capital, fjárfestingafélagið sem búist er við að kaupi Liverpool á næstu dögum, muni selja félagið að nýju eftir sjö ár en þetta kemur fram í sjö blaðsíðna trúnaðarskjali sem breska dagblaðið The Daily Telegraph segist vera með undir höndum.

Í skjalinu kemur fram að DIC líti einungis á kaupin á Liverpool sem viðskiptalegs eðlis og þau viðskipti muni að miklu leyti snúast um nýjan leikvang félagsins sem fyrirhugað er að byggja á Stanley Park. Stefna DIC er sú að þegar félagið verði selt eftir sjö ár muni hagnaður fjárfestingafélagsins vera 25 prósent fyrir hvert ár sem



STUÐNINGSMENN LIVERPOOL Hugmyndir DIC eru allt aðrar en þær hugmyndir sem stuðningsmenn Liverpool höfðu í kollinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

félagið er í eigu DIC og svo virðist vera að engin áform séu um að kaupa nýja leikmenn til félagsins.

Lítið hefur komið fram um hvað DIC ætli sér með kaupum sínum á Liverpool en fram til

þessa var búist við því að þarna væri kominn aðili sem gæti staðið í hárinu á Roman Abramovich og Chelsea á leikmannamarkaðnum.

Í skjalinu eru skilaboð til hugsanlegra fjárfesta þar sem segir að

hagnaðurinn á kaupum í Liverpool muni verða 19,3 prósent næstu fimm árin en muni hækka upp í 29 prósent á fimmta ári.

Blaðið segir að nýi leikvangur Liverpool sé undirstaða samningsins og að hann muni kosta minna en til að mynda Emirates Stadium, heimavöllur Arsenal. Einnig gefi skjalið góða mynd af fjárfestingafélaginu DIC og að hugsun félagsins sé allt önnur en þær hugmyndir sem stuðningsmenn Liverpool hafa um kaupin og að hugmyndir DIC sé á öndverðum meiði við þær hugmyndir sem George Gillett hafði um kaup sín á félaginu en hann hafði einnig áhuga á því að kaupa enska félagið.

- dsd



„Barnaníðingur er einhver sem káfar á börnum og notfærir sér sakleysi þeirra“

Þögnin er

VERSTI ÓVINURINN

Öll börn eiga rétt á að geta greint á milli þess hvað má og má ekki gera við líkama þeirra.

Talaðu við barnið þitt og upplýstu það um staðreyndirnar – því fyrr því betra.

Barn sem þekkir muninn á réttu og röngu er betur í stakk búið til að neita, segja frá og komast óskaddað frá óeðlilegum kringumstæðum sem það vill ekki taka þátt í.

Rjúfðu þögnina og fræddu barnið þitt – það er á þína ábyrgð

Hvernig tölum við um þetta við börnin? Fáðu leiðbeiningar á www.blattafram.is. Ef velferð barns er í húfi hringdu í 112



> ELLEN POMPEO

Bandaríska leikkonan Ellen Pompeo fæddist 10. nóvember, 1969, í Everett, Massachusetts í Bandaríkjunum. Hún vakti fyrst athygli á hvíta tjaldinu í kvikmyndinni Moonlight Mile árið 2002, þar sem hún lék á móti Susan Sarandon, Dustin Hoffman og Jake Gyllenhall og fékk hún góða dóma fyrir frammiðstöðu sína í myndinni. Næst lék hún í myndinni Old School og svo Catch Me If You Can á móti Leonardo DiCaprio. Þekktust er hún þó fyrir hlutverk sitt í Grey's Anatomy sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld og er Ellen tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna fyrir túlkun sína á læknanemanum Meredith Grey.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON ER FEGINN AÐ VERA MEÐ FJÖLVARP

Þegar Terry bjargaði jólnunum

Grínhópurinn Monthy Python þykir mörgum einhver sá myndnasti sinnar tegundar og undir það tekur sá sem hér slær lykka. Sexmenningarnir hafa líka búið sér gott framhaldslíf hver í sínu lagi; Michael Palin hefur skrifað bækur um ferðalög og gert áhugaverða þætti og Terry Jones hefur fundið áhuga sínum og þekkingu á miðöldum nýjan farveg í ófám sjónvarpsþáttum, sem margir hverjir eru býsna vel heppnadir. Sá síðarnefndi kom þeim sem þetta skrifar til bjargar yfir hátíðirnar, þegar innlendar stöðvar virðast kappkosta að halda sem flestum fjárrí viðtækjunum með brakandi þurri og morkinni jóladagskrá. Þá er



mildi að hafa fjölvarpíð. Undanfarna daga hefur uppfærðslustöðin Discovery sýnt þættina Barbarians, þar sem Terry Jones flakkar um ríkin umhverfis Róm-arlvaldi, þegar það var og hét, og leiðir áhorfendur í allan sannleika um siðmenninguna hjá Keltum, Grikkjum og Þörpum. Skemmt er frá því að segja að þetta er frábær þættir, fróðlegir og skemmtilegir í senn. Öllu verri er hins vegar þátturinn What The Ancient Knew, með einhverjum hengilmænulegasta stjórnaða sem ég hef séð.

TERRY JONES

EKKI MISSA AF



► **00.00 Ocean's Eleven** SJÓNVARPIÐ



► **22.00 c.s.i. Miami** SKJÁR EINN



► **21.45 Entourage** STÖÐ 2



► **00.00 K-19** STÖÐ 2 BÍÓ



► **00.30 American Dad** SÍRKUS

SJÓNVARPIÐ

9.45 Heimsbikarmótið í alpagreinum Bein útsending frá fyrri umferð í stórvígi kvenna í Semmering í Austurríki.

11.15 Heimsbikarinn - upphitun e.

11.45 Alpasyrpa (1:16) Af heimsbikarmótum í alpagreinum í frönsku og ítölsku Ölpunum.

12.15 Alpasyrpa (4:16) Samantekt af heimsbikarmótum í frönsku og svissnesku Ölpunum.

12.45 Heimsbikarmótið í alpagreinum Bein útsending frá seinni umferð í stórvígi kvenna í Semmering í Austurríki.

13.45 Hlé

17.05 Leiðarljós (Guiding Light)

17.50 Táknafréttir

18.00 Stundin okkar

18.30 Stebbi strútur (6:13)

18.40 Ólívía í miðjunni Sænsk barnamynd.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.00 Íþróttamaður ársins 2006 Bein útsending frá árlegu hófi Samtaka íþróttaféttamanna þar sem lýst er kjóri íþróttamanns ársins.

20.40 Litla-Bretland - Jóláþáttur (2:2)

21.15 Sporlaust (4:24) (Without a Trace IV)

22.00 Tíufréttir

22.25 Mannamein (2:2)

23.15 Aðþrengdar eiginkonur

► **0.00 Við ellefta mann**

1.55 Kastljós

2.20 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Pilot's Wife (Kona flugmannsins) Bönnuð börnum.

8.00 Anastasia

10.00 A Shot at Glory

12.00 The Day After Tomorrow

14.00 Anastasia

16.00 A Shot at Glory

18.00 The Day After Tomorrow

20.00 The Pilot's Wife Bönnuð börnum.

22.00 Thoughtcrimes

► **0.00 K-19: The Widowmaker**

2.15 Full Frontal Bönnuð börnum.

4.00 Thoughtcrimes



6.58 Ísland í bitíð

9.00 Bold and the Beautiful (Glæstar vonir) Leyfð öllum aldurshópum.

9.20 í fínu formi 2005

9.35 Supernanny (8:11) (Ofurfóstran í Bandaríkjunum)

10.20 Ísland í bitíð (e)

12.00 Hádegisfréttir

12.40 Neighbours

13.05 Valentína

13.50 Valentína

14.35 Grumpy Old Women - Christmas Special

15.35 Two and a Half Men (12:24)

15.55 Leðurblökumaðurinn

16.18 Ofurhundurinn

16.43 Tasmania (Taz-Mania)

17.03 Myrkfælnu draugarnir

17.18 Doddi litli og Eymastór

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Íþróttir og veður

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Búbbarnir (19:21)

20.05 Tískuhátíð Armani

20.55 The Closer (6:15)

► **21.45 Entourage (3:20)**

22.10 Arrested Development

22.35 Unga kóngafólkið (Young, Sexy and ... Royal) Spannandi þáttur þar sem kynnt er til sögunnar yngsta konungsborna fólkið í heiminum og ljóstrað upp leyndarmálum um ástarlíf þess og framtíðaráform. M.a. er fjallað um afar dulið samband Friðriks Danaprins og brasilsku prinsessunnar Paolu.

23.20 Grey's Anatomy (26:36) (Læknalíf) Grey's Anatomy er vinsælasti nýi þátturinn í Bandaríkjunum.

0.05 Detention

1.40 The Closer (6:15)

2.25 Tískuhátíð Armani Upptaka frá Earl's Court í London á Englandi frá því í september en þar fór fram glæsileg tískusýning á vegum Emporio Armani. Fjöldmörg stórstími voru viðstödd enda stórvíðburður í tískuheiminum.

3.20 Ísland í bitíð e

4.55 Fréttir og Ísland í dag

6.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVi

SÍRKUS TV

12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

18.00 Insider (e)

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld (2:24) Á meðan Jerry tekur mikla áhættu þegar hann segir brandara heldur Georg áfram að vinna þrátt fyrir að hann hafi verið bedinn um að hætta. Elaine saknar kærastans og Kramer ræður sér aðstoðarmann.

20.00 Entertainment Tonight

20.30 Four Kings Dreppfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vínir, sem eru allir á þrítugsaldnum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim.

21.00 The Player

22.00 Chappelle's Show 1 Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.

22.30 X-Files (Ráðgátur) Sírkus sýnir X-Files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

23.15 Insider

23.40 Seinfeld (2:24) (e)

► **0.30 American Dad (6:10)** (It's Good To Be The Queen)

0.55 Supernatural (13:22) (e) (Route 666) Bönnuð börnum.

1.40 Supernatural (14:22) (e) (Nightmare) Yfimmátturulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn. Á meðan Sam og Dean elta visbendingar sem þeir hafa fundið lenda þeir í alls kyns illum öflum. Bönnuð börnum.

2.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

8.00 Rachael Ray (e)

8.55 Toppskífan (e)

14.20 Will & Grace (e)

14.50 Will & Grace (e)

15.20 Will & Grace (e)

15.50 Love, Inc. (e) Bandarísk gamanseria.

16.20 Beverly Hills 90210 Bandarísk unglingseria.

17.05 Rachael Ray Glænýir spjallþættir.

18.00 Will & Grace (e) Bandarísk gamanseria.

18.30 Will & Grace (e) Bandarísk gamanseria.

19.00 Everybody loves Raymond (e) Bandarísk gaman-sería.

19.30 Game tívi Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóels-son fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

20.00 The Office

20.35 Venni Páer

21.00 The King of Queens

21.30 Still Standing

► **22.00 C.S.I.: Miami - Lokabáttur** Bandarísk sakamálaseria um Horatio Crane og félag hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Horatio er í hefndarhug og leitar að manninum sem er ábyrgur fyrir morðinu á Marisol. Alríkislögreglan rannsakar hvarf á peningum sem gerðir voru upptækir sem sönnunargagn og starfsmenn rannsóknardeildanna liggja undir grun.

23.00 Everybody Loves Raymond Bandarísk gaman-sería.

23.30 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.

0.20 America's Next Top Model VI (e) Bandarísk raunveruleikaseria.

1.20 Beverly Hills 90210 (e)

2.05 2006 World Pool Masters - Lokabáttur (e)

SKJÁR SPORT

14.00 Sheff. Utd. - Man. City (frá 26. des)

16.00 Everton - Middlesbr. (frá 26. des)

18.00 Blackburn - Liverpool (frá 26. des)

20.00 Bolton - Newcastle (frá 26. des)

22.00 Chelsea - Reading (frá 26. des)

0.00 Dagskrárlok

www.minnsirkus.is/tv

BYRJAR 8. JANÚAR

MÁNUDAGINN KL. 21:00

JANICE DICKINSON
MODELING
AGENCY



SÍRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

Í KVÖLD

SÝN KL. 19.25

ÍPRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2006

Bein útsending frá kjöri á íþróttamanni ársins á Íslandi árið 2006 sem valin er af samtökum íþróttafréttamanna. Nýr verðlaunagripur verður nú afhentur í fyrsta skipti en stytta sem hingað til hefur verið afhent var gefin Þjóðminjasafninu til varðveislu. Síðast var það Eiður Smári Guðjohnsen, fótboltamaður hjá Barcelona, sem varð fyrir valinu en árið 2005 vann hann það einstaka afrek að verða fyrsti Íslendingurinn til að vinna Englandsmeistaratið með liði sínu. Í ár kemur Eiður Smári án efa aftur til greina, en auk hans verða að teljast sigurstranglegir þeir Guðjón Valur Sigurðsson handboltakappi, Jón Arnór Stefánsson körfuknattleiksmaður, Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur og Örn Arnarson sem allir náðu glæsilegum árangri á árinu sem er að líða.



ÞVIÐ MÆLUM MED C.S.I.: Miami - Iokaþætti Á SKJÁ EINUM KL. 22.00

Áhorfendum var komið á óvart í síðasta þætti er Marisol var skotin. Eins og gefur að skilja er Horatio ekki sáttur og leitar nú morðingjans, ásamt því að setja upp og taka niður sólgleraugun, leggja hendurnar á mjaðmirnar, og fjöldaframleiða one-linerana. Samfara öllu þessu hverfa peningar sem uppgærdir voru af C.S.I. sem sönnunargögn. Alríkislögreglan kannar málið og liggja allir undir grun. Það auðveldar Horatio ekki leitina en hann lætur ekkert stoppa sig.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregni	6.50 Bæn	7.00 Fréttir	16.13 Hlaupanótan
7.05 Morgunvaktin	8.00 Fréttir	9.00 Fréttir	17.00 Fréttir
9.05 Laufskálinn	9.45 Morgunleikfimi	10.00 Fréttir	17.03 Viðsjá
10.00 Fréttir	10.03 Veðurfregni	10.13 Litla flugan	18.00 Kvöldfréttir
11.00 Fréttir	11.03 Samfélagið í nærmynd	12.00 Fréttayfirlit	18.24 Auglýsingar
12.03 Hádegisútlarp	12.20 Hádegisfréttir	12.45 Veðurfregni	18.25 Spegillinn
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	13.00 Vitt og breitt	14.00 Fréttir	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
14.03 Útlarpssagan: Sagan af perluinni	14.30 Miðdegistónar	15.00 Fréttir	19.00 Vitinn
15.03 Jólasiðir hér og þar	16.00 Fréttir	16.10 Veðurfregni	19.27 10 ára afmælistónleikar Kristjónu Stefánsdóttur
			21.00 Gunnar (hjarta) Hallgerður
			21.55 Orð kvöldsins
			22.00 Fréttir
			22.10 Veðurfregni
			22.15 Útlarpsleikhúsið: Fjallkirkjan
			23.05 Barokkreisa um Feneyjar
			0.10 Útlarparð á samtengdum rásum til morguns

SYN

18.05 Pro bull riding (Nampa, ID - Nampa Invitational) Nautareid er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka. Þarna eru atvinnumenn á ferð sem náð hafa mikilli færni í að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.

19.00 Kraftasport (Suðurnesjatröllið 2006)

19.25 Íþróttamaður ársins 2006 (Íþróttamaður ársins 2006) Bein útsending frá kjöri á íþróttamanni ársins á Íslandi árið 2006 sem valinn er af samtökum íþróttafréttamanna. Nýr verðlaunagripur verður nú afhentur í fyrsta skipti en stytta sem hingað til hefur verið afhent var gefin Þjóðminjasafninu til varðveislu.

20.40 Bardaginn mikli (Muhammad Ali - Joe Frazier) Í boxsögunni eru margir umtalaðir bardagar. Einn sá frægasti fór fram í Manila á Filippseyjum árið 1975. Þá mættust Muhammad Ali og Joe Frazier en Ali, sem hafði sigur í 14. lotu, sagðist hafa verið nær dauða en lífi í þessum bardaga.

21.35 Football Icons (Football Icons) Football Icons er enskur raunveruleikabáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

22.30 Sterkasti maður Evrópu 1983

23.20 Íþróttamaður ársins 2006

0.00 Ameríski fótboltiinn

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.35 Dagens Danmark 12.00 Urt 12.20 Mik Schacks Hjemmeservice 12.50 Hvað er det værd 13.20 Sporløs 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Liga DK 16.00 Frikværter 16.20 Candy Floss 16.35 Lovens vogtere 17.00 Fandango med Rebecca 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Rabatten 19.00 Uventet besøg 19.30 Desperate boligdrømme 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 21.00 Gnavne gamle mænd 22.40 Waking the Dead 0.20 Ømen

NK1

11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 Lunsjtrav 13.00 Siste nytt 13.05 Distriktsnyheter 13.20 Fra Oslo og Akershus 13.40 Fra Østfold 14.00 Siste nytt 14.05 lan tar regien 14.30 Zombie hotell 15.00 Siste nytt 15.03 Nødlanding 15.30 Dunder 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 V-cup 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Bosse 17.10 Gnottene 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Schrödingers katt 18.55 Tilbake til 80-tallet 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Ømen 21.30 Norsk humor 22.00 Kveldsnytt 22.10 Kulturnytt 22.15 Urix 22.45 Presidenten 23.25 Casanova

SVT 1

11.05 Argument 13.55 Anslagstavlan 14.00 Mitt i naturen 14.30 Packat & klart 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Karamelli 16.45 Sagoträdet 17.00 Max och Ruby 17.25 Stora maskiner 17.30 Expedition vildmark 18.00 Lilla Aktuellt 18.15 Bobster 18.30 Rapport 19.00 Landgång 19.30 Söderlund & Bie 20.00 Planeten 21.00 Oligarkernas uppgång 21.50 Rapport 22.00 Kulturyhetera 22.10 Uppdrag Granskning 23.10 Entourage 23.40 Bingo Royale 0.25 Sändning från SVT24

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



DREYMIÐ ÞIG STÓRA DRAUMA? KOMDU Á NÁMSKEIÐ HJÁ TONVINNSLUSKÓLANUM, KENNSLA FER FRAM Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA



TONVINNSLUSKOLI ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. Heiða úr Idol-inu og Halla Vilhjálms úr X-factor kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. Selma Björns og Valgerður Guðna-dóttir kenna, en námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru Vignir Snær (Írafár), Gunnar Þór Jónsson (Sóldög) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsníðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitt-hvað nýtt. Andrea Gylfa kennir en meðal hljóðfæraleikara eru Kjartan Valdemarsson og Vignir Snær. Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

TÓNLISTARSKÖPUN BARNA OG UNGLINGA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglínganámskeið. Kennir er á Reason tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-



SKRÁNING ER HAFIN

VIÐURKENNT TÓNVINNSLUNÁM

Aðalnámsbraut: Tónvinnsulunám. Tónvinnskólinn hlaut nýlega viðurkenningu Digidesign sem viðurkenndur Pro Tools skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; RMP og Stúdíó Sýrlandi. 319.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN SÖNG-, HLJÓDFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

HRÓSID ...



... fær Ragnar Bragason sem hamrar járníð meðan það er heitt og stefnir á að nýta kraftana sem gáfu af sér Börn og Foreldra í að leikstýra aldanskri kvikmynd.

Enginn saknar áramótaávarpsins

„Ég hef ekki orðið var við þann söknuð,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Í stjórntíð hans í Efstaleiti hefur hið umdeilda áramótaávarp verið lagt af og þykir sumum það miður. „Við höfðum þann háttinn á í fyrra að vera ekki með ávarp frá útvarpsstjóra og endurtökum það núna,“ bætir hann við. „Ef ég verð hins vegar var við að menn sakni þessa ávarps mikið og vilji ólmir fá að heyra skoðanir mínar á gamlárskvöldi er ekki útilokað að við tökum málið upp aftur en annars er áramótaávarpið úr sögunni,“ segir Páll sem þó flytur landsmönnum stutta áramóta-kveðju rétt áður en nýtt ár hefst. „Þar þakka ég landsmönnum

fyrir samstarfið á árinu sem er að liða og óska þeim velfarnaðar á því nýja,“ upplýsir Páll. Útvarpsstjórinn segir að á eftir áramótaskaupinu verði sjónvarp- að nýlegri upptöku frá tónleikum Frostrósa í Hallgrímskirkju þar sem þær Petula Clark og Sissel Kyrkjebo eru meðal flytjenda en þær sungu fyrir fullu húsi í Laugardalshöll eins og frægt er orðið. Stutt hlé verður gert þegar niðurtalning fyrir nýtt ár hefst og kveðja Páls flutt en svo halda tónleikarnir áfram. Í fyrra skeiðaði forveri Páls í starfi, Markús Örn Antonsson, um tón-

MARKÚS ÖRN Var sá síðasti sem flutti landsmönnum hið hefðbundna áramóta-ávarp.



PÁLL MAGNÚSSON Hyggst flytja landsmönnum stutta áramóta-kveðju en útilokar ekki endurkomu áramóta-ávarpsins.

listarlíf Suðurlands á árum áður í þessu dagskrárplássi og útilokar útvarpsstjórinn ekki að framhald verði á slíkri dagskrágerð á komandi árum þótt hún verði að vika fyrir erlendu dívunum að þessu sinni.

- fgg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 tóng 6 tveir eins 8 spé 9 stykki 11 samanburðartenging 12 hanki 14 í vafa 16 tveir eins 17 lúsaegg 18 enþá 20 tveir eins 21 einn milljarðasti.

LÓÐRÉTT 1 teikniblek 3 skammstöfun 4 nokkrir 5 staf 7 tilnefna 10 kóf 13 kjafstur 15 flóki 16 fuády 19 ónefndur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 tüss, 3 eh, 4 fæinir, 5 iðn, 6 en, 7 útnefna, 8 h, 9 h, 10 káf, 11 gín, 12 strý, 13 en, 14 snagi, 15 efins, 16 ff, 17 nít, 18 LÁRÉTT: 2 kelti, 6 úá, 8 háð, 9 sík, 10 en, 11 nand.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Í Nígíeríu.
- 2 Saddam Hussein.
- 3 Ragnar Bragason.

SMÁUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

Allar
smá-
auglýsingar
einnig frítt
í viku
á **visir.is**

ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐURINN



HERMANN GUNNARSSON: Í SJÖUNDA HIMNI Í FRÍ Í FEBRÚAR

Hemmi viku fyrir Loga

„Við erum ekki að blása af Hermann Gunnarsson og Í sjöunda himni. Logi Bergmann Eidsösson og spurningabáttur hans Meistarinn mæta til leiks í febrúar og taka við af þættinum,“ segir Heimir Jónsson, dagskrárstjóri Stöðvar 2. Orðrómur hefur verið á kreiki um að spjallbáttur Hemma yrði tekinn af dagskrá Stöðvar 2 á næstunni vegna óánægju með áhorfið og þáttinn sjálfan. Í nýlegri Gallupkönnun kom í ljós að uppsafnað áhorf á þátt Hemma er rétt um 17%.

„Við ætluðum að framleiða ákveðinn fjölda af þáttum og þeir verða orðnir tuttugu í janúar. Síðan skoðum við einfaldlega framhaldið,“ útskýrir Heimir sem kvaðst ánægður með áhorfið á þátt Hemma og þáttinn sjálfan. Aðspurður hvort Hemmi og Í sjöunda himni færu því aftur í loftið þegar nýr meistari hefði verið krýndur hjá Loga sagði Heimir að þeir væru að skoða alla möguleika í stöðunni. „Það er alls ekki loku fyrir það skotið að Hemmi og Í sjöunda himni mæti aftur til leiks á næsta ári,“ lýsti Heimir yfir.

Hermann Gunnarsson var staddur í Haukadal þegar Fréttablaðið náði í hann, en þar hélt hann upp á jólin fjórða árið í röð.

HEIMIR JÓNASSON Segist ánægður með áhorfið á Í sjöunda himni og þáttinn sjálfan og útilokar ekki að Hemmi snúi aftur að ári.



HERMANN GUNNARSSON Þarf litlar áhyggjur að hafa þótt þátturinn verði ekki aftur á dagskrá, er með langtímasamning við 365.

Hemmi viðurkenndi að áhorfið á þáttinn hefði ekki verið í samræmi við væntingar sínar en vonaðist að stjórnendur Stöðvar 2 sýndu þættinum smá þolinmæði. „Þegar við fórum af stað með Á tali á sínum tíma rákumst við á alla veggi og hindranir sem til voru. Hrafn Gunnlaugsson, þáverandi dagskrárstjóri, sýndi okkur hins vegar þolinmæði

og árið eftir vorum við komnir í sjóttu prósent áhorf,“ segir Hermann.

Þáttastjórnandinn viðurkennir að það hafi tekið sinn tíma að venjast því að vera með beina útsendingu frá skemmtistað en ekki í upptökuværi sem hefði verið „öruggt“. „Við breyttum sviðinu aðeins og færðum viðtalssvæðið aðeins til sem gaf góða raun,“ segir Hermann sem hafði hafði af því litlar áhyggjur að þátturinn verður ekki aftur á dagskrá næsta vetur. „Ég er með langtímasamning við 365 miðla og fer því bara að sinna öðrum verkefnum ef sú ákvörðun verður tekin,“ segir Hermann.

freyrgigja@frettabladid.is

LOGI BERGMANN Tekur við af Hemma og Í sjöunda himni með þáttinn sinn Meistarinn.

Bubbi syngur með ungum rappara

„Hann sýndi á sér skemmtilega hlið, það er engin spurning. Ég er allavega ánægður með útkomuna og býst við að þetta eigi eftir að vekja nokkra athygli,“ segir Sævar Daníel Kolandavelu, rapparinn Poetrix, sem fékk sjálfan Bubba Morthens til að syngja í einu lagi á væntanlegri plötu sinni.

Sævar segir að samstarf hans og Bubba hafi komið þannig til að hann hafi falast eftir búti úr einu laga hans til að nota á plötunni. Þegar hann leyfði Bubba að heyra útkomuna leist honum svo vel á rapparann unga að hann stakk upp á því að þeir ynnu meira saman. „Bubbi hefur aðallega verið eitt-hvað að væla um ástina síðustu ár en ég held að ég hafi náð honum í rétta girnum í þessu lagi. Hann sýndi að hann hefur þetta enn þá,“ segir Sævar sem er 21 árs. Hann býst við því að plata sín komi út í mars eða apríl á næsta ári.

Bubbi var ánægður með samstarf sitt og Sævars þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans. „Þetta er klár strákur sem er að gera flotta hluti. Það er ekki oft sem nýliðar koma upp og eru svona pólitískir, meðvitaðir og vilja tjá sig um hlutina í kringum sig,“ segir Bubbi og þylur upp frasa frá rapparanum Poetrix. Bubbi segir að hann hafi ekki freistast til að reyna fyrir sér í rappinu sjálfur. „Nei, enda er hann alveg fullfær um það sjálfur.“

PRÓFAR RAPPID Bubbi syngur í einu lagi hjá rapparanum Poetrix. Hann freistaðist ekki til að reyna fyrir sér í rappinu sjálfur.



POETRIX Rapparinn Sævar Daníel kallar sig Poetrix og gefur út fyrstu plötu sína á næsta ári. Hann fékk Bubba Morthens til að syngja í einu laganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTIR AF FÓLKI

Guðjón Már Guðjónsson, oft kenndur við Oz, blæs til veislu á ári hverju á heimili sínu í hinni sögufrægu Næpu við Skálholtsstíg. Yfirleitt er gillið haldið á gamlárskvöld en Guðjón tók forskot á sæluna í ár og hélt partið á öðrum degi jóla. Að vanda var margt góðra og þrúbúinna gesta við Skálholtsstíg, fyrimenni úr auglýsingageiranum voru sérlega áberandi en auk þess mátti sjá **Elisabetu Davíðsdóttur** fyrrsætu, **Móeiði Júníusdóttur**, söngkonu og guðfræðinema, **Hörpu Einarsdóttur** fatahönnuð, **Sól-eyju Kristjánsdóttur** plötusnúð og **Stebba Steff.**



Eva Bergþóra Guðbergsdóttir varð þess heiðurs aðnjótandi að hitta sjálfan **Clint Eastwood** á heimili hans og verður afkrstur ferðarinnar sýndur á föstudag á Stöð 2. Tilefnið er að sjálfsgöðu frumsýningin á kvikmyndinni **Flags of Our Fathers** sem var að mestu leyti tekin upp í Sandvík á Reykjanesi. Clint er ekki þekktur fyrir að gefa kost á sér í einkaviðtöl og því var hér um einstakt tækifæri að ræða fyrir íslensku fréttakonuna en meðal þess sem kemur fram í viðtalinu er að gamla kúrekahetjan var ákaflega ánægð með dvöl sína hér á landi og er þegar farin að mæla með Íslandi sem heppilegum tókustað við aðra kvikmyndagerðarmenn.

- bs/fgg

KOMINN
AFTUR!



SSANGYONG

KYRON

FULLVAXINN LÚXUSJEPPI
Á FRÁBÆRU VERÐI!



KYRON
X-TRANSITION



141 hestafla vél, tog 310 Nm
Sjálfskiptur eða beinskíptur



Glæsileg, þægileg innrétting




Byggður á grind og með hátt og lágt drif

SsangYong KYRON

KYRON er nýr jeppi frá SsangYong í S-Kóreu hlaðinn nýjungum.

Komdu, skoðaðu og prófaðu KYRON,
því stuttur reynsluakstur segir
meira en mörg orð.



Umboðsaðilar:

Bílasalan ÓS, Akureyri - s 462 1430
Bílhorni hjá Sissa, Keflavík - s 420 3300
Bílasala Austurlands, Egilsstaðir - s 471 3005

Bílahúð
Benni

Tangarhöfða 8-12

s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Eilíf hamingja

Samkvæmt trúuðum er þetta hjakk Shérna megin bara slöpp byrjun og stuðnið hefst ekki fyrir alvöru fyrr en á efsta degi. Stundum þegar ég er búinn að stilla á allar hinar stöðvarnar þvælist ég á Ómega og sé sveitta menn tafsa um heimsenda, sem er víst alveg handan við hornið. Öll tákni benda til þess, segja menn, til dæmis er augljóst að internetið er „Dýrið“, og svo er gólað og menn hlakka ber-sýnilega óskaplega mikið til að komast í burtu.

ÞAÐ er ekki laust við að kaldur sviti renni niður bakið við þessa sýn því fólkið virðist í alvörunni trúa þessari vitleysu. Og það sem er auðvitað miklu verra er að alls konar fólk trúir svipaðri delli, til dæmis Bandaríkjaforseti og alls konar öfgalið Íslamsmegin. Þetta jarðlíf er drasl og því skulum við flýta okkur að koma öllu í bál og brand svo eilífa himnasælan geti hafist, virðist vera dillinn.

TRÚAÐIR segja líka að Guð hafi rosalega yfirsýn. Hann veit allt, getur allt og fylgist með okkur. Því er líklegt að þegar við deyjum og erum svo heppin að hafa áunnið okkur rétt til himnavistar að Guð (eða hjálpar-englar) slengi framan í okkur tölfræðilegum staðreyndum um lífið. Þetta er svona svipað dæmi og maður sér eftir fótboltaleiki í sjónvarpinu. Þá er tölfræði leiksins tekin saman og það kemur í ljós hversu mörg horn hvert lið tók og svo framvegis.

KANNSKI eru hinir nýkomnu leiddir að risavöxnum flatskjá þar sem líf þeirra birtist í tölfræðilegum smáatriðum. Eðlilega mun þyrma yfir marga þegar staðreyndirnar liggja fyrir. Ha, eyddi ég átta dögum og sjö mínútum samtals í að leita að týndum sokkum?

EN ekki þarf að örvænta. Samkvæmt trúarbrögðunum tekur nú við gríðarmikil sæla og hamingja, og það sem meira er, þetta ástand er eilíft. Eilíf hamingja – bíður einhver betur?


ÞAÐ sem mér finnst þó skorta í auglýsingar trúarbragðanna er að þessi „eilífa hamingja“ sé útskýrð nánar. Eilíf hamingja gerandi hvað? Mókandi á sloppi með hörpu á skýdruslu gónandi út í loftið? Þegar á þá trúuðu er gengið með þetta draga þeir bara auga í pung og tala um órannsakanlega vegi.

NEYTENDASAMTÖKIN hefðu því án efa bannað trúarbrögðin. Það þýddi allavega lítið fyrir einhvern banka að lofa „eilífri hamingju“ og hafa svo ekkert í höndunum nema tal um að kunninn verði bara að „trúa á okkur“.

ÞAÐ væri ömurlegt hlutskipti dýrategundar okkar að líða undir lok fyrir svona bjánaskap.

ADSL plús

Við förum hraðar á lægra verði



ADSL plús er ný leið til að fá meiri hraða og afkastagetu á netinu án þess að auka kostnað.

Hraði	Gagnamagn	Verð	Hámark
1 Mb/s	1 GB	2.990 kr.	6.725 kr.
6 Mb/s	2 GB	3.990 kr.	6.480 kr.
8 Mb/s	ótakmarkað	4.990 kr.	4.990 kr.
12 Mb/s	ótakmarkað	5.990 kr.	5.990 kr.

Greitt er fyrir umfram gagnamagn að verðþaki. Fylgstu með notkun þinni á www.vodafone.is. Stofngjald er 6.000 kr. Ekkert stofngjald ef gerður er 12 mánaða samningur. Hraði ADSL tengingar getur verið háður vegalengd frá næsta ADSL tengipunkti.

Komdu í næstu Vodafone verslun, smelltu þér á www.vodafone.is eða hringdu í 1414 til að fá nánari upplýsingar.



vodafone

SHARP

Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

SAMSUNG

EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

LOEWE.

MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

VEGGSJÓNÞÖRP
Glæsilegt úrval!

ORMSSON

SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI · AKRANESI
SELFOSI · NESKAUPSTAÐ · REYÐARFIRÐI · EGILSSTÖÐUM